Skýrsluhöfundar sendu fyrirspurn til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins þar sem spurt var m.a. um hvað lægi að baki ákvörðun um hækkun á útsvarstofni í janúar 2024. Eftirfarandi svar barst frá ráðuneytinu:⁶

Í samkomulagi ríkis og sveitarfélaga var niðurstaðan sú að framlag úr ríkissjóði (miðað við lok árs 2021) var að upphæð 9.552 ma. kr. til sértækrar þjónustu við fatlað fólk sbr. eftirfarandi yfirlit (endanlegt uppgjör).

i.	Fjölgun einstaklinga og áhrif á framlög JS	5.694
ii.	Áhrif breytinga á þjónustu á heimili fólks og annarri þjónustu	1.625
iii.	Áhrif NPA (25% hluti ríkissjóðs)*	650
iv.	Áhrif grunnþjónustu (0,25%)	1.483
v.	<u>Þróunarkostnaður í þjónustu við fatlað fólk</u>	<u>100</u>
	Samtals	9.552

Í samkomulaginu er litið svo á að þeir þættir sem hér eru upptaldir séu endanlega útkljáðir milli ríkis og sveitarfélaga.

Áætlað var að útsvarshækkun til sveitarfélaga (hækkun 2023 og 2024) muni skila sveitarfélögunum um 12 ma.kr. eða tæpum 1,5 ma.kr. umfram ofangreint. Sá mismunur nýttist í óskilgreinda breytingar milli ára.

25% framlag ríkis til NPA samninga verður flutt varanlega til Jöfnunarsjóðs í fjárlögum næsta ár (2025).

Samkvæmt þessu var ekki fallist á við gerð þessa samnings að bæta fyrir kostnaðarauka vegna barna með fjölþættan vanda, kostnaðarauki metinn 1.466 millj. kr. árið 2021, og vegna notenda í öryggisvistun, kostnaðarauki metinn 867 millj. kr. árið 2021. Miðað við árið 2021 var ekki samþykkt í samningum að bæta kostnaðarauka vegna þessa sem var metinn samtals 2.333 millj. kr. miðað við árið 2021. Kostnaður við þjónustu þessara tveggja hópa, þ.e. vegna barna með fjölþættan vanda og öryggisvistunar, hefur farið stig hækkandi undanfarin ár og ljóst að hann hefur hækkað nokkuð frá árinu 2021.

Jafnframt var ekki komist að niðurstöðu um auknar tekjur til að mæta auknum kostnaði vegna aukinnar þjónustu við fatlað fólk við að eyða biðlistum eftir húsnæði. En starfshópur um greiningu á kostnaðarþróun í þjónustu við fatlað fólk árin 2018 til 2020 áætlaði að þessi kostnaðarauki gæti numið allt að 10.000 millj. kr.

⁶ Tölvupóstur, dags. 22. júlí 2024.

Reglugerð um úthlutanir almennra framlaga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Árið 2018 var gerð breyting á reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk frá árinu 2017. A-lið II. hluta 3. gr. reglugerðarinnar, nr. 320/2018, var breytt á þann veg að reiknuð útgjaldapörf á grundvelli viðmiðunarfjárhæða fyrir hvern flokk stuðningsþarfar miðast við 5. flokk SIS mats og ofar. Áður var miðað við 4. flokk og ofar sbr. hér að framan. Á árinu 2017 féllu 99 notendur undir SIS flokk 4 hjá Reykjavíkurborg, eða rúm 18% af fjölda notenda í SIS flokki 4 og ofar hjá Reykjavíkurborg. Eftir það hafa almenn framlög frá Jöfnunarsjóði miðast við SIS flokk 5 og ofar.

Samkvæmt upplýsingum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, voru 1.502 einstaklingar með SIS mat á Íslandi árið 2017, af þeim voru 310 einstaklingar í SIS mats flokki 4, eða 21% af heildarfjöldanum. Samtals voru greiðslur það ár vegna einstaklinga í 4. flokki SIS mats 1.249 m.kr., sem var 8,5% af almennum framlögum það ár.

Framlög greiðast eftir stuðningsflokki (SIS mati) viðkomandi, með álagi þar sem það á við. Ef enginn stuðningsflokkur er til að styðjast við er heimild fyrir að framlög greiðist eftir raunkostnaði, en slík framlög takmarkast alltaf af því fjármagni sem er í boði hverju sinni og greiðast framlög í hlutfalli af raunkostnaði.

Í ljósi þessa er mikilvægt að þjónusta taki mið af mati á stuðningsþörfum (SIS mati) viðkomandi. Til að styðja við slíka þróun á þjónustu ættu allir notendur þjónustunnar að vera með þjónustuáætlun sem tekur mið af mati á stuðningsþörfum samkvæmt SIS mati. Leiði þjónustuáætlunin í ljós að viðkomandi þarfnist meiri stuðningsúrræða en SIS matið segir til um er mælst til þess að þjónustuáætlunin sé endurskoðuð. Leiði endurskoðun til óbreyttrar þjónustuáætlunar ætti að óska eftir endurskoðun á mati á stuðningsþörfum viðkomandi. Hafa verður í huga að mat á stuðningsþörfum er að hluta huglægt og er því gott að bera saman þjónustu þeirra sem hafa sambærilegt SIS mat innan þjónustusvæðis.

Í 4. tölul. II. hluta 3. gr., reglugerðar nr. 1291/2021, er fjallað um samræmt mat á stuðningsþörfum fatlaðra barna á aldrinum 6-18 ára. Ákvæðið hljóðar sem hér segir:

Framkvæma skal á árinu samræmt mat á stuðningsþörf fatlaðra barna á aldrinum 6-18 ára ásamt mati á stuðningsþörf fullorðinna vegna nýliðunar, sbr. 6. gr.

Þar sem ekki eru öll börn með slíkt mat þá eru framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna fatlaðra barna greidd eftir raunkostnaði, þó með takmörkunum. Eftir því sem höfundar komast næst er verulegur fjöldi barna, sem greitt er með frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á aldrinum 6-18 ára, ekki með samræmt mat á stuðningsþörfum og miðast almenn framlög vegna fatlaðra barna frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga við raunkostnað.

Mat á stuðningsþörfum gefur sveitarfélögum nákvæmari mynd af því hvenær einstaklingur fellur undir lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Af því leiðir að sveitarfélög þurfa að marka stefnu um hvenær þjónusta við fötluð börn fellur undir lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir þegar þjónusta fer ekki eftir samræmdu mati á stuðningsþörfum. Engar

leiðbeiningar koma fram í reglugerðinni um það, hvenær Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur greiðslu framlaga vegna fatlaðra barna. Það virðist þó sem svo að framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna fatlaðra barna hefjist þegar samanlagður kostnaður þjónustuþega yngri en 18 ára fer yfir 5 m.kr.

Þróun framlaga í málaflokki fatlaðs fólks

Hér verður fjallað um þróun framlaga frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til sveitarfélaga. M.a. er skoðað hvernig framlögin hafa verið að þróast til Reykjavíkurborgar í samanburði við önnur sveitarfélög.

Tafla 1: Framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir í þúsundum króna.

Ár	Reykjavíkurborg		Öll sveitarfélög		Hlutfall Reykjavíkurborgar af samtals framlögum	
	Almenn framlög	Samtals framlög	Almenn framlög	Samtals framlög	Almenn framlög	Samtals framlög
2011	3.209	3.276	8.065	8.335	39,79%	39,30%
2012	3.768	3.802	9.642	9.731	39,08%	39,06%
2013	3.867	3.926	10.054	10.244	38,46%	38,33%
2014	3.890	4.036	10.250	10.630	37,95%	37,97%
2015	4.602	4.695	12.079	12.501	38,10%	37,56%
2016	5.042	5.226	13.239	13.912	38,09%	37,57%
2017	5.365	5.578	14.722	15.298	36,44%	36,46%
2018	5.680	5.978	16.205	17.183	35,05%	34,79%
2019	5.517	6.174	16.435	17.791	33,57%	34,70%
2020	6.113	6.611	17.673	18.967	34,59%	34,85%
2021	6.541	7.162	18.218	19.692	35,90%	36,37%
2022	7.629	8.553	21.904	24.082	34,83%	35,52%
2023	10.315	11.151	29.292	31.685	35,21%	35,19%

Heimild: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.

Tafla 1 sýnir framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir til Reykjavíkurborgar árin 2011 til 2023. Skipt annars vegar í almenn framlög og hins vegar heildarframlög. Einnig koma fram í töflunni heildarframlög til allra sveitarfélaga á þessu tímabili.

Eins og fram kemur í töflunni fer hlutdeild Reykjavíkurborgar í heildarframlögum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga lækkandi á milli ára með nokkrum undantekningum.

Hlutfall Reykjavíkurborgar af samtals framlögum frá Jöfnunarsjóði vegna þjónustu við fatlað fólk var 39,3% árið 2011 en 35,2% árið 2023. Hlutfall almennra framlaga var 39,79% árið 2011 en 35,21% árið 2023.

Tafla 2: Hlutdeild þeirra sex þjónustuvæða/sveitarfélaga sem fengið hafa hlutfallslega hæstu framlögin frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir.

	Reykjavíkurborg		Eyjafjörður		Hafnarfjarðarkaupstaður		Suðurland		Mosfellsbær og Kjósahreppur		Kópavogsbær	
Ár	Almenn framlög	Samtals framlög	Almenn framlög	Samtals framlög	Almenn framlög	Samtals framlög	Almenn framlög	Samtals framlög	Almenn framlög	Samtals framlög	Almenn framlög	Samtals framlög
2011	39,79%	39,30%	11,37%	11,16%	7,80%	7,72%	8,66%	8,67%	6,86%	6,74%	4,55%	4,59%
2012	39,08%	39,06%	10,99%	10,93%	7,75%	7,73%	8,76%	8,74%	6,67%	6,64%	4,66%	4,69%
2013	38,46%	38,33%	11,01%	10,91%	8,23%	8,39%	8,48%	8,39%	6,88%	6,97%	4,75%	4,79%
2014	37,95%	37,97%	11,03%	10,83%	9,31%	9,15%	7,81%	7,72%	6,52%	6,75%	5,09%	5,03%
2015	38,10%	37,56%	11,32%	11,06%	8,65%	8,67%	7,61%	7,65%	6,14%	6,66%	4,95%	4,87%
2016	38,09%	37,57%	11,24%	11,18%	8,38%	8,65%	7,66%	7,58%	5,89%	5,93%	4,55%	4,57%
2017	36,44%	36,46%	10,96%	10,69%	8,92%	9,10%	7,31%	7,15%	6,13%	6,30%	4,53%	4,74%
2018	35,05%	34,79%	10,67%	10,20%	8,86%	8,80%	8,21%	8,22%	5,83%	5,83%	4,43%	4,42%
2019	33,57%	34,72%	11,37%	10,74%	8,85%	9,49%	7,89%	7,77%	6,60%	6,53%	5,18%	5,24%
2020	34,59%	34,85%	11,75%	11,42%	8,20%	8,66%	8,05%	7,90%	6,00%	5,86%	4,34%	4,56%
2021	35,90%	36,37%	10,82%	10,31%	7,62%	7,91%	8,37%	8,08%	5,91%	5,78%	5,57%	5,64%
2022	34,83%	35,52%	11,17%	10,57%	7,78%	8,32%	8,60%	8,40%	6,05%	6,20%	5,75%	5,72%
2023	35,21%	35,19%	9,79%	9,36%	8,63%	8,90%	8,89%	8,56%	6,04%	7,15%	6,23%	6,82%

Heimild: Jöfnunarsjóðir sveitarfélaga

Tafla 2 sýnir hlutdeild þeirra sex sveitarfélaga/þjónustuvæða sem fengið hafa hæstu framlögin frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir.

Eins og fram kemur í töflunni hefur hlutdeild Reykjavíkurborgar lækkað nokkuð. Var 39,3% af heildarframlögunum árið 2011, en 35,2% árið 2023, sbr. hér að framan. Hlutdeild Eyjafjarðar lækkar á milli árána 2011 og 2023. Hlutdeild Hafnarfjarðarkaupstaðar eykst fram til ársins 2019 en hefur lækkað eftir það en hækkar síðan á milli árána 2022 og 2023. Þannig að hlutdeildin árið 2023 er hærri en árið 2011. Hins vegar lækkaði hlutdeild Suðurlands fram til ársins 2019 en hefur síðan hækkað. Hlutdeild Mosfellsbæjar og Kjósarhrepps lækkar á milli árána 2011 og 2023 hvað almennu framlögin varðar en hækkar hvað samtals framlög varðar. Hlutfall Kópavogsbæjar hækkar á milli árána 2011 og 2014 en lækkar síðan fram til ársins 2020 með nokkrum undantekningum en hefur síðan farið hækkanði og var orðið nokkru herra árið 2023 en 2011. Samtals framlög voru 4,59% árið 2011 en 6,82% árið 2023.

Tafla 3: 0,99% og 1,21% árið 2023 hlutdeild í útsvarstofni sem fer til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og framlög samtals frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

	Reykjavíkurborg			Eyjafjörður			Hafnarfjarðarkaupstaður			Suðurland			Kópavogsbær		
Ár	0,99% hlutdeild í útsvari	Framlög samtals	Mismunur (framlög-0,99% hlutdeild)	0,99% hlutdeild í útsvari	Framlög samtals	Mismunur (framlög-0,99% hlutdeild)	0,99% hlutdeild í útsvari	Framlög samtals	Mismunur (framlög-0,99% hlutdeild)	0,99% hlutdeild í útsvari	Framlög samtals	Mismunur (framlög-0,99% hlutdeild)	0,99% hlutdeild í útsvari	Framlög samtals	Mismunur (framlög-0,99% hlutdeild)
2018	5.895	5.921	26	881	1.752	871	1.325	1.512	187	938	1.412	473	1.737	759	-978
2019	6.158	5.998	-160	926	1.910	983	1.378	1.635	257	1.008	1.382	374	1.832	932	-901
2020	6.417	6.611	194	984	2.167	1.182	1.428	1.636	208	1.057	1.499	442	1.931	865	-1.066
2021	6.862	7.202	340	1.062	2.031	969	1.495	1.579	84	1.149	1.591	442	2.086	1.111	-975
2022	7.432	8.468	1.036	1.162	2.544	1.382	1.619	1.981	362	1.300	2.024	724	2.246	1.378	-868
2023	10.268	11.085	817	1.622	2.960	1.338	2.272	2.819	547	1.880	2.698	818	3.119	1.997	-1.122

Heimild: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.

Tafla 3 sýnir hlutdeild í útsvarstofni sem rennur frá viðkomandi sveitarfélagi til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningþarfir og framlög samtals frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til sveitarfélaganna vegna þjónustu við fatlað fólk. Árið 2023 hækkaði hlutdeildin í útsvarstofni um 0,22%,

þ.e. fór úr 0,99% í 1,21%. Um er að ræða þau fimm sveitarfélög/þjónustusvæði sem voru með hæstu framlögin frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk.

Eins og fram kemur í töflunni fengu fjögur sveitarfélög/þjónustusvæði af þessum fimm hærri framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga en hlutdeild þeirra í útsvarstofni sem rann til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga nam með undantekningu hjá Reykjavíkurborg árið 2019. Þessu var öfugt farið hvað Kópavogsbæ varðar, þar sem hlutdeildin í útsvarstofni var um einum milljarði króna hærri en framlögin öll árin.

Árið 2023 voru framlögin til Reykjavíkurborgar 817 millj. kr. hærri en 1,21% hlutdeild í útsvarstofninum nam. Mismunurinn var 1.036 millj. kr. árið 2022.

SIS mat

Í þessum kafla er fjallað um SIS mat. Samantekt í þessum kafla byggir að mestu á gögnum og upplýsingum, sem fengnar voru á vef Ráðgjafar- og greiningarstöðvar ríkisins.

Ráðgjafar- og greiningarstöð ríkisins (RGR) annast framkvæmd Staðlaðs mats á umfangi stuðningsparfa fyrir fötluð börn og fullorðna á landsvísi, SIS mat. Á vefsíðu GRR segir eftirfarandi um matið:

Markmið með Stöðluðu mati á umfangi stuðningsparfa er að nýta niðurstöður til úthlutunar fjármagns frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og til að gera einstaklingsbundnar áætlanir um stuðning (sbr. lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsparfir). Matinu er ætlað að tryggja markvissa og réttláta skiptingu þess fjármagns sem veitt er af hálfu ríkisins til þjónustu við fatlaða.

Matskerfin eru gefin út af American Association on Intellectual and Development Disabilities (AAIDD) og sáu sérfræðingar þáverandi Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins um stöðlun þeirra og hefur RGR nú jafnframt einkarétt á notkun þeirra. Matið er framkvæmt af óháðum, sérstaklega þjálfuðum sérfræðingum með viðtæka reynslu af starfi með fötluðum börnum og fullorðnum. Matið er framkvæmt í nærumhverfi þjónustunotenda.

Notað er matskerfið Supports Intensity Scale Children's Version, (SIS-C) fyrir börn. Matið nær til barna á aldrinum 5–18 ára og metur stuðningsparfir fatlaðs barns óháð fötlunargreiningu, í samanburði við önnur börn, bæði fötluð og ófötluð.

Notað er matskerfið Supports Intensity Scale Adult version (SIS-A) fyrir fullorðna. Matið sem nær til fullorðinna fatlaðra 18 ára og eldri, metur með samræmdum og hlutlægum hætti stig og magn þess hagnýta stuðnings sem einstaklingar með fötlun þarfnast til að lifa sem eðlilegustu lífi með fullri þátttöku í samfélaginu.

Fyrri markmiðið með SIS matinu er að nýta það til útdeilingar á fjármagni frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Fjármagnið sem þannig er deilt út er ytri stærð, en ræðst ekki af kostnaði þjónustu ár hvert. Því miðast allir útreikningar við það að skipta fjármagni hvers árs með hlutlægum hætti niður á þjónustusvæði.

Reiknað framlag vegna hvers einstaklings segir því ekki til um þá krónutölu sem þjónusta við viðkomandi kostar heldur frekar hve stór hluti af heildinni viðkomandi er og hversu stór potturinn er það ár. Það er því munur á reiknuðu framlagi og raunverulegum kostnaði við þjónustuna.

Hér ber hins vegar að leggja áherslu á síðara markmiðið með matinu, þ.e. „**að gera einstaklingsbundnar áætlanir um stuðning (sbr. lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir).**“ Reynsla skýrsluhöfunda er að oftast en ekki sé þjónusta við fatlað fólk hjá sveitarfélögum byggð upp án skoðunar eða tengingar við áætlaða þjónustupörf viðkomandi einstaklings skv. SIS mati.

Leggja ber áherslu á að þjónustuáætlun, sem unnin er hjá viðkomandi sveitarfélagi, sé borin saman við og/eða unnin út frá þjónustuáætlun skv. SIS mati og ef misræmi er þar á milli sé leitað skýringa, sem gæti verið t.d. annað hvort að SIS matið nær ekki yfir þjónustupörf viðkomandi, sem kallar þá á ósk um endurmat, eða þjónustuáætlun sveitarfélagsins megi samræma við þjónustuáætlun skv. SIS mati.

Á heimasíðu Ráðgjafar- og greiningarstöðvar ríkisins segir m.a. eftirfarandi varðandi hvernig mat á stuðningsþörf fullorðinna fer fram:

Matið fer þannig fram að sérfræðingur í SIS-matskerfi kemur í heimabyggð þjónustunotanda og framkvæmir matið þar með viðtali og í einhverjum tilvikum heimsókn til þjónustunotanda. Viðtöl skulu fara fram í húsnaði sveitarfélagsins.

Sérfræðingur í SIS-matskerfi hittir þjónustunotanda og/eða persónulegan talsmann hans ásamt tveimur öðrum þjónustuveitendum sem valdir eru til að veita upplýsingar um stuðningsþarfir. Að minnsta kosti einn starfsmaður þarf að hafa fagmenntun eða vera fulltrúi þeirra sem ber ábyrgð á þjónustu við notanda.

Viðmælendur þurfa að þekkja notandann vel, hafa umgengist hann reglulega. Gerð er krafa um að þessir aðilar hafi jafnframt tekið beinan þátt í daglegum viðfangsefnum viðkomandi a.m.k. undanfarna þrjá mánuði, þekkja til stuðningsþarfa á heimili, í tómstundum og á vinnustað. Einnig að þekkja til lyfjatöku, sjúkdóma og meðferð þeirra.

Eins og komið hefur fram hér að framan byggir framlag tengt viðkomandi þjónustuþega á þessu mati, því verður að telja eðlilegt að það sé lagt til grundvallar þegar þjónustuáætlun sveitarfélags er unnin vegna viðkomandi.


Hægt er að sækja um endurmat á stuðningsþörf ef fyrir liggur rökstuðningur um umtalsverðar breytingar á stuðningsþörf þjónustunotanda sbr. hér að framan.

Mælt er með að þjónustuveitendur fylgist vel með breytingum sem kunna að verða á stuðningsþörfum. Huga þarf sérstaklega að hugsanlegum breytingum hjá þeim sem eru eldri en 55 ára og þeim sem eru yngri en 25. Samkvæmt skýrslu „Endurmat á stuðningsþörf“ (okt. 2015), er gert ráð fyrir að endurmat á stuðningsþörf einstaklings verði ekki sjaldnar en á 8–12 ára fresti.

Hér er lögð áhersla á mikilvægi þess að þjónustuáætlun sem á að gera fyrir hvern þjónustuþega sé gerð með hliðsjón af niðurstöðum SIS mats. Ef það er mat sérfræðinga að veita eigi meiri þjónustu en niðurstöður SIS mats gefa tilefni til verði leitað skýringa á þeim mismun. Það er því mikilvægt að stjórnendur sveitarfélagsins séu meðvitað um það, ef taka á ákvörðun um meiri þjónustu en SIS mat segir til um. Því má velta fyrir sér hvort skynsamlegt væri að starfrækja ákveðinn hóp sem hefði það verkefni að fjalla um slík mál.

Fjöldi notenda

Í þessum kafla er fjallað um fjölda notenda. Skilgreining á notanda er einstaklingur með fötlun og greitt er vegna frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga skv. lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir annað hvort á grundvelli SIS mats eða kostnaðar við þjónustuna.



Heimild: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.

Mynd 5: Fjöldi notenda í fimm stærstu þjónustusvæðum/sveitarfélögum 2011-2023.

Mynd 5 sýnir fjölda notenda hjá þeim fjórum sveitarfélögum/þjónustusvæðum sem fengu hæstu framlögin frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga auk Reykjavíkurborgar.

Tafla 4: Fjöldi notenda sem hlutfall af heildarfjölda notenda á landinu öll hjá fimm stærstu þjónustusvæðunum/sveitarfélögum.

Ár	Reykjavíkurborg	Akureyrarbær (Eyjafjörður)	Hafnarfjarðarkaupstaður	Suðurland (Bergrísinn)	Kópavogsbær
2011	47,2%	9,9%	6,0%	8,5%	3,9%
2012					
2013	37,5%	10,6%	8,0%	7,5%	4,7%
2014	37,2%	10,7%	8,0%	8,0%	4,6%
2015	36,7%	10,6%	8,1%	8,6%	4,6%
2016	36,4%	10,4%	8,0%	8,6%	4,9%
2017	35,8%	10,0%	8,3%	8,3%	5,1%
2018	34,9%	10,0%	8,8%	7,6%	5,2%
2019	34,9%	9,9%	8,2%	8,3%	5,8%
2020	35,1%	9,8%	8,4%	7,3%	5,6%
2021	36,3%	9,2%	8,5%	7,1%	6,7%
2022	34,5%	9,3%	8,4%	8,0%	7,3%
2023	35,0%	8,9%	8,0%	9,2%	6,9%

Heimild: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.

Tafla 4 sýnir fjölda notenda hjá fimm stærstu þjónustusvæðunum/sveitarfélögum sem hlutfall af heildarfjölda notenda árin 2011 til 2023.

Það vekur athygli hversu mikið hlutfallið lækkar hjá Reykjavíkurborg milli áranna 2011 og 2013. Fer úr 47,2% í 37,5%. Á sama tíma hækkaði hlutfallið hjá hinum þjónustusvæðunum/sveitarfélögum nema hjá Suðurlandi.

Á mill áranna 2011 og 2023 hækkar hlutfallið hjá Hafnarfjarðarkaupstað, Suðurlandi og Kópavogsbæ. En lækkar umtalsvert hjá Reykjavíkurborg. Einnig lækkar hlutfallið hjá Akureyrarbæ (Eyjafirði).

Tafla 5: Fjöldi notenda, íbúa og hlutfall notenda af íbúafjölda hjá 5 stærstu sveitarfélögum/þjónustusvæðum og landinu öllu.

	2011			2013			2014			2015			2016			2017			Notendur breyting		Hlutfallsleg	Hlutfallsleg
	Notendur	Íbúafjöldi	Hlutfall	Notendur	Íbúafjöldi	Hlutfall	Notendur	Íbúafjöldi	Hlutfall	Notendur	Íbúafjöldi	Hlutfall	Notendur	Íbúafjöldi	Hlutfall	Notendur	Íbúafjöldi	Hlutfall	2017-2011	fjölgun notenda	fjölgun íbúa	
Reykjavíkurborg	434	115.555	0,38%	458	118.192	0,39%	519	118.789	0,44%	532	119.266	0,45%	540	120.513	0,45%	538	123.141	0,44%	104	24,0%	6,6%	
Akureyrarbær (Eyjafirður)	91	20.040	0,45%	130	20.242	0,64%	149	20.379	0,73%	153	20.455	0,75%	155	20.673	0,75%	150	21.040	0,71%	59	64,8%	5,0%	
Hafnarfjarðarkaupstaður	55	26.030	0,21%	98	26.891	0,36%	112	27.393	0,41%	117	27.696	0,42%	118	28.270	0,42%	125	28.965	0,43%	70	127,3%	11,3%	
Bergrisi	78	19.212	0,41%	92	19.524	0,47%	112	19.796	0,57%	125	20.177	0,62%	127	20.707	0,61%	124	21.876	0,57%	46	59,0%	13,9%	
Kópavogsbær	36	30.669	0,12%	58	31.766	0,18%	64	32.621	0,20%	67	33.537	0,20%	73	34.661	0,21%	76	35.369	0,21%	40	111,1%	15,3%	
Landið allt	919	313.182	0,29%	1.222	319.718	0,38%	1.395	323.024	0,43%	1.448	326.036	0,44%	1.484	332.507	0,45%	1.502	342.183	0,44%	583	63,4%	9,3%	
Fjögur þjónustusvæði (Ekki Rvík)	260	95.951	0,27%	378	98.423	0,38%	437	100.189	0,44%	462	101.865	0,45%	473	104.311	0,45%	475	107.250	0,44%	215	82,7%	11,8%	
Landið allt án Reykjavíkurborgar	485	197.627	0,25%	764	201.526	0,38%	876	204.235	0,43%	916	206.770	0,44%	944	211.994	0,45%	964	219.042	0,44%	479	98,8%	10,8%	

	2018			2019			2020			2021			2022			2023			Notendur breyting		Hlutfallsleg	Hlutfallsleg
	Notendur	Íbúafjöldi	Hlutfall	Notendur	Íbúafjöldi	Hlutfall	Notendur	Íbúafjöldi	Hlutfall	Notendur	Íbúafjöldi	Hlutfall	Notendur	Íbúafjöldi	Hlutfall	Notendur	Íbúafjöldi	Hlutfall	2023-2018	fjölgun notenda	fjölgun íbúa	
Reykjavíkurborg	434	125.360	0,35%	430	126.549	0,34%	445	128.610	0,35%	509	130.638	0,39%	523	134.298	0,39%	557	136.894	0,41%	123	28,3%	9,2%	
Akureyrarbær (Eyjafirður)	124	21.199	0,58%	122	21.238	0,57%	124	21.452	0,58%	129	21.925	0,59%	141	22.322	0,63%	142	22.652	0,63%	18	14,5%	6,9%	
Hafnarfjarðarkaupstaður	109	29.227	0,37%	101	29.266	0,35%	106	29.018	0,37%	119	29.047	0,41%	128	29.806	0,43%	128	30.616	0,42%	19	17,4%	4,8%	
Bergrisi	94	22.606	0,42%	102	23.419	0,44%	92	23.927	0,38%	100	24.857	0,40%	121	25.919	0,47%	147	27.145	0,54%	53	56,4%	20,1%	
Kópavogsbær	64	36.295	0,18%	71	37.036	0,19%	71	37.500	0,19%	94	38.056	0,25%	110	38.770	0,28%	109	39.335	0,28%	45	70,3%	8,4%	
Landið allt	1.242	349.468	0,36%	1.233	354.042	0,35%	1.267	358.298	0,35%	1.402	364.917	0,38%	1.517	375.218	0,40%	1.591	383.726	0,41%	349	28,1%	7,4%	
Fjögur þjónustusvæði (Ekki Rvík)	391	109.327	0,36%	396	110.959	0,36%	393	111.897	0,35%	442	113.885	0,39%	500	116.817	0,43%	526	119.748	0,44%	135	34,5%	9,5%	
Landið allt án Reykjavíkurborgar	808	244.108	0,36%	803	227.493	0,35%	822	229.688	0,36%	893	234.279	0,38%	994	240.920	0,41%	1.034	246.832	0,42%	226	28,0%	10,1%	

Heimild: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og Hagstofa Íslands.

Tafla 5 sýnir fjölda notenda, íbúa og hlutfall notenda af íbúafjölda hjá fimm stærstu sveitarfélögum/þjónustusvæðunum og landinu öllu árin 2011 til 2023.

Það vekur athygli hvað hlutfallsleg fjölgun notenda er mun meiri hjá þessum fjórum samanburðarþjónustusvæðum/-sveitarfélögum en hjá Reykjavíkurborg á milli áranna 2011 og 2017.

Hlutfallsleg fjölgun hjá Reykjavíkurborg er einnig langt undir meðaltalinu fyrir landið allt á milli þessara ára þar sem fjölgunin var 63% en hjá Reykjavíkurborg 24%.

Hins vegar snýst þetta aðeins við á milli áranna 2018 og 2023. Þá er Reykjavíkurborg nokkurn veginn á pari við hlutfallslega fjölgun á landinu öllu. Hlutfallsleg fjölgun bæði hjá Akureyrarbæ (Eyjafirði) og Hafnarfjarðarkaupstað var lægri en hjá Reykjavíkurborg. Hins vegar var hún hlutfallslega hærri hjá Kópavogsbæ og á Suðurlandi.

Fjölgun notenda á þjónustusvæðum/sveitarfélögum öðrum en hjá Reykjavíkurborg á milli áranna 2018 og 2023 var 34,5% samanborið við 28,3% hjá Reykjavíkurborg. Þannig var hlutfallsleg fjölgun notenda hjá öðrum þjónustusvæðum/sveitarfélögum meiri en hjá Reykjavíkurborg á þessu tímabili.

Það vekur athygli að fjöldi notenda árið 2018 hjá Reykjavíkurborg, þegar fjórði flokkur SIS mats var tekinn út, var sá sami og árið 2011, þ.e. 434 notendur. Hins vegar var fjöldinn hjá öðrum þjónustusvæðum/sveitarfélögum mun meiri árið 2018 en 2011.

Tafla 6: Fjöldi notenda í hverjum SIS mats flokki og almenn framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til Reykjavíkurborgar 2018 til 2023 á verðlagi hvers árs í þúsundum króna.

SIS flokkur	2018			2019			2020			2021			2022			2023		
	Fjöldi notenda	Almenn framlög	Meðal-tal	Fjöldi notenda	Almenn framlög	Meðal-tal	Fjöldi notenda	Almenn framlög	Meðal-tal	Fjöldi notenda	Almenn framlög	Meðal-tal	Fjöldi notenda	Almenn framlög	Meðal-tal	Fjöldi notenda	Almenn framlög	Meðal-tal
0	113	1.861.946	16.477	99	1.247.642	12.602	94	1.502.253	15.981	71	1.145.099	16.128	80	1.342.179	16.777	107	2.139.268	19.993
3	1	8.487	8.487															
4	13	60.731	4.672															
5	56	273.807	4.889	66	509.116	7.714	60	466.814	7.780	45	331.956	7.377	57	346.112	6.072	45	380.220	8.449
6	34	249.103	7.327	37	327.035	8.839	35	311.725	8.906	67	579.361	8.647	72	536.447	7.451	62	635.539	10.251
7	26	254.134	9.774	13	127.005	9.770	17	169.624	9.978	63	618.761	9.822	64	582.065	9.095	51	616.262	12.084
8	29	323.434	11.153	42	475.848	11.330	50	568.364	11.367	57	619.695	10.872	49	516.371	10.538	58	819.425	14.128
9	45	499.342	11.096	44	549.008	12.477	46	576.616	12.535	44	537.967	12.227	43	516.980	12.023	53	849.108	16.021
10	17	247.878	14.581	12	165.284	13.774	14	193.011	13.787	29	388.685	13.403	29	399.118	13.763	31	526.934	16.998
11	12	168.872	14.073	19	287.161	15.114	22	332.476	15.113	31	452.996	14.613	25	359.716	14.389	29	574.394	19.807
12	88	1.732.536	19.688	24	388.373	16.182	28	453.734	16.205	23	362.039	15.741	18	303.376	16.854	26	564.189	21.700
13				3	52.893	17.631	3	52.378	17.459	21	356.635	16.983	22	404.836	18.402	24	566.220	23.592
14				29	538.490	18.569	31	575.238	18.556	24	433.109	18.046	22	422.902	19.223	23	539.788	23.469
15				29	576.521	19.880	30	595.500	19.850	8	154.657	19.332	13	279.127	21.471	10	254.854	25.485
16				13	272.846	20.988	14	293.361	20.954	12	246.778	20.565	16	368.742	23.046	14	409.796	29.271
17							1	22.246	22.246	7	152.400	21.771	7	172.237	24.605	11	342.805	31.164
18										7	160.752	22.965	6	156.907	26.151	13	429.741	33.057
Samtals	434	5.680.270	13.088	430	5.517.221	12.831	445	6.113.339	13.738	509	6.540.890	12.850	523	6.707.114	12.824	557	9.648.542	17.322
Breyting frá fyrra ári				-0,9%	-2,9%	-2,0%	3,5%	10,8%	7,1%	14,4%	7,0%	-6,5%	2,8%	2,5%	-0,2%	6,5%	43,9%	35,1%
Breyting frá 2018 til 2023																28,3%	69,9%	32,4%

Heimild: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.

Tafla 6 sýnir fjölda notenda eftir SIS flokkum sem greitt var með til Reykjavíkurborgar og almenn framlög þeim tengdum árin 2018 til 2023.

Eins og taflan sýnir fjölgaði notendum á milli árána 2018 og 2023 um 28,3% og almennu framlögin hækkuðu um 70% á verðlagi hvers árs. Fjöldi notenda var 434 árið 2018 en 557 notendur árið 2023. Hlutdeild í útsvarstofni vegna þjónustu við fatlað fólk var hækkuð árið 2023, sem skýrir að hluta hækkinguna sem varð milli árána 2022 og 2023.

Rétt er að benda á að almenn framlög á verðlagi hvers árs lækka á milli árána 2018 og 2019. Einnig að meðaltal SIS greiðslna lækkar frá árinu 2020 til 2022 á verðlagi hvers árs. Var 13.738 þús. kr. árið 2020 og 12.824 þús. kr. árið 2022. Síðan hækkar það nokkuð árið 2023 og var þá 17.322 þús. kr.

Eins og fram kemur í töflunni er nokkur munur á meðalframlögum eftir SIS matsflokkum. Meðalframlag í SIS matsflokki 5 árið 2023 var 8.449 þús. kr. samanborið við 33.057 þús. kr. vegna þeirra sem voru í SIS matsflokki 18. Af þessu má ljóst vera mikilvægi þessi að notendur séu með sem réttust mót á hverjum tíma.

Tafla 7: Skipting SIS mats flokka árið 2018 og 2023 hjá Reykjavíkurborg.

SIS flokkar	2018	2023	Breyting 2018-2023	Hlutfall
0 til 5	183	152	-31	-16,9%
6 til 9	134	224	90	67,2%
10 til 18	117	181	64	54,7%
Samtals	434	557	123	28,3%

Tafla 7 sýnir fjölda notenda skipt eftir SIS matsflokkum, þ.e. 0 til 5, 6 til 9 og 10 til 18.

Eins og fram kemur í töflunni fækkaði notendum í SIS flokki 0 til 5 um 31, eða um 17%, fjölgað um 90 í flokki 6 til 9, eða um 67% og um 64 í flokki 10 til 18, eða um 55%. Samtals var fjölgunin 123 notendur, eða 28%.

Tafla 8: Fjöldi notenda í hverjum SIS mats flokki og almenn framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til annarra þjónustuvæða/sveitarfélaga en Reykjavíkurborgar á verðlagi hvers árs.

SIS flokkur	2018			2019			2020			2021			2022			2023		
	Fjöldi notenda	Almenn framlög	Meðaltal	Fjöldi notenda	Almenn framlög	Meðaltal	Fjöldi notenda	Almenn framlög	Meðaltal	Fjöldi notenda	Almenn framlög	Meðaltal	Fjöldi notenda	Almenn framlög	Meðaltal	Fjöldi notenda	Almenn framlög	Meðaltal
0	148	2.319.944	15.675	121	1.632.513	13.492	123	1.880.610	15.290	140	1.935.891	13.828	175	1.871.428	10.694	221	3.480.358	15.748
3	1	9.981	9.981															
4	24	145.232	6.051	4	22.031	5.508	3	21.798	7.266	1	6.885	6.885						
5	101	508.772	5.037	104	813.587	7.823	89	714.459	8.028	52	397.268	7.640	98	641.260	6.543	75	657.831	8.771
6	63	500.435	7.943	74	672.989	9.094	73	673.496	9.226	105	930.384	8.861	103	814.290	7.906	90	958.308	10.648
7	70	727.323	10.390	9	94.967	10.552	33	362.741	10.992	107	1.080.904	10.102	113	1.056.732	9.352	116	1.438.841	12.404
8	72	806.560	11.202	95	1.126.219	11.855	104	1.241.054	11.933	101	1.115.965	11.049	90	946.100	10.512	100	1.407.772	14.078
9	81	971.299	11.991	106	1.377.690	12.997	103	1.343.758	13.046	70	869.446	12.421	72	896.120	12.446	67	1.058.402	15.797
10	55	891.477	16.209	25	361.464	14.459	23	335.990	14.608	58	799.273	13.781	61	867.734	14.225	65	1.176.184	18.095
11	44	649.998	14.773	55	862.374	15.680	57	895.359	15.708	66	974.559	14.766	70	1.080.949	15.442	63	1.270.749	20.171
12	149	2.994.180	20.095	86	1.440.023	16.744	85	1.422.601	16.736	50	808.031	16.161	50	843.726	16.875	54	1.178.436	21.823
13				15	274.210	18.281	15	273.292	18.219	28	492.153	17.577	34	644.557	18.958	42	984.544	23.442
14				49	955.620	19.502	45	888.859	19.752	35	608.226	17.378	37	718.273	19.413	39	981.156	25.158
15				40	800.077	20.002	43	856.422	19.917	35	673.120	19.232	39	851.246	21.827	42	1.120.135	26.670
16				13	284.928	21.918	14	313.023	22.359	14	267.778	19.127	12	282.340	23.528	13	355.370	27.336
17				3	72.859	24.286	2	50.483	25.242	13	279.049	21.465	13	327.162	25.166	15	449.812	29.987
18				4	98.321	24.580	10	257.411	25.741	18	438.415	24.356	27	720.968	26.703	32	1.053.633	32.926
Samtals	808	10.525.201	13.026	803	10.889.872	13.561	822	11.531.355	14.028	893	11.677.347	13.077	994	12.562.886	12.639	1.034	17.571.530	16.994
Breyting frá fyrra ári				-0,6%	3,5%	4,1%	2,4%	5,9%	3,4%	8,6%	1,3%	-6,8%	11,3%	7,6%	-3,3%	4,0%	39,9%	34,5%
Breyting frá 2018 til 2023																28,0%	66,9%	30,5%

Heimild: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.

Tafla 8 sýnir fjölda notenda eftir SIS flokkum sem greitt var með til annarra þjónustuvæða/sveitarfélaga en Reykjavíkurborgar og almenn framlög þeim tengdum árin 2018 til 2023.

Eins og taflan sýnir fjölgaði notendum sem greitt var með milli áranna 2018 og 2023 um 28% (Reykjavíkurborg 28,3%) og almennu framlögin hækkuðu um 66,9% (Reykjavíkurborg um 70%) á verðlagi hvers árs. Fjöldi notenda var 808 árið 2018 en 1.034 notendur árið 2023. Hlutdeild í útsvarstofni vegna þjónustu við fatlað fólk var hækkuð árið 2023, sem skýrir að hluta hækkunina sem varð á milli áranna 2022 og 2023.

Rétt er að benda á að meðaltal SIS greiðslna lækkar frá árinu 2020 til 2022 á verðlagi hvers árs eins og hjá Reykjavíkurborg. Var 14.028 þús. kr. árið 2020 og 12.639 þús. kr. árið 2022. Síðan hækkar það nokkuð árið 2023 og var þá 16.994 þús. kr. samanborið við 17.322 kr. þús. kr. hjá Reykjavíkurborg.

Tafla 9: Skipting SIS mats flokka árið 2018 og 2023 hjá öðrum þjónustuvæðum/sveitarfélögum en Reykjavíkurborg.

SIS flokkar	2018	2023	Breyting	
			2018-2023	Hlutfall
0 til 5	274	296	22	8,0%
6 til 9	286	373	87	30,4%
10 til 18	248	365	117	47,2%
Samtals	808	1034	226	28,0%

Heimild: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.

Tafla 9 sýnir fjölda notenda skipt eftir SIS matsflokkum, þ.e. 0 til 5, 6 til 9 og 10 til 18.

Eins og fram kemur í töflunni fjölgaði notendum í SIS flokki 0 til 5 um 22, eða um 8%, þegar þeim fækkaði um 31 hjá Reykjavíkurborg (-16,9%), fjölgar um 87 í flokki 6 til 9, eða um 30% samanborið við hjá Reykjavíkurborg um 67% og um 117 í flokki 10 til 18, eða um 47% samanborið við 55% hjá Reykjavíkurborg. Samtals var fjölgunin 126 notendur, eða 28%.

Tafla 10: Fjöldi sem fá þjónustu samkvæmt lögum nr. 38/2018 en ekki greidd framlög vegna.

	Fjöldi
Í SIS flokki 5 og ofar	19
SIS framkvæmt árið 2012 eða fyrr	14
SIS framkvæmt 2013-2014	10
SIS framkvæmt 2015	2
SIS framkvæmt 2017	2
SIS framkvæmt 2021 og 2024	2
SIS framkvæmt, ekki skilgreint	1
Samtals	50

Heimild: Reykjavíkurborg

Tafla 10 sýnir fjölda þeirra sem fá þjónustu skv. lögum nr. 38/2018 en ekki fást greidd framlög með. Lögð er áhersla á að hér er ekki um tæmandi upplýsingar að ræða og eingöngu notendur 18 ára og eldri.

Eins og þarna kemur fram eru 19 í SIS flokki 5 og ofar. 24 eru með SIS mat frá 2014 og fyrr.

Tafla 11: Fjöldi notenda með SIS mat, skipt eftir því hvenær SIS mat var síðast framkvæmt.

SIS framkvæmt	Fjöldi SIS mata	Heildarfjöldi notenda	Breyting í fjölda notenda milli ára
2014 eða fyrr	140	519	
2015	9	532	13
2017	10	538	6
2018	10	434	-104
2019	4	430	-4
2020	25	445	15
2021	118	509	64
2022	77	523	14
2023	89	557	34
2024	2		
Óskilgreint	10		
Samtals	494		

Heimild: Reykjavíkurborg

Tafla 11 sýnir skiptingu á notendum eftir því hvenær SIS mat var síðast framkvæmt miðað við uppfærslu í júní 2024. Eingöngu er um að ræða notendur 18 ára og eldri. Börn eru því ekki meðtalin.

Eins og fram kemur í töflunni eru 140 notendur með SIS mat í júní 2024, sem framkvæmt var 2014 eða fyrir það ár. Leggja ber áherslu á að notendur séu með reglulegu milli endurmetnir hvað þjónustupörf varðar. Á síðustu árum hafa verið gerðar breytingar á SIS matinu þannig að ákveðin fötlun sem gaf ekki stig í SIS mati fyrir breytinguna gerir það í dag. M.a. með hliðsjón af því og einnig að fötlun getur ágerst með aldrinum ber að leggja áherslu á að a.m.k. þeir sem eru með elstu mötin fari í endurmat sem er þá í samræmi við það sem Ráðgjafar- og greiningarstöðin mælir með á vefsíðu sinni, sbr. hér að framan þar sem segir:

Mælt er með að þjónustuveitendur fylgist vel með breytingum sem kunna að verða á stuðningspörfum. Huga þarf sérstaklega að hugsanlegum breytingum hjá þeim sem eru eldri en 55 ára og þeim sem eru yngri en 25. Samkvæmt skýrslu „Endurmat á stuðningspörf“ (okt. 2015), er gert ráð fyrir að endurmat á stuðningspörf einstaklings verði ekki sjaldnar en á 8–12 ára fresti.


Ef litið er neðri mörkin, þ.e. að endurmat fari fram á átta ára fresti, þarf að óska eftir endurmati á 159 notendum miðað við þann fjölda sem fór síðast í mat 2017 eða fyrr. Um er að ræða 28,5% af heildarfjölda notenda árið 2023. Að auki þarf að skoða a.m.k. þá sem eru 55 ára og eldri og þá sem eru yngri en 25 ára.

Samantekt úr greiningarskjali starfshóps á vegum félagsmálaráðuneytisins.

Í byrjun árs 2021 skipaði þáverandi félags- og barnamálaráðherra starfshóp um greiningu á kostnaðarþróun í þjónustu við fatlað fólk. Í verkefninu fólst m.a. að vinna að samantekt um raunkostnað árána 2018, 2019 og 2020 og kostnaðarþróun í þjónustu við fatlað fólk hjá sveitarfélögum.

Í upphafi vinnunnar var starfshópnum ljóst að ekki lægju fyrir aðgengilegar upplýsingar hjá sveitarfélögum um þessa þróun. Því var ákveðið að kalla eftir þessum upplýsingum frá sveitarfélögum á samræmdan hátt. Þegar því var lokið var hannað sérstakt greiningarskjal þar sem upplýsingunum var safnað saman í eitt skjal. Úr skjalinu er hægt að draga fram mikið af upplýsingum varðandi rekstur málaflokksins hjá sveitarfélögum sem ekki hafa verið aðgengilegar áður.

Leggja ber áherslu á að sveitarfélögin nýti sér þessar upplýsingar. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur síðan haldið áfram að safna þessum upplýsingum saman fyrir hvert ár eftir árið 2020. Þannig að nú liggja fyrir tölulegar upplýsingar fyrir rekstur þjónustunnar árin 2018 til 2022⁷



Heimild: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.


Mynd 6: Þróun rekstarniðurstöðu í málaflokki fatlaðs fólks í þúsundum króna hjá þeim sex sveitarfélögum/þjónustuvæðum sem voru með hæst framlög frá Jöfnunarsjóði.

7

Mynd 6 sýnir rekstrarniðurstöðu hjá Reykjavíkurborg og þeim fimm sveitarfélögum/þjónustusvæðum sem voru með hæstu framlögin frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Eins og fram kemur á myndinni eykst hallareksturinn á milli ára hjá öllum sveitarfélögum mismikið nema hjá þremur þjónustusvæðum, þ.e. Akureyrarbæ (Eyjafirði), Suðurlandi og Mosfellsbæ og Kjósarhreppi þar sem hallinn dregst saman á milli áranna 2021 og 2022.

Kostnaður á hvern notanda



Heimild: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.

Mynd 7: Rekstrargjöld á hvern notanda á öllum þjónustusvæðum/sveitarfélögum árið 2022 í milljónum króna.

Mynd 7 sýnir rekstrargjöld á hvern notanda hjá sveitarfélögum/þjónustusvæðum árið 2022. Um er að ræða öll sveitarfélög/þjónustusvæði.

Eins og fram kemur á myndinni var meðalkostnaður 30,2 millj. kr. á hvern notanda. Meðalkostnaðurinn hjá Reykjavíkurborg var 36 millj. kr. Rétt er að fram komi að ýmis þættir þjónustunnar hafa hér áhrif. Má þar nefna að NPA samninga, hversu langt sveitarfélög/þjónustusvæði eru komin hvað varðar búsetu o.s.frv. Reykjavíkurborg stendur einna fremst í þjónustu við fatlað fólk.

Tafla 12: Rekstrartekjur og -gjöld hjá sveitarfélögum/þjónustusvæðum með fleiri en 15.000 íbúa árið 2022 í þúsund krónum.

	Reykjavíkurborg	Kópavogsbær	Hafnarfjarðarkaupstaður	Suðurland (Bergrisi)	Akureyrarbær	Reykjanesbær	Garðabær	Samtals án Reykjavíkurborgar
Fjöldi íbúa	135.688	38.998	29.763	25.573	22.283	20.416	18.445	155.478
Fjöldi notenda	523	110	128	121	141	39	45	584
Hlutfall notenda af íbúum samtals	0,39%	0,28%	0,43%	0,47%	0,63%	0,19%	0,24%	0,38%
Útsvar, framlög og aðrar tekjur	10.416	1.945	2.389	2.352	2.838	853	1.069	11.446
Búseta	-11.320	-1.633	-1.981	-596	-1.917	-1.050	-923	-8.100
Vinnumiðuð stoðþjónusta	-1.779	-309	-387	-156	-221	-112	-	-1.185
Notendasamningar (NPA)	-1.364	-246	-769	-265	-278	-203	-197	-1.958
Börn með þroska- og geðraskanir	-1.434	-	-464	-131	-118	-15	-	-728
Skammtímadvöl	-1.240	-117	-112	-105	-155	-85	-277	-851
Stoðþjónusta	-219	-233	-115	-	-166	-2	-336	-852
Frístundaþjónusta (lengd viðvera)	-932	-84	-82	-91	-62	-50	-55	-424
Stuðningsfjölskyldur	-239	-60	-253	-28	-31	-27	-39	-438
Önnur þjónusta	-49	-	-12	-1.035	-22	-101	-96	-1.266
Sameiginlegir liðir	-292	-150	-167	-51	-166	-42	-37	-613
Rekstrargjöld samtals	-18.868	-2.832	-4.342	-2.458	-3.136	-1.687	-1.960	-16.415
Rekstrarniðurstaða	-8.452	-887	-1.953	-106	-298	-834	-891	-4.969

Heimild: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.

Tafla 12 sýnir rekstrartekjur (markaðar tekjur), rekstrargjöld, þar sem gjöldunum hefur verið skipt upp eftir þjónustupáttum samkvæmt lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, og rekstrarniðurstöðu hjá þeim sveitarfélögum/þjónustusvæðum þar sem íbúar eru fleiri en 15.000. Auk þess kemur fram fjöldi íbúa, notenda og hlutfall notenda af íbúum.

Af þessum sjö þjónustusvæðum/sveitarfélögum voru þrjú með hærri hlutfall notenda af íbúum samtals en Reykjavíkurborg. Þegar hlutfall notenda samtals af íbúafjölda samtals fyrir þjónustusvæðin sex (ekki Reykjavíkurborg meðtalin) var það 0,38%, eða lægra en hjá Reykjavíkurborg.

Fjöldi notenda þjónustusvæðanna sex var samtals 584 samanborið við 523 hjá Reykjavíkurborg.

Gjöld umfram tekjur (markaðar tekjur) vegna þjónustunnar voru 8.452 millj. kr. hjá Reykjavíkurborg samanborið við 4.969 hjá þjónustusvæðunum/sveitarfélögum sex.

Tafla 13: Rekstrartekjur og -gjöld vegna þjónustu við fatlað fólk hjá Reykjavíkurborg árin 2018 til 2022 í þúsundum króna.

	2018	2019	2020	2021	2022	Mismunur 2022-2018	Hlutfallsleg breyting 2018 til 2022
Fjöldi íbúa	125.360	126.549	128.610	130.638	134.298	8.938	7,1%
Fjöldi notenda	434	430	445	509	523	89	20,5%
Hlutfall notenda af íbúum samtals	0,35%	0,34%	0,35%	0,39%	0,39%	1,00%	
Fjöldi íbúa, landið allt	349.468	354.042	358.298	364.917	375.218	25.750	7,4%
Fjöldi notenda, landið allt	1.242	1.233	1.267	1.402	1.517	275	22,1%
Hlutfall notenda af íbúum samtals, landið allt	0,36%	0,35%	0,35%	0,38%	0,40%	1,07%	
Hlutdeild í útsvarstofni (0,25%), framlög og aðrar tekjur	7.481	7.625	8.303	8.898	10.416	2.935	39,2%
Búseta	-6.239	-6.976	-8.520	-10.050	-11.320	-5.081	81,4%
Vinnumiðuð stoðþjónusta	-950	-1.115	-1.119	-1.452	-1.778	-828	87,2%
Notendasamningar (NPA)	-488	-721	-849	-1.127	-1.364	-876	179,5%
Börn með þroska- og geðraskanir	-618	-993	-1.156	-1.028	-1.434	-816	132,0%
Skammtímadvöl	-600	-671	-952	-1.101	-1.240	-640	106,7%
Stoðþjónusta	-211	-192	-228	-219	-219	8	3,8%
Frístundaþjónusta (lengd viðvera)	-510	-505	-643	-738	-932	-422	82,7%
Stuðningsfjölskyldur	-197	-189	-173	-259	-239	-42	21,3%
Önnur þjónusta				-22	-49		
Sameiginlegir liðir	-332	-349	-356	-286	-292	-40	-12,0%
Rekstrargjöld samtals	-10.145	-11.711	-13.996	-16.282	-18.867	8.722	86,0%
Rekstrarmiðurstæða	-2.664	-4.086	-5.693	-7.384	-8.451	5.787	217,2%

Heimild: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.

Tafla 13 sýnir rekstrartekjur og -gjöld hjá Reykjavíkurborg vegna þjónustu við fatlað fólk, fjölda íbúa og fjölda notenda þjónustunnar árin 2018 til 2022 hjá Reykjavíkurborg og á landinu öllu.

Notendum þjónustunnar fjölga um 20,5% á milli árunna 2018 og 2022 hjá Reykjavíkurborg þegar fjölgunin var 22,1% á landinu öllu. Árið 2018 voru notendur þjónustunnar hjá Reykjavíkurborg 0,35% af heildarfjölda íbúa Reykjavíkurborgar. Til samanburðar var þetta hlutfall 0,36% fyrir landið allt. Hlutfallið hjá Reykjavíkurborg var komið í 0,39% árið 2022 en á landinu öllu var það 0,40%.

Hlutfallslega eykst kostnaður við NPA samninga mest á milli árunna 2018 og 2022, eða um 180%. Síðan kostnaður vegna barna með þroska- og geðraskanir, eða um 132% og svo vegna skammtímadvalar um 107%. Í krónum talið eykst kostnaður vegna búsetu mest eða um 5.081 millj. kr. Til samanburðar jukust tekjurnar vegna málaflokksins um 2.935 millj. kr. Rekstrargjöld samtals jukust um 8.722 á milli árunna 2018 og 2022, eða um 86%.

Gjaldfærsla undir málaflökk fatlaðs fólks samkvæmt lögum nr. 38/2018.

Við gjaldfærslu á kostnaði undir málaflökk fatlaðs fólks þarf að taka tillit til nokkurra útgjaldaliða sem falla til vegna þjónustu við fatlað fólk, sem kveðið er sérstaklega á um í öðrum lögum og/eða reglugerðum auk þess sem að framan greinir. Sá kostnaður á ekki að gjaldfærast sem þjónusta við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir skv. lögum nr. 38/2018.

Akstursþjónusta við fatlað fólk

Í 20. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks kemur fram að aðildarríkin skuli gera árangursríkar ráðstafanir til þess að tryggja að einstaklingum sé gert kleift að fara allra sinna ferða. Stjórnvöldum ber þannig að greiða fyrir því að fatlað fólk geti farið allra sinna ferða með þeim hætti sem það kýs, þegar því hentar og gegn viðráðanlegu gjaldi. Sveitarfélögum hefur um langt árabil verið skylt – lögum samkvæmt

– að skipuleggja akstursþjónustu fyrir fatlað fólk. Um þennan þjónustubátt var fjallað í 35. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks með síðari breytingum, sem nú eru fallin úr gildi.

Fyrir yfirlýsingu málaflokks fatlaðs fólks til sveitarfélaga sáu sveitarfélögin um þennan þátt þjónustunnar og því var sá þáttur ekki hluti af yfirlýsningunni og átti ekki að fjármagnast skv. lögum um málefni fatlaðs fólks. Sveitarfélögunum ber að fjármagna þjónustuna áfram eins og hafði verið fyrir yfirlýsninguna, þ.e. af almennum tekjum sveitarfélaga.

Eftirfarandi kemur fram í 29. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga varðandi akstursþjónustu:

Fatlað fólk skal eiga kost á akstursþjónustu sem miðar að því að það geti farið allra sinna ferða með þeim hætti sem það kys og á þeim tíma sem það velur gegn viðráðanlegu gjaldi. Markmið akstursþjónustu er að gera þeim sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki vegna fötlunar kleift að stunda atvinnu og nám og njóta tómstunda. Jafnframt skal fatlað fólk eiga rétt á akstursþjónustu á vegum sveitarfélaga vegna aksturs á þjónustustofnanir og vegna annarrar þjónustu sem það nýtur samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Ráðherra setur nánari leiðbeiningar um akstursþjónustu í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og hagsmunasamtök fatlaðs fólks þar sem m.a. skal kveðið á um tilhögun á akstri utan sveitarfélags og kostnaðarskiptingu vegna akstursþjónustu í dreifbýli. Sveitarstjórnir er jafnframt heimilt að setja reglur um þjónustuna á grundvelli ákvæðisins og leiðbeinandi reglna ráðherra. Þá er sveitarfélögum heimilt að innheimta gjald fyrir akstursþjónustu samkvæmt gjaldskrá sem sveitarstjórnir skulu setja og skal gjaldið vera sambærilegt gjaldi fyrir almenningssamgöngur á viðkomandi svæði.

Af þessu má ljóst vera að ekki má gjaldfæra kostnað vegna akstursþjónustu við fatlað fólk sem hluta af kostnaði vegna þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir skv. lögum nr. 38/2018.

Húsnæðiskostnaður er varðar búsetu fatlaðs fólks

Með vísan til 5. gr. A og B liðar reglugerðar um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk nr. 370/2016 með síðari breytingum, er gert ráð fyrir að leigjandi í búsetukjarna greiði leigu fyrir sitt sérrými og að auki hlutdeild í leigu fyrir sameiginlegt rými. Ef leigutekjur standa ekki undir rekstrarkostnaði þess hluta sem íbúi leigir þá á að gjaldfæra mismuninn á félagsþjónustu sveitarfélaga, en ekki sem kostnað við þjónustu fatlaðs fólks skv. lögum nr. 38/2018.

Leggja ber áherslu á að ekki sé verið að færa leigugjöld (innri leigu) vegna sérrýmis notenda sem útgjöld á málaflökkinn og tekjur frá notendum. Leigugjöld og leigutekjur skal færa eins og um félagslegt húsnæði sé að ræða hjá viðkomandi sveitarfélagi.

Kostnaður við rekstur þess hluta húsnæðis, sem ætlað er fyrir starfsmenn og til að veita sérhæfða þjónustu við íbúa, á að gjaldfærast á málaflökkinn sem hluti af kostnaði við að veita þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir skv. lögum nr. 38/2018.

Í A og B lið í 5. gr. reglugerðar varðandi húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk nr. 370/2016 segir m.a. eftirfarandi:

Kostnaðarhlutdeild þjónustuaðila og íbúa vegna húsaleigu skiptist með eftirfarandi hætti:

- a. Sú leiga sem íbúi greiðir er fyrir afnot af einkarými og hlutdeild í sameiginlegu rými í hlutfalli við fjölda íbúa. Teljist starfsmannaaðstaða jafnframt til sameiginlegs rýmis skal leggja þann fjölda starfsmanna sem eru venjulega á vakt hverju sinni við fjölda íbúa þegar hlutfall er reiknað.
- b. Aukarými vegna fötlunar, svo sem starfsmannaaðstaða, og önnur aukin þörf á rými vegna sérstaks húsnæðisúrræðis, greiðist af þjónustuaðila, eftir atvikum samkvæmt sérstökum samningi við umráðaaðila húsnæðis.

Húsaleiga

Varðandi húsaleigu og gerð húsaleigusamnings á að styðjast við ákvæði 5. gr. reglugerðar varðandi húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk nr. 370/2016 með síðari breytingum, en þar segir m.a. eftirfarandi:

Þegar þjónustuaðili tryggir fötluðu fólki húsnæðisúrræði skal gerður húsaleigusamningur um afnotin. Húsaleigulög gilda um form og efni samningsins.

Húsaleigusamningur skal jafnframt staðfestur af þjónustuaðila.

Þegar húsaleigusamningur er gerður eða endurskoðaður skal fjárhæð leigu ákveðin í samræmi við reglur um félagslegt leiguhúsnæði í viðkomandi sveitarfélagi. Um breytingar á leigufjárhæð fer einnig samkvæmt þeim reglum nema sérstaklega sé kveðið á um aðra skipan í samningnum sjálfum eða í reglugerð þessari.

Af þessu má ljóst vera að ef kostnaður fellur til umfram þá leigu sem innheimt er af þjónustuþega skv. framanrituðu á sá kostnaður ekki að falla til sem kostnaður vegna málefna fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir.

Húsgögn og búnaður

Með vísan til 6. gr. reglugerðar um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk nr. 370/2016 skal öll endurnýjun á húsgögnum og búnaði, sem ekki telst hluti af fasteigninni sjálfri og ætluð er til sameiginlegra nota íbúa, greiðast af íbúunum sjálfum, enda greiði þeir ekki fyrir sambærilegan búnað eða tæki í sínu einkarými. Þetta á m.a. við húsgögn og búnað í sameiginlegu rými. Sem dæmi má nefna að ef íbúar nýta saman þvottavél og þurrkara þá deili þeir með sér kostnaði við endurnýjun slíkra tækja.

6. gr. reglugerðar nr. 370/2016 varðandi framanritað hljóðar sem hér segir:

Stofnkostnaður vegna húsbúnaðar í sameiginlegu rými, þar sem við á, skal greiddur af þjónustuaðila svo og eðlilegt viðhald búnaðar í starfsmannaaðstöðu.

Leigjandi skal greiða sinn hluta í endurnýjun húsbúnaðar og heimilistækja í sameiginlegu rými enda greiði hann ekki fyrir sambærilegan búnað eða tæki í sínu einkarými.

Af þessu má ljóst vera að ef sveitarfélag tekur ákvörðun um að innheimta ekki vegna endurnýjunar á búnaði skv. framanrituðu skal sá kostnaður ekki falla á málaflokk fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir skv. lögum nr. 38/2018. A.m.k. skulu þau útgjöld dregin frá þegar málaflokkurinn er gerður upp.

Annar rekstrarkostnaður húsnaðis

Íbúar greiða hlutdeild í öðrum rekstrarkostnaði svo sem vegna rafmagns og hita þannig að þeir greiða í hlutfalli við stærð einkarýmis af heildarými húsnaðis og af rými sem notast sameiginlega af íbúum í hlutfalli við fjölda íbúa og starfsmanna, þar sem það á við svo sem ef starfsmannarými er hluti af sameiginlegu rými íbúa. Á málaflokkinn falli kostnaður vegna starfsmannaaðstöðu og sérhæfðs þjónusturýmis í hlutfalli við heildarými húsnaðis. Að auki falli kostnaður vegna aðstöðu fyrir starfsmenn á málaflokkinn, ef aðstaðan er einnig sameiginlegt rými fyrir íbúa þá í hlutfalli við fjölda starfsmanna við vinnu af samanlögðum fjölda starfsmanna við vinnu og fjölda íbúa.

Varðandi viðhald hins leigða húsnaðis gilda ákvæði húsnaðisлага.

Framanritað byggir á 6. gr. reglugerðar nr. 370/2016.

Fæðiskostnaður

Í skýrslu starfshóps um heildarendurskoðun laga nr. 38/2018⁸, árið 2022, bls. 36 og 37, segir eftirfarandi um fæðiskostnað starfsmanna þegar þeir matast með notendum:

Þann 2. apríl 2019 úrskurðaði úrskurðarnefnd velferðarmála í máli A gegn Akraneskaupstað, nr. 87/2019 en ágreiningur málsins snerist um synjun bæjarins á beiðni um að hækka viðmið endurgreiðslu vegna fæðiskostnaðar til kæranda sem var fatlaður einstaklingur í sjálfstæðri búsetu með sólarhringsþjónustu frá sveitarfélaginu.

Úrskurðarnefndin komst að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið lagaheimild fyrir greiðsluþátttöku fatlaða einstaklingsins í fæðiskostnaði starfsmanna sveitarfélagsins sem veittu þjónustu. Var því synjun sveitarfélagsins á beiðni einstaklingsins um að hækka viðmið vegna endurgreiðslu fæðiskostnaðar felld úr gildi og málinu vísað til nýrrar meðferðar sveitarfélagsins.

Úrskurður þessi beindi ljósi á gallað fyrirkomulag er varðar kostnað sem fellur til þegar starfsmenn þjónustuveitenda borða með notendum þjónustunnar og þau álitamál sem upp koma þegar rætt er um fyrirkomulag slíkrar þjónustu og þátttöku aðila í þeim kostnaði.

Í reglugerð um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu nr. 1054/2010 er ákvæði í 12. gr. um rekstrarkostnað. Í 1. mgr. ákvæðisins segir að rekstrarkostnaður vegna þjónustu sem veitt er greiðist af þjónustuaðila og að þar sé meðal annars um að ræða fæði og annan kostnað sem fellur til við starfsmannahald. Þá segir í 2. mgr. ákvæðisins: „Beri einstaklingur kostnað af fæði starfsmanns skal þjónustuaðili endurgreiða þann kostnað. Miðað skal við kostnað sem almennt er greiddur vegna fæðis aðstoðarfólks, þ.e. fæðispeningar samkvæmt kjarasamningum.“

⁸ [Skýrsla starfshóps um heildarendurskoðun 38-2018.pdf \(stjornarradid.is\)](#).

Í flestum kjarasamningum eru ákvæði um að starfsfólk eigi að hafa aðgang að matstofu, en að öðrum kosti fái það fæðispening. Fjárhæðin sem greidd er í fæðispening er í dag í kringum 650 kr., en greiðslur eru mismunandi eftir kjarasamningum.

Einnig eru ákvæði í mörgum kjarasamningum um að sé starfsfólki gert skylt að matast með þeim sem það þjónustar skuli það ekki greiða fyrir þann mat, nema það fái greitt fyrir með öðrum hætti, t.d. með greiðslu eða styttri vinnutíma.

Sambærilegt ákvæði er hins vegar ekki að finna í öllum kjarasamningum, t.d. er slíkt ákvæði ekki í kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Þroskafjálfafélags Íslands⁹.

Þá er þessu öðruvísi háttað í kjarasamningum NPA-miðstöðvarinnar og annars vegar Eflingar og hins vegar Starfsgreinasambandsins. Þar er ákvæði um neysluhlé svohljóðandi:

Aðstoðarfolk í vaktavinnu hefur ekki sérstaka matar- og kaffitíma. Aðstoðarfolk er þó heimilt að neyta matar og kaffis við vinnu sína á vaktinni, þegar því verður við komið starfsins vegna. Vegna takmörkunar þeirrar, sem að ofan greinir á matar- og kaffitímum skal greiða 5 mínútur á yfirvinnukaupi fyrir hvern unninn klukkutíma.¹⁰

Þar sem starfsfólk þjónustar notendur í búsetukjarna eða á sambylí eða öðru slíku þar sem eru íbúasjóðir er framkvæmdin hjá sveitarfélögum almennt með þeim hætti að sveitarfélagið greiðir í íbúasjóðinn matarkostnað starfsmanna. Greiðslan tekur mið af fjárhæð fæðispeninga starfsmanna sem njóta ekki mataraðstöðu skv. kjarasamningi og fylgir stöðugildafjölda á starfstöð. Notendur greiða einnig í sjóðinn fyrir sinn mat.

Kostnað þriggja stærstu sveitarfélaga/þjónustusvæða vegna fæðiskostnaðar starfsfólks árin 2018, 2019, 2020 má sjá í eftirfarandi töflu:

Tafla 14: Fæðiskostnaður hjá þremur stærstu sveitarfélögum/þjónustusvæðum þar sem starfsmenn borða með notendum.

Sveitarfélag	2018	2019	2020
Hafnarfjörður	7.129.184	7.805.150	8.478.014
Reykjavík	36.993.606	37.082.798	40.529.059
Akureyri	16.043.962	16.820.954	16.468.742
Samtals	60.166.752	61.708.902	65.475.815

Heimild: Skýrsla starfhóps um heildarendurskoðun laga nr. 38/2018

Í NPA samningum er gert ráð fyrir að 5% hvers samnings fari í kostnað vegna starfsfólks. Ekki er ætlast til að það sé notað í mat dags daglega heldur sér starfsfólk sjálft um að verða sér út um mat. Hins vegar má nota 5% ef farið er út að borða. Nánari umfjöllun um það er í næsta kafla, um kostnað vegna viðburða.

⁹ Kjarasamningur Reykjavíkurborgar og Þroskafjálfafélags Íslands.

¹⁰ Kjarasamningur Eflingar og NPA-miðstöðvarinnar, 3.11.

Eins og að framan greinir er greiðslum vegna fæðiskostnaðar starfsfólks mismunandi háttað eftir sveitarfélögum, kjarasamningum og búsetuformi þeirra einstaklinga sem starfsfólkið þjónustar. Á flestum stöðum er greiddur fæðispeningur skv. kjarasamningum, um 650 kr., til notanda eða í íbúasjóð og er þá greitt eftir stöðugildum. Ekki er víst að fæðispeningurinn dugi fyrir efniskostnaði matarins og fæst ekki annað séð en að notandinn þurfi þá sjálfur að greiða það sem upp á vantar.

Tillögur:

- *Starfshópurinn leggur til að kveðið verði á um fæðiskostnað starfsfólks í reglugerð þar sem það sama eigi við um alla, óháð búsetuformi og óháð kjarasamningum þeirra starfsmanna sem þjónusta þann einstakling sem í hlut á hverju sinni.*
- *Hópurinn leggur einnig til að skýrt verði kveðið á um í reglugerð að notandi skuli ekki bera kostnað af fæði starfsmanns sem veitir honum þjónustu lögum samkvæmt. Almenna reglan verði sú að starfsmaður borði ekki með notanda og komi sjálfur með nesti með sér í vinnuna. Vinnuveitandinn geti þá greitt starfsmanninum fæðispening samkvæmt kjarasamningi eða hagað fæðismálum á annan hátt eftir því sem hentar og vilji er til.*

Fyrir suma notendur er það að elda og borða með einhverjum mikilvægur þáttur í þeirri þjónustu sem hann fær.

- *Starfshópurinn leggur því til að það skuli þá vera hluti af einstaklingsbundinni þjónustuáætlun viðkomandi hvort starfsmaður matist með notanda og þá hve oft á dag. Er almenna reglan hugsuð til þess að notandi sé spurður hvort hann vilji þetta fyrirkomulag og metið sé hverjir séu í þörf fyrir það.*
- *Þá leggur starfshópurinn til að fundin verði raunhæf fjárhæð sem getur staðið undir venjulegum kostnaði efnisverðs matar sem þjónustuveitandi greiðir í íbúasjóð viðkomandi notanda fyrir hvern starfsmann, sem matast með notanda. Fjárhæðin taki reglulega breytingum miðað við vísitölu neysluverðs. Framangreint verði reglugerðarákvæði og fjárhæðin tilgreind í reglugerðinni.*

Viðkomandi starfsmenn í búsetukjarna færa úttektir af bankareikningi viðkomandi notanda sundurliðað eftir því til hvers úttektin er notuð í sérstök excel skjöl fyrir hvern notanda. Þeir annast m.a. að millifæra af reikningi vegna húsaleigu o.s.frv. Lífeyrisgreiðslur viðkomandi eru færðar inn á viðkomandi reikning. Notendur eru ýmist með sín kort sjálfir eða starfsmenn hafa þau fyrir þá. Í þeim tilfellum er um að ræða notendur sem geta ekki verið með kort.

Ákveðinn starfsmaður á Fjármála- og áhættustýringarsviði hefur aðgang að þessum excel skjölum og fer yfir þau. Ekki er föst regla á því hvenær skjölin eru yfirfarin innan ársins. Hvert ár er síðan gert upp í excel skjölunum í byrjun næsta árs á eftir (febrúar/mars).

Forstöðumenn safna saman nótum vegna hvernar úttektar. Í sumum tilfella skila nótur sér ekki. Bókhaldsmöppur íbúa með kvittunum eru geymdar hjá viðkomandi búsetukjarna. Starfsmaður Fjármála- og áhættustýringarsviðs hefur aðgang að þessum möppum. Niðurstöður úr þessum excel skjölum eru m.a. bornar saman á milli notenda.

Samkvæmt upplýsingum frá framangreindum starfsmanni í september 2024 voru 112 notendur sem haldið er íbúabókhald fyrir skv. framanrituðu. Þeir búa í 9 sambýlum og 20 íbúakjörnum. Forstöðumenn sem eru með prókuru á reikningum þessara notenda eru 28, 9 deildarstjórar og 19 teymisstjórar, eða samtals 56 starfsmenn.

Kostnaður vegna viðburða

Í sömu skýrslu og getið er um hér að framan segir eftirfarandi varðandi kostnað vegna starfsmanna þegar þeir fara með notanda á viðburði eða borða með þeim á veitingastað o.s.frv., sjá bls. 38 og 39:

Engar samræmdar reglur eru til um hver greiði kostnað fyrir starfsmann þegar starfsmaður fer með notanda á viðburði eða út að borða. Þekkt er að í einhverjum tilfellum greiði notandi sjálfur kostnað starfsmanns í þessum tilvikum. Fyrirkomulagið er mismunandi á milli sveitarfélaga.

Einnig eru vísbendingar um að munur sé á fyrirkomulagi vegna þessa innan sveitarfélags eftir þjónustuformi. Í stuðnings- og stoðþjónustu er þak á því sem sveitarfélagið greiðir í kostnað fyrir starfsfólk á mánuði. Þá er allur gangur á því hvernig þessu er háttað í búsetukjörnum og getur það verið ólíkt á milli kjarna.

Í NPA samningum eru 5% samnings sérstaklega hugsuð til að dekkja kostnað vegna starfsfólks. Í NPA handbók er kostnaður vegna ferðalaga og samgangna, aðgöngumiði fyrir starfsmann á söfn, tónleika, íþróttaviðburði o.þ.h. tekinn sem dæmi um kostnað sem starfsmannakostnaðurinn tekur til.¹¹ Ekki er að finna slíkt viðmið þegar um starfsmenn sveitarfélaga er að ræða.

Á Norðurlöndum gefa ríki út aðstoðarmannakort sem notandinn á og geymir, og veitir aðstoðarmanni viðkomandi ókeypis aðgang hjá hinu opinbera og einkaaðilar eru hvattir til að gera slíkt hið sama. Fellur þannig enginn viðbótarkostnaður vegna aðstoðarfólks á notandann þegar hann fer á safn eða annað slíkt.

Af þeim upplýsingum sem hópurinn hefur aflað má ráða að mikill munur er á hvernig farið er með kostnað vegna starfsfólks sem fer með notendum á viðburð og/eða út að borða. Bæði er það ólíkt eftir sveitarfélögum en einnig þjónustuformi hjá sveitarfélögum. Í mörgum tilfella eru engar ákveðnar reglur fyrir starfsmenn til að fara eftir.

Tillögur:

- Starfshópurinn leggur til að gefið verði út sambærilegt aðstoðarmannakort og fjallað var um hér að framan að gefin eru út á hinum Norðurlöndunum. Myndi það leysa a.m.k. hluta þessa vanda.

¹¹ Handbók um NPA. Sótt af: https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Felagsmalaraduneytid/NPA_handbok_29_04_2019_loka_.pdf

Þegar farið er á staði eða viðburði sem eru ekki hluti af aðstoðarmannakorti verði sett viðmið í reglugerð um hvernig fara skuli með það. Hægt væri t.d. að kveða á um endurgreiðslu á útlögðum kostnaði til starfsmanns eins og gert er í liðveislu hjá Reykjavíkurborg, með mánaðarþaki greiðslna sem ákveðið væri með sanngjörnum hætti, reglulega uppfært skv. vísitölu neysluverðs. Einnig væri hægt að búa til sjóð sem þeir sem vilja geta sótt í.

- Starfshópurinn leggur til að sett verði í reglugerð að gefið verði út samræmt, staðlað fylgdarkort fyrir fatlað fólk þar sem frítt verði inn á alla viðburði, hverju nafni sem þeir nefnast á vegum ríkis og sveitarfélaga fyrir fylgdarmann. Fylgdarkortið gildi einungis fyrir starfsmenn sem vinna við umönnun við fatlað fólk. Sveitarfélögin gefi kortin út fyrir sína notendur sem eru með fötlun sem kallar á ákveðna þjónustupörf eða er þess eðlis að þeir þurfi aðstoðarmann til að fara á viðburð eða annað. Það verði þannig metið hvort viðkomandi þurfi á kortinu að halda. Þannig gæti notandi fengið slíkt kort óháð því hvers konar þjónustu viðkomandi fær, sé það metið sem svo að hann þurfi aðstoðarmann til að fara á viðburði. Þannig gætu notendur með NPA einnig fengið slíkt kort. Rétt er að árétta að aðstoðarmannakortið kæmi þá til viðbótar við þá þjónustu sem NPA notendur hafa, og skal ekki notað til að taka önnur réttindi af þeim. Mat á því hvort notandi þurfi á aðstoðarmannakorti að halda komi inn í einstaklingsbundna þjónustuáætlun viðkomandi.
- Starfshópurinn leggur til að fylgdarkortið verði í vörslu þess fatlaða. Við framvísun þess á viðburði, söfn o.s.frv. á vegum ríkisins, sveitarfélaga og opinberrar stofnunar skal vera frítt fyrir fylgdarmann. Sá fatlaði skal greiða fullt gjald fyrir sig. Sem dæmi má nefna að ef fatlaður einstaklingur með fylgdarkort pantar tvo miða í Þjóðleikhúsið, þá greiðir hann fyrir sig og fær frían miða fyrir fylgdarmanninn. Annað dæmi er að fatlaður einstaklingur fer í sund með aðstoðarmanni. Hann greiðir þá aðeins fyrir sig en aðstoðarmaðurinn fær frítt. Þetta gildi sama hvar á landinu viðkomandi fer í sund. Sami háttur verður á hvað aðra viðburði varðar á vegum sveitarfélaga og ríkisins. Þannig fær fylgdarmaður einnig frítt á viðburði í öðrum sveitarfélögum en lögheimilissveitarfélagi notandans, sé um það að ræða. Starfshópurinn telur rétt að Samband íslenskra sveitarfélaga hlutist til um að koma á samkomulagi á milli sveitarfélaga um þátttöku í þessu verkefni.
- Einnig er lagt til að farið verði í átak í samvinnu við samtök atvinnulífsins til að fá fyrirtæki til að taka þátt í þessu verkefni. Þetta sé samfélagslegt verkefni sem fyrirtæki geti verið stolt af því að taka þátt í og notað í auglýsingaskyni. Reglulega verði birtur listi yfir þau fyrirtæki sem taka þátt. Sem dæmi má nefna veitingastað. Þar greiðir sá fatlaði að fullu fyrir sig en fylgdarmaður fær frítt. Í slíku tilfelli væri réttur dagsins gjaldfrjáls fyrir fylgdarmanninn. Ef hann vill borða annað, þarf hann að greiða mismuninn og einnig ef hann velur gos í stað vatns o.s.frv.
- Leitað verði eftir samstarfi um að slík fylgdarkort gildi einnig á hinum Norðurlöndunum.

- Einnig setur starfshópurinn hér fram þá tillögu að stofnaður verði ferðasjóður fyrir fatlað fólk vegna kostunar aðstoðarfólks.

Óregluleg útgjöld, óvenjuleg útgjöld

Kostnaður sem fellur til vegna reksturs málaflokksins, svo sem bótagreiðslur, sem rekja má til stjórnsýslu viðkomandi sveitarfélags, á ekki að falla sem kostnaður á málaflökk fatlaðs fólks. Hins vegar má ætla að mál geti komið upp þar sem álitamál getur verið hvernig eigi að gjaldfæra. Fjalla þarf sérstaklega um þau mál.

Íbúasjóður

Í 7. gr. reglugerðar nr. 370/2016 varðandi íbúasjóð segir m.a. um uppgjör á íbúasjóði:

Íbúasjóður skal gerður upp um hver áramót og íbúum endurgreitt sé rekstrarafgangur umfram 3% af þeirri heildarfjárhæð sem lögð hefur verið í sjóðinn á árinu. Framlög í íbúasjóð skulu endurskoðuð árlega með hliðsjón af rekstri sjóðsins. Þjónustuaðili ber ábyrgð á að haldið sé yfirlit yfir rekstur sjóðsins og ársreikningum skilað. Þjónustuaðili skal að minnsta kosti einu sinni á ári boða íbúa eða talsmenn þeirra til fundar til að gera grein fyrir stöðu sjóðsins og ákvörðunum sem taka þarf um sameiginlegan rekstur.

Íbúar eða umboðsmenn þeirra skulu hafa eftirlit með rekstri sjóðsins og taka ákvörðun um framlög í sjóðinn ásamt þeim starfsmanni þjónustuaðila sem veitt hefur verið umboð við rekstur íbúasjóðsins.

Reykjavíkurborg vinnur með ítarlegar reglur varðandi bókhald íbúasjóða í húsnæði fyrir fatlað fólk. Númer skjalsins er FÁST-VLR-002. Reglurnar voru gefnar út í janúar 2020.

Samkvæmt upplýsingum frá starfsmanni sem annast íbúasjóði fer endurgreiðsla fram skv. ákvæði reglugerðarinnar, sbr. hér að framan. Nema í þeim tilfellum þegar komið er að endurnýjun á dýrum búnaði í sameiginlegum rýmum. Þá er það gert í samráði við notanda (íbúa) og/eða aðstandendur viðkomandi.

Einnig kom fram að fundir eru haldnir með notendum (íbúum)/aðstandendum í byrjun árs eftir að ársreikningur liggur fyrir. Komi til þess að hækka þurfi framlög í íbúasjóð innan ársins er haldinn aukafundur með notendum (íbúum)/aðstandendum þar sem gerð er grein fyrir hækkuninni.

Forstöðumenn skila reikningum vegna úttektar af reikningi íbúasjóða til ákveðins starfsmanns á Fjármála- og áhættustýringasviði. Starfsmaðurinn annast færslu þessara reikninga í bókhald viðkomandi íbúasjóðs. Um er að ræða innan við 50% af stöðugildi vegna þessa starfs. Að sögn starfsmannsins hefur gengið vel að fá fylgiskjöl frá forstöðumönnum. Í byrjun hvers árs eru gerðir ársreikningar fyrir hvern íbúasjóð fyrir næst liðið ár.

Þegar ársreikningur liggur fyrir er farið yfir hann með viðkomandi forstöðumanni og deildarstjóra viðkomandi þjónustumiðstöðvar. Ársreikningar milli íbúasjóða eru ekki bornir saman á skipulegan hátt.

Tafla 15: Fjöldi íbúasjóða vegna fatlaðs fólks.

	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Fjöldi íbúasjóða	30	30	30	28	27	24	24

Heimild: Reykjavíkurborg.

Tafla 15 sýnir fjölda heimila fatlaðs fólks þar sem rekinn er íbúasjóður.

Eins og kemur fram í töflunni hefur íbúasjóðum farið fækkandi. Íbúasjóðir voru 30 árið 2018 samanborið við 24 árið 2024. Ástæða þessa er að herbergjasambýlum fer fækkandi og einnig vegna þeirri stefnu að íbúðakjarnar eru nú byggðir án sameiginlegs rýmis í flestum tilfella.

Samkvæmt upplýsingum frá velferðarsviði voru 20 heimili ýmist í sambýlum og íbúðakjörnum þar sem starfsmenn matast með notendum.

Af hálfu velferðarsviðs var gerð könnun í lok árs 2023 m.a. varðandi aðgang starfsmanna á heimilum fatlaðs fólks, þar sem rekinn er íbúasjóður og greitt er í hann vegna starfsmanna, að því sem keypt er í gegnum íbúasjóðinn. Samkvæmt niðurstöðunni hafa starfsmenn í nokkrum tilfella fullan aðgang og í öðrum takmarkaðan. Ef ekki er borgað fyrir starfsmenn í íbúasjóð er reglan að þeir hafi engan aðgang.

Starfsmenn hafa ýmist aðgang eða ekki að kortum (Bónus-/Krónukortum) sem verslað er með vegna íbúasjóði.

Rekstur málaflokks fatlaðs fólks hjá Reykjavíkurborg

Með það að markmiði að svara spurningunni um hvort að tækifæri séu til umbóta í rekstri málaflokks fatlaðs fólks hjá Reykjavíkurborg var lögð áhersla á að greina kostnaðarþróun og frávik frá áætlunum fyrir málaflokkinn í heild og hvern þjónustupátt hans. Almennt miðast rekstrargreining við tímabilið 2018-2023 en í einhverjum tilvikum ná greiningar aftur til ársins 2017 og fram til ársins 2024.

Þjónustupáttum var skipti með eftirfarandi hætti:

- **Búsetupjónusta:** undir þann þjónustupátt fellur rekstur 49 íbúðakjarna og 9 sambýla fyrir fatlað fólk sem borgin rak sjálf árið 2023.
- **Börn og fjölskyldur:** undir þann þjónustupátt fellur rekstur tveggja heimila fyrir fötluð börn, sex heimila vegna skammtímadvalar og þjónusta stuðningsfjölskyldna við fötluð börn og fjölskyldur þeirra.
- **NPA og beingreiðslusamningar:** undir þann þjónustupátt fellur kostnaður vegna samninga um Notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) og beingreiðslusamninga sem gerðir eru um þjónustu við notendur.
- **Samningar og styrkir:** undir þann þjónustupátt falla m.a. samningar við 3ja aðila vegna búsetu-, vinnu og virkniþjónustu og vistunargjöld vegna barna með fjölþættan vanda.
- **Stoðþjónusta:** undir þann þjónustupátt fellur kostnaður vegna reksturs Liðs aukans og annarar stoðþjónustu sem veitt er fötluðu fólki samkvæmt lögum nr. 38/2018.
- **Vinna og virkni:** undir þann þjónustupátt fellur rekstur Smiðjunar, løjubergs, Ópus, Símeýar og Vinnu- og virknimiðstöðvar.

Líkt og sjá má í töflu 16 er rekstrarkostnaður vegna búsetupjónustu hlutfallslega hæstur þeirra þjónustupátta sem tilheyra málaflokknum en hlutur búsetu af heildarkostnaði málaflokksins nam 56% árið 2023.

Heildarkostnaður málaflokks fatlaðs fólks hjá Reykjavíkurborg hefur á tímabilinu 2018 til 2023 rúmlega tvöfaldast eða farið úr tæpum 9,5 ma.kr. í 19,9 ma.kr.

Tafla 16. Samandregin kostnaður vegna málaflokks fatlaðs fólks hjá Reykjavíkurborg 2018 og 2023 skipt eftir þjónustuflokkum.

	2018	2023	Breyting 2018-2023	Hlutfallsbreyting 2018-2023	Hlutfall af heildarkostnaði 2018	Hlutfall af heildarkostnaði 2023
Búsetupjónusta	5,4	11,2	5,8	107%	57%	56%
Börn og fjölskyldur	1,2	2,3	1,1	92%	13%	12%
NPA- og beingreiðslusamningar	0,3	1,2	0,9	300%	3%	6%
Aðrir samningar og styrkir	1,8	3,7	1,9	106%	19%	19%
Stoðþjónusta	0,4	0,8	0,4	100%	4%	4%
Vinna og virkni	0,4	0,7	0,3	75%	4%	4%
Samtals	9,5	19,9	10,4	109%	100%	100%

Heimild: Reykjavíkurborg

Launakostnaður er 66% af heildarkostnaði í málaflokknum. Launavísitala starfsmanna sveitarfélaga hefur hækkað um 48,6% á tímabilinu. Launahækkunarir skýra því um 32% af

hækkun kostnaðar í málaflokknum á tímabilinu. Um 2/3 af kostnaðaraukningunni er því tilkominn vegna annarra þátta eins og fjölgunar stöðugilda sem skýrist m.a. af fjölgun notenda, aukinni mönnunarpörf bæði vegna aukinna stuðningsþarfa og innleiðingar á betri vinnutíma í sólhringsþjónustu.

Notendum í málaflokki fatlaðs fólks hefur fjölgað um 28% á tímabilinu 2018-2023. Þeir voru 434 árið 2018 en 557 árið 2023. Hlutfall notenda af fjölda íbúa í Reykjavíkurborg fór á sama tímabili úr 0,34% árið 2018 í 0,4% árið 2023 sem er aukning um 17%. Íbúum fjölgaði á sama tíma um 11%. Notendum þjónustu fyrir fatlað fólk fjölgaði því hlutfallslega meira en íbúum á tímabilinu.

Samkvæmt upplýsingum úr aðalbók Velferðarsviðs var uppsafnað heildarfrávik í rekstri málaflokks fatlaðs fólks hjá Reykjavíkurborg var tæpir 1,8 ma. á tímabilinu 2018-2023. Reksturinn var innan fjárheimilda árin 2018 og 2019 en frá 2020 hefur rekstrarkostnaður verið umtalsvert umfram fjárheimilidir. Frávikið var mest árið 2022 rúmar 800 millj. kr. eða 4,6%.

Samanburður á rekstrarkostnaði þjónustusvæða.

Í skýrslu Innviðaráðuneytisins¹² gefur að líta rekstraryfirlit þjónustusvæða og raunkostnað þjónustu við fatlað fólk fyrir árin 2018-2022.

Þar kemur fram að kostnaður á hvern notanda var á landsvísu að meðaltali um 20,3 millj. kr. árið 2018 en hafði hækkað í 30,1 millj. kr. árið 2022 sem er hækkun um 48,3%. Til samanburðar var kostnaður á hvern notanda í Reykjavík 24,2 millj. árið 2018 en 36,2 millj. árið 2022 sem er hækkun um 49,6%.

Almennframlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og aðrar sértekjur á hvern notanda voru fyrir landið allt 17,9 millj. kr. árið 2018 en 20,1 millj. árið 2022 og höfðu hækkað um 12,3%. Tekjur á hvern notanda hjá Reykjavíkurborg voru rúmar 18 millj. kr. árið 2018 en rúmar 20 millj. kr. árið 2022 sem gerir hækkun um 11% (sjá töflu 17).

Kostnaður á hvern notanda hjá Reykjavíkurborg var því á árinu 2022 20% hærri en á landinu öllu á meðan að tekjur á hvern notanda voru nánast þær sömu

¹²

<https://app.powerbi.com/view?r=eyJrljoiMzAxOGIwN2ltNmU3Ny00YmQzLWJhMGYtM2ExZjUwZjFmM2QzliwidCI6ImJjMTRhNDRLWUwZmltNGUwYi1hNTM1LTEwMDU3OWQ0MWI2NSIsImMiOj9>

Tafla 17. Samanburður á kostnaðar- og tekjupróun í málaflokki fatlaðs fólks 2018-2022 fyrir Reykjavík og landið allt.

	Kostnaður á hvern notanda (m.kr.)		Tekjur á hvern notanda (m.kr.)	
	2018	2022	2018	2022
Reykjavíkurborg	24,2	36,2	17,9	20,1
Landið allt	20,3	30,1	18,0	20,0
Mismunur	3,9	6,1	-0,1	0,1
Hlutfall	19%	20%	-1%	1%

Heimild: Innviðaráðuneytið.

Einnig má af þessum tölum vera ljóst að tekjur þ.e. útsvarstekjur, framlag frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og aðrar sértekjur endurspegla ekki lengur raunkostnað við þjónustuna og hafa alls ekki fylgt kostnaðarþróun í málaflokknum.

Rekstrarhalli málaflokksins þ.e. kostnaður umfram tekjur var á landinu öllu um 15,1 ma. kr. árið 2022 og var hlutur Reykjavíkurborgar í hallanum 8,5 ma. kr. eða um 56%. Hlutur Reykjavíkurborgar í heildarfjölda notenda árið 2022 var hins vegar aðeins 34%.

Það er því ljóst að þjónusta Reykjavíkurborgar við fatlað fólk kostar að meðaltali meira á hvern notanda þjónustunnar en á landinu öllu. Að hluta kunna að vera skýringar á þeim kostnaði eins og að hlutfall þeirra notenda sem fá þjónustu í dýrari úrræðum eins og búsetu og NPA samningum sé hærra en á Íslandi almennt.

Í skýrslu starfshóps um heildarendurskoðun laga nr. 38/2018 sem gefin var út af Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu árið 2022 má skoða upplýsingar um fjölda íbúa í herbergjasambýlum og búsetukjörnum eftir sveitarfélögum (bls. 9).


Þar kemur fram að 193 einstaklingar voru í september 2021 íbúar í herbergjasambýlum og 621 í íbúðakjörnum á landinu öllu. Í Reykjavík var fjöldi íbúa í herbergjasambýlum 60 eða 31% en 291 í íbúðakjörnum sem þýðir að 47% einstaklinga sem bjuggu í íbúðakjörnum fyrir fatlað fólk í september 2021 bjuggu í Reykjavík sem er 13 prósentnustigum meira en hlutur Reykjavíkurborgar í heildarfjölda notenda sem er líkt og áður kom fram 34%.

Líkt og fram kemur síðar í þessari skýrslu var hlutur Reykjavíkurborgar í heildarfjölda NPA samninga á landinu öllu árið 2022 33%. Heildarfjöldi samninga var 89 og voru 29 þeirra vegna notenda hjá Reykjavíkurborg. Meðalkostnaður á hvern samning var hins vegar um 25% hærri hjá Reykjavíkurborg en að meðaltali á landinu öllu. Meðalkostnaður á hvern samning á landinu öllu var um 38 millj. kr. en 47,6 millj. kr. hjá Reykjavíkurborg.

Hærri meðalkostnað í þjónustu við fatlað fólk hjá Reykjavíkurborg en að meðaltali á landinu öllu má því annars vegar skýra með því að þar eru hlutfallslega fleiri einstaklingar í búsetuþjónustu en á landinu almennt og hins vegar að hjá Reykjavíkurborg eru NPA samningar að meðaltali dýrari en almennt á landinu öllu.

Stjórnskipulag málaflokks fatlaðs fólks hjá Reykjavíkurborg

Núgildandi skipulag velferðarsviðs Reykjavíkurborgar má sjá á mynd 8. Þrjár fag skrifstofur eru um málaflokka þ.e. málefni fatlaðs fólks, öldrunarmál og félagslega ráðgjöf. Þrjár skrifstofur sinna stoðþjónustu sviðsins þ.e. skrifstofa stjórnsýslu, mannauðs og fjármála og rekstrar.



Mynd 8. Skipulag velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.


Heimild: Reykjavíkurborg

Miðstöðvar eru fimm talsins, fjórar hverfamiðstöðvar og ein rafræn miðstöð.

Rafræn miðstöð hefur það hlutverk að veita notendum þjónustu velferðarsviðs skjóta úrlausn mála með starfrænum hætti eða í gegnum símapjónustu. Rafræn miðstöð hefur leitt umbótaverkefni á sviðinu með góðum árangri t.d. sameinað símapjónustu sviðsins á einn stað. Í rafrænni miðstöð er einnig teymi starfsfólks sem nýtir velferðartækni í þjónustu sinni við notendur.

Hverfamiðstöðvar eru fjórar talsins, austur-, suður-, norður- og vesturmiðstöð. Þær veita notendum þjónustu í hverfum Reykjavíkurborgar bæði á skrifstofum miðstöðva og með því að ráðgjafar sem þar starfa fara í heimsóknir til notenda, henti það betur.

Í framkvæmdastjórn velferðarsviðs sitja 12 stjórnendur auk sviðstjóra. Fimm framkvæmdastjórnarmenn miðstöðva, framkvæmdastjóri barnaverndar og sex skrifstofustjórnarmenn.



Mynd 9. Núverandi stjórnskipulag miðstöðva.

Heimild: Reykjavíkurborg

Fjórir framkvæmdastjórar leiða hverfamiðstöðvarnar og þar starfa einnig deildastjórar málaflokka fatlaðs fólks, barna og fjölskyldna, virkni og ráðgjafar og heimaþjónustu (sjá mynd 9).

Rekstrarstjórar starfa á hverri miðstöð enda er allur rekstur þjónustueininga sem tilheyra viðkomandi hverfi innan miðstöðvanna. Þannig er til dæmis rekstur búsetuþjónustu fjórskiptur eins og sjá má á meðfylgjandi tölfu (tafla 18).

Líkt og fram kemur í tölfunni tilheyra fjórir geðkjarnar (kjarnar þar sem fólk með geðfötlun býr) austurmiðstöð og 17 proskakjarnar (kjarnar þar sem fólk með proskahömlun býr).


Þrír af fjórum geðkjörnum eru í III þyngdarþrepi en einn er flokkaður á I-II þrepi. Tveir proskakjarnar eru á I þrepi, fimm á II þyngdarþrepi, 8 á III þyngdarþrepi og tveir á IV þrepi.

Tafla 18. Skipting kjarna eftir hverfamiðstöðvum og þyngdarflokkum hjá Reykjavíkurborg árið 2023.

	I	I-II	II	III	IV	Samtals
Geðkjarnar	3	1	3	9	2	18
Austurmiðstöð		1		3		4
Norðurmiðstöð			3	3		6
Suðurmiðstöð				1		1
Vesturmiðstöð	3			2	2	7
Þroskakjarnar	8	0	11	16	5	40
Austurmiðstöð	2		5	8	2	17
Norðurmiðstöð	1		1	5	2	9
Suðurmiðstöð			3	2	1	6
Vesturmiðstöð	5		2	1		8
Samtals	11	1	14	25	7	58

Nærþjónusta í hverfum borgarinnar er íbúunum mikilvæg en þróun síðustu ára hefur leitt til þess að sífellt meira af þjónustu við íbúa fer fram með rafrænum hætti.

Í hverri hverfamiðstöð starfar deildastjóri í málaflokki fatlaðs fólks en hann er næsti stjórnandi forstöðumanna heimila fyrir fatlað fólk í hverfinu ásamt því að leiða ráðgjafahóp þann sem starfar á miðstöðinni og veitir fötluðu fólki og fjölskyldum þeirra þjónustu. Einnig eru starfandi í miðstöðvum verkefnastjórar stoðþjónustu og er deildastjóri næsti stjórnandi verkefnastjóra (sjá mynd 10).



Mynd 10. Skipulag málaflokks fatlaðs fólks hjá Reykjavíkurborg.

Færa má ágæt rök fyrir því að heppilegt geti verið að hafa fagskrifstofu og framkvæmd þjónustu aðskilda líkt og er í núverandi skipulagi málaflokksins. Fagskrifstofan hefur það hlutverk að veita ráðgjöf til þeirra sem sjá um framkvæmd þjónustunnar og hafa eftirlit með gæðum hennar. Einnig hefur skrifstofan mikilvægt hlutverk í stefnumótun málaflokksins bæði hjá Reykjavíkurborg og á landsvísu.

Áskoranir við slíkan aðskilnað er hins vegar þær að þau sem mesta þekkingu hafa á málaflokksnum koma ekki að daglegum rekstri hans. Fjórskipting í rekstri og framkvæmd þjónustunnar gerir það einnig að verkum að erfitt getur verið að ná fram stærðarhagkvæmni og ná yfirsýn. Einnig getur fjórskiptingin verið hindrun þegar kemur að uppbyggingu á sérþekkingu og samræmingu í verklagi.

Í töflu 19 má sjá skiptingu stöðugilda í málaflokki fatlaðs fólks milli starfsheita og miðstöðva.

Tafla 19. Skipting stöðugilda í málaflokki fatlaðs fólks á miðstöðvum flokkuð eftir starfsheitum og miðstöðvum.

	Austurmiðstöð	Norðurmiðstöð	Suðurmiðstöð	Vesturmiðstöð	Samtals
Deildastjórar	1	1	1	1	4
Ráðgjafar í málaflokki fatlaðs fólks (fullorðnir)	4,2	9	2	4	19,2
Verkefnisstjóri stuðningsþjónustu	0,8	1	1	1	3,8
Samtals	6	11	4	6	27

Heimild: Reykjavíkurborg

Margt er gert til að vinna að því að tryggja samræmi í verklagi og yfirfærslu þekkingar í núverandi skipulagi. Til að mynda funda deildastjórar í miðstöðvum reglulega sín á milli og ráðgjafar hittast einnig á fundum t.d. vegna NPA- og beingreiðslusamninga.

Búsetuþjónusta

Rekstrargreining - búsetuform.

Í tölfu 20 má sjá samantekt á lykiltölum búsetuþjónustu fyrir árið 2023 greint eftir búsetuformi.

- Á þeim 58 heimilum sem Reykjavíkurborg var með í eigin rekstri árið 2023 bjuggu 336 einstaklingar.
- 293 einstaklingar (87%) bjuggu á 49 íbúðakjörnum og 43 einstaklingar (13%) bjuggu á 9 sambýlum.
- Stöðugildi sem sinntu þjónustu við íbúa í búsetu voru samtals 842,7.
- 742,6 stöðugildi starfsfólks tilheyrðu íbúðakjörnum en 100 sambýlum.
- Heildarrekstrarkostnaður var 11,2 ma. kr.
- Rekstrarkostnaður íbúðakjarna var 9,8 ma. kr. en sambýla 1,3 ma. kr.

Tafla 20. Yfirlit yfir lykiltölur búsetuþjónustu eftir búsetuformi.

	Íbúðakjarnar	Sambýli	Samtals
Fjöldi heimila	49	9	58
Fjöldi íbúa	293	43	336
Stöðugildi starfsfólks (ársverk)	742,6	100,1	842,7
Rekstrarkostnaður (ma. kr.)	9,8	1,3	11,1

Heimild: Reykjavíkurborg

Rekstrargreining – fötlun íbúa

Af þeim 336 íbúum sem njóta búsetuþjónustu hjá Reykjavíkurborg eru 116 eða 35% með geðfötlun en 220 með þroskaskerðingu eða 65% (tafla 21).

Tafla 21. Skipting íbúa eftir fötlun og búsetuformi.

	Íbúðakjarnar	Sambýli	Samtals
Fjöldi íbúa - geð	109	7	116
Fjöldi íbúa - þroski	184	36	220
Samtals	293	43	336

Heimild: Reykjavíkurborg

109 af 116 íbúum (94%) sem eru geðfatlaðir búa í 17 íbúðakjörnum en 84% þeirra sem eru með þroskaskerðingu eða 184 einstaklingar en þeir búa í 32 íbúðakjörnum.

7 íbúar (6%) með geðfötlun búa í herbergjasambýli en 36 (16%) sem eru með þroskaskerðingu og búa þeir í 8 herbergjasambýlum.

Rekstrargreining - rekstrarkostnaður

Ef skoðaður er meðal rekstrarkostnaður fyrir árið 2023 á hverja einingu (heimili) og hann greindur eftir formi búsetu og fötlun íbúa kemur í ljós að meðal rekstrarkostnaður er

hæstur fyrir heimili þar sem fólk með þroskahömlun býr en lægstur að meðaltali fyrir þá 17 íbúðakjarna þar sem fólk með geðfötlun býr (tafla 22).

Tafla 22. Meðal rekstrarkostnaður á heimili árið 2023 greindur eftir fötlun íbúa og búsetuformi.

	Íbúðakjarnar	Sambýli	Samtals
Meðal rekstrarkostnaður á heimili - geð (m. kr.)	116,2	242,7	123,2
Meðal rekstrarkostnaður á heimili - þroski (m. kr.)	243,5	137,5	222,3
Samtals	199,4	149,2	191,6

Heimild: Reykjavíkurborg

Meðalrekstrarkostnaður á íbúðakjarna er rúmar 199 millj. kr. en herbergjasambýla rúmar 149 millj. kr.

Meðalrekstrarkostnaður heimila fyrir fólk með geðfötlun er rúmar 123 millj. kr. en rúmar 222 millj. kr. fyrir fólk með þroskahömlun.

Rekstrargreining - einstök heimili

Af þeim 46 heimilum sem voru starfrækt að fullu á tímabilinu 2018-2023 hafa 31 eða 67% aukið kostnað sinn umfram hækkun launavísitölu sem líkt og áður hefur komið fram var tæp 49% á tímabilinu.

10 af þeim hafa tvö- eða tæplega þrefaldað kostnað sinn á tímabilinu (sjá töflu 23).

Tafla 23. Þau heimili sem hafa aukið rekstrarkostnað sinn mest á tímabilinu 2018-2023 og voru í fullum rekstri allt tímabilið.

	2018	2023	Breyting 2018-2023
Íbúðakjarni Þ III	84,8	305,9	361%
Íbúðakjarni Þ IV	216,6	699,5	323%
Búsetuendurhæfing G III	88,2	246	279%
Íbúðakjarni Þ II	67,4	167,7	249%
Íbúðakjarni Þ III	143	348,8	244%
Íbúðakjarni Þ III	144,9	346,5	239%
Íbúðakjarni Þ III	97,4	206	211%
Íbúðakjarni Þ I	45,5	95,1	209%
Sambýli G IV	120,1	242,7	202%
Íbúðakjarni Þ III	116,8	234,2	201%

Heimild: Reykjavíkurborg

Skýringa á auknum rekstrarkostnaði þessara heimila er fyrst og fremst að leita í fjölgun stöðugilda starfsfólks enda er launakostnaður lang stærsti liður útgjalda heimilinna eða rúm 81% kostnaðarins.

Umtalsverðar breytingar hafa orðið í rekstir heimilanna á þeim tíma sem um ræðir sem skýra að einhverju leyti þennan mikla kostnaðarauka.

Breyting varð til að mynda á rekstrarfyrirkomulagi Þ III (1) sem var fram til ársins 2022 rekið sem sambýli en er nú íbúðakjarni og í Þ IV var íbúum fjölgað úr fjórum í sex.

Búsetuendurhæfingin G III var sameinuð Búsetuendurhæfingunni G III þegar hún var lögð niður árið 2021.

Auknar stuðningsþarfir íbúa hafa kallað á aukna mönnun á öðrum heimilum. Auk þess hefur í einhverjum tilfellum orðið tilfærsla á fjármagni á milli kjarna vegna flutninga íbúa.

Aukning í rekstrarkostnaði 15 heimila hefur verið jafn mikill eða minni en sem nemur hækkun launavísitölu starfsmanna sveitafélaga milli árána 2018 og 2023 (tafla 24).

Tafla 24. Þau heimili þar sem rekstrarkostnaður hefur hækkað jafn mikið eða minna en sem nemur hækkun launavísitölu 2018-2023.

	2018	2023	Breyting 2018- 2023
Íbúðakjarni G III	81,9	122	49%
Íbúðakjarni G III	85,6	126,3	48%
Íbúðakjarni G III	87,1	125,9	45%
Sambýli Þ II*	71,4	102,7	44%
Íbúðakjarni Þ I	92,9	133,4	44%
Íbúðakjarni G III	110,4	158,2	43%
Íbúðakjarni G I*	42	59,7	42%
Sambýli Þ II	87,4	124,1	42%
Íbúðakjarni G III*	80,4	99,5	24%
Íbúðakjarni G I*	45,1	62,6	39%
Íbúðakjarni Þ IV	321,2	437,3	36%
Sambýli Þ III	93,4	125,4	34%
Íbúðakjarni G II	67,4	87,9	30%
Íbúðakjarni G II*	80,2	101,4	26%
Íbúðakjarni G II*	39,4	44,5	13%

Heimild: Reykjavíkurborg

*samreknar einingar

Athygli vekur að 6 af þessum 15 heimilum eru samrekin þ.e. einn forstöðumaður leiðir tvö heimili.

Mikilvægt er að árétta að breyting getur hafa orðið á fjölda íbúa og íbúasamsetningu á tímabilinu en slíkar breytingar geta haft mikil áhrif bæði til hækkunar og lækkunar á rekstrarkostnaði.

Rekstrargreining – þjónustuflokkar

Búsetuúrræðum er skipt eftir þjónustuflokkum (þyngd) á bilinu I-IV samkvæmt eftirfarandi viðmiðum (sjá töflu 25). Ekki er um opinber viðmið að ræða heldur fyrst og fremst leiðbeinandi viðmið fyrir starfsfólk sem kemur að rekstri heimila fyrir fatlað fólk hjá Reykjavíkurborg.

Tafla 25. Lýsing á viðmiðum mönnunarpörf eftir þjónustuflokkum og fötlun íbúa heimila fyrir fatlað fólk hjá Reykjavíkurborg.

Þjónustuflokkur	Viðmið	
	Þroski	Geð
I	1 stöðugildi á hverja 4 íbúa. Engin næturvakt.	0,8 stöðugildi á hverja 4 íbúa. Engin næturvakt.
II	1,5-2 stöðugildi á hverja 4 íbúa. Næturvakt.	1,5 stöðugildi á hverja 4 íbúa. Engin næturvakt.
III	2,5 stöðugildi á hverja 4 íbúa. Næturvakt.	2 stöðugildi á hverja 4 íbúa. Næturvakt.
IV	4 stöðugildi á hverja 4 íbúa. Tvöföld næturvakt.	

Heimild: Reykjavíkurborg

Heimili eru lang flest í flokki III eða 25 af þeim 58 sem voru starfandi í lok árs 2023 (sjá töflu 26). 11 heimili eru í fyrsta flokki, 14 í öðrum flokki og 7 í flokki fjögur. Eitt heimili fyrir geðfatlaða fellur í I-II flokk.

Tafla 26. Heimili fyrir fatlað fólk hjá Reykjavíkurborg flokkuð eftir þjónustuflokki og fötlun íbúa.

Þjónustuflokkur	Þroski	Geð	Samtals
I	8	3	11
I-II		1	1
II	11	3	14
III	16	9	25
IV	5	2	7
Samtals	40	18	58

Skiptingu íbúa eftir þjónustuflokkum og fötlun má sjá í töflu 27.

Tafla 27. Skipting íbúa eftir þjónustuflokkum og fötlun.

Þjónustuflokkur	Þroski	Geð	Samtals
I	48	18	66
I-II		6	6
II	63	17	80
III	81	62	143
IV	28	13	41
Samtals	220	116	336

Meðalrekstrarkostnaður greindur eftir þjónustuflokkum og tegund fötlunar má sjá í töflu 28. Meðalrekstrarkostnaður á íbúa árið 2023 óháð þjónustuflokkum og tegund fötlunar er rúmar 33 millj. kr. Meðalrekstrarkostnaður heimila fyrir fólk með þroskahömlun er rúmar 40 millj. kr. en rúmar 19 millj. kr. fyrir fólk með geðfötlun.

Meðalrekstrarkostnaður hækkar milli þjónustuflokka á heimilum fyrir fólk með þroskahömlun um 42% milli I og II flokks 73% milli II og III flokks og 79% milli III og IV flokks (talfla 28).

Tafla 28. Meðalrekstrarkostnaður (m.kr) árið 2023 greindur eftir þjónustuflokkum og tegund fötlunar (m.kr.).

Þjónustuflokkur	Þroski	Geð	Samtals
I	19,4	10,8	17
I-II		13,7	13,7
II	27,5	13,8	24,6
III	47,6	19,3	35,3
IV	85	39,5	70,6
Samtals	40,4	19,1	33,1

Hlutfallsleg hækkun á rekstrarkostnaði heimila fyrir geðfatlaða er minni milli I og II þjónustuflokks eða um 27%, um 40% milli II og III flokks en um 105% milli III og IV flokks.

Mönnunarlíkan í búsetu fyrir fatlað fólk

Skilgreina má að minnsta kosti sjö lykil áhrifapætti á mönnunarlíkan í búsetu fyrir fatlað fólk.

1. **Fjöldi íbúa:** þar hafa áhrif stefnumótun í málaflokknum, lög og reglugerðir sem setja viðmið um fjölda íbúa í hverri einingu. Þróunin síðustu áratugi hefur verið í þá átt að íbúum hefur fækkað í hverri einingu og almennt eru viðmið um hámarksfjölda í hverri búsetueiningu 5-7 einstaklingar.
2. **Form búsetu:** síðustu áratuginu hefur þróunin verið sú að horfið hefur verið frá herbergjasambýlum þar sem einkarými íbúa er takmarkað og íbúum var gjarnan veittur stuðningur í hópum yfir í einstaklingsmiðað og persónubundna þjónustu í íbúðakjörnum sem eðlilega kallar á fleiri stöðugildi í stuðningi fyrir hvern íbúa.
3. **Stuðningsþarfir íbúa:** samræmt mat á stuðningsþörfum (SIS mat) gefur ágætar vísbendingar um stuðningsþarfir íbúa og þar með mönnunarpörf. Fleiri þættir en mat á stuðningsþörfum geta þó haft áhrif t.d. þegar um mjög flókna fötlun eða fjölþættan vanda er að ræða.
4. **Næturvakt:** við mat á stuðningsþörfum er tiltekið hvort að einstaklingur þurfi þjónustu að nóttu til. Sé slík þörf til staðar þarf að manna einingar með starfsmanni eða starfsmönnum á næturvakt sem almennt er milli frá kl. 22 til kl. 8 að morgni.
5. **Viðvera íbúa:** langflestir íbúar á heimilum fyrir fatlaða fólk fara í hæfingu, virkni eða vinnu að minnsta kosti hluta úr degi sem gerir það að verkum að mönnunarpörf er almennt mun minni milli kl. 8-16 virka daga. Á þessu kunna þó að vera undantekningar t.d. vegna veikinda íbúa eða aldurs. Afar mikilvægt er að aðlagða mönnunarlíkan hvers heimilis að viðveru íbúa á hverjum tíma og viðhalda stöðugri uppfærslu á líkaninu vegna breytinga á viðveru. Gullinbrú, mönnunarmódel í sólhringsþjónustu sem þróað var í kringum innleiðingu á betri vinnutíma í vaktavinnu er gott dæmi um slíkt líkan.
6. **Viðvera starfsfólks:** í mönnunarlíkani er gert ráð fyrir orlofi og veikindafjarvistum starfsfólks sem manna þarf með afleysingum. Orlofsdagar starfsfólks í fullu starfi eru 30 dagar á ári (12% miðað við 260 virka vinnudaga á ári) og ekki er óalgengt að veikindafjarvistir (bæði langtíma- og skammtíma) geti verið 13-26 dagar (5-10%) til viðbótar. Oft þarf því að gera ráð fyrir allt að 20% álagi á grunn mönnunarpörf eingöngu vegna fjarveru starfsfólks.
7. **Stjórnskipulag:** þar skiptir máli hvort að heimili eru mönnuð sem einstakar einingar eða hvort að stjórnendur hafi samvinnu um stjórn fleiri en eins heimilis t.d. vegna þess að mönnunarpörf er fremur lág (5-15 stöðugildi á ársgrundvelli).

Sveitarfélög og aðrir rekstraraðilar búsetu geta í raun aðeins haft bein áhrif á lið 5-7 þegar kemur að skipulagi og rekstri búsetu. Þau geta boðið íbúum upp á vel skipulagða hæfingu, unnið markvisst að viðverustjórnun starfsfólks (sbr. viðverustefnu

Reykjavíkurborgar¹³) og skoðað samvinnutækifæri (byggt upp stjórnendateymi sem bera ábyrgð á þjónustu í fleiri en einum kjarna) í stjórnskipulagi eininga þar sem það er mögulegt með það að leiðarljósi að auka gæði og öryggi þjónustu við íbúa.

Spá um mönnun í búsetuþjónustu

Með því að leggja til grundvallar þau viðmið um mönnun sem lýst er í töflu 25 má gera spá um mönnunarþörf í búsetu.

Þar sem viðmið um mönnun eru ólík eftir fötlun íbúa er annars vegar gerð spá um mönnunarþörf á heimilum fyrir fólk með þroskahömlun og hins vegar fyrir fólk með geðfötlun.

Spálíkanið er þannig upp byggt að út frá viðmiðum (t.d. í I þjónustuflokki 1 stg. á hverja 4 íbúa og engin næturvakt) má áætla grunnþörf stöðugilda út frá meðalfjölda íbúa á heimilum í hverjum þjónustuflokki (sjá töflu 29).

Tafla 29. Spá um mönnunarþörf á heimilum fyrir fólk með þroskahömlun út frá viðmiðum um mönnun ásamt samanburði við rauntölur og frávik.

Spá	Þroskahömlun			
	I	II	III	IV
Mönnunarþörf I - grunnþörf	3	6,0	7,5	18
Mönnunarþörf II + fjarveruálag (17%)	3,5	7,0	8,7	20,9
Mönnunarþörf III + stjórnendaálag	5,0	9,0	11,2	23,9
Mönnunarstuðull (stg. á íbúa)	0,8	1,6	2,1	4,5
Rauntölur				
Meðalfjöldi íbúa	6,1	5,6	5,2	5,3
Meðalfjöldi stöðugilda (ársverk)	9,0	11,9	19,5	34,4
Mönnunarstuðull (stg. á íbúa)	1,5	2,1	3,7	6,5
Frávik á einingu (meðaltal)	4,1	2,9	8,3	10,5
Fjöldi eininga	8	11	16	5
Samtals umfram spá	32,4	32,0	133,0	52,5

Grunn mönnunarþörf í þjónustuflokki I á heimilum fyrir fólk með þroskahömlun er að meðaltali 3 stöðugildi. Að meðaltali búa sex íbúar á heimilum í þeim flokki og tryggja þarf mönnun þar frá kl. 8 að morgni til 22 að kvöldi eða 14 klst. á sólarhring á tvískiptum vöktum þ.e. 1,5 stöðugildi starfsmanna á hverri vakt.

Gera þarf ráð fyrir álagi á grunnmönnunarþörf vegna fjarveru starfsfólks m.a. vegna orlofs og veikinda og er í þessari spá gert ráð fyrir að það sé 17%.

¹³ <https://reykjavik.is/sites/default/files/2023-10/vidverustefna-reykjavikurborgar-samthykkt-28.9.2023.pdf>

Eins og skipulag búsetu er hjá Reykjavíkurborg í dag er að jafnaði eitt stjórnendateymi á hverja rekstrareiningu. 10 heimili eru þó rekin sameiginlega af 5 stjórnendateymum. Stjórnendaálag í þjónustuflokki er 1,5 stg., 2 stg. í II flokki, 2,5 stg. í III flokki og 3 stg. í IV flokki og grundvallast það á væntum meðalfjölda stöðugilda í hverjum flokki.

Út frá þessum forsendum gerir spáin ráð fyrir að meðalfjöldi stöðugilda í þjónustuflokki I sé 5 stg., 9 stg. í II flokki, 11,2 stg. í III flokki og 23,9 stg. í 4 flokki. Raunin er hinsvegar sú að meðalfjöldi stöðugilda á heimilum fyrir fólk með þroskahömlun hjá Reykjavíkurborg eru 9 í I flokki, 11,9 í II flokki, 19,5 í III flokki og 24,5 í IV flokki.

Sé frávikið í meðalfjölda stöðugilda í hverjum þjónustuflokki margfaldað upp með fjölda eininga í hverjum flokki kemur í ljós að stöðugildi umfram spá eru samtals 250 á heimilum fyrir fólk með þroskahömlun.

Með sama hætti var unnin spá um fjölda stöðugilda á heimilum fyrir geðfatlaða. Þar kemur í ljós að mönnunarpörfin samkvæmt spá sem grundvallast á viðmiðum um mönnun er hærri en rauntölur og munar það 69,6 stöðugildum og er uppsafnaðfrávik lang mest í III þjónustuflokki (tafla 30).

Tafla 30. Spá um mönnunarpörf á heimilum fyrir fólk með geðfötlun út frá viðmiðum um mönnun ásamt samanburði við rauntölur og frávik.

Spá	Geðfötlun			
	I	II	III	IV
Mönnunarpörf I - grunnþörf	2,4	4,5	9	13,5
Mönnunarpörf II + fjarveruálag (17%)	2,8	5,3	10,5	15,8
Mönnunarpörf III + stjórnendaálag	4,3	7,3	13,0	18,8
Mönnunarstuðull (stg. á íbúa)	0,7	1,3	1,9	2,9
Rauntölur				
Meðalfjöldi íbúa	6,1	5,8	7,0	6,6
Meðalfjöldi stöðugilda (ársverk)	5,4	6,4	7,1	10,2
Mönnunarstuðull (stg. á íbúa)	0,9	1,1	1,0	1,6
Frávik á einingu (meðaltal)	1,1	-0,9	-5,9	-8,6
Fjöldi eininga	3	3	9	2
Samtals umfram/undir spá	3,3	-2,7	-53,0	-17,2

Rekstrarniðurstaða búsetuúrræða 2018-2023 er mjög í takt við frávik milli spálíkans og raunmönnunar (tafla 31).

- Rekstur búsetuúrræða fyrir geðfatlaða er um 370 millj. kr. lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir.
- Rekstur búsetuúrræða fyrir þroskahamlaða er 1,6 ma. kr. yfir áætlun.
- Frávikið fer hækkandi með hækkandi þjónustuflokki í búsetuúrræðum fyrir fólk með þroskahömlun.
- Uppsafnað frávik er lang mest í III og IV þjónustuflokki.
- Töluleg frávik eru því í takt við frávik á milli spálíkans og raun mönnunar.

Tafla 31. Uppsöfnuð rekstrarniðurstaða (m.kr) heimila greind eftir þjónustuflokki og fötlun íbúa fyrir tímabilið 2018-2023.

Þjónustuflokkur	Þroski	Geð	Samtals
I	53,7	12,7	66,3
I-II		-36,1	-36,1
II	-307,5	-8,3	-315,8
III	1044,1	68,4	1,112,6
IV	858,4	-404,3	454,1
Samtals	-367,5	1648,6	1281,1

Heimild: Reykjavíkurborg

Það eru sterkar vísbendingar um að ákveðin forsendubrestur sé í mönnunarlíkani því sem Reykjavíkurborg styðst við þegar kemur að mönnun búsetuúrræða.

Mönnunarlíkan gerir ráð fyrir meiri mönnun í búsetu fyrir geðfatlaða en þörf er á.

Raun mönnunarpörf í þroskahömlun í III. og IV. þjónustuflokki er langt umfram spá í nokkrum úrræðum og svo hefur verið um langa hríð.

Reykjavíkurborg getur farið 5 leiðir í að ná betri tókum á rekstri búsetuúrræða:

1. Tekið á rekstrarvanda þeirra heimila sem hafa ítrekað verið rekin umfram áætlanir.
2. Endurskoðað mönnunarlíkan og þjónustuflokka.
3. Skoðað tækifæri til breytinga á stjórnskipulagi í búsetu.
4. Sótt tekjur eða óskað eftir aðkomu ríkisins að þjónustu sem Reykjavíkurborg er að veita en er á ábyrgð ríkisins (t.d. heilbrigðisþjónustu og/eða öryggisgæslu).
5. Blönduð leið þar sem allt ofantalið (1-4) er skoðað.

Á næstu síðum verður fjallað nánar um hverja þessara leiða (1-4) og þau tækifæri sem þær geta falið í sér.

Rekstrarvandi einstakra heimila.

Hvar liggur rekstrarvandinn helst?


Líkt og fram hefur komið eru rekstrarlegar áskoranir í búsetuþjónustu fyrst og fremst í rekstri íbúðakjarna fyrir fólk með þroskahömlun í þjónustuflokkum III og IV.

Vísbendingar eru um að mönnunarmódelið sé ekki að ná utan um fjölbreyttar þarfir íbúa með þroskahömlun og skyldar raskanir í III og IV þjónustuflokki og því er í raun nauðsynlegt að endurskoða flokkun og mönnun hvað þessi úrræði varðar.

Rekstrarkostnaður umfram áætlanir á tímabilinu 2018-2023 er um 1,9 milljaður fyrir heimili í þessum flokkum (tafla 31).

Þróun í rekstri þeirra fimm heimila sem skýra stærstan hluta neikvæðra rekstrarfrávika miðað við áætlanir má sjá á mynd 11.

Rekstrarkostnaður er umfram áætlanir öll árin fyrir öll heimilin ef undan er skilið árið 2023 í þ IV og 2022 og 2023 í þ III en þar hefur náðst góður viðsnúningur. Uppsafnað frávik þessara fimm íbúðakjarna er um 1,2 ma.kr.



Mynd 11. Þróun í rekstrarfrávikum 2018-2023 fyrir þá fimm íbúðakjarna sem eru með hæst uppsafnað frávik á tímabilinu.

Rekstur búsetuúrræða er skipt í dag milli fjöggra miðstöðva hjá Reykjavíkurborg (tafla 32).

Deildastjórar málaflokks fatlaðs fólks í miðstöðvum eru næstu stjórnendur forstöðumanna heimila fyrir fatlað fólk. Næstu stjórnendur deildastjóra eru framkvæmdastjórar miðstöðva en þeir sitja í framkvæmdastjórn Velferðarsviðs

Reykjavíkurborgar. Í miðstöðvum starfa auk deildastjóra ráðgjafar málaflokksins, ásamt verkefnastjórum stoðþjónustu sem veita fötluðu fólki á hverju svæði þjónustu.

Deildastjórar málaflokksins fá umtalsverða stoðþjónustu frá mannauðsráðgjöfum sem staðsettir eru í miðstöðvum en heyra undir mannauðsstjóra Velferðarsviðs sem er staðsettur í Borgartúni. Mannauðsráðgjafar veita ráðgjöf og stuðning til deildastjóra og forstöðumanna t.d. er varðar ráðningar starfsfólks á heimili fyrir fatlað fólk, veikindi og fjarvistir, frammistöðu, starfslok og samskipti svo fátt eitt sé nefnt.

Einnig eru deildastjórar málaflokksins í nánú samstarfi við rekstrarstjóra miðstöðva enda er stór hluti rekstrarfjár miðstöðva vegna þjónustu við fatlað fólk – sérstaklega vegna reksturs búsetuúrræða (heimila).

Tafla 32. Skipting í fjölda heimila og rekstrarkostnaði 2023 milli miðstöðva.

Þjónustusvæði	Fjöldi heimila	Rekstrarkostnaður 2023 (ma.kr.)	Meðalkostnaður á heimili (m.kr)
Austurmiðstöð	21	4,2	200
Norðurmiðstöð	15	3,1	207
Suðurmiðstöð	7	1,9	271
Vesturmiðstöð	15	1,9	127
Samtals	58	11,1	191

Heimild: Reykjavíkurborg

Deildastjórar eru einnig í reglulegum samskiptum við skrifstofu málaflokksins sem staðsett er í Borgartúni vegna ýmissa mála sem upp kunna að koma í rekstri heimila og í öðrum starfsþáttum þjónustu við fatlað fólk.

Skrifstofa málaflokksins ber ábyrgð á stefnumótun í málaflokknum, undirbúningi mála fyrir velferðarráð, innleiðingu nýjunga á sviði laga- og reglugerða, þróun húsnæðismála og búsetuþjónustu og eftirfylgd með uppbyggingaráætlunar húsnæðis. Skrifstofan annast einnig virkt eftirlit með framkvæmd og setningu gæðaviðmiða um þjónustu, eftirlit með starfsemi velferðarsviðs í málefnum fatlaðs fólks og samræmingu verklags á miðstöðvum borgarinnar¹⁴. Skrifstofa málaflokksins ber ekki rekstrarlega ábyrgð á þjónustupáttum málaflokks fatlaðs fólks enda liggur sú ábyrgð hjá framkvæmda-, og deildastjórum og forstöðumönnum miðstöðva.

Fram kom í samtölum við deildastjóra málaflokks fatlaðs fólks að mikill tími færi hjá þeim í að huga að búsetuþjónustu. Forstöðumenn leituðu yfirleitt mikið til þeirra um ýmis mál t.d. er varðar starfsfólk, íbúa og samskipti við aðstandendur. Einnig leituðust þeir við að reyna að heimsækja heimilin reglulega.

¹⁴ <https://reykjavik.is/velferdarsvid>

Einnig kom fram í samtölunum að heimilin væru mjög ólík hvað styrkleika og áskoranir varðar. Nokkur þeirra væru mjög þung í rekstri og erfitt gæti reynst að bregðast við því þar sem veikindafjarvistir og starfsmannavelta væru jafnan mikil á þeim heimilum. Forstöðumenn á þeim heimilum væru oft undir gríðar miklu álagi með tilheyrandi afleiðingu t.d. er varðar fjarveru til lengri tíma vegna álagstengdra heilsufarsvandamála.

Í hverri miðstöð eru 1-3 heimili sem glíma við mikinn rekstrarvanda. Fram kom í samtölum að þar sem stjórnendateymi heimila væru vel samstillt og þar væru öflugir stjórnendur væri þörf á stuðningi almennt mun minni, reksturinn væri á áætlun og starfsmannatengd mál kæmu sjaldnar á borð deildastjóra.

Þarfir íbúa eru mjög fjölbreytilegar eftir því hvort um er að ræða heimili þar sem fólk með geðfötlun býr eða með þroskahömlun og skyldar fatlanir. Stuðningsþarfir og þar með “þyngd” heimila er einnig breytileg og að oftar eru áskoranir á heimilum sem flokkast í þjónustuflokki III og IV en í “léttari” þjónustuflokkum.

Það má vera ljóst að stjórnun búsetuþjónustu er gríðarlega fjölbreytt, krefjandi, síbreytilegt og flókið verkefni. Í stjórnun slíkra verkefna skiptir gríðarlegu máli að þekking byggist upp á einum stað í kerfinu og að góðir möguleikar séu á yfirsýn og yfirfærslu þekkingar t.d. er varðar rekstur þeirra heimila þar sem áskoranir eru miklar.

Deildastjórar málaflokks fatlaðs fólks á hverfamiðstöðvunum fjórum hittast vissulega reglulega á fundum til að ræða ákveðin málefni og þeir fundir eru mikilvægir.

Hins vegar verður ekki hjá því komist að benda á að núverandi stjórnskipulag í málaflokki fatlaðs fólks þar sem fjórskipting ríkir er ekki til þess að fallið að tryggja góða yfirsýn í rekstri og yfirfærslu á þekkingu. Einnig er fjórskiptingin hamlandi þegar kemur að sveigjanleika kerfisins t.d. hvað varðar stjórnun, verklag og mannauð.

Eins og núverandi skipulagi er háttað dreifast til að mynda þeir sjö kjarnar sem eru í IV þjónustuflokki á fjórar miðstöðvar. Tveir geðkjarnar í IV flokki tilheyra Vesturmiðstöð, tveir þroskakjarnar í IV flokki Austur- og Norðurmiðstöð og einn þroskakjarni tilheyrir Suðurmiðstöð (sjá töflu 33).

Tafla 33. Skipting geð- og þroskakjarna eftir þjónustuflokkum og miðstöðvum.


	I	I-II	II	III	IV	Samtals
Geðkjarnar	3	1	3	9	2	18
Austurmiðstöð		1		3		4
Norðurmiðstöð			3	3		6
Suðurmiðstöð				1		1
Vesturmiðstöð	3			2	2	7
Þroskakjarnar	8		11	16	5	40
Austurmiðstöð	2		5	8	2	17
Norðurmiðstöð	1		1	5	2	9
Suðurmiðstöð			3	2	1	6
Vesturmiðstöð	5		2	1		8
Samtals	11	1	14	25	7	58

Heimild: Reykjavíkurborg

Þau fimm heimili sem hafa átt við mestan rekstrarvanda að stríða skiptast þannig á milli miðstöðva að tvö tilheyra Austurmiðstöð, tvö Suðurmiðstöð og eitt Norðurmiðstöð.

Skýrar vísbendinga eru um út frá niðurstöðum rekstrargreiningar, að þessi heimili deili þeirri áskorun að þar sé mönnunarpörf mun meiri en ráð er fyrir gert samkvæmt viðmiðum um mönnun. Fram kom í samtölum að á þessum heimilum væru einstaklingar sem þyrftu mikinn stuðning, jafnvel allan sólarhringinn og að sumir þeirra væru hættulegir bæði sér, starfsfólki og öðrum íbúum og þyrftu þarf af leiðandi á stundum 1-2 starfsmenn með sér í stuðning til að tryggja öryggi allra.

Ef litið er til rekstrarafkomu búsetukjarna út frá fjórskiptingu miðstöðva (mynd 12) má sjá að rekstur búsetu í Vesturmiðstöð hefur skilað afgangi miðað við áætlanir öll árin 2018-2023 en aðrar miðstöðvar hafa verið umfram áætlanir ef frá eru talin árin 2018 og 2019 í Norðurmiðstöð. Árið 2023 var Norðurmiðstöð einnig við núllið í fráviki frá áætlun en aukning varð í frávikum í Austur- og Suðurmiðstöð.



Mynd 12. Þróun í frávikum frá áætlunum fyrir búsetukjarna skipt eftir hverfamiðstöðvum 2018-2023.

Mönnunarlíkan og þjónustuflokkar

Við mat á því hvort að nauðsynlegt sé að endurskoða mönnunarlíkan og þjónustuflokka í búsetuþjónustu fyrir fatlað fólk hjá Reykjavíkurborg er brýnt að skoða þróun stöðugilda á síðustu árum og hvað skýringar liggja að baki þeirri þróun.

Þróun stöðugilda í búsetuþjónustu 2018-2023

Stöðugildum í búsetuþjónustu hefur fjölgað um 78% milli áranna 2018-2023 hjá Reykjavíkurborg (tafla 33). Meðalfjöldi stöðugilda á ársgrundvelli hefur farið úr 475 í 843 sem er aukning um 368 stöðugildi. Helmingur stöðugilda (184) er vegna nýrra heimila en helmingur vegna aukinnar mönnunar á heimilum sem hafa verið starfrækt í lengri tíma. Hlutfallslega hefur mönnun aukist mest í þyngri úrræðum (III-IV) þ.e. árið 2023 þurfti 45% fleiri stöðugildi til að manna heimili í III þjónustuflokki og 42% í IV flokki en árið 2018.

Skýringa á aukinni mönnunarpörf á þeim heimilum sem ekki eru ný í rekstri er helst að leita í:

- A. **Innleiðingu betri vinnutíma í sólahringsþjónustu.** Áætlanir og samkomulag um betri vinnutíma gerðu ráð fyrir að kostnaðarauki vegna innleiðingar á betri vinnutíma í sólahringsþjónustu yrði á bilinu 7,6-7,9% - þ.e. að stöðugildum myndi fjölga sem því nemur ýmist með hærra starfshlutfalli starfsmanna eða ráðningu nýrra starfsmanna. Ef áætlað er að innleiðing á betri vinnutíma hafi leitt til stöðugildaaukningar sem nemur 17,5% sem jafngildir 32,2 stöðugildum stendur eftir ótútskýrð aukning sem nemur 151,8 stöðugildum.

B. Aukningu í fjarvistum starfsfólks. Fjarvistahlutfall (þ.e. sá fjöldi klukkustunda sem starfsmaður er fjarverandi frá vinnu vegna veikinda af heildarfjölda vinnustunda samkvæmt starfshlutfalli) meðal starfsmanna í búsetuþjónustu hækkað úr 7,2% í 7,9% frá árinu 2018 til ársins 2023 eða um 0,7%. Miðað við 843 stöðugildi í búsetuþjónustu árið 2023 voru að meðaltali 66,7 stöðugildi starfsmanna fjarverandi á hverjum tíma sé miðað við 7,9% fjarvistahlutfall. Hefði fjarvistahlutfallið verið 7,2% hefðu 60,7 stöðugildi verið fjarverandi á hverjum tíma sem er 6 stöðugildum minna en rauntala ársins 2023. Aukning í fjarvistum skýrir því aukningu um 6 stöðugildi milli árána 2018-2023 og áætla má að kostnaður vegna þeirra sé um 60 millj. kr. Eftir stendur þá óútskýrð fjölgun sem nemur 145,8 stöðugildum.

C. Aukinni mönnun vegna aukinna stuðningsparfa íbúa. Ekki liggja fyrir upplýsingar um þróun SIS mats þeirra íbúa sem bjuggu í búsetuúrræðum árið 2018 til samanburðar við SIS mat íbúa árið 2023. Eðli búsetuþjónustu er þó þannig að fatlað fólk sem fær úthlutað íbúð eða herbergi í búsetuþjónustu býr þar yfirleitt út ævina. Íbúar eldast því og í því geta falist auknar stuðningsparfir. Einnig getur skýringa á aukinni mönnun verið að leita í því að þeir íbúar sem koma í stað þeirra sem hverfa á braut hafi flóknari stuðningsparfir en þeir sem fyrir voru. Líklegt verður að teljast að um 80% af aukningu í mönnun í “eldri” úrræðum sé vegna aukinna stuðningsparfa íbúa. Mikilvægt er að skoða betur í hverju það felst – sérstaklega í þeim úrræðum þar sem aukning hefur orðið mjög mikil á tímabilinu. Í þessu sambandi má minna á að markmið laga nr. 38/2018 er meðal annar að efla fatlað fólk til sjálfbjargar og því mikilvægt að þjónusta sé á hverjum tíma í takt við stuðningsparfir – þ.e. hvorki af skorum skammti né of víðtæk.

Tafla 34. Þróun í fjölda stöðugilda fyrir öll heimili 2018 – 2023.

Þjónustuflokkur	2018	2023	Aukning (brúttó)	Hlutfall	Vegna nýrra heimila	Vegna eldri heimila	Hlutfall
I	52,3	88,4	36,1	69%	23,4	12,7	24%
I-II	0	6,6	6,6	-	6,6	0	-
II	71,9	151,9	80	111%	63,2	16,8	23%
III	241,9	387,2	145,3	60%	35,7	109,6	45%
IV	108,5	208,9	100,4	93%	54,9	45,5	42%
Samtals	474,6	843	368,4	78%	183,8	184,6	39%

Heimild: Reykjavíkurborg

Í tölfu 35 má sjá yfirlit yfir þau heimili þar sem stöðugildum á hvern íbúa fjölgaði mest á tímabilinu 2018-2023.

Mönnunarpörf hefur meira en tvöfaldast á tveimur heimilum, íbúðakjörnunum að Austurbrún 6a og Tindaseli. Tæp tvöföldun varð á fjölda stöðugilda á hvern íbúa á sambýlinu að Miklubraut 20 og íbúðakjarnanum að Vættaborgum 82.

Tafla 35. Hlutfallsleg aukning í fjölda stöðugilda starfsfólks á hvern íbúa á þeim heimilum þar sem mest fjölgun hefur orðið hjá Reykjavíkurborg 2018-2023.

	starfsfólks á hvern íbúa 2018	starfsfólks á hvern íbúa 2023	Breyting 2018- 2023
Íbúðakjarni Þ III	1,6	4,3	169%
Íbúðakjarni Þ III	1,9	4,3	126%
Íbúðakjarni Þ III	2,3	4,4	91%
Sambýli G IV	1,2	2,4	100%
Búsetuendurhæfingin G III	1,0	1,9	90%
Íbúðakjarni Þ II	1,2	2,1	75%
Íbúðakjarni Þ IV	4,0	6,9	73%
Íbúðakjarni Þ III	2,3	3,6	57%
Íbúðakjarni G I	0,8	1,2	50%
Sambýli Þ II	1,3	1,9	46%


Heimild: Reykjavíkurborg

Rétt er að ítreka að breytingar geta hafa orðið á íbúasamsetningu og stuðningsþörfum íbúa á tímabilinu sem skýra að einhverju leyti aukna mönnunarpörf.

Til dæmi má nefna að í íbúðakjarna GI var bætt við stöðugildi vegna þjónustu við einstakling sem bjó utan kjarnans (húsnæði með stuðningi).


Stöðugildi á hvern íbúa eftir þjónustuflokkum og tegund fötlunar.

Á mynd 13 má sjá stöðugildi á hvern íbúa á heimilum fyrir geðfatlaða árið 2023. Athygli vekur að breytileiki er umtalsverður innan og milli flokka. Segja má að stöðugildapörf sé að einhverju leyti svipuð í I-III flokki með nokkrum frávikum þó.



Mynd 13. Stöðugildi á hvern íbúa á heimilum fyrir geðfatlaða árið 2023.

Ef skoðuð er sambærileg mynd fyrir heimili þar sem fólk með þroskahömlun býr má einnig sjá umtalsverðan breytileika innan og milli flokka (mynd 14). Einnig er áberandi það mikla stökk sem er í mönnunarpörf á milli III og IV flokks.



Mynd 14. Stöðugildi á hvern íbúa á heimilum fyrir fólk með þroskahömlun árið 2023.

Vegna þess mikla breytileika sem einkennir mönnunarpörf innan einstakra þjónustuflokka gæti verið skynsamlegt að endurhugsa mönnunarlíkan vegna búsetu fyrir fatlað fólk þannig að það sé meira lýsandi.


Til dæmis mætti raða öllum heimilum upp eftir röð hvað varðar fjölda stöðugilda á hvern notanda og flokka þau þannig. Sé það gert kemur til að mynda í ljós að þrjú heimili eru með mönnunarpörf sem er undir einu stöðugildi á íbúa á meðan að önnur þrjú eru með mönnunarpörf yfir sex stöðugildum á hvern íbúa. Það þýðir að tveir starfsmenn fylgja hverjum íbúa á vökutíma og 1-2 eru á nætuvatn á þeim heimilum.

Ef flokkunin stöðugildi á hvern íbúa er notuð sem grunnur í mönnunarlíkani kemur í ljós að flokkarnir eru sjö talsins á bilinu frá 1-7 (mynd 15).

Ef Reykjavíkurborg ákveður að taka upp nýtt mönnunarlíkann sem miðar við fjölda stöðugilda á hvern notanda á heimilinu má segja að líkanið sé meira lýsandi fyrir mönnunarpörf (þjónustupyngd) heimila en nú er.

Verði nýtt líkan um mönnun tekið til notkunar mun það þýða að rúmlega helmingur heimila færir á milli flokka.

- 16 heimili hækka um flokk
- 26 heimili eru í sama flokki
- 16 heimili lækka um flokk



Mynd 15. Skipting heimila fyrir fatlað fólk í þyngdarflokka samkvæmt tillögu um nýtt mönnunarlíkan.

Ef skoðaðir eru kostir þess og gallar að taka upp nýtt mönnunarlíkan má benda á eftirfarandi:

Kostir við nýtt mönnunarlíkan gætu verið eftirfarandi:

Nýtt mönnunarlíkan endurspeglar raunverulega þörf í mönnun. Það er einfaldara en eldra líkan, í því felst meira gagnsæi og það er meira lýsandi.

Dæmi:

„Á þessu heimili þurfum við að jafnaði 4 stöðugildi á sólarhring allt árið allan ársins hring á hvern íbúa.“

Í stað:

„Á þessu heimili erum við með 2,5 stg. á hverja fjóra íbúa og tvö á næturvakt.“

Lagt er til að launaáætlanir grundvallist á mönnunarlíkani sem ætti að skila sér í raunhæfari áætlunum sem líklegri eru til að standast. Raunhæfari áætlanir auka

gagnsæi og minnka álag á stjórnendur eininga þar sem mönnunarpörf er mjög mikil því það skapar mikið álag á stjórnendur að vera alltaf yfir áætlun. Einnig verður einfaldara að fylgjast með breytingum á mönnunarpörf og bregðast strax við t.d. með því að keyra líkanið ársfjórðungslega.

Áskoranir við nýtt mönnunarlíkan gætu verið eftirfarandi:

- Minnkar nýtt líkan þrýsting á stjórnendur að vinna að umbótum í rekstri og leita tækifæra til hagræðingar?
- Nauðsynlegt er að endurskoða módelið í hvert skipti sem breyting verður á íbúasamsetningu. Einnig er mikilvægt að endurmeta gæði móðelsins á hverju ári út frá rauntölum.

Mönnun í búsetuþjónustu – raundæmi

Óskað var eftir því við forstöðumenn nokkurra búsetukjarna að þeir veittu upplýsingar um fjölda starfsfólks á vakt á hverjum tíma alla daga vikunnar. Einnig var óskað eftir því að veittar væru upplýsingar um fjölda íbúa heima við á hverjum tíma.

Var þetta gert með það að markmiði að skoða rauntölur um hlutfall starfsfólks á móti íbúum á hverjum tíma þannig að meta mætti með hlutlægum hætti hversu vel uppbyggð vaktaplön eru almennt í búsetuþjónustu og eins hver munur væri í mönnun á milli þyngdarflokka. Einnig var óskað eftir upplýsingum um virkni íbúa þ.e. dagskipulag þeirra líkt og gert er ráð fyrir í einstaklingsáætlunum.


Tekið var þversnið af geð- og þroskakjörnum í öllum þyngdarfloknum.

Mikilvægt er að árétta að forstöðumenn í kjarna verja öllum sínum vinnutíma í stjórnun og fagstarf en teymis- og deildastjórar 20-50%.

Geðkjarni I

Hér er um að ræða kjarna þar sem íbúar eru 6. Þar sem um er að ræða kjarna á I þyngdarstigi er ekki næturvakt á kjarnanum. Íbúar eru ekki í neinni skipulagðri virkni og eru mikið heima við.

Einn til tveir starfsmenn eru að jafnaði á vakt. Starfsmaður 2 kemur inn milli kl. 14-16:30 virka daga en 14-18 um helgar.



Mynd 16: Dæmi um dagskipulag og hlutfall starfsfólks á móti notendum á geðkjarna í I þyngdarflokki.

Forstöðumaður og deildastjóri eru við störf virka daga frá 8:30-16:30 nema á föstudögum þá ljúka þeir störfum kl. 12:30 vegna vinnustyttingar. Þar sem kjarninn er samrekinn með öðrum fer forstöðumaður reglubundið á milli kjarna (mynd 16).


Í þeim tilvikum sem báðir stjórnendur og starfsmennirnir tveir eru í húsi eru þar fjórir starfsmenn á móti 6 notendum. Starfsfólk veitir íbúum félagslegan stuðning og reynir að vinna að því að rjúfa félagslega einangun íbúa. Einnig veitir starfsfólk aðstoð við þrif, innkaup og önnur verkefni daglegs lífs.

Ársverk árið 2023 voru 4,7.

Geðkjarni II

Um er að ræða íbúðakjarna þar sem búa 4 íbúar en 6 einstaklingar fá utankjarnaþjónustu frá starfsfólki kjarnans.

Einn til þrír starfsmenn eru á vakt. Einn starfsmaður er á vakt fram til kl. 14 nema á þriðjudögum þá eru tveir. Klukkan 14-16 bætist við starfsmaður en frá kl. 16:00 er að jafnaði einn starfsmaður á vakt fyrir utan föstudaga en þá eru tveir starfsmenn á vakt.



Mynd 17: Dæmi um dagskipulag og hlutfall starfsfólks á móti notendum á geðkjarna í II þyngdarflokki.


Forstöðumaður er í húsi frá kl. 8-16 alla virka daga. Einungis einn íbúi er í skipulagðri virkni fyrri hluta dags.

Vegna utankjarnaþjónustu er hlutfall starfsmanna á hvern notanda þegar flestir starfsmenn eru við störf (0,4) lægra í þessum kjarna en í geðkjarnanum á I þyngdarstigi (0,6). Ef hlutfallið er skoðað út frá fjölda íbúa í kjarna hækkar það í 0,8 en þá eru tveir almennir starfsmenn og einn forstöðumaður á vakt en 4 íbúar í húsi (mynd 17).

Ársverk voru árið 2023 6,95.

Geðkjarni III

Í þessum kjarna eru 5 íbúar en 2 einstaklingar fá utankjarnaþjónustu. Einungis tveir íbúar eru í skipulagðri vikni eftir hádegi virka daga.



Mynd 18: Dæmi um dagskipulag og hlutfall starfsfólks á móti notendum á geðkjarna í III þyngdarflokki.


Að jafnaði eru þrír starfsmenn á vakt á dagvinnutíma 1-2 starfsmenn og 1-2 stjórnendur en í kjarnanum er forstöðumaður og tveir deildastjórar. Einn starfsmaður er á næturvakt en stjórnendur eru einnig á kvöldvakt á miðviku-, fimmtudags og föstudagskvöldum frá 16:00/16:30 til miðnættis. Tveir starfsmenn eru á vakt önnur kvöld (mynd 18).

Hlutfall starfsmanna á móti notendum fer hæst í 0,6 ef allur notendahópurinn er í skipulaginu en ef fjöldi starfsmanna á móti íbúum sem búa í kjarnanum er skoðaður þá fer hlutfallið hæst í 1 þ.e. þrír starfsmenn (1-2 almennur starfsmaður og 1-2 stjórnandi) eru í húsi á móti þremur íbúum.

Ársverk voru árið 2023 10,45.

Geðkjarni IV

Í kjarnanum búa sex einstaklingar og einn fær utankjarnaþjónustu hluta úr degi. Stjórnendur eru fjórir, forstöðumaður og þrír teymisstjórar. Allir íbúar eru heima við alla daga.



Mynd 19: Dæmi um dagskipulag og hlutfall starfsfólks á móti notendum á geðkjarna í III þyngdarflokki.

Tveir starfsmenn eru alla jafna á vakt og 1-2 stjórnendur. Tveir stjórnendur eru við störf í dagvinnu og einn stjórnandi er á kvöldvakt ef frá eru talin föstudagskvöld en þá er engin stjórnandi í húsi (sjá mynd 19).

Starfsmenn eru mest fjórir í húsi eftir hádegi mánudaga, miðvikudaga og fimmtudaga. Eins eru fjórir starfsmenn á laugardags- og sunnudagskvöldum við störf. Hlutfall starfsmanna á móti íbúum fer hæst í 0,85 en þá eru 6 starfsmenn á vakt (með stjórnendum) en 7 íbúar heima við (þar af einn utankjarna).

Ársverk árið 2023 voru rúmlega 20.

Samantekt – geðkjarnar

Nokkur atriði vekja athygli þegar dæmin hér að framan eru rýnd.

Í fyrsta lagi vekur athygli hversu lítil virkni er meðal íbúa kjarnanna þ.e. hversu mikið þeir eru heima við. Virkni er gríðarlega mikilvæg fyrir lífsgæði fólks og því væri mikill ávinningur af því að þróa virkniúrræði sem mæta þörfum geðfatlaðs fólks hvort sem um er að ræða þau sem búa á íbúðakjörnum eða eru í sjálfstæðri búsetu.

Í öðru lagi vekur það athygli hversu lítill munur er á mönnunarpörf milli þyngdarflokka yfir daginn. Það má segja að gert sé ráð fyrir nánast sömu mönnun á dagvinnutíma hvort sem um er að ræða þyngdarflokk I eða IV og að munurinn á mönnunarpörfinni liggi eingöngu í mönnun utan dagvinnutíma. Skýringanna á því er væntanlega að leita í því að íbúar þurfa meiri þjónustu utan dagvinnutíma en innan hans þar sem virkni þeirra sé meiri síðdegis og á kvöldin en yfir há daginn.

Tafla 36: Samantekt á dæmum um vaktaskipulag á geðkjörnum í þyngdarflokki I-IV.

Geðkjarnar	Fjöldi íbúa	Fjöldi notenda í utankjarna-þjónustu	Heildarfjöldi notenda	Mesti fjöldi starfsmanna á vakt	Mesti fjöldi stjórnenda á vakt	Mesti fjöldi á vakt	Hæsta hlutfall starfsfólks á móti íbúum	Lægsta hlutfall starfsfólks á móti íbúum	Næturvakt	Samrekstur	Heildarfjöldi stöðugilda
I	6	0	6	2	2	4	4 á móti 6	1 á móti 6	Nei	Já	4,7
II	4	6	10	2	1	3	3 á móti 4	1 á móti 10	Nei	Já	6,95
III	5	2	7	3	2	5	3 á móti 3	1 á móti 7	Já	Nei	10,45
IV	6	1	7	4	2	6	6 á móti 6	2 á móti 7	Já	Nei	20,1

Í töflu 36 gefur að líta samantekt yfir vaktafyrirkomulag á þeim fjórum kjörnum sem hér eru teknir sem dæmi um mönnun á geðkjörnum. Athyglivert er að bera saman mönnun á geðkjörnum í I og II þyngdar flokki þar sem er lítill munur á mönnun sérstaklega ef tekið er tillit til heildarfjölda notenda.


Þroskakjarni I

Í kjarnanum búa 6 íbúar en 3 einstaklingar eru í utankjarna þjónustu. Tveir til fimm starfsmenn eru á vakt og einn til tveir stjórnendur en á kjarnanum er forstöðumaður og tveir deildastjórar. Kjarninn er samrekinn með öðrum kjarna en þar er deildastjóri.

Virkni íbúa er nokkuð góð en minnst eru fjórir íbúar heima við að degi til af þeim níu sem eru í þjónustu. Hlutfall starfsfólks á móti notendum fer á einum tímapunkti um og yfir 1 (1 þýðir að þá er einn starfsmaður á hvern notanda) en það er á milli kl. 15-16 mánudaga

til fimmtudaga (sjá mynd 20). Góð rök þurfa að vera með því að hafa svo góða mönnun á kjarna í I þyngdarflokki.


Ársverk voru 6,95 árið 2023.



Mynd 20: Dæmi um dagskipulag og hlutfall starfsfólks á móti notendum á þroskakjarna í I þyngdarflokki.

Þroskakjarni II

Þrír íbúar búa á kjarnanum sem er sambylí en þar er rými fyrir fjóra. Allir íbúar eru í virkni að minnsta kosti hluta úr degi og að jafnaði er einungis einn íbúi heima milli kl. 9-12 virka daga. Á þeim tíma eru 2-4 starfsmenn við störf (1-2 almennir starfsmenn og 1-2 stjórnendur) og því koma tímabil þar sem hlutfall starfsmanna á móti íbúum er 4 á mót 1 sem hlýtur að teljast vel í lagt (sjá mynd 21). Í samtali við forstöðumann kom í ljós að einn íbúi (sá fjórði) væri tiltölulega ný fluttur og að gert væri ráð fyrir að fækka starfsfólki í desember 2024 vegna þess.



Mynd 21: Dæmi um dagskipulag og hlutfall starfsfólks á móti notendum á þroskakjarna í II þyngdarflokki.


Ársverk 2023 voru 7,45. Einn deildastjóri er skráður á kjarnann en hann er samrekin með öðrum og á þeim kjarna er skráður forstöðumaður sem jafnframt er forstöðumaður þessa kjarna og deildastjóri sem starfar eingöngu á þeim kjarna sem forstöðumaðurinn tilheyrir.

Þroskakjarni III

Í kjarnanum búa fimm íbúar og eru þeir allir í virkni að minnsta kosti hluta úr degi. Enginn, einn eða tveir notendur eru til að mynda heima í kringum hádegi þriðjudaga til föstudaga þar sem aðrir eru við vinnu.

Athygli vekur að einn til tveir starfsmenn og einn til þrír stjórnendur eru á vakt á þeim tíma sem svo fáir íbúar eru að jafnaði heima og fer hlutfall starfsmanna á móti íbúum því upp í 1 á móti 5 á þeim tímapunktum (sjá mynd 22).

Heildarfjöldi ársverka 2023 var 22,2. Tveir starfsmenn eru á næturvakt.




Mynd 22: Dæmi um dagskipulag og hlutfall starfsfólks á móti notendum á þroskakjarna í III þyngdarflokki.

Í stjórnendateymi kjarnans er forstöðumaður og tveir teymisstjórar.

Þroskakjarni IV

Í kjarnanum búa sex íbúar og eru allir þeirra nema einn í skipulagðri virkni að minnsta kosti hluta úr degi. Starfsmenn fylgja þremur til vinnu/virkni að minnsta kosti að hluta til, af öryggisástæðum.

Níu starfsmenn eru á vakt þegar mest er síðdegis um helgar en að lágmarki eru fjórir starfsmenn og 1-3 stjórnendur á vakt. Nokkuð algengt er að 1,5-3 starfsmenn séu á móti hverjum notanda í vaktaskipulagi (sjá mynd 23). Tveir starfsmenn eru á næturvakt.



Mynd 23: Dæmi um dagskipulag og hlutfall starfsfólks á móti notendum á þroskakjarna í IV þyngdarflokki.

Heildarfjöldi ársverka 2023 var 31,9. Í stjórnendateymi kjarnans eru fimm starfsmenn forstöðumaður og fjórir teymisstjórar.

Samantekt – þroskakjarnar

Í töflu 37 má sjá samantekt yfir vaktafyrirkomulag og mönnun á þeim þroskakjörnum sem teknir voru sem dæmi hér að framan.

Við rýni á mönnun kjarnanna vekja nokkur atriði athygli. Í fyrsta lagi er áhugavert að skoða hversu mikill breytileiki er á milli daga í mönnun en það er góð regla í vaktaskipulagi að reyna að hafa skipulagið eins einfalt og mögulegt er. Það einfaldar líf stjórna, starfsfólks og notenda þjónustunnar auk þess sem það bætir nýtingu á mannauði almennt.

Annað sem vekur athygli eru tímabil þar sem mönnun er mjög mikil ef miðað er við fjölda notenda heima við. Á geðkjörnum eru íbúar mikið heima við sem gerir það að verkum að

manna þarf kjarnana betur en ef íbúar fara í vinnu og virkni líkt og lang flestir íbúar í þroskakjörnum eru að minnsta kosti hluta úr degi. Velta má upp þeirri spurningu hvort að mönnun í þroskakjörnum taki nægjanlega vel mið af viðveru íbúa heima við yfir daginn?

Líkt og fram kemur í töflu 37 koma tímabil þar sem 10 starfsmenn eru í húsi en aðeins 3 notendur. Einnig eru dæmi um að fjórir og fimm starfsmenn séu við störf þó að aðeins einn íbúi sé í húsi.

Þó að þessi tímabil mikillar mönnunar séu ekki löng eða 30-60 mín. þá verður að hafa í huga að um þjónustu alla daga ársins er að ræða og því mætti lækka kostnað verulega með því að hliðra til í mönnun sé þess einhver kostur.

Svo dæmi sé tekið þá er kostnaðurinn við að vera með einn umfram starfsmann í eina klukkustund á dag allan ársins hring um 2,5 millj. kr. Ef allir kjarnar sem Reykjavíkurborg rekur gætu hagrætt sem nemur um einn starfsmann í eina klukkustund á dag gæti rekstrarkostnaður lækkað um tæpar 150 millj. kr.

Tafla 37: Samantekt á dæmum um vaktaskipulag á þroskakjörnum I-IV.

Þroskakjarnar	Fjöldi íbúa	Fjöldi notenda í utankjarnaþjónustu	Heildarfjöldi notenda	Mesti fjöldi starfsmanna á vakt	Mesti fjöldi stjórnenda á vakt	Mesti fjöldi á vakt	Hæsta hlutfall starfsfólks á móti íbúum	Lægsta hlutfall starfsfólks á móti íbúum	Næturvakt	Samrekstur	Heildarfjöldi stöðugilda
I	6	3	9	5	2	7	6 á móti 5	2 á móti 9	Nei	Já	4,95
II	3	0	3	2	1	3	4 á móti 1	1 á móti 3	Já	Nei	6,45
III	5	0	5	5	2	7	5 á móti 1	2 á móti 5	Já	Nei	22,2
IV	6	0	6	8	3	10	10 á móti 3	2 á móti 6	Já	Nei	31,9

Í ljósi þess hversu mikilvægt það er að huga vel að mönnun búsetukjarna á hverjum tíma er lagt til að Reykjavíkurborg marki sér stefnu og seti fram viðmið um mönnun í kjörnum út frá fjölda íbúa í húsi á hverjum tíma. Í þeim viðmiðum gæti til að mynda komið fram ákveðin viðmið um fjölda starfsmanna á móti íbúum út frá stuðningsþörfum og þyngdarflokki kjarna.

Rétt er að taka fram að stjórnendur (forstöðumenn, deilda- og teymisstjórar) verja öllum (100%) eða hluta síns tíma (20-50%) í stjórnun/undirbúning og telja þeir því ekki inn í vaktaskipulag nema að hluta. Það breytir því ekki að hægt er að skipuleggja undirbúnings tíma stjórnenda með hagkvæmni að leiðarljósi.

Að lokum er vert að nefna að meta þarf kosti þess og galla að hafa stöðugildi vegna utankjarnaþjónustu inn í sértækri búsetu eða hvort heppilegra sé að samþætta þjónustu fyrir þá einstaklinga sem eru í sjálfstæðri búsetu annarri þjónustu af sama tagi eins og t.d. heimaþjónusta sé þess kostur. Einnig mætti skoða kosti þess og galla að setja á fót fleiri færanleg teymi í anda Liðsaukans, færanlegs geðteymis og/eða Sóleyjarteymis þar sem byggð er upp sérþekking á þjónustu við einstaklinga með sértækari stuðningsþarfir.

Leiða má líkum að því að utankjarnaþjónusta geti flækt vaktaskipulag og aukið álag á starfsemi kjarna oft á tíðum á sama tíma og þegar þjónusta er mikil við íbúa. Sé utankjarnaþjónusta með þeim hætti að hún nýtir mannauð kjarnans þegar svigrúm er til

t.d. vegna þess að íbúar eru í vinnu og virkni gætu verið góð rök með því að starfsfólk kjarna veiti einstaklingum sem búa utan kjarna þjónustu.

Samkvæmt upplýsingum frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar veittu 24 kjarnar utankjarnaþjónustu og voru stöðugildi vegna þeirrar þjónustu 27 eða um 10% af heildarfjölda stöðugilda í kjörnunum (sjá töflu 38). Ekki lágu fyrir upplýsingar um fjölda þeirra sem fá utankjarnaþjónustu eða hversu umfangsmikil hún er. Í því samhengi er rétt að hafa í huga að ef stuðnings- og stoðþjónusta er minni að umfangi en 15 tímar á viku eða 60 tímar á mánuði skal ekki bóka kostnað vegna hennar á málaflokk fatlaðs fólks. Samkvæmt upplýsingum frá Reykjavíkurborg er kostnaði vegna utankjarnaþjónustu að einhverju leyti færður á stuðnings- og stoðþjónustu en ekki fengust nákvæmar upplýsingar um það ferli.

Tafla 38. Þau heimili þar sem hluti stöðugilda starfsfólks er til komin vegna heimastuðnings við einstaklinga sem búa utan kjanans.

Heiti kjarna	Þjónustu- flokkur	Stöðugildi	Þar af vegna utankjarna- þjónustu	Hlutfall stöðugilda vegna utankjarna- þjónustu
Íbúðakjarni	G-III	9,9	0,04	0%
Íbúðakjarni	Þ-II	10,3	0,06	1%
Íbúðakjarni	G-III	9,6	0,19	2%
Íbúðakjarni	Þ-II	12,9	0,29	2%
Íbúðakjarni	Þ-III C	33,1	1,03	3%
Íbúðakjarni	G-II	6,2	0,26	4%
Íbúðakjarni	Þ-I	9,9	0,41	4%
Íbúðakjarni	G-III	8,6	0,42	5%
Íbúðakjarni	Þ-I	10,8	0,58	5%
Íbúðakjarni	G-I	4,2	0,25	6%
Íbúðakjarni	G-III	14,3	0,92	6%
Búsetuendurhæfing	G-III	17,3	1,30	8%
Íbúðakjarni	G-III	9,2	0,80	9%
Íbúðakjarni	Þ-II	12,9	1,31	10%
Íbúðakjarni	Þ-I	10,7	1,09	10%
Íbúðakjarni	G-III	9,0	0,95	11%
Íbúðakjarni	G-IV	19,1	2,31	12%
Íbúðakjarni	Þ-I	11,2	1,55	14%
Íbúðakjarni	G-I	5,4	0,87	16%
Íbúðakjarni	Þ-I	8,6	1,54	18%
Íbúðakjarni	G-III	7,4	1,35	18%
Sambyli	Þ-III	12,4	2,72	22%
Íbúðakjarni	G-II	5,4	1,70	31%
Íbúðakjarni	Þ-I	13,5	5,00	37%
Samtals		271,9	26,9	10%

Veikindafjarvistir í búsetuþjónustu

Í töflu 39 gefur að líta samantekt yfir veikindafjarvistir í búsetuþjónustu hjá Reykjavíkurborg tímabilið 2018-2023.

Veikindahlutfallið (fjöldi veiknindastunda sem hlutfall af heildarfjölda vinnustunda) hefur verið á tímabilinu frá 6,9% árið 2019 þegar það var lægst upp í 7,9% árin 2021 og 2022 þegar það var hæst.


Tafla 39: Samantekt á veikindahlutfalli í búsetuþjónustu 2018-2023.

	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Búsetuþjónusta - veikindahlutfall	7,0%	6,9%	7,7%	7,9%	7,9%	7,7%
Fjöldi stöðugilda	474,8	541,1	601,3	713,8	776,1	841,4
Fjöldi stöðugilda fjarverandi á hverjum tíma	33,4	37,4	46,6	56,0	61,1	64,8
Launakostnaður	4.670.468	5.357.924	6.815.212	7.975.026	9.606.670	10.539.597
Veikindakostnaður	328.239	370.193	528.013	626.072	755.772	811.133

Áætlaður veikindakostnaður var 328 millj.kr. árið 2018 en hafði hækkað í 811 millj. kr. árið 2023 en veikindahlutfall var þá 7,7%. Hefði veikindahlutfall verið 1% lægra árið 2023 hefði áætlaður kostnaður vegna veikinda lækkað um rúmar 100 millj. kr. og verið rúmar 706 millj. kr.

Það er til mikils að vinna fyrir Reykjavíkurborg að lækka fjarvistarhlutfall í búsetuþjónustu þar sem eðli þjónustunnar er með þeim hætti að hún kallar yfirleitt alltaf á aukna mönnun í formi afleysinga eða yfirvinnu. Áreiðanleiki og gæði þjónustu minnkar og mikilvægt verkefni sem varða þróun þjónustu við íbúa sitja gjarnan á hakanum.

Áhrifabættir fjarvista eru vel þekktir þó að líkön sem draga upp lykiláhrifabætti sé að einhverju leyti ólík. Flestir eru sammála um að traust til stjórnanda og starfsandi á vinnustað skipti miklu máli. Fjölbreytni í verkefnum er einnig mikilvægt og hæfni til að takast á við þau (sjá mynd 24). Hæfilegt álag þar hvorki eru of fá né of mörg verkefni er einnig lykil atriði. Flestir ráða vel við tímabundið mikið álag en langvarandi mikið álag getur leitt til brotthvarfs úr starfi og það sama á við of lítið álag yfir lengri tíma.



Mynd 24. Dæmi um áhrifabætti starfsánægju samkvæmt líkani Steptoe-Warren.

Stjórnskipulag í búsetupjónustu

Í mars árið 2024 voru rúmlega 1200 starfsmenn starfandi á heimilum fyrir fatlað fólk hjá Reykjavíkurborg og meðal starfshlutfall hópsins í heild var 66%. Meðal starfshlutfalls stjórnenda var 92% en ófaglærðra 61% en sá hópur er lang fjölmennastur eða tæplega 900 manns sem er 71% af heildarfjölda starfsfólks í búsetupjónustu (sjá töflu 40).

Mikið umstang fylgir svo stórum hópi starfsmanna og þar sem að starfsmannavelta er mikil (69% starfsfólks hefur starfað skemur en 3 ár) og meðal starfsaldur lágur sérstaklega í hópi ófaglærðra (3,4 ár) er ráðningapörf gríðarleg sem skapar tilheyrandi álag á stjórnendur, annað starfsfólk og auðvitað íbúa.

Það er því til mikils að vinna fyrir Reykjavíkurborg að ná fram meiri stöðugleika í starfsmannahaldi í búsetupjónustu til dæmis með því að fjölga fagfólki í þjónustu við notendur og minnka starfsmannaveltu.

Tafla 40. Skipting starfsfólks í búsetupjónustu eftir starfsheitum í mars 2024.

Starfshópur	Starfsheiti	Fjöldi	Stöðugildi	Meðal starfshlutfall	Meðal starfsaldur	Hlutfall sem hefur starfað skemur en 3 ár	Hlutfall af heildarfjölda starfsfólks	Hlutfall af heildarfjölda stöðugilda
Stjórnendur	Forstöðumenn	62	55,2	89%	9,4	6%	5%	7%
	Deildastjórar	35	33,1	95%	7,3	34%	3%	4%
	Teymisstjórar	73	68,8	94%	6,2	18%	6%	8%
		170	157,1	92%	7,5	17%	14%	19%
Sérmenntað starfsfólk	Félagssliðar	34	22,0	65%	9,6	21%	3%	3%
	Sjúkraliðar	14	9,0	64%	8,9	21%	1%	1%
	Stuðningsráðgjafar	122	85,8	70%	4,8	29%	10%	11%
	Þroskabjálftar	15	10,3	69%	7,2	20%	1%	1%
		185	127,1	69%	6,2	26%	15%	16%
Ófaglærðir	Stuðningsfulltrúar	691	414,2	60%	3,4	68%	56%	51%
	Starfsmenn í búsetupjónustu	187	113,8	61%	3,4	73%	15%	14%
		878	528,0	61%	3,4	69%	71%	65%
Samtals		1233	812,2	66%	4,4	55%	100%	100%

Heimild: Reykjavíkurborg

Það mætti til að mynda gera með því að fækka þeim sem í dag sinna stjórnun með því að stækka stjórnunarspönn t.d. með samvinnu milli minni eininga líkt og dæmi eru nú þegar um.

Þannig myndi losna um fagfólk sem hefði þá tækifæri til að nýta þekkingu sína í auknum mæli með því að vinna beint með íbúum í stað þess að sinna stjórnendahlutverki sem oft fer fram að stórum hluta á skrifstofu.

Í núverandi skipulagi er til að mynda gert ráð fyrir því að allur tími forstöðumanna fari í stjórnun/undirbúning og 20-50% af tíma deilda- og teymisstjóra. 170 stjórnendur starfa í

dag við rekstur 58 heimila í 52 stjórnunarteymum. Forstöðumenn eru 62, deildastjórar 35 og teymisstjórar 73.

Ef stjórnendastöðugildi eru uppreiknuð miðað við þann tíma sem að jafnaði fer til undirbúnings eru stjórnendastöðugildi rúmlega 101 eða um 12% allra stöðugilda í búsetuþjónustu.

Um 71% heimila fyrir fatlað fólk hjá Reykjavíkurborg eru með 15 eða færri stöðugildi (ársverk). Flest heimili eru með 5-15 stg. eða 38 af 58 heimilum (tafla 41).


Velta má upp þeirri spurningu hvort að ákjósanlegt væri að skoða leiðir til að skilgreina ákveðin ramma í kringum stjórnendaspönn þannig að hver stjórnandi (forstöðumaður) væri ábyrgur fyrir t.d. að lágmarki 30 stöðugildum?

Tafla 41. Flokkun búsetuúrræða eftir fjölda stöðugilda starfsfólks.

Stöðugildi á ársgrundvelli 2023	Fjöldi heimila
Færri en 5	3
5-10	20
11-15	18
16-20	5
20-25	5
26-30	1
31 eða fleiri	6

Heimild: Reykjavíkurborg

Dæmi um stjórnskipulag á heimili fyrir fatlað fólk þar sem stöðugildi starfsfólks eru yfir 30 talsins má sjá á mynd 11 :



Mynd 11. Dæmi um stjórnskipulag á íbúðakjarna fyrir fatlað fólk.

Hér er um að ræða heimili með 6 íbúa. Stöðugildi starfsfólks eru 34,7 og stöðugildi á hvern íbúa eru 5,8. Meðal SIS mat íbúa á þessu heimili er 15,2. Framlag frá Jöfnuarsjóði sveitarfélaga sem fylgdi íbúunum árið 2023 var tæpar 180 m.kr. Rekstrarkostnaður sama ár var 385 millj. kr. Rekstrarkostnaður umfram framlög var því rúmum 200 millj. kr. umfram framlög á árinu 2023. Sömu sögu er að segja um fjölmörg önnur heimili líkt og ítarlega verður fjallað um í kaflanum um kostnað vegna víðtækra og fjölpættra stuðningsparfa íbúa.

Leggja má fram eftirfarandi valkosti til þess að minnka mönnunarpörf samhliða því að hafa jákvæð áhrif á öryggi og gæði þjónustu.

1. **Aukin samvinna milli heimila, stækkun á stjórnunarspönn og fækkun stjórnenda út frá viðmið um stjórnendahlutfall.** Ef lagt væri upp með að stjórnendahlutfall væri almennt 10% í stað 12% mætti miða við að hvert stjórnendateymi samanstæði af forstöðumann sem væri í 100% starfi sem stjórnandi og fjórum teymisstjórum sem væru í 50% starfi sem stjórnendur en 50% sem starfsmenn á kjarna sem ganga vaktir. Stjórnendastöðugildi í slíku teymi væru 3 og því væri stjórnendateymið ábyrgt fyrir að minnsta kosti 30 stöðugildum starfsfólks. Með aukinni samvinnustjórnun og stærri stjórnunareiningum er líklegt að sveigjanleiki og öryggi þjónustunnar aukist. Til að mynda væri auðveldara að bregðast við skammtímafjarvistum starfsfólks. Ef vel tækist til með innleiðingu á breyttu stjórnskipulagi sem fælist m.a. í því að þeir sem eru í stjórnun í dag fengju áhugaverð tækifæri til að nýta sérþekkingu sína í auknum mæli í vinnu með íbúum og ófaglærðu starfsfólki og þannig auka gæði þjónustunnar og mögulega minnka mönnunarpörf með tímanum. Það má rökstyðja með því að eftir því sem hæfni starfsfólks sem vinnur í þjónustu við íbúa er meiri því minni þörf er á auka stöðugildum. Einnig má leiða líkum að því að með því að efla enn frekar viðveru fólks með mikla þekkingu í beinni þjónustu við íbúa muni það hafa jákvæð áhrif á starfsmannaveltu og fjarvistir í hópi ófaglærðs starfsfólks.
2. **Breyta viðmiðum þegar kemur að hlutverki stjórnenda t.d. er varðar beina þjónustu við íbúa – hlutfall undirbúningstíma.** Eins og áður hefur komið fram er í núverandi stjórnskipulagi er gert ráð fyrir að allur tími forstöðumanna og helmingur af starfshlutfalli teymisstjóra fara í stjórnun/undirbúning. Stjórnun felur í sér að tryggja mönnun heimilis út frá þörfum íbúa t.d. að tryggja að mönnun endurspegli viðveru íbúa heima við. Margir íbúar stunda hæfingu af einhverju tagi virka daga að minnsta kosti hluta úr degi. Viðvera forstöðumanna miðast almennt við dagvinnutíma en þá eru íbúar oft á tíðum ekki heima við vegna vinnu, virkni eða hæfingar. Mikilvægt er að skipuleggja hæfinguna þannig að hún mæti þörfum íbúa en einnig að hún sé hugsuð út frá skipulagi aksturs, viðveru starfsfólks osfrv.
3. **Skoða skipulag þegar kemur að viðveru stjórnenda út frá þörfum notenda.** Dæmi eru um forstöðumann, deildastjóra og almenna starfsmenn í dagvinnu á

sama tíma og fáir eða jafnvel engin íbúi er heima við. Mikilvægt er að kortleggja nákvæmlega tækifæri til þess að aðlaga mönnun að viðveru íbúa t.d. með því að setja upp nákvæm skemur um viðveru íbúa á hverjum tíma alla daga vikunnar og mönnunarpörf á sama tíma. Einnig er vert að benda á mikilvægi þess að þeir starfsmenn sem mesta þekkingu hafa á þörfum íbúa og málaflokkum fatlaðs fólks séu á staðnum þegar íbúar eru þar helst t.d. snemma að morgni, síðdegis og fram á kvöld. Álagstími er yfirleitt mestur snemma að morgni virka dag þegar íbúar eru að vakna og fara af stað inn í daginn og svo síðdegis þegar allir eru komnir til baka til síns heima.

4. **Skoða tækifæri til að auka ábyrgð öflugra stjórnenda.** Bakgrunnur stjórnenda í búsetuþjónustu er fjölbreyttur. Margir eiga að baki langan starfsferil í málaflokknum og hafa mikla reynslu og þekkingu á sviðinu. Reynslan hefur sýnt að í hópi forstöðumanna eru mörg með bakgrunn í proskaþjálfun og mörg hafa bætt við sig frekara námi. Í jafn stórum hópi stjórnenda má leiða líkum að því að einhver hafi áhuga á að þróast frekar sem stjórnendur. Þeir hafa áhuga á stjórnendahlutverkinu og þeim fjölmörgu áskorunum sem í þeim felast á meðan að aðrir myndu jafnvel kjósa að nýta þekkingu sína fremur í starfi með íbúum.
5. **Efla stjórnendaþjálfun með áherslu á að auka hæfni stjórnenda enn frekar m.a. með það að markmiði að minnka starfsmannaveltu og fjarvistir.** Einnig að styðja þá til að hámarka nýtingu mannauðs með vaktaskipulagi sem endurspeglar vel þarfir íbúa.
6. **Skoða leiðir til að að hækka starfshlutfall starfsmanna í búsetu og minnka þannig álag á stjórnendur.** Umsýsla í kringum starfsmannahald er það sama hvort sem starfsmaður er í hluta- eða fullu starfi. Ýmiskonar áskoranir fylgja líka starfsfólki sem sinnir hlutastarfi. Skuldbinding þeirra við vinnustaðinn er að jafnaði minni, erfitt getur verið að ná þeim á skipulagða upplýsingafundi, í þjálfun osfrv. Á heimili þar sem mönnunarpörf er t.d. 30 stöðugildi gætu í sumum tilfellum verið allt að 60 starfsmenn við störf. Innleiðing á betri vinnutíma í sólahringsþjónustu hafði það m.a. að markmiði að bjóða starfsfólki í hlutastörfum að hækka starfshlutfall sitt. Því miður bendir margt til að það markmið hafi ekki náðst nema að litlu leyti. Margir starfsmenn í búsetuþjónustu eru í námi með starfi oft á sviði heilbrigðis- eða félagsvísinda og skila sér oft á tíðum inn í búsetuna í hærra starfshlutfalli eftir að námi líkur.
7. **Innleiða bestu aðferðir við skipulag vakta og endurskoða þær reglulega með tilliti til aðstæðna.** Greining á vaktaskipulagi nokkura kjarna (sjá kafla um vaktaskipulag í búsetuþjónustu – raundæmi) leiddi í ljós að nokkuð víða gætu legið tækifæri til að bæta skipulag vakta og nýtingu mannauðs án þess að skerða þjónustu við íbúa. Mikilvægt er að Reykjavíkurborg marki sér skýra stefnu um mönnun í búsetuþjónustu sem meðal annars tekur mið af dagskipulagi og viðveru íbúa heima við.

Kostnaður vegna víðtækra og fjölþættra stuðningsparfa íbúa.

Kostnaður Reykjavíkurborgar vegna búsetu fyrir fatlað fólk umfram tekjur (framlög frá Jöfnunarsjóði - JS) á árinu 2023 var um 5,4 ma.kr.

Rekstrarkostnaður heimilanna var 11,1 ma.kr. og framlög sem fylgdu íbúum heimilanna voru 5,7 ma.kr. Tekið skal fram að framlög eiga ekki eingöngu að standa undir kostnaði vegna þjónustu í búsetu heldur einnig hæfingu. Hér er hins vegar til einföldunar gert ráð fyrir að framlag komi á móti kostnaði í búsetu.

Í 93% tilvika (53) var rekstrarkostnaður umfram framlög og var umfram kostnaður að meðaltali um 100 m.kr. Í 7% úrræða (4) voru framlög hærri en rekstrarkostnaður árið 2023.

SIS mat og framlög frá JS

Af þeim 336 einstaklingum sem voru í búsetuþjónustu árið 2023 voru 288 eða 86% íbúa með SIS mat samkvæmt gögnum frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Greidd voru framlög úr Jöfnunarsjóði vegna 274 íbúa (82%) byggt á SIS mati (tafla 42). Ekki voru greidd framlög vegna 62. íbúa eða 18%.

Tafla 42: Fjöldi og hlutfall íbúa í búsetuþjónustu árið 2023 með og án SIS mats og framlaga frá JS.

336 einstaklingar bjuggu á heimilum fyrir fatlað fólk árið 2023 hjá Reykjavíkurborg				
	Með		Án	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
SIS mat	288	86%	48	14%
Framlag frá JS	274	82%	62	18%

Heimild: Reykjavíkurborg

Í töflu 43 má sjá yfirlit yfir fjölda íbúa á heimilum skipt eftir þyngdarflokki og fötlun íbúa.

Umtalsverður munur er á meðal SIS mati íbúa á heimilum fyrir geðfatlaða og fólk með þroskahömlun. Einnig eru hlutfallslega færri einstaklingar með SIS mat í hópi geðfatlaðra en fólks með þroskaskerðingu. Sérstaka athygli vekur lágt hlutfall íbúa í IV þyngdarflokki geðfatlaðra þar sem rétt tæplega fjórðungur íbúanna er með SIS mat samkvæmt fyrirliggjandi gögnum.

Tekið skal fram að ýmsar ástæður geta legið að baki því að íbúar í búsetuþjónustu séu ekki með SIS mat. Einhverjir kunna að hafa t.d. hafnað því að láta framkvæma matið. Einhverjir bíða eftir niðurstöðu SIS mats. Einnig kunna íbúar að hafa flutt sig á milli heimila á milli tímabila og framlag er skráð á fyrra heimili. Einnig getur verið að íbúar hafi búið lengi á heimili t.d. allt frá því fyrir yfirfærslu málaflokksins frá ríki til sveitarfélaga og verið án SIS mats á þeim tímapunkti.

Mikilvægt er að árétta að reglubundið sé farið yfir stöðu SIS mats og framlaga hjá íbúum og að verklagsreglur séu mjög skýrar í þeim efnum. Ráðgjafar og greiningarstöð mælir til dæmis með því að SIS mat sé uppfært að minnsta kosti á 8-10 ára fresti og jafnvel oftar ef miklar breytingar verða á stuðningsþörfum.

Einnig er mikilvægt að skýrar verklagsreglur séu í gildi varðandi stuðningsþarfir einstaklinga og þeirrar þjónustu sem þeir fá þannig að þjónustan sé hvorki of takmörkuð miðað við þarfir einstaklingsins og heldur ekki óþarflega mikil þar sem það getur staðið í vegi fyrir því að einstaklingurinn njóti allra möguleika á að lifa sjálfstæðu og innihaldsríku lífi.

Tafla 43. Fjöldi og hlutfall íbúa með SIS mat og meðal SIS mat á heimilum skipt eftir þyngdarflokkum og fötlun.

	Fjöldi íbúa	Fjöldi íbúa með SIS mat	Hlutfall íbúa með SIS mat	Meðaltal SIS mats
Geðkjarnar	116	81	70%	6,3
I	18	14	78%	6,5
I-II	6	2	33%	5,5
II	17	15	88%	6,9
III	62	47	76%	6,6
IV	13	3	23%	4,3
Þroskakjarnar	220	207	94%	10,9
I	48	42	88%	8
II	63	58	92%	8,7
III	81	81	100%	12,8
IV	28	26	93%	14,5
Samtals	336	288	86%	9,5

Heimild: Reykjavíkurborg

Framlög stóðu að jafnaði undir 51% af rekstrarkostnaði heimila árið 2023 og fer hlutfall framlaga af heildar rekstrarkostnaði lækkandi með aukinni þjónustuþyngd heimila. Þannig standa framlög í IV þyngdarflokki heimila fyrir fólk með þroskahömlun aðeins undir 30% af rekstrarkostnaði heimilanna (sjá tölfu 44).

Tafla 44. Fjöldi íbúa og hlutfall þeirra sem fá framlög ásamt heildarframlögum frá JS og heildarrekstrarkostnaði heimila, skipt eftir fötlun og þyngdarflokki.

	Fjöldi íbúa	Fjöldi íbúa með framlag	Hlutfall íbúa með framlag	Fjárhæð framlaga (m.kr.)	Rekstrar-kostnaður 2023	Mismunur	Hlutfall framlaga af rekstrarkostnaði
Geðkjarnar	116	70	60%	1.409	2.218	-809,8	64%
I	18	11	61%	620,1	195,2	424,9	318%
I-II	6	2	33%	20,8	82	-61,2	25%
II	17	12	71%	172,3	233,8	-61,5	74%
III	62	40	65%	563,7	1.194	-630,7	47%
IV	13	5	38%	31,9	513	-481,1	6%
Þroskakjarnar	220	204	93%	4.286	8.893	-4.607	48%
I	48	40	83%	607,6	929	-321,4	65%
II	63	58	92%	963,5	1.731	-767,7	56%
III	81	80	99%	1.999	3.852	-1.852	52%
IV	28	26	93%	715,5	2.381	-1.665	30%
Samtals	336	274	82%	5.695	11.111	-5.417	51%

Sú staðreynd að framlög standa aðeins undir um þriðjungí kostnaðar við rekstur heimila í IV flokki hlýtur að vekja upp spurningar um það hversu veik tengsl eru á milli kostnaðar við þjónustu og þjónustuparfa þeirra einstaklinga sem búa á heimilum í þeim flokki.

Fram kom í samtölum við stjórnendur málaflokksins hjá Reykjavíkurborg að á nokkrum heimilum í III og IV þyngdarflokki væri mikil þörf á aukinni mönnun svo að tryggja megi öryggi bæði íbúa, starfsfólks og annarra.

Líkt og fram hefur komið voru ekki greidd framlög vegna 62 íbúa sem búa á heimilum fyrir fatlað fólk hjá Reykjavíkurborg á árinu 2023. 46 þessara 62ja íbúa búa á heimilum fyrir geðfatlaða og búa flestir þeirra á heimilum í III þyngdarflokki eða 22. 16 einstaklingar án framlaga bjuggu á heimilum fyrir fólk með þroskaskerðingu (sjá töflu 45).

Tafla 45. Meðaltal framlaga, meðal rekstrarkostnaður og reiknaður hlutur íbúa sem ekki fengu greidd framlög í rekstrarkostnaði árið 2023 (m.kr).

	Meðal framlag á íbúa sem greidd voru framlög með 2023	Rekstrar- kostnaður á hvern íbúa 2023	Mismunur	Fjöldi íbúa sem ekki voru greidd framlög með 2023	Hlutur íbúa sem ekki fengu framlög í rekstrarkostnaði
Geðkjarnar	17,4	19,1	1,7	46	879,6
I	8,0	10,8	2,8	7	75,9
I-II	10,4	13,7	3,3	4	54,7
II	11,5	13,8	2,3	5	68,8
III	12,0	19,3	7,3	22	423,7
IV	10,6	39,5	28,8	8	315,7
Þroskakjarnar	20,7	40,4	19,7	16	646,8
I	14,5	19,4	4,9	8	154,8
II	16,6	27,5	10,9	5	137,4
III	24,7	47,6	22,9	1	47,6
IV	27,5	85,0	57,5	2	170,1
Samtals	19,8	33,1	13,3	62	2050,2

Heimild: Reykjavíkurborg


Ef áætlaður eru hlutur þeirra íbúa sem ekki fengu greidd framlög í rekstrarkostnaði er hann um 2 ma.kr. Ef íbúunum sem ekki voru greidd framlög með eru reiknuð framlög miðað við meðalframlag á íbúa á heimilum í þeim þyngdarflokki sem þeir búa kemur í ljós að heildarfjárhæð framlaga vegna íbúa í búsetuþjónustu hefðu getað hækkað sem nemur um 835 m.kr. miðað við þær forsendur að greidd væru framlög með öllum íbúum í búsetuþjónustu.

Rétt er þó að nefna í því sambandi að framlög eru greidd úr potti sem er föst fjárhæð og því lækka framlög á hvern notanda þjónustu fyrir fatlað fólk ef notendum fjölgar.

Eftir sem áður er mikilvægt að áréttast að þeir einstaklingar sem að fá boð um búsetuþjónustu hafi stuðningsparfir og þar með fái greidd framlög á grundvelli þeirra til þess að standa undir kostnaði við þjónustuna.

SIS mat, framlög og mönnunarpörf

Á mynd 25 má sjá þróun meðalframlaga, meðal SIS mat og meðalfjölda stöðugilda (ársverk) á hvern íbúa skipt eftir þyngdarflokki á heimilum fyrir fólk með þroskahömlun.



Mynd 25. Þróun meðalframlaga, meðal SIS mats og meðalfjöldi stöðugilda starfsfólks greint eftir þyngdarflokki á heimilum fyrir fólk með þroskahömlun.

Áhugavert er að skoða hlutfallslega þróun meðalframlags, meðal SIS mat og meðalfjölda stöðugilda á hvern íbúa eftir þyngdarflokki (I-IV) heimila fólks með þroskahömlun.

Meðal framlag er tæplega 15,2 m.kr. á heimilum í I þyngdarflokki en um 16,7 í II flokki sem er hækkun um 10%. Meðalframlag hækkar hins vegar í 24,1 m.kr. í III þyngdarflokki sem gerir 44% hækkun á milli flokka. Hækkun meðalframlags milli III og IV þyngdarflokks er hinsvegar 14%.

Góð fylgni er milli hækkunar meðalframlags á íbúa og meðal SIS mats á milli flokka. Þannig hækkar meðal SIS mat íbúa um 10% milli I og II flokks en 47% á milli II og III flokks. Hækkunin er 9% á milli III og IV flokks.

Allt aðra sögu er hins vegar að segja af skoðuð er hækkun á meðalfjölda stöðugilda á milli flokka. Hækkunin milli I og II flokks er þar 32% og fer úr 9 í 11,9 stöðugildi. Hækkunin í meðalfjölda stöðugilda milli II og III flokks er 64% og 76% milli III og IV flokks (sjá mynd 25).

Á meðan að mönnunarpörf (mönnun) þróast nokkuð bratt milli flokka (I-IV) er hlutfallsleg breyting á SIS mati og meðalframlagi tiltölulega lítil sérstaklega þegar kemur að breytingu milli III og IV flokks.


Það er því ljóst að hlutfallslega breyting á meðalframlagi og meðal SIS mati íbúa er ekki í takt við hlutfallsbreytingu á mönnunarpörf. Hér eru því vísbendingar um að SIS mat og þar með framlög nái ekki utan um vaxandi þörf íbúa fyrir þjónustu.

Ef heimili eru flokkuð eftir fjölda stöðugilda á hvern notanda þar sem að sú flokkun endurspeglar betur mönnunarpörf en núverandi flokkunarkerfi kemur í ljós að þegar stöðugildapörf er orðinn 5-6 stöðugildi á hvern íbúa (þyngdarflokkar V og VI) lækkar hlutdeild framlaga í rekstrarkostnaði hratt og er aðeins 22% í þyngdarflokki VI, eða á þeim heimilum þar sem mönnunarpörf er allt að 7 stöðugildi á hvern íbúa (sjá tafla 46).

Tafla 46. Þau heimili þar sem allir íbúar eru með SIS mat og hlutfall framlaga af rekstrarkostnaði er hvað lægstur.

	Hlutfall framlags af rekstrarkostnaði 2023	Núverandi flokkur	Nýr flokkur	Stöðugildi starfsfólks á hvern íbúa 2023	Meðaltal SIS mats íbúa 2023
Íbúðakjarni	22%	IV	VII	6,9	13,7
Íbúðakjarni	37%	III	V	4,3	12
Íbúðakjarni	38%	IV	VI	5,4	14,5
Íbúðakjarni	41%	IV	VI	5	12,6
Íbúðakjarni	46%	IV	VI	5,8	5,15
Íbúðakjarni	48%	II	III	2,1	6
Íbúðakjarni	49%	III	V	4,4	14,8
Íbúðakjarni	49%	III	V	4,4	15,2
Íbúðakjarni	50%	II	III	2,6	7,7

Áhugavert er að skoða fylgni á milli þróunar á meðal SIS mati íbúa og stöðugildaparfar (sjá mynd 26). Ef meðal SIS mat íbúa gefur góða forspá um stöðugildapörf ætti að vera góð línuleg fylgni milli þessara tveggja þátta þ.e. eftir því sem meðal SIS mat íbúa hækkar því meiri ætti stöðugildapörf á hvern íbúa að vera.



Mynd 26. Þróun í meðal SIS mati íbúa og meðalfjölda stöðugilda á hvern íbúa á þeim heimilum þar sem allir íbúar eru með SIS mat.

Ef rýnt er í mynd 26 má sjá að stöðugildapörf er í nokkru samræmi við hækkun meðal SIS mats íbúa. Athygli vekja þó nokkrir áberandi útlaga þegar kemur að stöðugildapörf. Má þar nefna íbúðakjarna þ IV en þar er meðaltal SIS mats íbúa 13,7 en stöðugildapörf er 6,9 á hvern íbúa sem er umtalsvert meiri þörf en t.d. á íbúðakjarna þ III þar sem meðal SIS mat íbúa er 15,0 en stöðugildapörf er 3,6 á hvern íbúa.

Búsetuúrræði flokkuð eftir stuðningsflokkum.

Flokka má heimili eftir meðal SIS mati íbúa í þrjá flokka og skoða þróun í meðalrekstrarkostnaði á hverja einingu (heimili) og á hvern íbúa eftir stuðningsþörfum (sjá tölfu 47). Meðalkostnaður á hvert heimili og á hvern íbúa er lægstur í stuðningsflokki I en fimm heimili tilheyrja þeim flokki. Meðalkostnaður á hvern íbúa er 13 m.kr. árið 2023.

Meðalkostnaður á íbúa í II stuðningsflokki er 25 m.kr. sem er hækkun um 92% á milli flokka. Meðalkostnaður á íbúa á heimilum í stuðningsflokki III er hins vegar 60 m.kr. sem er hækkun um 140% á milli flokka.

Hér er alls ekki verið að halda því fram að SIS mat sé línulegur skali heldur eingöngu verið að benda á þá gríðarlegu kostnaðaraukningu sem verður á milli flokka og hvernig framlög fylgja ekki þeirri þróun.

Tafla 47. Meðalkostnaður á hvert heimili og hvern íbúa flokkað eftir stuðningsparaflokkun (I-III) samkvæmt flokkunarkerfi Ráðgjafar og greiningarstöðvar.


Flokkur	SIS mat	Tegund	Lýsing á stuðningsþörf	Fjöldi búsetuúrræða	Fjöldi íbúa	Rekstrarkostnaður 2023 (m. kr.)	Meðalkostnaður á einingu (m.kr)	Kostnaður á hvern íbúa (m. kr.)
I	1-4	Væg stuðningsþörf	Stuðningsvísitala undir meðallagi. Að jafnaði engin eða lítil stuðningsþörf vegna heilsu og/eða hegðunar.	5	33	440	88	13
II	5-12	Miðlungs/alvarleg stuðningsþörf	Vaxandi stuðningsþörf eftir hækkandi númeri stuðningsflokks. Breytileg stuðningsþörf vegna heilsu og /eða hegðunar.	36	213	5.360	149	25
III	13-18	Óvenjulega mikil og óvenjuleg stuðningsþörf	Umfangsmikil stuðningsþörf. Vaxandi stuðningsþörf eftir hækkandi númeri stuðningsflokks. Mjög mikil þörf vegna heilsu og/eða hegðunar.	16	84	5.039	315	60

Ríki og sveitarfélög hafa lengi átt í viðræðum vegna skiptingar á rekstrarkostnaði á heimilum fyrir fatlað fólk þar sem öryggisþjónusta er mikil.

Öryggisþjónusta þ.e. þjónusta sem miðar að því að minnka líkur á að fólk skaði sjálft sig og/eða aðra er á ábyrgð ríkisins. Það er óumdeilt.

Þá vakna spurningar um skurðpunkt milli kerfa þ.e. almennrar félagsþjónustu, sértækrar þjónustu eins og þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir og öryggisþjónustu.

Leiða má líkum að því að einstaklingar hafa það viðtækar stuðningsþarfir að það kallar á 5-6 stöðugildi að mæta þeim glíma við mjög flókin og fjölþættan vanda sem vart er á ábyrgð sveitarfélaga einna að mæta (mynd 27).



Mynd 27. Meðalfjöldi stöðugilda árið 2023 á hvern íbúa í búsetuúrræðum fyrir fólk með þroskahömlun og skyldar fatlanir skipt eftir þyngdarflokkun I-IV.

Það er algjört forgangsmál að ríki og sveitarfélög finni strax fullnægjandi lausnir fyrir fatlað fólk sem fæst við langvarandi og viðtækar hegðunarraskanir. Því miður eru nokkur dæmi um að einstaklingar sem vitað var að þyrftu öryggisgæslu vegna áhættuhegðunar hafi ekki fengið fullnægjandi þjónustu og því bæði valdið sér og öðrum skaða. Slíkt tilvik mega ekki endurtaka sig.

Þar sem um tiltölulega lítinn hóp einstaklinga er að ræða sem þarf mjög flókna og sértæka þjónustu blasir við að einstök sveitarfélög hafa ekki burði til að veita þessa þjónustu svo að fullnægjandi sé. Ríkið hefur með því að leggja fram frumvarp um málið í raun lýst yfir ábyrgð verkefninu enda er sú lausn sú raunhæfasta og skynsamlegasta í stöðunni¹⁵.

¹⁵ <https://samradapi.island.is/api/Documents/7161f3ba-a7ec-ec11-9bb2-005056bcce7e>

Börn og fjölskyldur

Í IV. kafla laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir er fjallað um þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra. Þjónusta sem kemur fram í lögnum er eftirfarandi:

- Snemmtækur stuðningur, íhlutun og greining
- Stuðningsfjölskyldur
- Frístundaþjónusta
- Skammtímadvöl
- Málstjóri, stuðningsteymi og stuðningsáætlun
- Búseta barna utan heimilis

Ábyrgð framkvæmd þjónustunnar er á þremur sviðum Reykjavíkurborgar sem eru: velferðarsvið, skóla- og frístundasvið og mennta- og íþróttasviði. Velferðarsvið ber að stærstum hluta ábyrgð á þjónustunni en frístundaþjónusta fyrir börn á grunnskólaaldri er ábyrgð skóla- og frístundasvið og fyrir börn á aldrinum 16-18 ára er á byrgð menningar- og íþróttasvið.

Í þessum kafla verður farið yfir skipulag og rekstur þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra í samræmi við efnistöð IV. kafla laga nr. 38/2018.

Stjórnskipulag

Á velferðarsviði skiptis stjórnskipulag þjónustu fatlaðra barna annars vegar niður á skrifstofu ráðgjafar og hins vegar á miðstöðvar borgarinnar. Helstu verkefni skrifstofu ráðgjafar eru stefnumótun, innleiðing nýrra laga og reglugerða og sinna heildstæðri þróun í málefnum barna og fjölskyldna og virkni og ráðgjafar ásamt fleirum verkefnum. Undir skrifstofuna heyrir starfsemi Keðjunnar. Keðjan er starfseining sem hefur það hlutverk að veita stuðningsþjónustu fyrir börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra. Keðjan sinnir meðal annars eftirfarandi verkefnum er snúa að fötluðum börnum:

- Stuðningsfjölskyldur
- Skammtímadvöl
- Búsetu barna utan heimili

Með því að færa stuðningsþjónustu við börn undir Keðjuna gefast tækifæri til auka samræmi og jafnræði í þjónustunni.

Megin verkefni miðstöðva borgarinnar gagnvart fötluðum börnum eru þau sem snúa að snemmtækum stuðningi, íhlutun og greiningum ásamt því að sinna málstjórn, setja saman stuðningsteymi og stuðningsáætlun fyrir fötluð börn.

Stuðningsfjölskyldur

Á grundvelli 15. gr. laga nr. 38/2018 eiga fjölskyldur fatlaðra barna rétt á stuðningsfjölskyldu eftir því sem þörf krefur. Sveitarstjórnunum er heimilt að setja reglur um þjónustuna. Reglur Reykjavíkurborgar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra¹⁶ fjalla meðal annars um útfærslu á fyrirkomulagi stuðningsfjölskyldna á grundvelli laga nr. 38/2018 jafnframt á grundvelli barnaverndarlaga nr. 80/2002. Umfjöllunar hér á eftir nær eingöngu til þjónustu á grundvelli 15. gr. laga nr. 38/2018.

Í e-lið, 3. gr. reglna Reykjavíkurborgar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra er fjallað um stuðningfjölskyldur:

Stuðningsfjölskylda fyrir 0-18 ára: Markmið með stuðningsfjölskyldu er að styðja foreldra í foreldrahlutverki sínu, veita þeim hvíld og/eða styrkja stuðningsnet barns eftir því sem við á og auka möguleika barnsins á félagslegri þátttöku. Heimilt er að veita þeim sem orðnir eru 18 ára og búa í foreldrahúsum áframhaldandi stuðningsfjölskyldu á meðan beðið er eftir annars konar stuðningi. Leitast skal við að veita barninu stuðning inni á heimili þess eftir því sem kostur er. Dvöl hjá stuðningsfjölskyldu getur að hámarki verið 15 sólarhringar á mánuði en þó að hámarki sjö sólarhringar þegar mál barns er til vinnslu hjá Barnavernd Reykjavíkur.

Dvöl barns í skammtímadvöl og hjá stuðningsfjölskyldu getur samanlagt verið að hámarki 15 sólarhringar á mánuði.

Stuðningurinn markast af félagslegum aðstæðum, skertrar getu, veikindi eða fötlunar barns og fjölskyldu.

Tafla 48. Þróun heildargreiðslna, í þús. kr. á verðlagi hvers árs, vegna stuðningsfjölskyldna árin 2019 til 2023

Rekstrarkostnaður á ári	2019	2020	2021	2022	2023	Breyting 2019-2023
Vesturmiðstöð	21.424	20.119	21.596	23.607	26.934	25,7%
Norðurmiðstöð	49.112	54.556	71.266	68.223	52.363	6,6%
Suðurmiðstöð	32.575	28.965	34.730	42.187	47.728	46,5%
Austurmiðstöð	63.119	69.805	81.182	83.890	81.995	29,9%
Samtals	166.230	173.445	208.774	217.907	209.020	25,7%

Heimild: Reykjavíkurborg

Starfsemi Keðjunnar hófst í upphafi árs 2020. Eftir að umsjón verkefna stuðningsfjölskyldna var færð til Keðjunnar þá voru umsóknir vegna þjónustunnar móttæknar og afgreiddar á miðstöðvum borgarinnar. Ákveðinn fjárhagsvandi skapaðist með því fyrirkomulagi. Miðstöðvarnar höfðu ekki til að byrja með neina yfirsýn yfir fjárheimild vegna greiðslna til stuðningsfjölskyldna sem meðal annars leiddi til þess að farið var yfir fjárheimildir. Seinna var skert á verklagi með því að skipa teymi sem sér um að afgreiða allar umsóknir um stuðningsfjölskyldur og situr fulltrú frá skrifstofu ráðgjafar í teyminu. Með breyttu verklagi hefur tekist að ná auknu jafnvægi milli fjárheimilda og samþykkttra umsókna sem birtist í töflunni hér að ofan þegar samtals greiðslur lækkuðu á milli áranna 2022 og 2023.

¹⁶ Reglur Reykjavíkurborgar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra. Sótt af Reykjavíkurborgar

Tafla 49. Fjöldi barna með stuðningsfjölskyldu árin 2019 til 2023.

Fjöldi barna	2019	2020	2021	2022	2023
Vesturmiðstöð	23	25	25	24	29
Norðurmiðstöð	59	58	65	58	52
Suðurmiðstöð	45	35	35	41	42
Austurmiðstöð	73	73	75	79	63
Samtals	200	191	200	202	186

Heimild: Reykjavíkurborg

Það má sjá ákveðna sveiflur í fjölda barna með stuðningsfjölskyldur milli áráanna 2019 og 2023. Fjöldinn er almennt í kringum 200 börn en fór niður í 186 börn árið 2023.

Tafla 50. Meðalgreiðslur, í þús. kr. á verðlagi hvers árs, til stuðningsfjölskyldna fyrir hvert barn árin 2019 til 2023.

Fjöldi barna	2019	2020	2021	2022	2023	Breyting 2019-2023
Vesturmiðstöð	931	805	864	984	929	-0,3%
Norðurmiðstöð	832	941	1.096	1.176	1.007	21,0%
Suðurmiðstöð	724	828	992	1.029	1.136	57,0%
Austurmiðstöð	865	956	1.082	1.062	1.302	50,5%
Samtals	831	908	1.044	1.079	1.124	35,2%

Heimild: Reykjavíkurborg

Meðalgreiðslur til stuðningsfjölskyldna fyrir hvert barn fóru úr 831 þús. kr. árið 2019 í 1.124 þús. kr. árið 2023 sem er aukning um 35,2%.

Tafla 51. Fjöldi greiddra sólarhringa til stuðningsfjölskyldna árin 2019 til 2023.

Fjöldi sólarhringa	2019	2020	2021	2022	2023	Breyting 2019-2023
Vesturmiðstöð	708	638	626	664	664	-6,2%
Norðurmiðstöð	1.707	1.793	2.191	2.022	1.432	-16,1%
Suðurmiðstöð	1.171	967	1.091	1.265	1.315	12,3%
Austurmiðstöð	2.042	2.236	2.489	2.408	2.198	7,6%
Samtals	5.628	5.634	6.397	6.359	5.609	-0,3%

Heimild: Reykjavíkurborg

Fjöldi greiddra sólarhringa milli áráanna 2019 og 2023 stendur í stað. Þrátt fyrir það þá jókst fjöldi greiddra sólarhringa milli áráanna 2020 og 2021 um 763 sólarhringa eða 13,5% en dróst staman milli áráanna 2022 og 2023.

Tafla 52. Meðalgreiðslur, í þús. kr. á verðlagi hvers árs, á hvern sólarhring til stuðningsfjölskyldna árin 2019 til 2023

Meðalkostnaður	2019	2020	2021	2022	2023	Breyting 2019-2023
Vesturmiðstöð	30	32	34	36	41	34,0%
Norðurmiðstöð	29	30	33	34	37	27,1%
Suðurmiðstöð	28	30	32	33	36	30,5%
Austurmiðstöð	31	31	33	35	37	20,7%
Samtals	30	31	33	34	37	26,2%

Heimild: Reykjavíkurborg

Meðalgreiðslur fyrir hvern sólarhring fara úr 30 þús. kr. árið 2019 í 37 þús. kr. árið 2023, sem jafngildir aukningu um 26,2%.

Tafla 53. Samanburður á reglum valdra sveitarfélaga um stuðningsfjölskyldur á hámarksfjölda sólarhringa á mánuði og lágmaks- og hámarksgreiðslum fyrir hvern sólarhring á árinu 2024.

Samanburður	Hámarksfjöldi sólarhringa á mánuði	Greiðslur fyrir sólarhring, umönnunarflokkar 1-3
Reykjavík	15	32.915 - 55.245
Kópavogur	7	21.850 - 26.580
Hafnarfjörður	7	
Garðabær	2-5	22.791 - 38.250
Mosfellsbær	3-5	31.019 - 47.331
Reykjanesbær	2	23.073 - 39.225
Akureyri	6	29.995 - 39.225

Heimild: Reykjavíkurborg

Könnun á samanburði á hámarksfjölda sólarhringa og greiðslur fyrir hvern sólarhring leiddu í ljós að Reykjavíkurborg veitir heimild í reglum sínum fyrir flesta sólarhringa og jafnframt eru með hæstu greiðslur fyrir hvern sólarhring.

Skammtímadvöl

Samkvæmt 17. gr. laga nr. 38/2018 eiga sveitarfélög að bjóða, ef þörf krefur, fötluðum börnum og ungmennum skammtímadvöl. Tilgangur skammtímadvalar er að veita tímabundna dvöl þegar umönnunarþarfir einstaklings eru meiri en jafnaldri hans. Einnig er heimild að veita fullorðnu fötluðu fólki sem býr í foreldrahúsum skammtímadvöl ef viðkomandi er á bið eftir annarri þjónustu.

Reglur Reykjavíkurborgar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra fjalla m.a. um útfærslu á fyrirkomulagi skammtímadvalar á grundvelli laga nr. 38/2018 jafnframt á grundvelli barnaverndarlaga nr. 80/2002. Umfjöllunar hér á eftir nær eingöngu til þjónustu á grundvelli 15. gr. laga nr. 38/2018.

Í f-lið, 3. gr. reglna Reykjavíkurborgar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra er fjallað um skammtímadvöl fyrir fötluð börn eða börn með miklar proska- og/eða geðraskanir á aldrinum 0-18 ára:

Markmið með skammtímadvöl er að gefa fötluðum börnum kost á að dvelja tímabundið utan heimilis síns þegar um er að ræða miklar stuðningsþarfir umfram jafnaldra og til að styðja við fjölskyldu barnsins. Stuðningur í skammtímadvöl getur verið allt frá hluta úr degi og í allt að 15 sólarhringar í mánuði. Unnt er að veita stuðning inn á heimili barnsins í stað dvalar utan heimilis sé þess óskað. Heimilt er að veita þeim sem orðnir eru 18 ára og búa í foreldrahúsum áframhaldandi skammtímadvöl á meðan beðið er eftir annars konar stuðningi. Dvöl barns í skammtímadvöl og hjá stuðningsfjölskyldu getur samanlagt verið að hámarki 15 sólarhringar á mánuði. Stuðningurinn markast af félagslegum aðstæðum, skertrar getu, veikindi eða fötlunar barns og fjölskyldu.

Þjónustunni er ætlað að koma til móts við erfiðar heimilisaðstæður, svo sem veikindi eða annað álag en ekki síður þeim sem hafa miklar umönnunarþarfir sem fjölskyldan sinnir að miklu leyti.

Þegar reglur annarra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu en Reykjavík eru skoðaðar kemur í ljós að hámarksfjöldi sólarhringa í skammtímadvöl getur verið 14 sólarhringar á mánuði á móti 15 hjá Reykjavíkurborg.

Reykjavíkurborg er með 6 starfseiningar í rekstri fyrir skammtímadvalir með jafnmarga forstöðumenn.

Tafla 54. Þróun rekstrarkostnaðar, í þús. kr. á verðlagi hvers árs, vegna starfsemi skammtímadvala árin 2019 til 2023

Rekstrarkostnaður á ári	2019	2020	2021	2022	2023	Breyting 2019-2023
Skammtd. I	173.029	178.013	194.872	224.113	262.479	51,7%
Skammtd. II	163.622	189.281	210.545	246.439	318.834	94,9%
Skammtd. III	84.101	109.561	124.414	142.194	147.304	75,2%
Skammtd. IV	99.617	131.428	163.618	185.402	193.674	94,4%
Skammtd. V	128.994	164.669	176.191	199.845	209.217	62,2%
Skammtd. VI - Skahm	13.061	168.640	221.623	230.897	224.753	
Samtals	662.427	941.591	1.091.263	1.228.890	1.356.261	104,7%

Heimild: Reykjavíkurborg

Árið 2019 var rekstrarkostnaður skammtímadvala 662 m.kr. og í lok árs 2023 var kostnaðurinn kominn í 1.356 m.kr. Á tímabilinu hafa útgjöldin tvöfaldast en hluti af þeirri aukningu má rekja til nýrrar rekstrareiningar sem unnið er eftir Skahm. Ef frá eru talin útgjöld vegna Skahm þá hafa útgjöldin aukist um 70% á tímabilinu eða um 500 m. kr.

Tafla 55. Fjöldi stöðugilda skammtímadvala árin 2019 til 2023.

Stöðugildi	2019	2020	2021	2022	2023	Breyting 2019-2023
Skammtd. I	15,1	16,2	15,7	16,8	21,2	40,4%
Skammtd. II	12,9	23,8	17,0	16,6	21,0	62,8%
Skammtd. III	5,8	13,8	9,4	9,9	10,2	75,9%
Skammtd. IV	6,4	16,3	10,9	11,2	12,3	92,2%
Skammtd. V	10,4	20,5	16,1	15,0	15,7	51,0%
Skammtd. VI - Skahm	0,8	16,3	15,9	16,5	15,6	
Samtals	51,4	106,9	85,0	86,0	96,0	86,8%

Heimild: Reykjavíkurborg

Fjöldi stöðugilda hefur nánast tvöfaldast á tímabilinu. Fjölgunina má skýra annars vegar út frá styttingu vinnuvikunnar og nýs úrræðis Skahm.

Tafla 56. Fjöldi einstaklinga sem nutu þjónustu skammtímadvalar árin 2019 til 2023

Fjöldi notenda	2019	2020	2021	2022	2023
Skammtd. I	36	33	32	35	33
Skammtd. II	11	11	11	13	12
Skammtd. III	25	26	27	30	27
Skammtd. IV	21	22	20	22	17
Skammtd. V	28	27	23	24	20
Skammtd. VI - Skahm	17	19	17	30	24
Samtals	138	138	130	154	133

Heimild: Reykjavíkurborg

Fjöldi einstaklinga sem fá þjónustu skammtímadvala hefur verið stöðugur á tímabilinu og verið á bilinu 130-154 einstaklingar milli áranna 2019 og 2023.

Í 17. gr. laga nr. 38/2018 er veitt heimild fyrir „að veita fullorðnu fötluðu fólki sem býr í foreldrahúsum skammtímadvöl meðan beðið er eftir annarri þjónustu.“ Eins og fram hefur komið þá eru um 125 fullorðnir einstaklingar með SIS mat sem eru á bið eftir að komast í sértækt húsnæði með þjónustu á grundvelli laga nr. 38/2018. Hluti af þessum hóp setur aukinn þrýsting á að nýta rými skammtímadvala á meðan þau bíða eftir varanlegri búsetu.

Tafla 57. Fjöldi sólarhringa sem einstaklingar dvöldu í skammtímadvölum árin 2019 til 2023.

Fjöldi sólarhringa	2019	2020	2021	2022	2023
Skammtd. I	2.120	1.740	2.110	2.077	2.033
Skammtd. II	1.641	1.600	1.843	1.645	1.594
Skammtd. III	1.736	1.752	1.810	1.691	1.539
Skammtd. IV	1.815	1.784	2.049	1.688	1.492
Skammtd. V	1.748	1.663	1.701	1.635	1.629
Skammtd. VI - Skahm	258	261	174	294	
Samtals	9.318	8.800	9.687	9.030	8.287

Heimild: Reykjavíkurborg

Fjöldi sólarhringa sem einstaklingar dvöldu í skammtímadvölum á vegum Reykjavíkurborgar árin 2019 og 2023 er í ágætis jafnvægi.

Tafla 58. Meðaltal sólarhringa sem einstaklingur dvelur í skammtímadvöl á mánuði árin 2019 til 2023

Meðaltal sólarhring	2019	2020	2021	2022	2023
Skammtd. I	4,9	4,4	5,5	4,9	5,1
Skammtd. II	12,4	12,1	14,0	10,5	11,1
Skammtd. III	5,8	5,6	5,6	4,7	4,8
Skammtd. IV	7,2	6,8	8,5	6,4	7,3
Skammtd. V	5,2	5,1	6,2	5,7	6,8
Skammtd. VI - Skahm	1,3	1,1	0,9	0,8	
Samtals	5,6	5,3	6,2	4,9	5,2

Ef horft er til meðalfjölda sólarhringa sem einstaklingur dvelur í skammtímadvöl þá er ákveðinn breytileiki eftir starfstöðvum. Sem dæmi þá er Heimili VI – Skahm blandað úrræði sem snýr að því að veita þjónustu bæði inn á heimili barns sem síðan getur fengið dvöl í skammtímadvöl. Þar af leiðandi dvelur barn að jafnaði færri sólarhringa á mánuði í því úrræði samanborið við aðrar skammtímasvalir.

Heimili I er með hæsta meðaltalið af öllum skammtímadvölunum en meðaltalið þar er á bilinu 10,5-14,0 sólarhringar en hefur farið lækkandi á síðustu árum.

Meðaltal annarra skammtímadvala á árinu 2023 er á bilinu 4,8-7,3 sólarhringar árið 2023.

Tafla 59. Fjöldi rýma í skammtímadvölum og nýting þeirra árið 2023.

	Fjöldi rýma	Fjöldi sólarhringa í boði	Fjöldi nýtttra sólarhringa	Nýtingarhlutfall
Skammttd. I	6	2190	2077	94,8%
Skammttd. II	5	1825	1645	90,1%
Skammttd. III	5	1825	1691	92,5%
Skammttd. IV	5	1825	1688	92,5%
Skammttd. V	4	1460	1635	112,0%

Heimild: Reykjavíkurborg

Hægt er að meta nýtingu skammtímaheimila með því að horfa á framboð rýma á hverju heimili og fjölda sólarhringa sem heimilið getur þjónustað yfir árið. Gefið að skammtímadvöl sé opin alla daga ársins. Með hliðsjón af þeirri forsendu þá hefur nýting skammtímadvala verið góð á árinu 2023, jafnframt sýna nýjustu tölur fyrir árið 2024 enn betri nýtingu.

Tafla 60. Meðalkostnaður, í þús. kr. á verðlagi hvers árs, á hvern sólarhring sem einstaklingur dvaldi í skammtímadvöl árin 2019 til 2023

Meðalkostnaður	2019	2020	2021	2022	2023	Breyting 2019-2023
Skammttd. I	82	102	92	108	129	58,2%
Skammttd. II	100	118	114	150	200	100,6%
Skammttd. III	48	63	69	84	96	97,6%
Skammttd. IV	55	74	80	110	130	136,5%
Skammttd. V	74	99	104	122	128	74,0%
Skammttd. VI - Skahm	51	646	1274	785		
Samtals	70	88	90	111	137	95,9%

Heimild: Reykjavíkurborg

Meðalkostnaður á sólarhring sem hver einstaklingur dvelur í skammtímadvöl fer úr 70 þús. kr. árið 2019 í 137 þús. kr. 2023.

Búseta barna utan heimilis

Það ráðuneyti sem fer fyrir 20. gr. laga nr. 38/2018 samkvæmt forsetaúrskurði skipar sérfræðingateymi vegna barna með fjölpættan vanda og barna sem vegna fötlunar sinnar þurfa annars konar og meiri þjónustu en unnt er að veita á heimili fjölskyldna þeirra. Teyminu er ætlað að veita ráðgjöf til sveitarfélaga vegna þjónustu og úrræða,

jafnframt tekur teymið ákvarðanir hvort vista eigi barn utan heimilis skv. 21. gr. laga nr. 38/2018 en greining er eftirfarandi:

Sé niðurstaða sérfræðingateymis skv. 20. gr. að barn þurfi þjónustu samkvæmt lögum þessum og því sé fyrir bestu að það búi utan heimilis fjölskyldu þess skal eftir fremsta megni reyna að finna barninu annað heimili í nærsamfélagi þess og gera því kleift að viðhalda sambandi við upprunafjölskyldu sína.

Heimilt er að útbúa sérstakt húsnæði fyrir fötluð börn með miklar þroska- og geðraskanir, enda hafi að mati sérfræðingateymis skv. 20. gr. verið fullreynt að styðja barn á heimili fjölskyldu þess eða á öðru heimili í nærsamfélagi þess. Um nauðung sem beitt er í slíkum úrræðum gilda ákvæði laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk.

Ráðherra er heimilt að gefa út reglugerð um vistun barna utan heimilis. Sú reglugerð kom fram í lok árs 2018 og setur þjónustunni ákveðnar skorður sbr. 2. mgr. 5. gr. III. kafla um framkvæmd þjónustunnar í reglugerð nr. 1038/2018. Þar er gert ráð fyrir að fjöldi barna í hverju úrræði „skal að jafnaði vera eitt barn á hverjum tíma, en að hámarki tvö“.

Reykjavíkurborg hefur að auki gefið út reglur um vistun barna utan heimilis og er að finna í sömu reglum fyrir stuðningsforeldra og skammtímavistun.

Í g-lið, 3. gr. reglna Reykjavíkurborgar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra er fjallað um heimili fyrir fötluð börn eða börn með miklar þroska- og/eða geðraskanir á aldrinum 0-18 ára:

Markmið slíkra heimila er að veita börnum sem þess þurfa umfangsmikinn stuðning og aðgæslu allan sólarhringinn. Þessi úrræði eru aðeins veitt að undangengnu mati sérfræðingateymis velferðarráðuneytisins um að fullreynt hafi verið að styðja barn á heimili fjölskyldu eða í nærsamfélagi þess.

Reykjavíkurborg er með 2 starfseiningar í rekstri sem sinna umræddri þjónustu, jafnframt þá hefur Reykjavíkurborg keypt þjónustu við einkaaðila sem sinna að auki umræddri þjónustu. Umfjöllun um þá þjónustu og kostnað hennar er fjallað í kafla um samninga og styrki

Tafla 61. Þróun rekstrarkostnaðar, í þús. kr. á verðlagi hvers árs, vegna starfsemi heimila fyrir börn sem búa utan heimili.

Rekstrarkostnaður á ári	2019	2020	2021	2022	2023	Breyting 2019-2023
Heimili A/Heimili B I	163.284	169.044	189.016	197.609	399.130	144,4%
Heimili II	175.542	231.270	249.400	284.776	295.092	68,1%
Samtals	338.825	400.314	438.417	482.385	694.223	104,9%

Heimild: Reykjavíkurborg

Rekstrarkostnaður heimila fyrir börn rekin af Reykjavíkurborg fór úr 339 m. kr. árið 2019 í 694 m. kr. árið 2023. Breyting varð á fyrirkomulagi rekstrar þjónustunnar árið 2023 þegar hætt var með starfsemi á Heimili A I og í staðinn hafinn rekstur á Heimili B I. Með breytingunni fjölgaði íbúðum til að þjónusta fleiri börnum sem jók rekstrarkostnaðinn milli áranna 2022 og 2023.

Tafla 62. Fjöldi stöðugilda heimila fyrir börn árin 2019 til 2023.

Stöðugildi	2019	2020	2021	2022	2023
Heimili A/Heimili B1	12,1	17,5	13,1	13,3	23,9
Heimili II	7,6	7,8	8,4	9,3	10,3
Samtals	19,7	25,3	21,5	22,6	34,2

Heimild: Reykjavíkurborg

Stöðugildi þjónustunnar fóru úr 19,7 í 34,2 milli áranna 2019 og 2023. Megin ástæða aukningarinnar má rekja til fjölgunar einstaklinga í þjónusta og stytting vinnuvikunnar hefur áhrif á fjölda klukkustunda sem fæst frá hverju stöðugildi.

Tafla 63. Fjöldi einstaklinga sem voru í vistun utan heimilis árin 2019 til 2023.

Fjöldi notenda	2019	2020	2021	2022	2023
Heimili A/Heimili B1	3	3	3	2	5
Heimili II	4	4	4	4	4
Samtals	7	7	7	6	9

Heimild: Reykjavíkurborg

Eins og fram hefur komið þá fjölgaði framboði á þjónustu árið 2023 sem birtist í fjölgun einstaklinga sem fá þjónustuna.

Tafla 64. Meðalkostnaður, í þús. kr. á verðlagi hvers árs, á hvern einstakling í vistun utan heimilis árin 2019 til 2023

Meðalkostnaður á hvern not	2019	2020	2021	2022	2023
Heimili A/Heimili B1	54.428	56.348	63.005	98.805	79.826
Heimili II	43.885	57.817	62.350	71.194	73.773
Samtals á hvern notenda	48.404	57.188	62.631	80.398	77.136

Heimild: Reykjavíkurborg

Meðalkostnaður þjónustunnar á hvern notanda hefur farið úr 48 m.kr. í 77 m. kr. Hér er vakin athygla á að meðalkostnaður einstaklinga sem fá þjónustu hjá Klettabæ og eru vistaðir á grundvelli sömu reglna og hér er rætt var um 140 m. kr. árið 2023.

NPA samningar

Í greinargerð sem fylgdi frumvarpi til laga nr. 38/2018 kemur eftirfarandi fram:

Að sett sé lágmark á NPA-samninga sem svarar 4 klst. þjónustupörf á dag og miðað við að ekki verði gerðir NPA-samningar fyrir lægri fjárhæð en 5,4 millj. kr. á ári. Með 10% umsýslugjaldi yrði samningsfjárhæðin 6,0 millj. kr. Hér er gert ráð fyrir að innleiðing verkefnisins taki fimm ár eða árin 2018–2022 og heildarfjöldi samninga að lokinni innleiðingu verði 172 samningar á landsvísu. Árið 2022 verður framlag ríkisins, þ.e.a.s. 25% framlag, á föstu verðlagi orðið samtals 560 millj. kr. og þá miðað við 172 samninga.

Í greinargerðinni kemur eingöngu fram fjárhæð lágmarks NPA samninga, þ.e. 6 milljónir króna. Það kemur ekkert fram um hver hámarksupphæðin getur verið. Hins vegar kemur fram að árið 2016 hafi hámarksupphæð á NPA samningi verið 35 milljónir króna og lægsti samningurinn hafi verið 1,3 milljónir króna. Ætla má miðað við framsetninguna að gert hafi verið ráð fyrir að hámarksupphæð í útreikningum hafi miðast við 35 milljónir króna eins og var árið 2016. Þannig hafi verið gert ráð fyrir í forsendum við útreikning á hlutdeild ríkisins árin 2018 til 2022, að lágmarksupphæð samninga væri 6 milljónir króna og hámarksupphæð 35 milljónir króna.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fjöldi samninga í lok innleiðingartímabilsins verði 172, þ.e. árið 2022. Síðan segir: „Árið 2022 verður framlag ríkisins á föstu verðlagi orðið samtals 560 millj. kr.“ Um er að ræða 25% af hverjum NPA samningi. Þannig má ætla að gert hafi verið ráð fyrir að heildarupphæð NPA samninga skv. frumvarpinu árið 2022 væri samtals 2.240 milljónir króna, eða að meðaltali á hvern samning, miðað við 172 samninga, 13.023 þús. kr. á föstu verðlagi.

Tafla 65: Fjöldi NPA samninga á landsvísu, samtala þeirra og framlög þeim tengdum.

Ár	Fjöldi NPA samninga	Þar af m. almenn framlög	Heildar-fjárhæð NPA samninga	25% framlag	Almenn framlög	Framlög samtals	Niðurstaða (Framlög - samningar)	Meðaltals-kostnaður á hvern NPA samning
2017	55	42	819.069	204.767	466.579	671.347	-147.722	14.892
2018	77	57	1.040.287	260.072	814.084	1.074.156	33.869	13.510
2019	87	64	1.701.559	431.390	911.229	1.342.618	-358.940	19.558
2020	83	70	2.174.039	561.212	1.052.070	1.613.282	-560.757	26.193
2021	92	68	2.673.861	668.465	965.982	1.634.447	-1.039.413	29.064
2022	89		3.378.500	844.625				37.961
2023	97		4.387.936	1.096.984				45.236

Heimild: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og félagsmálaráðuneytið.

Tafla 65 sýnir fjölda NPA samninga og fjárhæð þeirra samtals á landinu öllu árin 2017 til 2023.

Eins og fram kemur í töflunni voru 55 NPA samningar gerðir árið 2017 en 97 árið 2023. Ekki fylgdu almenn framlög frá Jöfnunarsjóði öllum þeim sem voru með NPA samninga á þessum árum.

Það vekur athygli að árið 2023 voru 97 NPA samningar í gildi og heildarfjárhæð vegna þeirra var samtals 4.388 milljónir króna. Samanborið við að í greinargerð með frumvarpinu var gert ráð fyrir að árið 2022 væru 172 samningar og heildarupphæð samninga væri 2.240 milljónir króna eða samsvarandi upphæð og heildarfjárhæð 83 samninga var árið 2020. Jafnframt var 25% framlag ríkisins árið 2020 með 83 samningum 561 milljónir króna sem samsvarar þeirri upphæð sem gert var ráð fyrir árið 2022 miðað við 172 samninga, eða 560 milljónir króna samanber hér að framan. Ekki hefur verið tekið tillit til verðlagshækkana varðandi tölurnar sem fram koma í frumvarpinu.

Eins og kemur fram hér að framan var gert ráð fyrir að meðalkostnaður á hvern NPA samning skv. greinargerð með frumvarpinu væri 13.023 þús. kr. og þá væntanlega á verðlagi ársins 2018. Þessi fjárhæð framreiknað til ársins 2023 miðað við launavísitölu starfsmanna á almennum vinnumarkaði, sem hækkaði um 42,8% að meðaltali á milli áranna 2018 og 2023, gerir 18.597 þús. kr. Samanborið við að meðalkostnaður á hvern NPA samning árið 2023 var 45.236 þús. kr.

Ljóst má vera af framanrituðu að það sem gert var ráð fyrir í greinargerð með frumvarpi að lögum nr. 38/2018 hefur ekki raungerst. Ekki hefur náðst að gera 172 samninga eins og gert var ráð fyrir og kostnaðurinn að meðaltali er orðin allt að þrefalt (2,43 sinnum) það sem gert var ráð fyrir í greinargerð með frumvarpinu.

Að mati skýrsluhöfunda er mikilvægt að fram fari vinna við að meta í hverju þessi mikli kostnaðarmunur liggur, frá því sem löggjafinn gerði ráð fyrir við setningu laganna, og raunkostnaði við NPA samninga eins og hann hefur þróast.


Verði það niðurstaðan að löggjafinn hafi vanmetið kostnaðinn við setningu laganna er eðlilegt að löggjafinn sjái til þess að kostnaðarmunurinn verði bættur. Hins vegar verði það niðurstaðan að sveitarfélögin hafi gengið lengra en löggjafinn ætlaðist til verði sveitarfélögin hvert fyrir sig að ákveða hvort þau aðlagi samningana að því sem gert var ráð fyrir við setningu laganna nr. 38/2018 eða þau haldi áfram á þeirri vegferð sem hafin er varðandi NPA samninga og þá ekki fjármagnaðir að fullu með mörkuðum tekjum.

Leggja ber áherslu á þetta þar sem meðalkostnaður á hvern NPA samning hefur farið hækkandi á milli ára alveg frá árinu 2018 og þá langt umfram launa- og verðlagshækkunir.

Í desember 2023 var undirritað samkomulag milli ríkisins og sveitarfélaga um breytingu á fjármögnun þjónustu við fatlað fólk. Í 3. gr. segir meðal annars eftirfarandi varðandi NPA samninga:

- Vegna „aukins kostnaðar vegna NPA samninga. Lagt er til aukið framlag til NPA samninga þannig að 25% hlutur ríkisins í heildarkostnaði 172 samninga telst fullfjármagnaður að meðtöldu því framlagi sem þegar er í frumvarpi til fjárlaga 2024. Lýkur þá tilrauna- og innleiðingatímabili NPA og verður þá framkvæmd þjónustunnar alfarið á ábyrgð sveitarfélaga.“

Rétt er að fram komi að ekki hefur farið fram skoðun á því hvernig hefur tekist til á tilrauna- og innleiðingatímabili NPA samninga. Spyrja má hvort ekki sé eðlilegt að fram fari athugun á því og þá hvort innleiðingin hafi verið eins og hún var hugsuð með hliðsjón af því sem fram kom í greinargerð með frumvarpi að lögunum nr. 38/2018 og fjallað var um hér að framan?



Mynd 28: Áætlaður árlegur kostnaður við NPA samninga, í millj. kr. á verðlagi 2023, miðað við tiltekinn fjölda samninga.

Mynd 28 sýnir fjárhæð samninga miðað við tiltekinn fjölda samninga. Gert er ráð fyrir að meðalkostnaður sé eins og hann var fram til september árið 2023 á föstu verðlagi, eða 45.200 þús. kr. Myndin er unnin af HLH ráðgjöf.

Í september 2023 voru samningar 97 og kostnaðurinn við þá samtals 4.384 ma. kr. Ef samningar árið 2024 verða 172 eins og nú er stefnt að verður kostnaðurinn við þá 7.774 ma. kr. Hvað gerist eftir að búið er að gera 172 samninga? Verður haldið áfram að fjölga samningum? Sýnt er á myndinni hvernig kostnaðurinn muni þróast miðað við að samningum fjölgi um 10 ár hvert og meðalkostnaður verði eins og hann var árið 2023 fram í september það ár.

Ef gert er ráð fyrir, miðað við framangreint samkomulag við ríkið frá því í desember 2023, að fjöldi NPA samninga á hverjum tíma verði um 172 á landinu öllu, og ef stuðst er við hlutfall notenda hjá Reykjavíkurborg af heildarfjölda notenda, sem var 35% árið 2023, sem hlutfall Reykjavíkurborgar af árlegum fjölda NPA samninga, þ.e. af 172 samningum, ætti Reykjavíkurborg að vera með um 60 NPA samninga á hverjum tíma. Í ár eru samningarnir orðnir 40.

Tafla 66: NPA samningar skipt eftir þjónustusvæðum/sveitarfélögum í milljónum króna.

	2017				2018				2019				2020				2021				2022				2023				
	Fjöldi samninga	Hlutfall af fjölda samninga	NPA samtals	Hlutfall af NPA samtals	Fjöldi samninga	NPA samtals	Meðaltals kostnaður á samning	Fjöldi samninga	NPA samtals	Meðaltals kostnaður á samning	Fjöldi samninga	NPA samtals	Meðaltals kostnaður á samning	Fjöldi samninga	NPA samtals	Meðaltals kostnaður á samning	Fjöldi samninga	NPA samtals	Meðaltals kostnaður á samning	Fjöldi samninga	NPA samtals	Meðaltals kostnaður á samning	Fjöldi samninga	Hlutfall af fjölda samninga	NPA samtals	Hlutfall af NPA samtals	Meðaltals kostnaður á samning		
Eyjafljórdur	5	9,1%			8		0	9			8			7			8			9			9			9	9,3%		
Fjallabyggð og Dalvíkurbyggð	1	1,8%			1		0	2			2			3			3			4			4			4	4,1%		
Gardabær	5	9,1%			6		0	6			6			5			4			6			6			6	6,2%		
Hafnarfjarðarkaupstaður	7	12,7%			15	147.347	9.823	18	366.965	20.387	17	410.588	24.152	18	467.395	25.966	19	647.560	34.082	19	19,6%	782.533	17,8%	41.186	19	19,6%	782.533	17,8%	41.186
Kópavogsbær	1	1,8%			5		0	4			6			6			6			10			10			10	10,3%		
Mörfellsbær	12	21,8%	101.253	12,4%	13	105.763	8.136	11	105.021	9.547	9			11	103.472	9.407	9			10			10			10	24,06%		
Norðurland vestra	7	12,7%			7		0	7			6			5			4			4			4			4	4,1%		
Reykjavíkurborg	13	23,6%	300.401	36,7%	18	393.690	21.872	24	635.268	26.470	23	820.262	35.664	30	1.116.703	37.223	29	1.379.808	47.580	27	27,8%	1.620.702	36,9%	60.026	27	27,8%	1.620.702	36,9%	60.026
Suðurland	2	3,6%			2		0	4			4			4			4			5			5			5	5,2%		
Vestfirðir								1			1			1			1			1			1			1	1,0%		
Vesturland	2	3,6%			2		0	1			1			1			1			1			1			1	1,0%		
Reykjanesbær								1			1			1			1			1			1			1	1,0%		
Færri en 10 samningar			417.415	51,0%		393.487	12.693		594.305	17.480		943.190	21.935		931.112	28.216		1.351.132	32.954									1,29%	
Samtals	55	100,0%	819.069	100,0%	77	1.040.287	13.510	87	1.701.559	19.558	83	2.174.039	26.193	92	2.618.682	28.464	89	3.378.500	37.961	97	100,0%	4.387.936	100,0%	45.236	97	100,0%	4.387.936	100,0%	45.236

Heimild: Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið og Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.

Tafla 66 sýnir fjölda samninga skipt eftir þjónustusvæðum/sveitarfélögum og samningsfjárhæð samtals í millj. kr. þar sem NPA samningar voru fleiri en 10.

Samningsfjárhæðir eru sýndar hjá þeim þjónustusvæðum/sveitarfélögum þar sem voru 10 eða fleiri samningar og samtala samninga fyrir þjónustusvæði/sveitarfélög þar sem samningar voru færri en tíu.

Meðalkostnaður á hvern samning var hæstur hjá Reykjavíkurborg öll árin. Meðalkostnaður á hvern samning hjá Reykjavíkurborg var 60 millj. kr. árið 2023, þegar meðaltalið af öllum NPA samningum það ár var 45 millj. kr.

Árið 2017 var hlutfall NPA samninga hjá Reykjavíkurborg af öllum samningum það ár 23,6% og hlutfall fjárhæða NPA samninga af samningum samtals 36,7%.

Árið 2023 var hlutfall NPA samninga hjá Reykjavíkurborg af öllum samningum 27,8% og hlutfall af fjárhæð NPA samninga 36,9%.

Tafla 67: Skipting NPA samninga eftir fjárhæðum í þúsundum króna.

Landið allt			Reykjavíkurborg
	2018	2023	2023
70.000 og hærri		21	7
60.000 - 69.999		23	13
50.000 - 59.999		6	1
41.000 - 49.999		8	2
30.000 - 40.999	13	3	0
20.000 - 29.999	7	14	3
10.000 - 19.999	18	12	1
Lægri en 10.000	39	10	0
Samtals	77	97	27
Meðaltal samningsupphæða	13.510	45.236	60.026

Heimild: Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið.

Tafla 67 sýnir skiptingu NPA samninga eftir fjárhæðum í þús. kr., annars vegar fyrir landið allt árin 2018 og 2023 og hins vegar fyrir Reykjavíkurborg árið 2023.

Eins og fram kemur í töflunni var enginn NPA samningur hærri en 41 millj. kr. árið 2018. Hins vegar voru þeir orðnir 58 árið 2023, eða 60% af öllum samningum. Hjá Reykjavíkurborg voru 23 samningar hærri en 41 millj. kr., eða 85% af öllum samningum. Hjá Reykjavíkurborg voru 20 samningar hærri en 60 millj. kr. og þá 7 lægri.

Meðaltal samningsupphæða var 13.510 þús. kr. árið 2018, sem lætur nærri að vera sú upphæð sem gengið var út frá við setningu laganna nr. 38/2018, sbr. hér að framan. Árið 2023 var meðaltals kostnaðurinn kominn í 45.236 þús. kr. á landinu öllu, þegar hann hjá Reykjavíkurborg var 60.026 þús. kr.

Tafla 68: NPA samningar hjá Reykjavíkurborg og á landinu öllu.

	Fjöldi NPA samninga	Hlutfallsleg skipting	Þar af m. almenn framlög	Heildarfrjárhæð NPA samninga	Hlutfallsleg skipting	25% framlag	Almenn framlög	Framlög samtals	Mismunur á framlögum samtals og heildarfrjárhæð samninga	Meðal kostnaður NPA samninga	Meðal framlög á hvern NPA samning
2017, Reykjavíkurborg	13	23,6%	10	300.401.424	36,7%	75.100.356	126.735.836	201.836.192	-98.565.232	23.107.802	15.525.861
Landið allt	55		42	819.069.042		204.767.261	466.579.450	671.346.710	-147.722.332	14.892.164	12.206.304
2018, Reykjavíkurborg	18	23,4%	15	393.690.096	37,8%	98.422.524	234.876.034	333.298.558	-60.391.538	21.871.672	18.516.587
Landið allt	77		57	1.040.286.751		260.071.688	814.084.170	1.074.155.858	33.869.107	13.510.218	13.950.076
2019, Reykjavíkurborg	24	27,6%	20	635.268.399	37,3%	164.817.100	250.294.655	415.111.755	-220.156.644	26.469.517	17.296.323
Landið allt	87		64	1.701.558.637		431.389.659	911.228.551	1.342.618.210	-358.940.427	19.558.145	15.432.393
2020, Reykjavíkurborg	23	27,7%	22	820.261.574	37,7%	211.065.394	294.901.640	505.967.033	-314.294.541	35.663.547	21.998.567
Landið allt	83		70	2.174.039.184		561.212.196	1.052.070.059	1.629.881.999	-544.157.184	26.193.243	19.637.133
2021, Reykjavíkurborg	32	34,8%	23	1.119.503.748	41,9%	279.875.937	325.695.561	605.571.498	-513.932.250	34.984.492	18.924.109
Landið allt	92		68	2.673.860.857		668.465.214	965.982.163	1.634.447.377	-1.039.413.480	29.063.705	17.765.732
2022, Reykjavíkurborg	29	32,6%	25	1.379.807.778	40,8%	344.951.944	451.127.202	796.079.146	-583.728.632	47.579.579	27.451.005
Landið allt	89			3.378.499.747		844.624.937				37.960.671	
2023, Reykjavíkurborg	27	27,8%	27	1.620.701.654	36,9%	405.175.414	573.547.304	978.722.718	-641.978.936	60.025.987	36.248.990
Landið allt	97			4.387.935.609		1.096.983.902				45.236.450	

Heimild: Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið, Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og Reykjavíkurborg.

Tafla 68 sýnir fjölda, heildarfrjárhæð NPA samninga og framlög sem tengjast notendum með NPA samninga hjá Reykjavíkurborg og á landinu öllu.

Öll árin eru meðalkostnaður vegna NPA samninga nokkru hærri hjá Reykjavíkurborg en meðaltalið fyrir landið allt. Árið 2023 voru meðalútgjöld á hvern NPA samning fyrir landið allt 45 millj. kr. til samanburðar við 60 millj. kr. hjá Reykjavíkurborg. Þannig voru samningar hjá Reykjavíkurborg að meðaltali 15 millj. kr. hærri en meðaltalið fyrir landið allt árið 2023.

Einnig var hlutfall fjölda NPA samninga hjá Reykjavíkurborg af heildarfjölda NPA samninga nokkru lægra en hlutfall heildarfrjárhæð NPA samninga hjá Reykjavíkurborg sem hlutfall af heildarfrjárhæð allra samninga öll árin.

Á þessum árum var hlutfall NPA samninga af heildarfjölda NPA samninga á landinu öllu hjá Reykjavíkurborg frá því að vera 23,4% þegar það var lægst árið 2018 upp í 34,5% þegar það var hæst árið 2021. Á sama hátt var samtala samninga hjá Reykjavíkurborg sem hlutfall af heildarfrjárhæð samninga á landinu öllu lægst 36,7% árið 2017 en hæst 41,9% árið 2021.

Tafla 69: NPA samningar skipt eftir fjölda, frjárhæðum, framlögum og meðaltali, annars vegar hjá Reykjavíkurborg og hins vegar öðrum þjónustuvæðum/sveitarfélögum en Reykjavíkurborg.

	Fjöldi NPA samninga	Þar af m. almenn framlög	Heildarfrjárhæð NPA samninga	Framlög samtals	Mismunur á framlögum samtals og heildarfrjárhæð samninga	Meðal kostnaður NPA samninga	Samningar hjá Rvíkurborg að meðaltali hærri en hjá öðrum þjónustuvæðum/sveitarfélögum	Almenn framlög	Meðal almenn framlög á hvern NPA samning	Meðal framlög samtals á hvern NPA samning	Meðal almenn framlög þeirra sem voru með almenn framlög
2017, Reykjavíkurborg	13	10	300.401.424	201.836.192	-98.565.232	23.107.802	10.758.573	126.735.836	9.748.910	15.525.861	12.673.584
Landið allt án Reykjavíkurborgar	42	32	518.667.618	469.510.518	-49.157.100	12.349.229		339.843.613	8.091.515	11.178.822	10.620.113
2018, Reykjavíkurborg	18	15	393.690.096	333.298.558	-60.391.538	21.871.672	10.912.407	234.876.034	13.048.669	18.516.587	15.658.402
Landið allt án Reykjavíkurborgar	59	42	646.596.655	740.857.300	94.260.645	10.959.265		579.208.136	9.817.087	12.556.903	13.790.670
2019, Reykjavíkurborg	24	20	635.268.399	415.111.755	-220.156.644	26.469.517	9.544.275	250.294.655	10.428.944	17.296.323	12.514.733
Landið allt án Reykjavíkurborgar	63	44	1.066.290.237	927.506.455	-138.783.782	16.925.242		660.933.896	10.491.014	14.722.325	15.021.225
2020, Reykjavíkurborg	23	22	820.261.574	505.967.033	-314.294.541	35.663.547	13.100.587	294.901.640	12.821.810	21.998.567	13.404.620
Landið allt án Reykjavíkurborgar	60	48	1.353.777.610	1.123.914.966	-229.862.644	22.562.960		757.168.419	12.619.474	18.731.916	15.774.342
2021, Reykjavíkurborg	32	23	1.119.503.748	605.571.498	-513.932.250	34.984.492	9.078.540	325.695.561	10.177.986	18.924.109	14.160.677
Landið allt án Reykjavíkurborgar	60	45	1.554.357.108	1.028.875.879	-525.481.230	25.905.952		640.286.602	10.671.443	17.147.931	14.228.591
2022, Reykjavíkurborg	29	25	1.379.807.778	796.079.146	-583.728.632	47.579.579	14.268.046	451.127.202	15.556.110	27.451.005	18.045.088
Landið allt án Reykjavíkurborgar	60		1.998.691.969			33.311.533					
2023, Reykjavíkurborg	27	27	1.620.701.654	978.722.718	-641.978.936	60.025.987	20.494.074	573.547.304	21.242.493	36.248.990	21.242.493
Landið allt án Reykjavíkurborgar	70		2.767.233.955			39.531.914					
Samtals 2017 til 2021, Reykjavíkurborg					-1.207.340.205						
Landið allt án Reykjavíkurborgar					-849.024.111						
Samtals 2017 til 2023, Reykjavíkurborg					-2.433.047.773						

Heimild: félags- og vinnumarkaðsráðuneytið, Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og Reykjavíkurborg.

Tafla 69 sýnir fjölda NPA samninga, heildarfjárhæð þeirra, framlög frá JS og meðaltal kostnaðar NPA samninga annars vegar fyrir Reykjavíkurborg og hins vegar önnur þjónustusvæði/sveitarfélög en Reykjavíkurborg.

Á tímabilinu 2017 til og með 2021 var mismunur á framlögum frá JS samtals og - heildarfjárhæð samninga hærri hjá Reykjavíkurborg en hjá öðrum sveitarfélögum nema árið 2021 þegar umfram kostnaðurinn var nokkuð áþekkur. Það ár var Reykjavíkurborg með 32 NPA samninga en önnur þjónustusvæði/sveitarfélög með samtals 60 NPA samninga.

Samanlagður umfram kostnaður árin 2017 til 2021 hjá Reykjavíkurborg var 1.207 millj. kr. þegar hann var 849 millj. kr. hjá öðrum þjónustusvæðum/sveitarfélögum.

Meðalkostnaður á hvern NPA samning var öll árin hærri hjá Reykjavíkurborg en hjá öðrum þjónustusvæðum. Lægstur var munurinn árið 2021 þegar hann var 9.078 þús. kr., mestur árið 2023 þegar hann var 20.494 þús. kr.

Þegar meðaltal almennra framlaga á hvern NPA samning eru skoðuð annars vegar hjá Reykjavíkurborg og hins vegar hjá öðrum þjónustusvæðum/sveitarfélögum vekur það athygli að meðal almenn framlög á hvern samning voru hærri hjá Reykjavíkurborg árin 2017 (RVK: 9,7 m.kr. á móti 8,1 m.kr.) og 2018 (RVK: 13,0 á móti 9,8 m.kr.) en eru síðan áþekk árin 2020-2022.

Af þessu má ætla að stuðningsparfir þeirra sem fengu þjónustu í gegnum NPA samning hjá Reykjavíkurborg árin 2017-2018 hafi verið meiri en almennt annars staðar á landinu en 2019-2022 hafi stuðningsparfir þeirra sem bjuggu í Reykjavík og voru með NPA samning verið sambærilegar þeim sem bjuggu í öðrum sveitarfélögum.

Það eru því ekki vísbendingar um það í þessum gögnum að hægt sé að skýra hærri meðal fjárhæð NPA samninga út frá ríkari stuðningsþörfum þeirra einstaklinga sem sömdu um NPA samninga við Reykjavíkurborg á tímabilinu 2019-2022.

Í janúar 2023 var stofnað sérfræðiteymi um NPA. Fjórir fulltrúar eru í teyminu, einn frá hverri miðstöð. Félagsráðgjafi Norðurmiðstöðvar er í forsvari fyrir teymið. Eitt af hlutverkum teymisins er að afgreiða umsóknir um NPA þvert á miðstöðvar og voru því settir niður fastir NPA fagfundir. Auk fastafulltrúa sitja fagfundi teymisins þeir ráðgjafar sem eru með mál á fundinum og þeir ráðgjafar sem eru lausir þegar fundur er haldinn. Fjöldi ráðgjafa á fundum teymisins er breytilegur, sveiflast frá fjórum upp í tíu. Það fer eftir því hvað mörg mál eru á dagskrá og hvað margir ráðgjafar fylgja þeim málum. Fagfundirnir eru að jafnaði einu sinni í mánuði hverjum.

Með sérfræðiteyminu voru teknir upp sameiginlegir matsfundir miðstöðvanna vegna NPA samninga. Með því hefur mat og vinnsla við gerð samninga á milli miðstöðva verið samræmt. Áður var samræmt verklag um vinnslu umsókna en umsókn var tekin fyrir og samþykkt á biðlista á fagfundi hvers miðstöðvar fyrir sig. Lítið samráð var á milli miðstöðva varðandi NPA samninga áður en sérfræðiteymið tók til starfa.

Samþykki sérfræðiteymið NPA samning fer hann á biðlista og til afgreiðslu hjá úthlutunarteymi á velferðarsviði. Í úthlutunarteyminu sitja tveir verkefnastjórar á

velferðarsviði, deildarstjóri Austurmiðstöðvar og ráðgjafi af Suðurmiðstöð. Auk þess eru til ráðgjafar lögfræðingur og sérfræðingur á fjármálaskrifstofu Velferðarsviðs.

Við vinnslu NPA samninga er unnið með eftirfarandi verkferla:

- ✓ Verkferill – Umsóknarferill NPA
- ✓ Verkferill – Setja nýjan NPA samning af stað
- ✓ Verkferill – Þjónustugreiðslur í málaskrá
- ✓ Verkferill – Að búa til NPA samning í málaskrá
- ✓ Verkferill – Eftirfylgd ráðgjafa við notendur með virka samninga
- ✓ Verkferill – Endurnýjun NPA samnings

Fulltrúar í sérfræðiteyminu fara yfir öll gögn sem fylgja umsókn um NPA fyrir sína miðstöð fyrir fagfundinn og gera athugasemdir ef um slíkt er að ræða fyrir fundi teymisins.

Að jafnaði er það þannig að ef notandi hefur verið með stoðþjónustu og sækir um NPA samning vinnur sá ráðgjafi sem þjónaði viðkomandi NPA samninginn og leitar aðstoðar hjá þeim ráðgjafa sem situr í sérfræðiteyminu fyrir hönd viðkomandi miðstöðvar.

Mikið álag er á ráðgjöfum um hver áramót vegna endurnýjunar á samningum en allir samningar eru endurnýjaðir um hver áramót. Það þarf að taka viðtöl við notendur og skrá þau. Allt þetta eykur verulega á álagið.

Ekki hefur gefist tími til að endurskoða eldri samninga eins og æskilegt væri. Elsti samningurinn er frá 2013. Við endurnýjun á samningum er með NPA notanda farið yfir hvernig samningur nýtist, sem felur í sér ákveðna endurskoðun. En skoða mætti að hafa gátlista/spurningalista fyrir ráðgjafa vegna þessara samtala svo samtalið sé nægilega ítarlegt og geti talist sem endurskoðun. Gátlistar eru jafnframt gott samhæfingartæki milli miðstöðva að sögn ráðgjafa.

Ef óskað er eftir fleiri klukkustundum í þjónustu vegna NPA samnings þarf viðkomandi að leggja fram rökstuðning fyrir fjölgun tíma. Allar slíkar umsóknir eru afgreiddar í sérfræðihópnum og fá samskonar meðferð í vinnslu eins og um nýjan samning væri að ræða.

Í samningum Reykjavíkurborgar um NPA samninga er ákvæði um viðbótargreiðslu vegna langtímaveikinda starfsmanna viðkomandi notanda. Reykjavíkurborg greiðir kostnað vegna þess en á möguleika á að fá endurgreiðslu frá Jöfnunarsjóði.

Ráðgjafi er í nokkrum hlutverkum gagnvart sínum notendum vegna NPA- og beingreiðslusamninga. Hann sinnir öllum samskiptum við notandann. Auk þess að vera ráðgjafi viðkomandi notanda þarf hann að ganga á eftir skilum á uppgjörum, endurgreiðslum, ef um slíkt er að ræða o.s.frv. Hann þarf m.a. að fara yfir uppgjör á rekstri þjónustunnar hjá viðkomandi notendum. Undantekning frá þessu er í Suðurmiðstöð en þar hefur rekstrarstjóri miðstöðvarinnar tekið að sér að fara yfir uppgjör vegna NPA notanda. Fram kom í samtali að ráðgjafi hafi jafnvel ekki þekkingu til að fara yfir slík rekstraruppgjör. Vegna ýmissa hlutverka ráðgjafans gagnvart notendum getur það flækt samskipti hans við þá. Æskilegt væri að ráðgjafinn væri eingöngu í

ráðgjafahlutverki gagnvart notandanum. Síðan sæi annar um þætti eins og að ganga á eftir skilum á gögnum, endurgreiðslum, yfirferð á rekstraruppgjörum o.s.frv.

Tafla 70: Samanteknar upplýsingar varðandi NPA samninga hjá Reykjavíkurborg.

	Norðurmiðstöð	Vesturmiðstöð	Suðurmiðstöð	Austurmiðstöð	Samtals
Fjöldi deildarstjóra í málefnum fatlaðs fólks	1	1	1	1	4
Fjöldi ráðgjafa í málefnum fatlaðs fólks, þ.m.t. v/barna	5	4	4	8	21
Fjöldi NPA samninga	20	7	4	9	40
Fjöldi ráðgjafa sem koma að gerð NPA samninga	4	2	1	8	15
Fjöldi NPA samninga þar sem veitt er heilbrigðistengdþjónusta*	5	4	3	1	13
Fjöldi notenda með NPA samninga sem eru í námi	1	1	0	3	5
Fjöldi notenda með NPA samninga, sem eru í vinnu á almennum vinnumarkaði	13	3	1	2	19
Fjöldi notenda með NPA samninga sem eru í vinnu og virkni (hæfingu)	2	1	0	3	6
Fjöldi NPA samninga sem hafa verið samþykktir en eru í bið	13	6	2	9	30
Fjöldi óafgreiddra umsókna um NPA samninga	1	0	0	1	2
Fjöldi NPA samninga sem viðbót við gildandi samning hefur verið samþykkt en eru í bið	3	1	0	4	8
Fjöldi óafgreiddra umsókna um viðbót við gildandi NPA samning		0	0	2	2

* Telja skal með alla samninga sem gætu verið á gráusvæði varðandi heilbrigðis- og félagsþjónustu.
T.d. skal hér telja samninga þar sem notandi er með MND-sjúkdóm o.s.frv.

Heimild: Hverfamiðstöðvar.

Tafla 70 sýnir samanteknar upplýsingar varðandi NPA samninga hjá Reykjavíkurborg. Upplýsingarnar voru teknar saman í ágúst 2024.

Fjöldi NPA samninga var 40 í ágúst 2024. Fæstir voru samningar í Suðurmiðstöð, eða fjórir, en flestir í Norðurmiðstöð, eða 20, sem er helmingurinn af þeim samningum sem eru í gildi. Alls koma 15 ráðgjafar að þessum 40 samningum.

Af þessum 40 samningum eru 13 þar sem einnig er um einhvers konar heilbrigðisþjónustu að ræða. Skoða þarf hvort hér sé um nýjan hóp að ræða sem skilgreindur er sem fatlað fólk. Sé um að ræða fötlun sem afleiðingu af sjúkdómi svo sem MND o.s.frv. þá var ekki gert ráð fyrir þeim hópi í því mengi sem skilgreint var sem fatlað fólk þegar sveitarfélögin tóku yfir málaflokkinn.

Einnig þarf að gæta að því að ekki sé um að ræða heilbrigðisþjónustu sem þarfnast leyfis ráðherra og/eða heilbrigðisstarfsfólki beri að sinna. Leggja ber áherslu á mikilvægi þess að skýra þessi óljósu mörk á milli félags- og heilbrigðisþjónustu eins vel og mögulegt er, enda er það hvorki í hag starfsfólks né skjólstæðinga þess og sveitarfélags að óvissa sé um þjónustubörf, hæfniskröfur til að veita umrædda þjónustu eða að sú þjónusta sé yfirleitt veitt á réttu þjónustustigi.

Af þessum 40 notendum sem voru með NPA samning í ágúst 2024 voru 24 í námi eða í vinnu á almennum markaði. Sex voru í vinnu og virkni á vegum Reykjavíkurborgar.

Afgreiddir hafa verið 30 samningar sem eru í bið eftir úthlutun. Tvær umsóknir eru óafgreiddar.

Starfandi er NPA teymi fyrir sveitarfélögin í Kraganum. Félagsráðgjafi, sem er í forsvari fyrir sérfræðiteyminu, situr í hópnum ásamt verkefnastjóra á skrifstofu um málefni fatlaðs fólks.

Samkvæmt reglugerð um NPA aðstoð nr. 1250/2018 fer 15% af samningsupphæð NPA samninga í umsýslu og starfsmannakostnað. 5% eiga að standa undir ýmsum kostnaði hjá notanda eins og varðandi starfsmenn o.s.frv. Þessi greiðsla fer inn á sérstakan

reikning hjá notanda. Ekki hefur verið fylgst með í hvað þessir peningar hafa farið og notendur hafa ekki þurft að skila uppgjöri. Samkvæmt upplýsingum frá Velferðarsviði (janúar 2025) var kallað eftir upplýsingum vegna þessa um síðast liðin áramót (2024/2025). Síðan eru 10% ætlaðar til að standa undir kostnaði vegna umsýslu vegna samningsins. Ekki er heldur gerð grein fyrir hvernig þessum peningum er varið. Rétt er að fram komi að ágreiningur hefur komið upp við umsýsluaðila varðandi það undir hverju þessar greiðslur eigi að standa. Sem dæmi má nefna það atriði hvort umsýsluaðili eigi að sjá um skipulag vakta o.s.frv.? Þetta hefur leitt til aukins kostnaðar vegna aðstoðarverkstjórnar hjá viðkomandi notanda.

Hér getur verið um nokkuð háar upphæðir að ræða, þ.e. 15% af samningsupphæð. Ljóst er að samningsupphæðir NPA samninga eru mun hærri en áætlað var þegar þessi hlutföll voru ákveðin.

Meðal kostnaður á hvern NPA samning hjá Reykjavíkurborg árið 2023 var 60 millj. kr. Þannig að um 6 millj. kr. eiga að standa að meðaltali undir umsýslukostnaði og 3 millj. kr. vegna annarra útgjalda og greiðist beint til notandans. Ef samningur er upp á 90 millj., kr. eru um 9 millj. kr. ætlaðar í umsýslu og um 4,5 millj. kr. í annað, eða samtals 13,5 millj. kr. Auk þessa fá sumir notenda viðbótargreiðslur vegna aðstoðarverkstjórnar.

Árið 2023 var samtala NPA samninga hjá Reykjavíkurborg 1.621 millj. kr. Þar af var umsýslukostnaður (10%) 162 millj. kr. og greiðslur til notenda (5%) 81 millj. kr. eða samtals 243 millj. kr.

Beingreiðslusamningar

Ráðgjafar miðstöðvanna annast einnig gerð beingreiðslusamninga. Verklagsreglur vegna beingreiðslusamninga eru ekki jafn skýrar og varðandi NPA samninga. Það hefur skapað ýmis vandamál hjá ráðgjöfum þar sem ramminn er ekki nógu skýr og þá m.a. vegna þess fjármagns sem er til ráðstöfunar hverju sinni.

Áður var lítið samráð um beingreiðslusamninga en undanfarin tvö ár hafa verið sameiginlegir fundir miðstöðva undir heitinu FAS, fagfundir stoðþjónustu. Fundirnir eru allt að mánaðarlega og þá sitja ráðgjafar og deildarstjórar í málaflokki fatlaðra. Á fundunum gefst tækifæri til að taka fyrir umsóknir um stoðþjónustu sem þarfnast speglunar, þ. á m. umsóknir um beingreiðslusamninga. Fundirnir eru þannig leið til að samræma mat umsókna. Þessa fundi sitja allt að 26 fulltrúar sem skiptast þannig á milli miðstöðva (tafla 71).

Tafla 71: Fjöldi fulltrúa sem sitja fagfundi stoðþjónustu (FAS fundi) og skipting þeirra milli miðstöðva.

	Fjöldi fulltrúa
Norðurmiðstöð	9
Vesturmiðstöð	6
Austurmiðstöð	6
Suðurmiðstöð	4
Rafræn miðstöð	1
Samtals	26

Gerð beingreiðslusamninga getur m.a. ráðist af fjárhagstöðu hvernar hverfamiðstöðvar fyrir sig.

Ráðgjafar gera tillögu um beingreiðslusamninga til fagfundar þar sem sitja ráðgjafar í stoðþjónustu og deildarstjóri viðkomandi miðstöðvar. Fagfundur samþykkir eða hafnar því að beingreiðslusamningur fari á biðlista. Biðlistinn fer síðan til afgreiðslu hjá deildarstjóra og rekstrarstjóra viðkomandi miðstöðvar. Beingreiðslusamningar eru greiddir úr stoð- og stuðningsþjónustupotti viðkomandi miðstöðvar.

Verklagið hefur verið þannig að deildarstjóri og rekstrarstjóri á hverri hverfamiðstöð taka ákvörðun um gerð beingreiðslusamnings. Þannig getur skapast mismunur fyrir notendur, hvort þeir fái samning eða ekki eftir því hvaða miðstöð viðkomandi tilheyrir þar sem fjárhagsstaða viðkomandi miðstöðvar getur ráðið úrslitum um gerð samnings.

Beingreiðslusamningar eru án umsýslugjalds en sumir samningar eru með greiðslu vegna útlagðs kostnaðar, þ.e. 5.110 kr. á mánuði, og vegna aksturs að hámarki 70 km á mánuði, eða 9.870 kr.

Eins og varðandi NPA samninga eru allir beingreiðslusamningar endurnýjaðir í desember ár hvert. Vegna þessa skapast mikið álag í lok hvers árs sem getur leitt til mistaka.

Kemur til greina að vera með miðlægt fjárhagslegt eftirlit með NPA- og beingreiðslusamningum og aðskilja það frá ráðgjöfinni? Fram kom í samtölum við ráðgjafa að þeir legðu áherslu á að þetta verði gert.

Tafla 72: Fjöldi beingreiðslusamninga skipt eftir miðstöðvum.

	Norðurmiðstöð	Vesturmiðstöð	Suðurmiðstöð	Austurmiðstöð	Samtals
Fjöldi beingreiðslusamninga	13	10	1	11	35
Fjöldi beingreiðslusamninga, sem hafa verið samþykktir en eru í bið	0	0	0	2	2
Fjöldi óafgreiddra umsókna um beingreiðslusamninga	0	0	0	3	3

Heimild: Hverfamiðstöðvar.

Tafla 72 sýnir fjölda beingreiðslusamninga og hvernig hann skiptist á milli miðstöðva. Tekið saman í ágúst 2024.

Beingreiðslusamningar í ágúst 2024 voru 35. Hjá Suðurmiðstöð var einungis einn samningur. Hinar miðstöðvarnar voru með frá 10 til 13 samninga. Tveir samningar eru í bið og þrjár umsóknir eru óafgreiddar.

Tafla 73: Fjöldi beingreiðslusamninga og fjárhæð þeirra samtals í þúsundum króna.

	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Fjöldi samninga	78	67	56	52	57	54
Samningar samtals	424.541	372.011	374.114	360.084	498.201	481.537
Meðalkostnaður á hvern samninga	5.443	5.552	6.681	6.925	8.740	8.917
Fjöldi með almenn framlög	31	35	37	28	26	29
Fjöldi ekki með framlög	47	32	19	24	31	25
Fjöldi í SIS 5 og ofar en ekki með framlög	0	0	0	0	6	2
Fjöld samninga hærri en 10 m.k. en ekki framlög	2	0	0	0	7	4

Heimild: Reykjavíkurborg.

Tafla 73 sýnir fjölda beingreiðslusamninga og samtals fjárhæð þeirra ásamt upplýsingum um framlög þeim tengdum.

Eins og fram kemur í töflunni fer beingreiðslusamningum fækkandi. Voru 78 árið 2018, en 54 árið 2023. Eins og kemur fram í töflu 18 hér að framan voru þeir 35 í ágúst 2024. Samtala fjárhæða samninga var ýmist að lækka eða hækka á milli árána. Hæst var upphæðin 2022, eða 498 millj. kr., en lægst árið 2019, eða 372 millj. kr. Árið 2023 nam upphæðin 482 millj. kr.

Árið 2023 voru 29 almenn framlög sem tengdust notendum með beingreiðslusamninga. Þannig voru það ár 25 samningar sem almenn framlög tengdust ekki. Það vekur athygli að eitt árið voru tveir beingreiðslusamningar yfir 30 millj. kr. en þeim tengdust ekki almenn framlög.

Tafla 74: Skipting beingreiðslusamninga eftir fjárhæðum á verðlagi hvers árs.

Í þúsundum króna	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Yfir 30.000				2	2	
20.000 til 29.999	3	2	2	2	1	2
15.000 til 19.999	2	3	4	1	4	5
10.000 til 14.999	5	2	2	4	13	15
5.000 til 9.999	26	21	17	11	16	14
3.000 til 4.999	10	17	19	24	15	10
500 til 2.999	27	18	12	8	5	8
Lægri en 499	5	4	0	0	1	0
Samtals	78	67	56	52	57	54
Hlutfall samninga hærri en 10 millj. kr.	13%	10%	14%	13%	32%	41%

Heimild: Reykjavíkurborg.

Tafla 74 sýnir fjölda beingreiðslusamninga skipt eftir fjárhæðum.

Árið 2023 voru 22 beingreiðslusamningar hærri en 10 millj. kr., eða 41% af samningum þess árs. Athygli vekur breytingin sem verður á milli árána 2021 og 2022 hvað varðar hlutfall samninga sem voru hærri en 10 millj. kr. Hlutfallið var 13% árið 2021 en fer í 32% árið 2022 og hækkar síðan í 41% árið 2023. Á árunum 2018 til 2021 var þetta hlutfall á bilinu frá 10% upp í 14%.

Aðrir samningar og styrktarsamningar

Hér verður fjallað um aðra samninga (utan NPA- og beingreiðslusamninga) og styrki sem eru í gildi vegna þjónustu við fatlað fólk hjá Reykjavíkurborg.

Styrktarsamningar

Í gildi eru sex styrktarsamningar sem gjaldfærðir eru á málaflokkinn.

Tafla 75: Yfirlit yfir styrktarsamninga sem gjaldfærðir eru á málaflokk fatlaðs fólks.

Samningsaðili	Undirskrift, dagsetning	Gildir frá	Gildir til	Samnings-upphæð	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Landssamtökin Geðhjálp	25.5.2022	1.1.2022	31.12.2024	2.000.000	4.000.000	3.000.000	3.000.000	3.000.000	2.000.000	2.000.000
Sjálfshjörg höfuðborgarsvæðisins	3.5.2022	1.1.2022	31.12.2024	1.000.000	1.000.000	1.000.000	2.900.000	1.900.000	1.000.000	1.000.000
Klúbburinn Geysir	17.5.2022	1.1.2022	31.12.2024	5.000.000	3.000.000	3.000.000	3.000.000	3.000.000	5.000.000	5.000.000
Hlutverkasetur	10.6.2022	1.1.2022	31.12.2024	10.000.000		9.650.000	9.650.000	9.650.000	10.000.000	10.000.000
Hugaraftl	25.5.2023	1.1.2023	31.12.2025	2.000.000	4.500.000	4.000.000	5.000.000	5.500.000	5.500.000	2.000.000
MSfélag Íslands	1.9.2023	1.1.2023	31.12.2025	3.000.000	800.000	1.200.000	1.200.000	2.000.000	2.000.000	3.000.000
Blindrafélagið	1.9.2023	1.1.2023	31.12.2025	3.000.000	4.200.000	3.000.000	3.000.000	5.000.000	3.000.000	3.000.000
Félag heyrnarlausa	26.6.2023	1.1.2023	31.12.2025	4.000.000	4.600.000	4.600.000	3.000.000	4.000.000	4.000.000	4.000.000
Samtals				30.000.000	22.100.000	29.450.000	30.750.000	34.050.000	32.500.000	30.000.000

Heimild: Reykjavíkurborg

Tafla 75 sýnir yfirlit yfir styrktarsamninga sem gerðir hafa verið og voru í gildi í desember 2024.

Þrír samningar voru gerðir 2022 og gilda þeir til 31. desember 2024. Árið 2023 voru gerðir fjórir samningar og gilda þeir til 31. desember 2025.

Greiðslur vegna ára 2018 til og með ársins 2021 og einnig árið 2022 vegna Hugaraflds eru væntanlega skv. eldri samningum.

Samanlagðar árlegar greiðslur voru frá 29,5 millj. kr. árið 2019 upp í 34,1 millj. kr. árið 2021 þegar greiðslurnar voru hæstar. Árið 2023 voru samanlagðar greiðslur samninga 30 millj. kr. Vantar upplýsingar um greiðslur til Hlutverkaseturs árið 2018.

Ás styrktarfélag

Í gildi er einn samningur við Ás styrktarfélag, sem undirritaður var 15. október 2021 og gildir frá 1. janúar 2021 til 31. desember 2025. Samningurinn nær yfir þrjá þjónustubætti, virknipjónustu, dagþjónustu fyrir fötluð börn á leikskólaaldri og búsetuþjónustu. Hér að framan hefur verið fjallað um virknipjónustuna.

Búsetuþjónusta hjá Ás styrktarfélagi

Samkvæmt samningunum tekur Ás styrktarfélag að sér að veita fólki með þroskahömlun og skyldar raskanir þjónustu og húsnæði. Heimilin eru fimm og íbúar þeirra 36. Í 3. gr. a) segir m.a.: „Þjónustusali tekur að sér veita fólki með þroskahömlun og skyldar raskanir, sem eru með lögheimili í Reykjavík, þjónustu og húsnæði.“ Í 4. gr. er kveðið á um að árlegar greiðslur vegna þessa nemi 747.610 þús. kr. Auk þess greiða íbúar leigu fyrir það húsnæði sem þeir hafa til afnota beint til Ás styrktarfélags.

Sérhæfð þjónusta við fötluð börn á leikskólaaldri

Samkvæmt samningum tekur Ás styrktarfélag að sér að veita þrjú dagrymi í sérhæfðri þjónustu við fötluð börn á leikskólaaldri með lögheimili í Reykjavík. Hvert dagrymi er átta klukkustundir. Þau skulu nýttast jafnmörgum eða fleiri einstaklingum eftir úthlutaðri lengd daglegrar viðveru hvers og eins. Þjónustan fer fram í Lyngási.

Tafla 76: Greiðslur vegna dagryma fyrir fötluð börn á leikskólaaldri í þúsundum króna og fjöldi dagryma.

	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Greiðslur	39.000	40.500	38.000	38.253	45.000	39.000
Fjöldi notenda	5	5	5	3	3	3
Kostnaður á hvern notanda	7.800	8.100	7.600	12.751	15.000	13.000

Heimild: Reykjavíkurborg

Tafla 76 sýnir greiðslur vegna dagryma fyrir fötluð börn og fjölda dagryma.

Eins og fram kemur í töflunni hafa greiðslurnar ýmist verið að hækka eða lækka á milli ára. Dagrymin voru fimm árin 2018 til 2020 en eftir það þrjú.

Meðalkostnaður á hvert dagrymi var 13 millj. kr. árið 2023 en 15 millj. kr. árið 2022.

Embla

Í ágúst 2023 gerði velferðarsvið samning við Emblu sjálfseignastofnun þar sem Embla tekur að sér sértæka þjónustu fyrir fatlað fólk með alvarlegar þroska- og/eða geðraskanir. Samkvæmt samningnum skal gerður sér samningur um þjónustu við hvern einstakling sem býr á heimili sem er í rekstri þjónustusala. Samningurinn er ótímabundinn.

Árið 2023 voru tveir notendur í þjónustu hjá Emblu. Annar var í sex mánuði og hinn níu. Samtals greiðslur vegna þessa árið 2023 námu 108.102 millj. kr. Miðað við það reiknast meðalkostnaður á notanda í heilt ár 84,4 millj. kr.

Klettabær

Í október 2021 gerði Velferðarsvið Reykjavíkurborgar og Klettabær ehf., samkomulag um skilmála sem gilda skulu um samninga sem samkomulagsaðilar gera sín á milli um dvöl barna og ungmenna á heimilum sem eru í rekstri hjá Klettabæ. Þannig tekur Klettabær ehf. að sér að þjónustu skv. samkomulaginu annars vegar við börn og hins vegar við ungmenni 18 ára og eldri.

Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er kveðið á um að gera skuli sér samning um þjónustu við hvert barn/ungmenni sem dvelur á heimili sem Klettabær rekur.

Tafla 77: Greiðslur til Klettabæjar í þúsundum króna vegna keyptrar þjónustu, fjöldi notenda og fjöldi mánaða

Samtala notenda með skilgreinda fötlun og vistun á grundvelli barnaverndarlaga.	2019	2020	2021	2022	2023	Hlutfallsleg hækkun 2019 til 2023
Klettabær, greiðslur	832.012	1.248.331	1.310.372	1.496.190	1.496.613	
Notendur	8	12	15	21	18	
Samtals mánuðir í keyptri þjónustu	82	129	124	136	127	
Meðalfjöldi notenda í vistun á mánuði	6,8	10,8	10,3	11,3	10,6	
Meðal kostnaður á notanda miðað við heilt ár (12 mánuði)	121.758	116.124	126.810	132.017	141.412	16,1%

Samtala notenda með skilgreinda fötlun.	2019	2020	2021	2022	2023	Hlutfallsleg hækkun 2019 til 2023
Klettabær, greiðslur	832.012	1.119.528	1.301.294	1.465.487	1.385.588	
Notendur	8	11	13	17	15	
Samtals mánuðir í keyptri þjónustu	82	125	134	134	115	
Meðalfjöldi notenda í vistun á mánuði	6,8	10,4	11,2	11,2	9,6	
Meðal kostnaður á notanda miðað við heilt ár (12 mánuði)	121.758	107.475	116.534	131.238	144.583	18,7%

Heimild: Reykjavíkurborg

Tafla 77 sýnir greiðslur til Klettabæjar, fjölda notenda og samtölu mánaða sem notendur voru á heimili hjá Klettabæ árin 2019 til 2023. Annars vegar samtölu notenda með skilgreinda fötlun og vistun á grundvelli barnaverndarlaga. Hins vegar notendur eingöngu með skilgreinda fötlun. Ekki lágu fyrir upplýsingar vegna ársins 2018.

Árið 2023 voru samtals 15 notendur í þjónustu hjá Klettabæ með skilgreinda fötlun í mislangan tíma. Allt frá einum mánuði upp í 12 mánuði. Samtals var keypt þjónusta vegna þessara notenda í 115 mánuði. Miðað við það var meðalfjöldi notenda á mánuði 9,6 og þá meðal kostnaður miðað við heilt ár á hvern notanda 144,5 millj. kr. Samanborið við 121,8 millj. kr. árið 2019 þegar meðalfjöldi notenda í vistun á mánuði var 6,8. Leggja ber áherslu á að hér er um ákveðna nálgun að ræða hvað meðalkostnað varðar. Kostnaður við hvern notanda getur verið nokkuð mismunandi eftir þjónustupörf hvers og eins.

Af þessum 15 notendum árið 2023 voru 4 undir 18 ára aldri.

Vinakot

Áþekk þjónustu og veitt er hjá Klettabæ var fengin hjá Vinakoti árin 2019 og 2020. Eftir árið 2020 hefur ekki verið keypt þjónusta af Vinakoti

Tafla 78: Greiðslur til Vinakots í þúsundum króna vegna keyptrar þjónustu, fjöldi notenda og fjöldi mánaða

	2019	2020	2021	2022	2023
Vinakot, greiðslur	130.359	100.882			
Notendur	3	4			
Samtals mánuðir í keyptri þjónustu	28	28			
Meðalfjöldi notenda í vistun á mánuði	2,3	2,3			
Meðal kostnaður á notanda miðað við heilt ár (12 mánuði)	55.868	43.235			

Tafla 78 sýnir greiðslur til Vinakots, fjölda notenda og samtölu mánaða sem notendur voru á heimili hjá Vinakoti árin 2019 og 2020.

Eins og þarna kemur fram er meðalkostnaður á hvern notanda nokkru lægri en hjá Klettabæ. Líkleg skýring á því er að notendur sem þar voru hafi þurft minni þjónustu. Skýrsluhöfundar hafa ekki skoðað það frekar þar sem þjónusta hefur ekki verið keypt af Vinakoti eftir árið 2020.

Samantekin aðkeypt þjónusta

Á milli áranna 2019 og 2023 hækkaði vísitala neysluverðs um 26,5% og launavísitala á almennum vinnumarkaði um 35,6%.

Tafla 79: Samantekið yfirlit yfir greiðslur vegna þjónustukaupa í þúsundum króna

	2018	2019	2020	2021	2022	2023	Breyting 2019 til 2023
Ás styrktarfélag, virkniþjónusta	615.528	684.000	751.000	819.549	825.000	830.000	21,3%
Ás styrktarfélag, búsetuþjónusta samantekin	450.800	501.000	573.000	664.867	718.000	782.000	56,1%
Ás styrktarfélag, dagþjónusta fötluð börn	39.000	40.500	38.000	38.253	45.000	39.000	-3,7%
Ásgarður handverkstæði	36.824	45.572	47.030	57.106	59.105	70.985	55,8%
Blindravinnustofan	3.101	2.584	3.172	3.101	4.235	4.235	63,9%
Embla						108.102	
Klettabær		832.012	1.119.528	1.301.294	1.465.487	1.385.588	66,5%
Vinakot	130.359	100.882					
Styrktarsamningar samtals	22.100	29.450	30.750	34.050	32.500	30.000	1,9%
Samtals	1.297.712	2.236.000	2.562.480	2.918.221	3.149.327	3.249.910	45,3%

Heimild: Reykjavíkurborg

Tafla 79 sýnir samantekið yfirlit yfir greiðslur Reykjavíkurborgar vegna aðkeyptrar þjónustu vegna þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir skv. lögum nr. 38/2018.

Ekki lágu fyrir upplýsingar um aðkeypta þjónustu frá Klettabæ árið 2018, sbr. hér að framan. Vegna þess er skoðuð hlutfallsleg breyting kostnaðar á milli áranna 2019 og 2023.

Þjónustukaupin með styrktarsamningum námu samtals 2.236 millj. kr. árið 2019 en 3.250 millj. kr. árið 2023, eða hækkun um 45,3%.

Samningar um öryggisvistun

Á undangengnum árum hefur Reykjavíkurborg gert samninga við Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið um að taka að sér þjónustu við einstaklinga sem dæmdir hafa verið til öryggisvistunar. Samkvæmt upplýsingum frá Reykjavíkurborg var engin slíkur samningur í gildi árið 2024.

Tafla 80: Yfirlit yfir samninga Reykjavíkurborgar um þjónustu við einstaklinga sem dæmdir hafa verið til öryggisvistunar. Greiðslur í þúsundum króna.

Samningsaðili	Veitt þjónusta	Undirskrift, Gildir frá dagsetning	Gildir til	Samnings- upphæð	Fjöldi	Árlegar greiðslur til Reykjavíkurborgar					
						2018	2019	2020	2021	2022	2023
Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið	Einstaklingur með fjölþættan vanda og dóm um öryggisráðstafanir. Reykjavíkurborg er þjónustuveitandi.	12.12.2023	1.1.2023	31.12.2023	12.133.010	1					12.133
Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið	Einstaklingur með fjölþættan vanda og dóm um öryggisráðstafanir. Reykjavíkurborg er þjónustuveitandi.	28.12.2023	1.1.2023	31.12.2023	14.592.811	1					14.593
Félagsmálaráðuneytið	Um öryggisvistun og þjónutu við einstakling, sem er með fjölþættan og sértæka stuðningsþörf.	22.12.2021	1.1.2021	31.12.?	156.439.718	1				156.440	
Velferðarráðuneytið og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	Öryggisvistun/öryggisgæslu og þjónustu við einstaklinga, sem eru með fjölþættan og sértæka stuðningsþörf.	23.11.2018	1.1.2018	31.12.2018	160.936.605	1					160.937
Velferðarráðuneytið og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	Um öryggisvistun/öryggisgæslu og þjónustu við einstaklinga, sem eru með fjölþættan og sértæka stuðningsþörf.	3.12.2019	1.1.2019	31.12.2019	83.074.840	1				83.075	
Félagsmálaráðuneytið	Um öryggisvistun og þjónutu við einstakling, sem er með fjölþættan og sértæka stuðningsþörf.	16.11.2020	1.1.2020	31.12.2020	108.101.614	1					

Heimild: Reykjavíkurborg

Tafla 80 sýnir yfirlit yfir samninga sem gerðir voru við Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið og forvera þess á árunum 2018 til 2023.

Eins og þarna kemur fram voru gerðir sex samningar vegna einstaklinga sem hlotið hafa dóm um öryggisvistun á árunum 2018 til 2023. Hver þessara samninga var fyrir eitt ár. Árlegar samningsgreiðslur vegna þessara samninga voru frá 12 millj. kr. upp í 161 millj. kr.

Samkvæmt upplýsingum frá Reykjavíkurborg var tekin ákvörðun um að taka ekki að sér þjónustu við notendur með dóm um öryggisvistun fyrir Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið árið 2020. Síðasti samningur við ráðuneytið um öryggisvistun var gerður árið 2021.

Þjónusta við einstaklinga sem fengið hafa rýmkunardóma

Á árunum 2018 til 2023 gerði Reykjavíkurborg sex samninga við Félagsmálaráðuneytið um að veita þjónustu einstaklingum með fjölþætta stuðningsþörf sem fengið hafa rýmkunardóm og þurfa af þeim sökum að sæta sérstöku eftirliti.

Tafla 81: Yfirlit yfir samninga sem Reykjavíkurborg hefur gert við Félagsmálaráðuneytið varðandi þjónustu við einstaklinga með fjölþætta stuðningsþörf og fengið hafa rýmkunardóm. Greiðslur í þúsundum króna.

	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Greiðslur til Reykjavíkurborgar	20.000	29.034	36.037	27.490	26.606	26.726
Notendur	2	3	3	3	2	2
Greiðsla vegna hvers notanda, meðaltal	10.000	9.678	12.012	9.163	13.303	13.363

Heimild: Reykjavíkurborg

Tafla 81 sýnir yfirlit yfir þá sex samninga sem gerðir voru á árunum 2018 til 2023 um þjónustu við einstaklinga með fjölþættra stuðningsþarfir og hlotið hafa rýmkunardóma. Hver þessara samninga var gerður til eins árs. Gildistími hvers þeirra var frá 1. janúar til 31. desember viðkomandi árs. Allir samningarnir voru gerðir í desember þess árs sem þeir giltu fyrir.

Vinna og virkni

Hér verður fjalla um vinnu og virkni fyrir fatlað fólk hjá Reykjavíkurborg.

Notendur sækja um vinnu/virkni hjá Vinnumálastofnun ef einstaklingur er með greiningu skv. lögnum nr. 38/2018. Þá samþykkir Vinnumálastofnun (VMST) eða hafnar umsókn um vinnu/virkni. Ef Vinnumálastofnun samþykkir umsókn og þeirra úrræði eru ekki talin henta viðkomandi vísar stofnunin umsókninni til viðkomandi sveitarfélags. Það er síðan þess að samþykkja umsókn um hæfingatengda virknipjónustu skv. lögum nr. 38/2018.

Notandi sækir um búsetupjónustu hjá Reykjavíkurborg, ef um það er að ræða. Standi vilji notandans til að vinna þarf hann jafnframt að sækja um virknipjónustu hjá Vinnumálastofnun.

Notendur búsettir í Reykjavík geta einnig sótt um vinnu og virkni í öðrum sveitafélögum með styrkjum frá Reykjavíkurborg. Sem dæmi má nefna að notendur eru í virkni hjá Hafnarfjarðarkaupstað vegna þess að þar fer fram Bliss kennsla. Í þeim tilfellum sem notendur sækja atvinnu er það yfirleitt á vegum VMST í gegnum atvinnu með stuðningi (AMS). Virknimiðstöð Reykjavíkurborgar hefur hins vegar í sífellt meira mæli í samstarfi við VMST veitt einstaklingum aukinn stuðning til þess að sækja almennan vinnumarkað og fá laun. Þetta eru þá þeir einstaklingar sem AMS nær ekki að styðja þar sem stuðningsþarfir eru of flóknar.

Vegna þessa eru starfsmenn (notendur) frá Reykjavíkurborg á ýmsum stöðum. Svo sem hjá Ási, Ásgarði, Geitungunum, í virkni hjá Kópavogsbæ, Hafnarfjarðarkaupstað, Bónus, Strætó o.s.frv.

Yfirleitt er það þannig að hver notandi er í vinnu og virkni í 4 klst. á dag. Sumir eru lengur og aðrir skemur.

Tafla 82: Fjöldi stöðugilda notenda og fjöldi notenda skipt eftir vinnu- og virknistöðum árið 2023.

	Fjöldi		Hlutfall af heild	
	Stöðugildi	Notendur	Stöðugildi	Notendur
Vinnu og virknimiðstöð	46,4	66	26,7%	24,3%
Ás, styrktarfélag	108,0	166	62,1%	61,0%
Ásgarður	11,5	21	6,6%	7,7%
Blindravinnustofan	0,93	3	0,5%	1,1%
Geitungar	1,0	2	0,6%	0,7%
Hæfingarstöð Dalvegi og Örvi	4,9	10	2,8%	3,7%
Hæfingarstöðin í Hafnarfirði	1,2	4	0,7%	1,5%
Samtals	173,9	272,0	100,0%	100,0%

Heimild: Reykjavíkurborg

Tafla 82 sýnir fjölda stöðugilda notenda og fjölda notenda skipt eftir vinnu- og virknistöðum.

Eins og fram kemur á myndinni voru 73,3% af stöðugildum notenda og 75,7% af notendum í vinnu og virkni hjá öðrum en Reykjavíkurborg. Reykjavíkurborg greiðir viðkomandi rekstraraðilum fyrir þjónustuna.

Flestir voru hjá Ás, styrktarfélagi, af þeim sem eru í vinnu og virkni, eða 62,1% af stöðugildum notenda og 61,0% af notendum.

Auk þessa eru 21 notendur (starfsmenn) á launum hjá Grænum skátum, sem tekur við flöskum og dósum. Frá byrjun október 2023 hefur leiðbeinandi í einu stöðugildi frá Vinnu- og virknimiðstöðinni sinnt þessu verkefni. Einnig eru 6 notendur (starfsmenn) í „sérsvaitinni“ sem sinna verkefnum fyrir Umhverfis og skipulagssvið og fá laun þaðan. Árið 2023 voru tveir leiðbeinendur frá Vinnu- og virknimiðstöðinni, sem sinntu þessu verkefni, hvor í 50% stöðugildi, eða samtals einu stöðugildi.

Vinnu- og virknimiðstöð

Vinnu- og virknimiðstöðin rekur þrjár starfstöðvar þar sem fram fer vinna, virkni og/eða hæfing svo kölluð heimasvæði undir yfirheitinu Vinna og virknimiðstöð. Heimasvæðin eru Dagþjónustan lðjubergi að Gerðubergi 1, Smíðjan að Bæjarflöt 17 og Opus að Völvufelli 11. Auk þess eru reknir tveir minni staðir Klúbbhús (tónlistarhús) sem er í bryggjuhverfi og Smírey (Smíðastofa og kaffihús) sem er við Arnarbakka 2.

Heimastöðvarnar ásamt Klúbbhúsi og Smírey heyra undir einn forstöðumann. Síðan eru deildarstjórar sem heyra undir forstöðumanninn.

Virknimiðstöðin er í miklu samstarfi við ýmis fyrirtæki/stofnanir eða félagasamtök úti í samfélaginu, má þar nefna Húsdýragarðinn, Skógræktarfélag Reykjavíkur, Fargufu, Hagkaup, Bónus, Strætó, Íþróttafélag fatlaðra, Sólheima, Íslenska gámafélagið, Kattholt, Byko, Kirkjur Reykjavíkur, Bókasafnið í Spönginni (jólamarkaður) og Sundlaugar Reykjavíkur.

Notendur fara úr þessum þremur heimastöðvum til dæmis í Klúbbhús, Smírey eða aðra virkni eða í vinnu á almennum vinnumarkaði. Stuðningsfulltrúi/stuðningsfulltrúar frá Vinnu- og virknimiðstöðinni fara með starfsmanni (notenda)/starfsmönnum.

Notendur sækja um vinnu/virkni hjá Vinnumálastofnun ef einstaklingur er með greiningu skv. lögunum nr. 38/2018. Þá samþykkir Vinnumálastofnun eða hafnar umsókn um vinnu/virkni, sbr. hér að framan.



Mynd 29: Skipurit fyrir Vinnu- og virknimiðstöð.

Mynd 29 er tekin saman af skýrsluhöfundum. Myndin sýnir þá starfsmenn sem heyra beint undir forstöðumann Vinnu- og virknimiðstöðvar.

Næsti yfirmaður forstöðumanns Vinnu- og virknimiðstöðvar er skrifstofustjóri málaflökks fatlaðs fólks. Undir forstöðumanninn heyra 14 starfsmenn. Átta deildarstjórar, hópstjóri, iðjupjálfi, tveir matráðar, einn vegna þrifa og einn verkefnastjóri.

Hópstjóri sér um sérsveitarverkefni. Nokkrir notendur, karlkyns, vinna hjá umhverfis- og skipulagssviði. Umhverfis- og skipulagssvið gat ekki annast þessa notendur. Hópstjórinn hefur umsjón með þeim. Notendurnir eru sex og eru þeir á launaskrá hjá umhverfis- og skipulagssviði. Umhverfis- og skipulagssvið leggur þessari starfsemin til þrjá bíla og greiðir fyrir eitt stöðugildi sem annast akstur bílanna. Þessir notendur eru ekki meðtaldir í fjöldataölum Virknimiðstöðvarinnar.

Smiðjan



Mynd 30. Smiðjan

Smiðjan er vinna og virkni fyrir fatlað fólk. Smiðjan er líka samfélag þar sem tómstundaiðkun og skemmtilegheit eru í fyrirrúmi. Þar er að finna skynörvunarherbergi, farið er í vettvangsferðir, sund og gönguferðir. Vinsælt er að halda diskóböll, söngstundir, sögustundir og karoke.

Einnig eru ýmis launuð störf úti á vinnumarkaði sem farið er í með stuðningi frá Smiðjunni, eins og hjá íslenska gámafélaginu, Strætó, Grænum skátum og Hagkaupum. Notendur eru á launaskrá hjá þessum fyrirtækjum.

Í Smiðjunni er starfrækt listasmiðja þar sem unnið er með textíl, smíði, leir og myndlist. Smiðjan framleiðir mikið af handgerðum leirmunum til sölu eins og bolla, skálar og margt fleira.

Í smiðjunni er kaffihús fyrir notendur og starfsmenn og er það með einni fastan umsjónar starfsmann eftir hádegið, sá starfsmaður er á vinnusamningi öryrkja VMST. Fyrir hádegið er svokallað stökkpalla starf þar sem VMST býður fólki að starfa í 3-6 mánuði til að leyfa fólki að kynna kaffihúsastarfi sem gefur bæði reynslu og kveikir áhuga til að vinna á öðrum vinnustöðum. Sá er einnig á vinnusamningi öryrkja frá VMST.

Í Smiðjunni er rekið mötuneyti. Þar er matráður í 100% stöðugildi og aðstoðarmaður í 40% stöðugildi sem jafnframt annast ræstingar í 60% stöðugildi.

Deildarstjórar eru tveir, einn á hvorri hæð. Auk þess er deildarstjóri listasmiðju (100%) og iðjupjálfi (100%) og deildarstjóri fræðslu- og gæðamála í 100%

Smiðjan er opin frá kl. 8:30 -16.

Tafla 83: Rekstraryfirlit, fjöldi stöðugilda notenda, stjórnenda og leiðbeinenda og fjöldi notenda hjá Smiðjunni.

	2018	2019	2020	2021	2022	2023	Breyting 2018 til 2023
Tekjur	-12.275	-2.253	-7.181	-9.983	-4.782		
Laun og launatengd gjöld	187.212	216.799	253.331	276.268	354.239	418.712	123,7%
Vörukaup	13.333	14.847	17.629	17.912	19.674	23.795	78,5%
Þjónustukaup	44.749	44.525	46.766	51.217	49.754	57.527	28,6%
Skattar og opinber gjöld	30	189			112		
Afskr.kröfur og óskipt fjárhagsáætlun	3.168						
Samtals gjöld	248.492	276.360	317.726	345.397	423.779	500.034	101,2%
Rekstrarniðurstaða	236.217	274.107	310.544	335.414	418.997	500.034	111,7%
Áætlun	240.049	272.153	295.745	321.834	346.796	363.107	51,3%
Áætlun - Rekstrarniðurstaða	3.831	-1.954	-14.800	-13.580	-72.201	-136.927	
(Áætlun - Rekstrarniðurstaða) sem hlutfall af áætlun	1,60%	-0,72%	-5,00%	-4,22%	-20,82%	-37,71%	
Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum	15,06%	14,07%	14,47%	0,39%	0,60%	0,41%	
Vaktavinna sem hlutfall af mánaðarlaunum	0,00%	0,00%	0,03%	0,00%	0,00%	0,00%	
Önnur laun sem hlutfall af mánaðarlaunum	4,02%	6,98%	2,42%	18,00%	15,88%	15,23%	
Fjöldi stöðugilda leiðbeinenda	26,4	25,5	24,7	23,8	25,6	25,6	-3,0%
Fjöldi stöðugilda stjórnenda	5,0	5,0	6,0	6,0	6,0	6,0	20,0%
Fjöldi stöðugilda samtals	31,4	30,5	30,7	29,8	31,6	31,6	0,7%
Launakostnaður á hvert stöðugildi samtals	5.962	7.120	8.255	9.280	11.207	13.246	122,2%
Fjöldi stöðugilda notenda	21,6	22,9	20,3	20,3	21,5	24,0	11,1%
Fjöldi notenda	32	28	25	25	24	28	-12,5%
Fjöldi stöðugilda notenda á hvert stöðugildi leiðbeinenda	0,8	0,9	0,8	0,9	0,8	0,9	
Fjöldi stöðugilda notenda á hvert stöðugildi samtals	0,7	0,8	0,7	0,7	0,7	0,8	
Kostnaður á hvert stöðugildi notanda	11.504	12.055	15.690	17.057	19.711	20.835	81,1%

Heimild: Reykjavíkurborg

Tafla 83 sýnir rekstrarniðurstöðu hjá Smiðjunni, fjölda stöðugilda notenda, stjórnenda og leiðbeinenda.

Tekjur eru greiðslur frá Hafnarfjarðarkaupstað vegna notanda með lögheimili í Hafnarfjarðarkaupstað.

Launagjöld rúmlega tvöfaldast á tímabilinu. Vörukaup hækka um 78,5% og þjónustukaup um 28,6%. Launagjöld og vörukaup hækka nokkuð umfram verðlagshækkunar á tímabilinu. Virknimiðstöðin hefur yfir að ráða fjórum bifreiðum. Voru með eina bifreið fyrir þremur árum.

Smiðjan er í leiguhúsnæði. Leigan á mánuði (nóvember 2024) er 3.607.549 kr. og þá miðað við heilt ár 43.291 þús. kr. Miðað við að árið 2023 voru stöðugildi notenda 24 gerir það 150 þús. kr. í leigi fyrir hvert stöðugildi. Leigusamningur rennur út í lok janúar 2025. en unnið er að endurnýjun samningsins.

Gjöld samtals fara úr 248 millj. kr. árið 2018 í 500 millj. kr. árið 2023.

Öll árin var innan við eitt stöðugildi notanda á hvert stöðugildi leiðbeinanda með og án stjórnenda.

Kostnaður á hvert stöðugildi notanda hækkar um 81% á tímabilinu. Fer úr 11,5 millj. kr. árið 2018 í 20,8 millj. kr. árið 2023. Á tímabilinu fjölgaði stöðugildum notenda um 2,4 stöðugildi. Samtala stöðugilda leiðbeinenda og stjórnenda er nokkurn veginn sú sama árið 2018 og 2022. Hafa ber í huga að Virknimiðstöðin hefur verið að aðstoða notendur, sem ekki er í virkni hjá Virknimiðstöðinni. Kostnaður vegna þess gæti haft hér áhrif.

Rétt er að fram komi að millifærslur hafa verið gerðar af kostnaðarliðnum Samningar og styrkir yfir á rekstrareiningar Vinnu- og virknimiðstöðvar, m.a. til að núlla út frávík frá fjárhagsáætlun, þegar ákveðið er að bæta upp kostnað vegna fjölgunar notenda o.s.frv. Er þetta framkvæmt þannig að rekstrarkostnaður stöðvar lækkar sem nemur millifærslunni og þá gjaldfærslan færð á þá rekstrarstöð þar sem millifærslan er framkvæmd. Nákvæmar upplýsingar um þessar millifærslur lágu ekki fyrir og því gæti raun rekstrarkostnaður í sumum tilfella verið hærri en hér kemur fram. Sama á við um aðrar kostnaðarstöðvar hér.

Þar sem skýrsluhöfundar þekkja til hjá sveitarfélögum eru svona millifærslur framkvæmdar af og til á fjárhagsáætlunarlið viðkomandi kostnaðarstöðva, sbr. 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Þannig er tryggt að fram komi réttar tölur varðandi rekstur viðkomandi kostnaðarstöðvar.

Tafla 84: Launagjöld og matarkaup vegna mótuneytis.

	2018	2019	2020	2021	2022	2023	Breyting 2019 til 2023
Launagjöld		6.300	6.614	8.313	8.313	9.192	45,9%
Kaup á mat- og kaffivörum	10.546	11.781	12.755	12.615	15.050	18.538	57,3%
Samtals	10.546	18.081	19.370	20.928	23.363	27.729	53,4%

Heimild: Reykjavíkurborg

Tafla 84 sýnir launagjöld og kostnað við matar- og kaffivörur vegna mótuneytis í Smiðjunni.

Notendur og leiðbeinendur og stjórnendur greiða ekki fyrir mat né kaffivörur. Kostnaður við mótuneytið var 18,1 millj. kr. árið 2019 en 27,7 millj. kr. árið 2023, eða hækkun um 53,4%.

Dagþjónustan lðjubergi



Mynd 31: lðjuberg

lðjuberg er vinnu- og virknistaður fyrir fatlað fólk. Að miklu leyti er þjónustan félagslegs eðlis fyrir aldrað fatlað fólk sem hefur misst virknigetu og er komið á þann stað í lífinu að þurfa félagslega örvun og nýtt umhverfi.

lðjuberg skiptist samt sem áður í tvo hluta. Annars vegar vinnusvæði, þar sem létt tómstund og listiðkun fer fram með ýmsum möguleikum í boði, og svo hins vegar

setustofa með hægláta og þægilega stemningu í slökunarformi með félagslegum gildum.

Iðjuberg nýtir sér Smírey, klúbbhús og hin tvö heimasvæðin til að breyta til og komast í nýtt umhverfi. Á sama hátt nýtist Iðjuberg fyrir hin heimasvæðin (Opus og Smiðjuna) til þess að koma í hæglátt slökunarumhverfi. Frá Iðjubergi er líka farið í ýmis verkefni annarstaðar í borginni. Til dæmis hefur einn fengið launað starf hjá íslenska Gámafélaginu.

Í Iðjubergi er verkefni sem er kallað Sérsveitin. Það samanstendur af sex notendum sem allir fá laun frá umhverfis- og skipulagssviði (USK). Iðjuberg sér um skipulagið og sér um að skaffa bílstjóra á bílana sem USK leggur til. USK leggur til eitt stöðugildi sem Iðjuberg deilir á tvo bílstjóra hálfan dag hvorn.

Verkefni Sérsveitarinnar er að sinna grenndargámum og ruslastömpum á ákveðnum svæðum innan borgarinnar. Þetta verkefni fer sí stækkandi og möguleikar á að fjölga bílum og starfsmönnum fyrir hendi.

Í Iðjubergi er rekið mótuneyti. Matráður er í 100% stöðugildi. Auk þess er aðstoðarmaður í 42 % stöðugildi sem er á vinnusamningi við Vinnumálastofnun.

Tafla 85: Rekstraryfirlit, fjöldi stöðugilda notenda, stjórnenda og leiðbeinenda og fjöldi notenda hjá Iðjubergi.

	2018	2019	2020	2021	2022	2023	Hlutfallsteg breyting 2018 til 2023
Tekjur	-6.151	-5.621	-7.155	-6.840	-4.402	-11.742	
Laun og launatengd gjöld	120.491	134.706	139.526	151.171	151.484	157.536	30,7%
Vörukaup	9.546	10.054	11.316	10.854	10.442	15.182	59,1%
Þjónustukaup	9.916	8.328	8.491	7.375	10.399	15.611	57,4%
Skattar og opinber gjöld	62	98	0	0	74	0	-100,0%
Samtals gjöld	140.015	153.186	159.333	169.399	172.399	188.329	34,5%
Rekstrarniðurstaða	133.864	147.565	152.178	162.560	167.996	176.587	31,9%
Áætlun	136.076	144.784	159.821	164.822	178.814	183.832	35,1%
Áætlun - Rekstrarniðurstaða	2.213	-2.781	7.643	2.263	10.818	7.245	
(Áætlun - Rekstrarniðurstaða) sem hlutfall af áætlun	1,63%	-1,92%	4,78%	1,37%	6,05%	3,94%	
Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum	14,33%	14,18%	15,15%	2,31%	1,01%	0,56%	
Vaktavinna sem hlutfall af mánaðarlaunum	0,00%	0,01%	0,00%	0,00%	0,45%	0,00%	
Önnur laun sem hlutfall af mánaðarlaunum	4,47%	6,90%	1,83%	17,33%	15,14%	14,36%	
Fjöldi stöðugilda leiðbeinenda	11,8	13,6	14,1	14,0	13,8	13,8	17,3%
Fjöldi stöðugilda stjórnenda	3,5	3,5	3,5	3,5	3,0	3,0	-14,3%
Fjöldi stöðugilda samtals	15,3	17,1	17,6	17,5	16,8	16,8	10,1%
Launakostnaður á hvert stöðugildi samtals	7.875	7.878	7.923	8.617	8.995	9.355	18,8%
Fjöldi stöðugilda notenda	16,5	16,5	14,1	11,4	11,0	14,2	-13,9%
Fjöldi notenda	32	32	28	22	21	23	
Fjöldi stöðugilda notenda á hvert stöðugildi leiðbeinenda	1,4	1,2	1,0	0,8	0,8	1,0	
Fjöldi stöðugilda notenda á hvert stöðugildi samtals	1,1	1,0	0,8	0,6	0,7	0,8	
Gjöld samtals á hvert stöðugildi notanda	8.486	9.284	11.330	14.899	15.673	13.263	56,3%

Heimild: Reykjavíkurborg.

Tafla 85 sýnir rekstrarniðurstöðu hjá Iðjubergi og fjölda stöðugilda notenda, stjórnenda og leiðbeinenda.

Tekjur eru greiðslur vegna launakostnaðar frá Umhverfis- og skipulagssviði vegna starfsmanns við akstur sem tengist verkefni sem notendur hafa sinnt fyrir Umhverfis- og skipulagssvið og fá greidd laun fyrir þau störf.

Vöru- og þjónustukaup hækka um 60% á milli áranna 2018 og 2023, sem er nokkuð umfram verðlagshækkunar á tímabilinu.

Innri leiga er 485.957 á mánuði (nóvember 2024).

Stöðugildum leiðbeinenda og stjórnenda fjölga á milli áranna 2018 til 2023 um 1,5 stöðugildi en á sama tíma fækkar stöðugildum notenda um 2,3 stöðugildi.

Kostnaður á hvert stöðugildi notanda hækkar um 56,3%, þ.e. rúmlega tvöfaldast á tímabilinu. Fer úr 8,5 millj. kr. árið 2018 í 13,3 millj. kr. árið 2023.

Tafla 86: Launagjöld og matarkaup vegna mótuneytis.

	2018	2019	2020	2021	2022	2023	Breyting 2019 til 2023
Launagjöld		6.433	6.624	9.024	8.397	8.763	36,2%
Kaup á mat- og kaffivörum	7.839	8.311	8.360	8.553	8.887	12.948	55,8%
Samtals	7.839	14.744	14.984	17.577	17.284	21.711	47,2%

Heimild: Reykjavíkurborg.

Tafla 86 sýnir launagjöld og kostnað við matar- og kaffivörur vegna mótuneytis í ljósborgi.

Notendur, leiðbeinendur og stjórnendur greiða ekki fyrir mat né kaffivörur. Kostnaður við mótuneytið var 14,7 millj. kr. árið 2019 en 20,8 millj. kr. árið 2023, eða hækkan um 40,8%.

Opus



Mynd 32: Opus.

Opus er vinnu- og virknistaður fyrir ungt fatlað fólk sem er nýlega útskrifað úr framhaldsskóla. Opus hóf starfsemi í september 2019. Markmiðið er að veita einstaklingsmiðaða þjónustu með áherslu á að gefa öllum tækifæri til að þróast félagslega og að vera partur af samfélaginu.

Opus myndar tengingu við atvinnulífið og veitir stuðning í starfi út frá getu og áhuga hvers og eins.



Mynd 33: Myndirnar sýna vinnuáðstöðu í Opus.

Í Opus stendur yfir starfsspjálfunarverkefni þar sem Vinnumálastofnun kemur að í þeim tilfellum sem gerðir eru vinnusamningar. Þá fara notendur með leiðbeinendum sínum frá Opus út á almennan vinnumarkað. Nákvæm vinnutilhögun er í samstarfi við vinnuveitanda sem býður upp á hlutastörf í samræmi við vinnuúthald. Verkefnið hefur mælst vel fyrir og skilað ríkum ávinningi bæði fyrir notendur og vinnusamfélagið að sögn forstöðumanns og deildarstjóra.

Tafla 87: Rekstraryfirlit, fjöldi stöðugildi notenda, stjórnenda, leiðbeinenda og fjöldi notenda í Opus.

	2018	2019	2020	2021	2022	2023	Breyting 2020 til 2023
Tekjur							
Laun og launatengd gjöld		22.272	65.708	77.032	81.654	90.130	37,2%
Vörukaup		1.517	3.788	4.530	4.911	4.361	15,1%
Þjónustugjöld		3.463	16.756	14.385	14.299	15.434	-7,9%
Skattar og opinber gjöld		32	71	45	5	49	-30,2%
Samtals gjöld og rekstrarniðurstaða		27.284	86.322	95.992	100.869	109.974	27,4%
Áætlun		36.560	81.926	98.377	93.693	96.590	17,9%
Áætlun - Rekstrarniðurstaða		9.276	-4.396	2.385	-7.176	-13.384	
(Áætlun - Rekstrarniðurstaða) sem hlutfall af áætlun		25,4%	-5,4%	2,4%	-7,7%	-13,9%	
Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum		13,59%	16,63%	0,16%	0,21%	1,92%	
Vaktavinna sem hlutfall af mánaðarlaunum							
Önnur laun sem hlutfall af mánaðarlaunum		4,93%	5,53%	15,62%	15,85%	14,61%	
Fjöldi stöðugilda leiðbeinenda			4,3	4,3	6,8	6,8	58,8%
Fjöldi stöðugilda stjórnenda			2,0	2,0	1,0	1,0	-50,0%
Fjöldi stöðugilda samtals			6,3	6,3	7,8	7,8	24,0%
Launakostnaður á hvert stöðugildi samtals			10.513	12.325	10.536	11.630	
Fjöldi stöðugilda notenda			6,0	7,0	6,0	8,2	
Fjöldi notenda			6	7	6	15	
Fjöldi stöðugilda notenda á hvert stöðugildi leiðbeinenda			1,4	1,6	0,9	1,2	
Fjöldi stöðugilda notenda á hvert stöðugildi samtals			1,0	1,1	0,8	1,1	
Kostnaður á hvert stöðugildi notanda			14.387	13.713	16.812	13.412	-6,8%

Heimild: Reykjavíkurborg.

Tafla 87 sýnir rekstraryfirlit hjá Opus, fjölda stöðugilda leiðbeinenda, stjórnenda, stöðugilda notenda og fjölda notenda.

Launagjöld hækka um 37,2% á milli árána 2020 og 2023. Vörukaup um 15% og þjónustukaup lækka lítillega.

Innri leiga er 731.306 á mánuði (nóvember 2024).

Gjöld samtals fara úr 86 millj. kr. árið 2020 í 110. kr. árið 2023, eða hækka um 27%.

Árið 2020 var 1,4 stöðugildi notenda á hvert stöðugildi leiðbeinanda. Samanborið við 1,2 árið 2023. Þegar stjórnendur eru teknir með var 1,0 stöðugildi notenda á hvert stöðugildi samtals árið 2020 samanborið við 1,1 árið 2023.

Rétt er að fram komi að það eru 2,0 stöðugildi deildarstjóra hjá Opusi. Annar deildarstjórinn starfar við Smírey og Klúbbhús og önnur vinnutengd verkefni.

Kostnaður á hvert stöðugildi notanda lækkar um 6,8% á milli áranna 2020 og 2023. Fer úr 14,4 millj. kr. í 13,4 millj. kr. árið 2023.

Opus er starfrækt frá kl. 8:30 til 16:00 á virkum dögum.

Klúbbhús.



Mynd 34: Klúbbhús.

Notendur af heimastöðvunum þremur eiga ákveðinn tíma í Klúbbhúsi. Húsnæðið er rekið í samvinnu við félagasamtök sem nýta það á kvöldin og um helgar. Leigu vegna húsnæðisins er skipt til helminga á milli borgarinnar og viðkomandi félagasamtaka. Félagasamtökin eiga þar hljóðfæri sem notendur hafa aðgang að.

Í Klúbbhúsi er ekki fastur starfmaður heldur koma starfsmenn/starfsmaður með notendum frá heimastöðvunum.

Einnig eru nokkrir utan virknimiðstöðvarinnar sem nýta tíma í Klúbbhúsinu, til dæmis fólk sem nýtir sér Hlutverkasetur og býr utan kjarna eða í kjörnum Reykjavíkurborgar.

Leigan á mánuði er 62.361 kr. (nóvember 2024).

Smírey



Mynd 35: Smírey.

Smírey er smíðastofa og kaffiaðstaða. Í Smírey er starfsmaður í 50% stöðugildi. Heimastöðvarnar panta tíma fyrir sína starfsmenn (notendur) og leiðbeinendur koma með notendum. Smírey er líka í samstarfi við geðsvið velferðarsviðs Reykjavíkur. Þangað koma einstaklingar til að hittast og eiga góða stund saman við ýmis konar iðju tengda smíði. Einnig hafa 5 einstaklingar vinnu í gegnum Vinnumálastofnun og nýta vinnusamninga.

Þeir vinna 1 klst. á viku eftir notkun Virknimiðstöðvarinnar á Smírey. Þeir eru að sjá um að gera hreint eftir daginn. Þeir eru að vinna upp þrek og vinnuaga, mæta á réttum tíma

og fara eftir verkefnalista. Vinnumálastofnun nýtir þessa reynslu til að koma þeim í sambærileg störf ef þörf er á og reynslan verði góð.

Leiga á mánuði er samtals 254.484 kr. (nóvember 2024).

Vinnu- og virknimiðstöð, rekstur samantekinn

Í kaflanum verður Vinnu- og virknimiðstöðin tekin saman sem ein heild.

Tafla 88: Vinnu- og virknimiðstöðin, rekstraryfirlit, stöðugildi o.fl. samantekið.

	2018	2019	2020	2021	2022	2023	Breyting 2018 til 2023
Tekjur	-18.426	-7.874	-14.336	-16.823	-9.184	-11.742	
Laun og launatengd gjöld	307.703	373.777	458.565	504.470	587.377	666.377	116,6%
Vörukaup	22.879	26.418	32.733	33.296	35.027	43.338	89,4%
Þjónustukaup	54.665	56.316	72.013	72.976	74.452	88.573	62,0%
Skattar og opinber gjöld	92	319	71	45	191	49	
Afskr.kröfur og óskipt fjárhagsáætlun	3.168						
Samtals gjöld	388.507	456.830	563.381	610.788	697.047	798.338	105,5%
Rekstrarniðurstaða	370.081	448.956	549.045	593.965	687.863	786.595	112,5%
Áætlun	376.125	453.497	537.492	585.033	619.304	643.529	71,1%
Áætlun - Rekstrarniðurstaða	6.044	4.542	-11.553	-8.933	-68.559	-143.067	
(Áætlun - Rekstrarniðurstaða) sem hlutfall af áætlun	1,61%	1,00%	-2,15%	-1,53%	-11,07%	-22,23%	
Fjöldi stöðugilda leiðbeinenda	38,2	39,1	43,1	42,1	46,2	46,2	20,9%
Fjöldi stöðugilda stjórnenda	8,5	8,5	11,5	11,5	10,0	10,0	17,6%
Fjöldi stöðugilda samtals	46,7	47,6	54,6	53,6	56,2	56,2	20,3%
Launakostnaður á hvert stöðugildi samtals	6.589	7.861	8.406	9.418	10.452	11.857	80,0%
Fjöldi stöðugilda starfsmanna (notenda)	38,1	39,4	40,3	38,6	38,5	46,4	21,8%
Fjöldi notenda	64,0	60,0	59,0	54,0	51,0	66,0	
Fjöldi stöðugilda notenda á hvert stöðugildi leiðbeinanda	1,0	1,0	0,9	0,9	0,8	1,0	
Fjöldi stöðugilda notenda á hvert stöðugildi samtals	0,8	0,8	0,7	0,7	0,7	0,8	
Samtals gjöld á hvert stöðugildi starfsmanns (notanda)	10.197	11.587	13.975	15.815	18.105	17.206	68,7%

Heimild: Reykjavíkurborg.

Tafla 88 sýnir rekstraryfirlit, fjölda stöðugilda samantekið fyrir Vinnu- og virknimiðstöðina.

Eins og þarna kemur fram rúmlega tvöfaldast launagjöld á milli áranna 2018 og 2023. Vörukaup hækka um 89,4% og þjónustukaup um 62%. Á milli áranna 2018 og 2023 hækkaði launavísitala starfsmanna sveitarfélaga um 51,2% og vísitala neysluverðs um 30,3%. Þannig má ljóst vera að kostnaðaraukinn er langt umfram almennar launa- og verðlagshækkanir.

Samtala leigugreiðslna vegna húsnæðis Vinnu- og virknimiðstöðvarinnar er 5.142 þús. kr. á mánuði (nóvember 2024) eða 61.700 þús. kr. miðað við heilt ár. Meðalleiga á mánuði fyrir hvert stöðugildi notenda er 111 þús. kr. miðað við 46,4 stöðugildi notenda.

Samtals gjöld fara úr 388 millj. kr. árið 2018 í 798 millj. kr. árið 2023, eða hækka um 106%.

Stöðugildum stjórnenda og leiðbeinenda fjölga um 20%. Fara úr 46,7 stöðugildum í 56,2, eða fjölgun um 9,5 stöðugildi. Miðað við launagjöld á hvert stöðugildi árið 2023 var kostnaður vegna fjölgunarinnar 112.642 þús. kr. árið 2023. Á sama tíma fjölga

stöðugildum notenda um 22%. Fara úr 38,1 stöðugildi í 46,4 eða fjölgun um 8,3 stöðugildi.

Öll árin var innan við eitt stöðugildi notenda á hvert stöðugildi samtals af leiðbeinendum og stjórnendum. Var 0,8 árið 2023.

Samtals gjöld á hvert stöðugildi notanda var 10,2 millj. kr. árið 2018 en 17,2 millj. kr. árið 2023, eða hækkum um 68,7% á milli þessara ára.

Tafla 89: Samantekið rekstraryfirlit mótuneyta.

	2018	2019	2020	2021	2022	2023	Breyting 2019 til 2023
Launagjöld	0	12.733	13.239	17.337	16.710	17.955	41,0%
Kaup á mat- og kaffivörum	18.385	20.093	21.115	21.168	23.937	31.486	56,7%
Samtals	18.385	32.825	34.354	38.506	40.647	49.441	50,6%

Heimild: Reykjavíkurborg.

Tafla 89 sýnir samantekinn kostnað vegna rekstur mótuneyta í Vinnu- og virknimiðstöð.

Á milli áranna 2019 og 2023 hækka launagjöld um 41% og kaup á mat- og kaffivörum um 56,7%. Samtals hækka gjöldin á milli þessara ára um 50,6%. Fara úr 32,8 millj. kr. árið 2018 í 49,4 millj. kr. árið 2023.

Samkvæmt upplýsingum frá forstöðumanni Vinnu- og virknimiðstöðvar borða þar að jafnaði samtals 159 á degi hverjum, þ.e. notendur, leiðbeinendur og stjórnendur. Um er að ræða 92 starfsmenn og 67 notendur. Virkir vinnudagar á ári eru 260 og helgidagar um 15 og orlof 30 dagar. Síðan má gera ráð fyrir veikindum o.s.frv. Að teknu tilliti til þess er hér gert ráð fyrir að um sé að ræða 200 daga á ári sem borðað er. Miðað við að 159 borði að jafnaði gerir það 31.800 máltíðir á ári.

Samtals var kostnaður vegna launagjalda og matarkaupa 49.441 þús. kr. Miðað við 31.800 máltíðir kostnaði hver máltíð 1.555 kr.

Ás vinnustofa

Í október 2021 var gerður nýr þjónustusamningur milli Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og Áss styrktarfélags um húsnæði og þjónustu við fatlað fólk, þar með talið vegna vinnu og virkni.

Í 3. gr. b. er kveðið á um að fjöldi dagryma sé 108 í dagþjónustu, hæfingu og verndaðri vinnu. Miðað er við að eitt dagrymi sé 8 klst.

Í 4. gr. samningsins er fjallað um greiðslur. Þar segir að samningsgreiðsla miðað við 12 mánaða tímabil sé 1.605.410.000 kr. Upphæðin skiptist sem hér segir:

- Vegna búsetuþjónustu 747.610.000 kr.
- Vegna dagþjónustu, hæfingar og vendaðrar vinnu 819.550.000 kr.
- Vegna Lyngáss 38.250.000 kr.

Jafnframt segir að samningsfjárhæð sé á verðlagi ársins 2021 og breytist árlega (1. janúar ár hvert) í samræmi við launa- og verðlagsforsendur fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar hvers árs. Gert er ráð fyrir að 90% af samningsupphæð sé vegna launa og þá 10% sé vegna annars kostnaðar.

Miðað við að dagrými í dagþjónustu, hæfingu og verndaðri vinnu séu 108 og samningsupphæðin vegna þess 819.550.000 var kostnaður á hvert dagrými 7.588 þús. kr. miðað við árið 2021. Það ár var kostnaður á hvert dagrými hjá Vinnu- og virknimiðstöðinni 15.815 þús. kr.

Í 14. gr. er fjallað um samningstíma sem er frá 1. janúar 2021 til 31. desember 2025.

Vinna og virkni fer fram á vinnustöðum félagsins í Stjörnugróf 7-9 og Ögurhvarfi 6. Allir starfsmenn eiga sér fasta dagskrá á sínum vinnustað. Allir leiðbeinendur í Vinnu og virkni eru ráðnir óstaðbundið hjá félaginu og geta því fylgt starfsfólki með fötlun þangað sem þess er þörf.

Margt fólk vinnur við verkefni sem gefa tekjur. Dæmi um slík verkefni eru pökkun og álímingar fyrir fyrirtæki. Þær tekjur standa undir efniskostnaði og viðhaldi vinnuvéla. Allur hagnaður umfram það greiðist fötluðu starfsfólki sem vinnur þessi verkefni. Upphæðin sem hver og einn fær reiknast út frá vinnustundum við þessi tilteknu störf.

Vinna og virkni er unnin samkvæmt þjónustusamningum við sveitarfélög. Núgildandi samningar eru við Árnesþing, Garðabæ, Hafnarfjarðarkaupstað, Kópavogsbæ, Mosfellsbæ, Reykjavíkurborg og Seltjarnarnesbæ.

Vinna og virkni í Ögurhvarfi



Starfstöðvar í Ögurhvarfi 6 eru fjórar:



Á svæði 1 er starfrækt saumastofa þar sem framleiddar eru ýmsar gerðir heimilisklúta, ásamt hárlæðum, handklæðum, bleium og gömlu góðu diskapurrkunum. Í textílhúti saumastofunnar er boðið upp á vefnað, þæfingu og ýmis konar skapandi starf.



Á svæði 2 er boðið upp á fjölbreytt skapandi starf en þar er til húsa kertagerð og smíðja. Í smíðjunni er unnið í leir, skartgripagerð, mósaík, við saumaskap og ýmislegt fleira. Svæði 2 sinnir einnig störfum er snúa að þvotti í húsinu og einnig er unnið við pökkunar- og æfingaverkefni.



Svæði 3 sinnir fyrst og fremst þökkunarvinnu fyrir margvísleg fyrirtæki. Má þar nefna þökkun tímarita og dagatala, líma límmiða á lok og dósir, telja skráfur í poka, líma miða fyrir dreifingaraðila og margt fleira.



Svæði 4 Smíkó er smíðaverkstæði fyrir einhverfa einstaklinga. Helstu verkefni Smíkó eru að smíða leikföng á borð við bíla, lestar og kubba. Í Smíkó er einnig unnið við hin ýmsu æfingaverkefni. Starfsmenn Smíkó

hafa síðustu ár fengið tækifæri til að fara út á vinnumarkaðinn og vinna þar hin ýmsu störf, stór sem smá.

Auk þessa er rekin verslun með vörur sem framleiddar eru á vinnusvæðunum.

Á skrifstofu eru tveir starfsmenn, forstöðumaður og staðgengill forstöðumanns. Þessir starfsmenn skipta með sér verkefnum. Annar sinnir innra starfi Ás vinnustofu og hinn þáttum sem snúa að rekstri.

Síðan eru svæðisstjórar sem bera ábyrgð á innra skipulagi hvers svæðis. Þeir eru ýmist einn eða tveir eftir svæðum. Á svæði 1 eru tveir svæðisstjórar, en á hinum svæðunum er einn á hverju svæði

Leiðbeinendur eru bæði faglærðir og ófaglærðir og eru samtals í 59 stöðugildum (2024). Auk þess eru 5,3 stöðugildi í eldhúsi. Af þeim er eitt sem er flakkari sem fer líka í afleysingu í Stjörnugróf.

Af þeim sveitarfélögum sem eru með samning við Ás vinnustofu innheimtir einungis Kópavogsbær gjald vegna matar. Innheimt er 550 kr. fyrir hverja máltíð (október 2024). Að jafnaði neyta matar hjá Vinnu og virkni í Ögurhvarfi 92 notendur á hverjum vinnudegi frá Reykjavíkurborg.

Vegna fötlunar þurfa notendur í sumum tilfella að fá fylgdarmann með sér að heiman. Geta allt að þrír starfsmenn fylgt viðkomandi einstaklingi. Auk þess eru leiðbeinendur á vinnustofunni til að sinna viðkomandi.

Þessir einstaklingar sitja nokkuð eftir í þjónustu hvað vinnu og virkni varðar. Það sama á við um marga sem eru með geðfötlun, þeir eiga ekki alltaf samleið með öðrum fötluðum og þá ekki í boði þjónusta við þá að sögn forstöðumanns.

Tafla 90: Fjöldi stöðugilda notenda, fjöldi notenda, leiðbeinenda og stjórnenda.

	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Fjöldi stöðugilda notenda frá Reykjavíkurborg	66,2	68,6	71,0	74,1	72,5	73,0
Fjöldi notenda frá Reykjavíkurborg	96	100	104	109	107	108
Fjöldi stöðugilda notenda frá öllum sveitarfélögum	95,1	100,0	100,9	107,4	108,2	106,7
Fjöldi stöðugilda stjórnenda (vinna ekki á gólfí með notendum)	1,0	1,0	2,0	2,0	2,0	2,0
Fjöldi stöðugilda leiðbeinenda og svæðisstjóra	30,0	47,9	49,5	55,6	58,5	59,0
Fjöldi stöðugilda notenda frá öllum sveitarfélögum á hvert stöðugildi leiðbeinenda og svæðisstjóra	3,2	2,1	2,0	1,9	1,8	1,8
Fjöldi stöðugilda notenda frá öllum sveitarfélögum á hvert stöðugildi leiðbeinenda, svæðisstjóra og stjórnend	3,1	2,0	2,0	1,9	1,8	1,7

Heimild: Ás vinnustofa

Tafla 90 sýnir fjölda stöðugild notenda, leiðbeinenda og stjórnenda. Auk þess fjölda notenda.

Á árinu 2023 voru notendur frá Reykjavíkurborg í 73 stöðugildum í Ögurhvarfi 6 sem í voru 108 notendur.

Fjöldi stöðugilda notenda á hvert stöðugildi leiðbeinenda og svæðisstjóra var 1,8 árið 2023 og með stjórnendum 1,7.

Stjörnugróf



Mynd 36. Bjarkarás og Lækjarás í Grófinni..

Í Stjörnugróf eru Bjarkarás og Lækjarás sem bjóða upp á val um vinnu og virkni fyrir fullorðið fólk með þroskahömlun.

Bjarkarás og Lækjarás eru í Stjörnugróf 7-9, og í daglegu tali kallað Grófin.

Þar er lögð áhersla á fjölbreytta einstaklings- og hópmiðaða starfsemi og haft að leiðarljósi að gera vinnu, afþreyingu og umhverfi aðgengilegt hverjum og einum.

Í Grófinni eru margar minni einingar og má þar m.a. nefna Selið sem veitir fötluðu fólki með sögu um flókna hegðun og geðræn vandamál sérsniðna þjónustu. Þar má einnig finna leikskóladeildina Lyngás. Þar er lögð áhersla á einstaklingsmiðaða þjónustu með fjölbreytt viðfangsefni, snemmtæka íhlutun og náið samstarf við foreldra og þá fagmenn sem tengjast hverju barni. Í Setrinu starfar fólk sem er farið að eldast og miðast starfið þar við að gera efri árin sem ánægjulegust.



Mynd 37. Gróðurhúsið í Grófinni

Lífræn ræktun á sér stað í gróðurhúsinu í Grófinni. Þar er ræktað grænmeti og matjurtir og leitast er við að sníða vinnuaðstöðu að þörfum hvers og eins. Starfsemi er í gróðurhúsinu 10 mánuði ársins, aðeins er lokað yfir háveturinn. Hægt er að koma í Gróðurhúsið og kaupa grænmeti milli kl. 9.00-16.00 yfir sumartímann.

Í Grófinni er einnig stór heitur pottur með góðu aðgengi sem bæði Grófin og Ögurhvarfið hafa aðgang að.

Á skrifstofu eru tveir starfsmenn, forstöðumaður og yfirproskapjálfi, sem er jafnframt staðgengill forstöðumanns. Þessir starfsmenn skipta með sér verkefnum.

Yfirproskapjálfi sinnir innra faglegu starfi ásamt forstöðumanni í Stjórnuþróf, og forstöðumaður sinnir jafnframt þáttum sem snúa að rekstri.

Síðan eru stofustjórar sem bera ábyrgð á innra skipulagi hvers svæðis og leiðbeinendur sem eru bæði faglærðir og ófaglærðir. Þeir eru samtals í 59 stöðugildum (2024). Auk þess eru 3,8 stöðugildi í eldhúsi. Að jafnaði neyta 36 notendur matar á hverjum vinnudegi. Stundum fleiri og stundum færri.

Tafla 91: Fjöldi stöðugilda notenda, fjöldi notenda, leiðbeinenda og stjórnenda.

	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Fjöldi stöðugilda notenda frá Reykjavíkurborg	33,9	34,7	35,6	33,6	33,6	35,0
Fjöldi notenda frá Reykjavíkurborg	58	59	60	57	57	58,0
Fjöldi stöðugilda notenda frá öllum sveitarfélögum	44,9	45,5	51,5	48,8	47,9	50,4
Fjöldi stöðugilda stjórnenda (vinna ekki á gólf með notendum)	3,0	3,0	2,0	2,0	2,0	2,0
Fjöldi stöðugilda leiðbeinenda og svæðisstjóra	58,5	56,1	57,1	57,1	70,1	64,5
Fjöldi stöðugilda notenda frá öllum sveitarfélögum á hvert stöðugildi leiðbeinenda og svæðisstjóra	0,77	0,81	0,90	0,85	0,68	0,78
Fjöldi stöðugilda notenda frá öllum sveitarfélögum á hvert stöðugildi leiðbeinenda, svæðisstjóra og stjórn	0,73	0,77	0,87	0,83	0,66	0,76

Heimild: Ás vinnustofa.

Tafla 91 sýnir fjölda stöðugilda notenda, leiðbeinenda og stjórnenda. Auk þess fjölda notenda. Hér eru stöðugildi í mótuneyti meðtalin.

Á árinu 2023 voru notendur frá Reykjavíkurborg í 35 stöðugildum í Stjórnuþróf sem í voru 58 notendur.

Fjöldi stöðugildi notenda á hvert stöðugildi leiðbeinenda og svæðisstjóra var 0,78 árið 2023 og með stjórnendum 0,76.

Ás vinnustofa samantekið

Tafla 92: Greiðslur frá Reykjavíkurborg í þúsundum króna, fjöldi stöðugilda notenda, leiðbeinenda og stjórnenda. Auk þess fjöldi notenda.

	2018	2019	2020	2021	2022	2023	Breyting 2018 til 2023
Ás vinna og virkni greitt frá Reykjavíkurborg	615.528	684.000	751.000	819.549	825.000	830.000	34,8%
Fjöldi stöðugilda notenda frá Reykjavíkurborg	100,1	103,3	106,6	107,7	106,1	108,0	7,9%
Fjöldi notenda frá Reykjavíkurborg	154,0	159,0	164,0	166,0	164,0	166,0	7,8%
Fjöldi stöðugilda notenda frá öllum sveitarfélögum	140,0	145,5	152,4	156,2	156,1	157,1	12,2%
Fjöldi stöðugilda stjórnenda (vinna ekki á gólf með starfsmönnum (notendum))	4,0	4,0	4,0	4,0	4,0	4,0	0,0%
Fjöldi stöðugilda leiðbeinenda og svæðisstjóra	88,5	104,0	106,6	112,7	128,6	123,5	39,5%
Fjöldi stöðugilda notenda frá öllum sveitarfélögum á hvert stöðugildi leiðbeinenda og svæðisstjóra	1,6	1,4	1,4	1,4	1,2	1,3	-19,6%
Fjöldi stöðugilda notenda frá öllum sveitarfélögum á hvert stöðugildi leiðbeinenda, svæðisstjóra og stjórn	1,5	1,3	1,4	1,3	1,2	1,2	-18,6%
Kostnaður á hvert stöðugildi starfsmanns (notanda)	6.152	6.623	7.048	7.612	7.779	7.688	25,0%

Heimild: Ás vinnustofa og Reykjavíkurborg.

Í töflu 92 eru samanteknar upplýsingar varðandi greiðslur og stöðugildi vegna kaupa á þjónustu frá Ás styrkartarfélagi er varðar dagvist, hæfingu og verndaða vinnu.

Eins og fram kemur í töflunni hækka greiðslur frá Reykjavíkurborg um 34,8% á milli áranna 2018 og 2023. Fara úr 615,5 millj. kr. árið 2018 í 830 millj. kr. árið 2023. Á tímabilinu fjölgaði stöðugildum notenda um 7,9%. Voru 100,1 árið 2018 en 108 árið 2023.

Stöðugildum leiðbeinenda og stjórnenda fjölgar um 40% á tímabilinu. Fara úr 88,5 stöðugildum í 123,5 árið 2023.

Kostnaður á hvert stöðugildi notenda fer úr 6.152 þús. kr. árið 2018 í 7.688 þús. kr. árið 2023, eða hækkun um 25%.

Ásgarður handverkstæði

Ásgarður er sjálfseignafélag, sem var stofnað árið 1993. Þar starfa nú (september 2024) 37 fatlaðir einstaklingar, sem nýta 22 stöðugildi. Þar af er Reykjavíkurborg með samkvæmt samningi 12 stöðugildi og önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu með 10. Á Ásgarði eru átta leiðbeinendur og einn forstöðumaður.

Í september 2024 voru 22 notendur frá Reykjavíkurborg í 12,6 stöðugildum. Þjónustumat þessara notenda er frá SIS flokki 5 í SIS flokk 7. Fjórir af þessum notendum eru búnir að vera frá árunum 1998 og 1999. Tíu notendur byrjuðu á Ásgarði fyrir árið 2011.

Vorið 2023 var gerður samningur við Ásgarð handverkstæði sem gildir frá 1. apríl 2023 til 31. desember 2024. Í 17. gr. samningsins segir að aðilar samningsins skuli hefja viðræður um nýjan samning vegna ársins 2025 eigi síðar en 1. september 2024.

Í 6. gr. samningsins er kveðið á um greiðslur Reykjavíkurborgar fyrir þjónustuna. Árið 2023 á greiðslan að vera 53.282.183 kr. og á árinu 2024 á greiðslan að vera 72.727.911 kr. Samningurinn á að taka breytingum samkvæmt þeim verðlagsforsendum sem verða á fjárhagsramma velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um hver áramót.

Í 4. gr. samningsins er kveðið á um að þjónustukaupi kaupi tólf heilsdagsstöðugildi fyrir fatlað fólk á þjónustusvæði Reykjavíkurborgar af þjónustusala. Heilt stöðugildi notanda þjónustunnar er átta klukkustundir á dag. Heimilt er að tveir notendur samnýti stöðugildi.

Starfstöðvar í Ásgarði fyrir notendur eru sem hér segir:

- Smíðaverkstæði-Valhöll: 3 leiðbeinendur
- Listasmiðja-Ýdalir: 3 leiðbeinendur
- Tréhópur-Bilskírnir: 1 leiðbeinandi
- Hugmyndavinna og sköpun
- Eldhús: 1 leiðbeinandi
- Verslun

Tafla 93: Greiðslur til Ásgarðs í þúsundum króna, fjöldi notenda, stöðugilda og vísitölur.

Ár							Breyting á milli ára							
	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2018-2019	2019-2020	2020-2021	2021-2022	2022-2023	2018-2023	2019-2023	
Ásgarður	36.824	45.572	50.437	57.106	59.105	70.985	23,8%	10,7%	13,2%	3,5%	20,1%	92,8%	55,8%	
Fjöldi stöðugilda notenda	11,0	11,0	11,6	12,2	12,6	11,5								
Fjöldi notenda	19	19	21	22	22	21								
Fjöldi stöðugilda notenda samtals hjá Ásgarði (frá öllum sveitarfélögum)	22,0	22,0	22,0	22,0	22,0	22,0								
Fjöldi stöðugilda leiðbeinenda	8,0	8,0	8,0	8,0	8,0	8,0								
Fjöldi stöðugilda stjórnanda	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0								
Fjöldi stöðugilda notenda á hvert stöðugildi leiðbeinanda	2,75	2,75	2,75	2,75	2,75	2,75								
Fjöldi stöðugilda notenda á hvert stöðugildi leiðbeinanda og stjórnanda	2,44	2,44	2,44	2,44	2,44	2,44								
Kostnaður á stöðugildi notanda	3.348	4.143	4.348	4.663	4.691	6.173	23,8%	5,0%	7,3%	0,6%	31,6%	84,4%	49,0%	
Launavísitala alts	97,9	102,7	109,1	118,2	128,0	140,5	4,9%	6,2%	8,3%	8,3%	9,8%	43,5%	36,8%	
Launavísitala starfsmanna á almennum vinnumarkaði	98,1	103,3	109,6	117,0	126,8	140,1	5,3%	6,1%	6,8%	8,4%	10,5%	42,8%	35,6%	
Launavísitala starfsmanna sveitarfélaga	97,1	101,0	109,0	124,4	135,2	146,8	4,0%	7,9%	14,1%	8,7%	8,6%	51,2%	45,3%	
Vísitala neysluverðs	454,8	468,6	481,9	503,3	545,1	592,8	3,0%	2,8%	4,4%	8,3%	8,8%	30,3%	26,5%	

Heimild: Reykjavíkurborg og Hagstofa Íslands.

Tafla 93 sýnir kostnað við þjónustu sem veitt hefur verið í Ásgarði í þús. kr. og fjölda stöðugilda notenda, leiðbeinenda og stjórnanda.

Kostnaðurinn fer úr 37 millj. kr. árið 2018 í 71 millj. kr. árið 2023, eða hækkun um 93%. Á sama tíma hækkaði launavísitala alls um 37% og vísitala neysluverðs um 27%. Megin skýringin á mismuninum er mikil hækkun á milli árána 2018 og 2019 þegar hækkunin var 24%.

Fjöldi notenda á hvert stöðugildi leiðbeinanda var öll árin 2,75 notendur.

Allur hagnaður af framleiðslu Ásgarðs (verslun) rennur óskertur til starfsmanna Ásgarðs í formi morgunmatar, hádegismatar, síðdegiskaffis, jólahlaðborðs, jólagjafa, jólasveina, þorablóts, páskamats, páskaegg, vorferð út á land, vinnuföt og margt annað sem er greitt af söluhagnaði framleiðslu Ásgarðs. Allt framanritað er endurgjaldslaust fyrir starfsmenn (þjónustuþega) Ásgarðs.

Allir notendur þjónustunnar í Ásgarði fá hádegismat, bæði þeir sem mæta að morgni og síðdegis. Matur er frá kl. 11:30 til 12:30.

Allir notendur þjónustunnar á Ásgarði fá greidd laun. Þeir sem eru í vinnu við smíðar, handverk, aðstoð í eldhúsi og afgreiðslu í verslun fá greidd laun frá 25.000 - 100.000 á mánuði eftir starfshlutfalli.

Þeir sem eru í starfsnámi og eru að aðstoða þá sem eru í vinnu fá greitt um 10.000 - 20.000 á mánuði eftir starfshlutfalli. Aðrir í starfsþjálfun fá greitt um 5.000 - 10.000 eftir starfshlutfalli.

Fram kom í máli forstöðumanns að öll samskipti við Reykjavíkurborg gangi mjög vel. Í samningum við Reykjavíkurborg hefur verið ákvæði um að samningsupphæð skuli taka breytingum skv. hækkunum sem stuðst er við hjá Reykjavíkurborg við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert. Þessar hækkanir hafa verið lægri en almennar launa- og verðlagshækkanir hafa verið sem leitt hefur til fjárvöntunar við reksturinn. Vegna þess hefur fengist leiðrétting á samningsgreiðslum sem þessu munar undanfarin ár. Leiðréttingin hefur náð að jafnaði þrjú ár aftur í tímann í hvert skipti.

Ásgarður hefur verið með samning við Mosfellsbæ vegna notenda annar staðar frá en frá Reykjavíkurborg. Í þeim samningum hafa samningsgreiðslur tekið breytingum skv. almennum launa- og verðlagshækkunum. Leiðréttingin sem komið hefur frá Reykjavíkurborg hefur tekið mið af þeim greiðslum sem Mosfellsbær hefur greitt.

Fram kom í samtali við forstöðumann Ásgarðs að það þyrfti að vera möguleiki á að bjóða upp á aðra vinnu tímabundið til tilbreytingar og að kynnast öðrum störfum fyrir þá sem eru búnir að vera lengst.

Blindravinnustofan

Í nóvember 2021 gerði velferðarsvið Reykjavíkurborgar samningum við Blindravinnustofuna um kaup á hæfingartengdri þjónustu.

Samningurinn er um kaup á 0,93 af stöðugildi fyrir þrjár notendur. Samningsupphæð miðað við heilt ár er 4.234.743 kr. Samningsupphæðin skal taka breytingum í samræmi við ákvæði kjarasamnings Eflingar og Hlutverks á samningstímabilinu.

Samningurinn er tímabundinn og gildir frá 1. janúar 2022 til 31. desember 2024. Aðilar skulu hefja viðræður um nýjan samning vegna ársins 2025 eigi síðar en 1. september 2024 samkvæmt 15. gr. samningsins.

Tafla 94: Greiðslur til Blindravinnustofunnar í þúsundum króna, fjöldi notenda og stöðugilda.

	2018	2019	2020	2021	2022	2023	Breyting 2018 -2023
Blindravinnustofan	3.101	3.101	3.172	3.101	4.235	4.235	36,6%
Fjöldi stöðugilda starfsmanna (notenda)	0,93	0,93	0,93	0,93	0,93	0,93	
Fjöldi notenda	3	3	3	3	3	3	
Kostnaður á stöðugildi notanda	3.334	3.334	3.411	3.334	4.553	4.553	36,6%

Heimild: Reykjavíkurborg.

Tafla 94 sýnir greiðslur til Blindravinnustofunnar í þús. kr., fjölda stöðugilda notenda og fjölda notenda.

Eins og taflan sýnir var kostnaður á hvert stöðugildi notenda 4.553 þús. kr. árið 2023.

Þjónusta keypt af Hafnarfjarðarkaupstað

Keypt er þjónusta af Hafnarfjarðarkaupstað, annars vegar er það Hæfingarstöð Bæjarhrauni 2 og hins vega Geitungarnir. Ekki hafa verið gerður samningur vegna þessa. Þjónustukaupin byggja á samkomulagi sveitarfélaganna frá yfirfærslu 2011 skv. upplýsingum frá velferðarsviði.

Samkvæmt upplýsingum frá velferðarsviði er þjónustan sem keypt er af Hæfingarstöð Bæjarhrauni einkum vegna þess að þar er boðið upp á Bliss tungumálið, sem er tjáskiptaforrit og búnaður tengdur því.

Á vef Hafnarfjarðarkaupstað segir m.a. um Geitungana. „Verkefnið Geitungarnir fela í sér aukin tækifæri fatlaðs fólks með miklar stuðningsparfir til þátttöku á almennum vinnumarkaði. Áhersla er lögð á að einstaklingar með mikla stuðningsparfir fái tækifæri til að reyna sig á almennum vinnumarkaði með stuðningi aðstoðarmanna.“

Tafla 95: Greiðslur vegna Hæfingarstöðvar Bæjarhrauni í þúsundum króna, fjöldi notenda og stöðugilda notenda.

	2018	2019	2020	2021	2022	2023	Hlutfallsleg breyting 2018 til 2023
Hæfingarstöð Bæjarhrauni	8.986	8.919	15.772	16.686	17.688	23.889	165,9%
Fjöldi stöðugilda	1,2	1,2	1,2	1,2	1,2	1,2	
Fjöldi notenda	4	5	5	4	4	4	
Kostnaður á stöðugildi	7.488	7.433	13.143	13.905	14.740	19.908	165,9%

Heimild: Reykjavíkurborg.

Tafla 95 sýnir greiðslur vegna Hæfingarstöðvar við Bæjarhraun, fjölda stöðugilda notenda og fjölda notenda.

Eins og kemur fram í töflunni voru greiðslur 8.986 þús. kr. árið 2018 en 23.889 þús. kr. árið 2023, eða hækkun um 165,9% á milli þessara ára eða tæplega þreföldun kostnaðar. Allan tímann voru 1,2 stöðgildi notenda fyrir fjóra til fimm notendur.

Þannig var kostnaðurinn 19.908 þús. kr. á hvert stöðugildi árið 2023 samanborið við 7.488 þús. kr. árið 2018.

Tafla 96: Greiðslur vegna Geitunga í þúsundum króna, fjöldi stöðugildi notenda og fjöldi notenda.

	2018	2019	2020	2021	2022	2023	Breyting 2018-2023
Geitungar	6.756	9.350	7.745	9.631	15.220	13.400	98,3%
Fjöldi stöðugilda	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	
Fjöldi notenda	2	2	2	2	2	2	
Kostnaður á hvert stöðugildi	6.756	9.350	7.745	9.631	15.220	13.400	98,3%

Heimild: Reykjavíkurborg.

Tafla 96 sýnir greiðslur vegna Geitunga, fjölda stöðugilda notenda og fjölda notenda.

Eins og kemur fram í töflunni voru greiðslur 6.756 þús. kr. árið 2018 en 13.400 þús. kr. árið 2023, eða hækkun um 98.3% á milli þessara ára eða tæplega tvöföldun kostnaðar. Allan tímann var eitt stöðgildi notenda fyrir tvo notendur.

Þannig var kostnaðurinn 13.400 þús. kr. á hvert stöðugildi árið 2023 samanborið við 6.756 árið 2018.

Þjónusta keypt af Kópavogsbæ

Keypt er þjónusta af Kópavogsbæ annars vegar þjónusta sem veitt er á Dalvegi, þar sem er hæfingarstöð og hins vegar Örva. Á vefsíðu Örva segir m.a. um starfsemina: Starfsemi Örva er tvíþætt. Annars vegar fer fram þjálfun og styrking einstaklinga með skerta starfsgetu sem hefur það að markmiði að gera viðkomandi hæfari til starfa á almennum vinnumarkaði. Hins vegar er Örvi fyrirtæki í umtalsverðum rekstri. Framleiðsla plastumbúða og ýmis önnur verkefni fyrir viðskiptavinum (pökkun, flokkun og samsetningar) er grundvöllurinn sem starfsþjálfunin hvílir á.“

Ekki hafa verið gerðir samningar vegna þessa. Þjónustukaupin byggja á samkomulagi sveitarfélaganna frá yfirfærslu 2011 skv. upplýsingum frá velferðarsviði.

Tafla 97: Greiðslur til Kópavogsbæjar vegna vinnu og virkni í þúsundum króna, fjöldi stöðugildi notenda og fjöldi notenda.

	2018	2019	2020	2021	2022	2023	Breyting 2018 til 2023
Hæfingarstöð Dalvegi og Öri	42.832	45.951	66.753	71.463	63.900	57.332	33,9%
Fjöldi stöðugilda notenda	5,9	9,4	7,6	8,8	5,8	4,9	-16,0%
Fjöldi notenda	15	21	17	19	11	10	
Kostnaður á stöðugildi	7.309	4.904	8.841	8.093	11.094	11.653	59,4%

Heimild: Reykjavíkurborg.

Tafla 97 sýnir greiðslur til Kópavogsbæjar vegna vinnu- og virkniúrræða, fjölda stöðugilda notenda og fjölda notenda.

Eins og kemur fram í töflunni voru greiðslur 42.832 þús. kr. árið 2018 en 57.332 þús. kr. árið 2023, eða hækkun um 33,9% á milli þessara ára. Stöðugildum notenda var ýmist að fjölga eða fækka á milli ára. Á milli áranna 2018 og 2023 fækkaði stöðugildum notenda úr 5,9 í 4,9 eða um eitt stöðugildi.

Þannig var kostnaðurinn 11.653 þús. kr. á hvert stöðugildi árið 2023 samanborið við 7.309 þús. kr. árið 2018.

Stuðnings- og stoðþjónusta

Heildarútgjöld vegna stuðnings- og stoðþjónustu hafa aukist um 67% á tímabilinu 2018-2023 (sjá töflu 98).

Kostnaður vegna Liðs aukans hefur rúmlega þrefaldast en kostnaður vegna stoðþjónustu hefur aukist um tæp 90%. Aðeins 17% aukning hefur orðið á kostnaði við stuðningsþjónustu.

Tafla 98. Heildarútgjöld vegna stuðnings- og stoðþjónustu 2018-2023.

Stuðnings- og stoðþjónusta	2018	2019	2020	2021	2022	2023	Breyting 2018-2022	Hlutfall
Liðs aukinn	96.263	122.625	281.918	380.743	425.040	403.534	307.271	319%
Stuðningsþjónusta	566.736	704.485	519.670	585.929	684.049	665.270	98.534	17%
Stoðþjónusta	187.203	162.788	188.516	177.061	203.938	353.908	166.705	89%
Samtals	850.202	989.898	990.104	1.143.733	1.313.027	1.422.712	572.510	67%

Heimild: Reykjavíkurborg.

Liðs aukinn

Starfsfólk Liðs aukans veitir ungu fólki sem er í sjálfstæðri búsetu margháttaðan stuðning. Um er að ræða sóláhringsþjónustu við notendur með flóknar þjónustuparfir sem ekki geta nýtt sér önnur þjónustuúrræði eins og búsetuþjónustu.

18 einstaklingar njóta þjónustu Liðs aukans. Ársverk voru rúmlega 30 árið 2023 og hafði fækkað um tvö frá árinu 2022 (sjá töflu 99).

Rekstrarkostnaður Liðs aukans árið 2023 var tæpar 404 millj. kr. og hafði vaxið úr 96 millj. kr. árið 2018 sem er ríflega þreföldun enda hafði fjöldi notenda tvöfaldast á tímabilinu eða farið úr 9 í 18.

Tafla 99. Tekjur, útgjöld, áætlun, launakostnaður, fjöldi stöðugilda og fjöldi notenda Liðs aukans 2018-2023.

Liðs aukinn	2018	2019	2020	2021	2022	2023	Breyting 2018-2023	Hlutfall
Tekjur				-190				
Laun og launatengd gjöld	85.989	104.309	263.431	357.996	398.759	380.994	295.005	343%
Vörukaup	702	820	4.514	4.746	3.961	3.479	2.777	396%
Þjónustukaup	9.565	17.496	13.973	17.811	22.320	19.061	9.496	99%
Skattar og opinber gjöld	6							
Samtals gjöld	96.262	122.625	281.918	380.363	425.040	403.534	307.278	319%
Áætlun	98.720	169.226	376.697	406.056	455.122	468.442	356.402	361%
Áætlun - rekstrarniðurstæða	2.458	46.601	94.779	25.693	30.082	64.908	49.124	1999%
(Áætlun - Rekstrarniðurstæða) sem hlutfall af áætlun	2%	28%	25%	6%	7%	14%	14%	554%
Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum	27%	25%	25%	14%	5%	6%	-21%	-78%
Vaktavinna sem hlutfall af mánaðarlaunum	19%	16%	23%	27%	30%	30%	11%	58%
Önnur laun sem hlutfall af mánaðarlaunum	6%	8%	6%	7%	7%	7%	1%	17%
Stöðugildi	10,2	12,1	24,8	35,7	32,1	30,1	19,9	195%
Launakostnaður / stöðugildi	8.406	8.606	10.614	10.034	12.407	12.641	4.235	50%
Fjöldi notenda	9	9	18	18	18	18	9	100%
Heildarkostnaður / notanda	10.696	13.625	15.662	21.131	23.613	22.419	11.723	110%
Launakostnaður / notanda	9.554	11.590	14.635	19.889	22.153	21.166	11.612	122%
Stöðugildi / notanda	1,1	1,3	1,4	2,0	1,8	1,7	0,5	48%

Heimild: Reykjavíkurborg.

Tafla 101. Fjöldi notenda stuðningsþjónustu skipt eftir miðstöðvum 2018-2022. Upplýsingar um fjölda notenda árið 2023 lágu ekki fyrir.

Stuðningsþjónusta - fjöldi notenda	2018	2019	2020	2021	Breyting 2018-		Hlutfall
					2022	2022	
Stuðningsþjónusta - Austurmiðstöð	137	139	102	111	109	-28	-20%
Stuðningsþjónusta - Norðurmiðstöð	136	124	105	118	106	-30	-22%
Stuðningsþjónusta - Suðurmiðstöð	74	82	50	50	51	-23	-31%
Stuðningsþjónusta - Vesturmiðstöð	76	73	59	50	51	-25	-33%
Samtals	423	418	316	329	317	-106	-25%

Heimild: Reykjavíkurborg.

Í töflu 102 má sjá þróun í kostnaði á hvern notanda stuðningsþjónustu á tímabilinu 2018-2022.

Tafla 102. Meðalkostnaður á hvern notanda stuðningsþjónustu 2018-2022. Upplýsingar um fjölda notenda árið 2023 lágu ekki fyrir.

Stuðningsþjónusta - kostnaður á notanda	2018	2019	2020	2021	Breyting 2018-		Hlutfall
					2022	2022	
Stuðningsþjónusta - Austurmiðstöð	1.349	1.526	1.562	1.909	2.305	956	71%
Stuðningsþjónusta - Norðurmiðstöð	1.369	1.775	1.472	1.354	1.657	288	21%
Stuðningsþjónusta - Suðurmiðstöð	1.160	1.637	1.674	1.670	2.099	940	81%
Stuðningsþjónusta - Vesturmiðstöð	1.447	1.890	2.069	2.615	2.943	1.496	103%
Samtals	1.340	1.685	1.645	1.781	2.158	818	61%

Heimild: Reykjavíkurborg.

Kostnaður á hvern notanda stuðningsþjónustu hefur aukist að meðaltali um 61% á tímabilinu 2018-2022. Ef tekið er tillit til hækkunar á launakostnaði á tímabilinu sem var rúm 39% hjá starfsmönnum sveitarfélaganna¹⁸ er ljóst að aukning hefur orðið á tímafjölda hvers notanda stuðningsþjónustu á tímabilinu.

Stoðþjónusta

Hér er bókaður kostnaður vegna þjónustu við fatlað fólk sem er umfram 60 klst. á mánuði (15 klst. á viku).

Líkt og fram kom í töflu 98 var rekstrarkostnaður vegna stoðþjónustu rúmar 187 millj. kr. árið 2018 og hafði hækkað í tæpar 354 millj. kr. árið 2023 sem er hækking um 89%.

Ekki lágu fyrir upplýsingar um fjölda þeirra sem nutu stoðþjónustu en ljóst er að kostnaður vegna þjónustunnar hefur hækkað hlutfallslega mun meira en vegna stuðningsþjónustu.

Þar sem kostnaður vegna þeirra sem njóta stoðþjónustu er kostnaður sem verður til vegna þess að þjónusta við einstakling er umfram 60 klst. á mánuði er ljóst að umfang stoðþjónustu hefur aukist annað hvort í fjölda tíma á hvern notanda eða notendum

18

https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag_launogtekjur__2_lvt__3_arstolur/LAU04203.px/table/tableViewLayout2/

stoðþjónustu (þeir sem þurfa umfangsmeiri þjónustu) hefur fjölgað. Ljóst er að halda þarf betur utan um skráningu vegna stoðþjónustu hjá Reykjavíkurborg en nú er þannig að draga megi upp skýrari mynd af stöðu og þróun mála.

Biðlistar eftir þjónustu

Í töflu 103 má sjá samantekt á biðlistum eftir þjónustu í málaflokki fatlaðs fólks hjá Reykjavíkurborg.

430 notendur voru skráðir á biðlista í nóvember 2024, flestir bíða eftir húsnæði eða 225 en 103 eru á bið eftir stuðnings- og stoðþjónustu.

Tafla 103. Samantekt á fjölda einstaklinga sem eru á biðlista eftir þjónustu í nóvember 2024 greint eftir þjónustubáttum.

Biðlistar samantekt	Á biðlista	Í þjónustu	Ekki í þjónustu
Húsnæði	225	126	99
Stuðnings- og stoðþjónusta	103	87	16
Skammtímadvöl	44	25	19
Stuðningsfjölskyldur	58	14	44
Samtals	430	252	178

Heimild: Reykjavíkurborg

Um 59% þeirra sem bíða eftir þjónustu í nóvember 2024 voru í þjónustu á árinu 2023 en 178 eða 41% voru það ekki.

Ef skoðað er hvers konar þjónustu var verið að veita þeim sem skráðir eru á biðlista eftir búsetu og stuðnings- og stoðþjónustu kemur í ljós að flestir eða 68 voru í vinnu og virkni árið 2023. 50 einstaklingar í þeim hópi hafa óskað eftir búsetu en 18 eftir stuðnings- og stoðþjónustu (sjá töflu 104).

Tafla 104. Frekari greining á þjónustu sem verið er að veita fólki sem bíður eftir búsetu og stuðnings- og stoðþjónustu í nóvember 2024.

Þjónusta við einstaklinga á biðlista	Búseta	Stuðnings- og stoðþjónusta	Samtals
Beingreiðslusamningar	9		9
Búseta	22	6	28
Heimastuðningur		26	26
Heimili fyrir börn	2		2
Klettabær	8	1	9
NPA	2		2
Skahm	1		1
Skammtímadvöl	16		16
Stuðningsfjölskyldur	16	5	21
Stuðnings- og stoðþjónusta	0	31	31
Vinna og virkni	50	18	68
	126	87	213

Heimild: Reykjavíkurborg

Ef umsóknir um þjónustu eru greindar eftir umsóknar árum kemur í ljós að rúmlega 18% umsóknanna eru frá 2008-2019 og 59% frá tímabilinu 2020-2023. 74 umsóknir um búsetu og stuðnings- og stoðþjónustu hafa borist á fyrstu 11 mánuðum ársins 2024 eða rétt um 23% allra umsókna (tafla 105).

Tafla 105. Umsóknir um húsnæði og stuðnings- og stoðþjónustu greindar eftir umsóknar árum.

	2008-2019	2020-2023	2024	Samtals
Húsnæði	48	144	33	225
Stuðnings- og stoðþjónusta	12	50	41	103
Samtals	60	194	74	328

Heimild: Reykjavíkurborg

Tillögur til umbóta í rekstri málaflokks fatlaðs fólks hjá Reykjavíkurborg

Tillögur er varða rekstur málaflokks fatlaðs fólks almennt

Tillaga 1: Þjónusta skv. lögum nr. 38/2018 taki mið af mörkuðum tekjum.

Lagt er til að þjónusta skv. lögum nr. 38/2018 takmarkist við þær mörkuðu tekjur sem ætlaðar eru til að standa undir kostnaði við þjónustuna. Þetta komi skýrt fram í stefnuskjöllum og öllum reglum Reykjavíkurborgar varðandi þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Með samningi sem gerður var 15. desember 2023 varðandi fjármögnun þjónustu við fatlað fólk kom skýrt fram það sjónarmið framkvæmdavaldsins hver kostnaðurinn við þjónustuna eigi að vera en þar segir m.a. í lok 3. gr. samningsins:

Með þessari breytingu á fjárhagsramma lögbundinnar þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk, er litið svo á að þeir þættir sem lagðir eru til grundvallar séu endanlega útkljáðir milli ríkis og sveitarfélaga og verði ekki teknir aftur upp á síðari stigum nema til laga- og/eða reglugerðarbreytinga komi með tilheyrandi áhrifum.

Í framhaldi af samkomulaginu samþykkti löggjafinn breytingar á útsvarsþróentu sveitarfélaga í samræmi við samkomulagið þannig að þar liggur fyrir vilji alþingis um að þjónustan eigi að takmarkast við þann fjárhagsramma sem alþingi hefur ákveðið.

Leggja ber áherslu á að við setningu reglna hjá Reykjavíkurborg varðandi þjónustu við fatlað fólk verði sveitarstjórnarlög nr. 138/2011 og þá sérstaklega 63. gr. laganna höfð til hliðsjónar. Ákvæði greinarinnar verði ráðandi þáttur hvað kostnað við þjónustuna varðar.

Tillaga 2: Uppbygging á stjórnborði málaflokksins.

Lagt er til að fram fari yfirlýsing mikil samantekt, greining og framsetning á lykil rekstrar- og þjónustu upplýsingum á einum stað og að þær séu aðgengilegar þeim sem þurfa að nýta upplýsingarnar til ákvarðanatöku.

Í ljósi þess hve kostnaður vegna þjónustu við fatlað fólk getur orðið hár t.d. vegna víðtækra stuðningsþarfa er lagt til að Reykjavíkurborg byggji upp heildstætt kerfi í kringum rekstur málaflokksins.

Í því felst að byggt verði upp mælaborð sem stjórnendur og aðrir sem koma að stefnumótun og ákvörðunum um þróun málaflokksins hafi aðgang að sem gefi rauntímaupplýsingar um kostnað vegna þjónustunnar niður á þjónustubætti, starfsstöðvar og einstaklinga eftir því sem möguleiki er á.

Í mælaborði á að vera hægt að leita svar við lykil spurningum eins og:


- **Kostnaður** á hvern notanda bæði fyrir málaflokkinn í heild og einstaka þjónustupætti (s.s. búsetuþjónustu, NPA samninga, beingreiðslusamninga, stoðþjónustu, vinnu og virkni osfrv.)
- **Tekjur** á hvern notanda (s.s. búsetuþjónustu, NPA samninga, beingreiðslusamninga, stoðþjónustu, vinnu og virkni osfrv.)
- **Fjöldi notenda** á hverjum tíma skipt eftir þjónustuleiðum. Einnig komi fram upplýsingar um fjölda þjónustupátta sem hver notandi nýtir.
- **SIS mat notenda** á hverjum tíma ásamt upplýsingum um hvenær það var framkvæmt og hvenær það þarf næst að uppfæra.
- **Fjöldi einstaklinga á biðlista** skipt eftir þjónustuleiðum ásamt upplýsingum um núverandi þjónustu ef einhver er. Fram komi upplýsingar um biðtíma og stuðningsþarfir. Fram komi upplýsingar um væntan biðtíma.
- **Fjöldi stöðugilda** starfsfólks á ársgrundvelli borið saman við áætlaðan fjölda stöðugilda á hverjum tíma. Yfirfara skal stöðugildi og stöðugildapörf ársfjórðungslega.
- **Starfsmannavelta** á ársgrundvelli og ársfjórðungslega skipt eftir þjónustupáttum, starfsstöð, og starfsheitum.
- **Fjarvistir** (langtíma- og skammtímafjarvistir) skipt eftir þjónustupáttum, starfsstöð og starfsheitum.
- **Starfsánægja** starfsfólks skipt eftir þjónustupáttum, starfsstöð og starfsheitum.
- Niðurstöður **gæðaúttekta** skipt eftir þjónustupáttum og starfsstöð.
- Yfirlit yfir **lykiltölur** búsetukjarna (sjá tillögu í viðauka).

Tillaga 3: Einföldun á stjórnskipulagi málaflokksins.

Lagt er til að stjórnskipulag málaflokks fatlaðs fólks verði einfaldað. Rekstur málaflokksins verði færður frá miðstöðvum á miðlæga skrifstofu og deildir málaflokks fatlaðs fólks á miðstöðvum verði lagðar niður.

Það myndi einfalda mjög yfirsýn ef stjórnun málaflokksins ef rekstur og fagleg stjórnun hans væri á einni hendi hjá Reykjavíkurborg, sérstaklega á meðan að unnið er að rekstrarlegum umbótum. Í því felst að einn aðili hefur heildaryfirsýn yfir rekstur og þjónustu málaflokksins. Þessi aðili leiðir teymi sem hafa góða yfirsýn og djúpa innsýn í einstaka þjónustupætti svo sem rekstur búsetu, stuðnings- og stoðþjónustu og vinnu og virkniúrræði.

Skipulag miðlægs rekstrar í málaflokknum gæti litið út með ýmsum hætti. Einfaldast væri að færa rekstrarlega ábyrgð á fagskrifstofu en halda þjónustu við notendur óbreyttri að öðru leyti en því að þjónustusvæðum mætti fækka úr fjórum í tvö (sjá mynd 38. Tillaga A).




Mynd 38. Tillaga A um breytt skipulag í málaflokki fatlaðs fólks hjá Reykjavíkurborg.

Einnig mætti hugsa sér að skipulagið yrði líkt og fram kemur á mynd 39 (Tillaga B).

Í tillögu B er gert ráð fyrir að öll almenn ráðgjöf til notenda sé í einu teymi sem hefur sveigjanlega staðsetningu út frá þörfum notenda. Áhersla er lögð á að mæta notendum þar sem þeir eru hvort sem er með rafrænum lausnum eða fundum augliti til auglitis.

Öll búsetuþjónusta er á einni hendi og unnið verði að endurskipulagningu hennar saman ber tillögur um búsetuþjónustu hér á eftir. Öll stuðnings og stoðþjónusta er einnig á einni hendi. Sérstök áhersla er lög á samræmingu og eftirfylgd við verklagsreglur sem séu stöðugt í endurskoðun til þess að tryggja megi sem besta nýtingu fjármuna og gæði þjónustu til handa notendum. Samningar við 3ja aðila séu í virku eftirliti og reglulega endurskoðaðir. Vinna og virkniúrræði sem rekin eru af Reykjavíkurborg séu á einni hendi



Mynd 39. Tillaga B um breytt skipulag í málaflokki fatlaðs fólks hjá Reykjavíkurborg.

Huga þarf sérstaklega að því í útfærslu á nýju skipulagi að notendur þjónustunnar snerta á sinni lífsleið flesta þjónustubætti sem í boði eru fyrir fatlað fólk. Mörg fá stuðnings- og

stoðþjónustu, búa á heimilum fyrir fatlað fólk, sækja vinnu og eru í virkni hvort sem er á vegum Reykjavíkurborgar eða hjá þriðja aðila og fá þjónustu frá ráðgjöfum í málaflokknum.

Þjónustupáttaskipulag það sem kynnt er sem tillaga B býður upp á samþættingu á faglegri og rekstrarlegri ábyrgð sem er líkleg til að hámarka bæði nýtingu fjármuna og gæði þjónustunnar sem veitt er. Skipulag sem tekur mið af þjónustupáttum má hins vegar ekki leiða af sér að hnökrar verði á þjónustu þegar einstaklingur fer á milli þjónustupátta.

Fækkun þjónustusvæða má rökstyðja með ýmsum hætti. Þjónustusvæði er landfræðilega mis stór (sjá mynd 40) og hafa ólíka þjónustuþyngd.


Þjónustusvæði austurmiðstöðvar er landfræðilega stærst og þar eru flest heimili fyrir fatlað fólk eða 21. Þjónustusvæði suðurmiðstöðvar er hins vegar landfræðilega minnst og þar eru fæst heimili fyrir fatlað fólk eða 7 árið 2023 og fer fækkandi með lokun Hagasels á árinu 2024.

Mála álag á ráðgjafa einnig ólíkt eftir miðstöðvum og færa má sterk rök fyrir því að með því að sameina ráðgjafahópin undir eina stjórn gæti náðst umtalsverð hagkvæmni, mikil yfirfærsla þekkingar og aukin áreiðanleiki í þjónustu.

Í stað fjögurra fremur lítilla ráðgjafahópa (2 í suðurmiðstöð, 4 í vestur- og austurmiðstöð og 9 í norðurmiðstöð) mætti setja saman öflugan hóp 19 ráðgjafa sem hafa mikla þekkingu á þörfum notenda óháð því hvar notendur búa.

Ráðgjafapjónusta sem ekki er bundin við staðsetningu heldur er sveigjanleg og mæti notendum þar sem þeir eru er nútímaleg nálgun í þjónustu ásamt því að leiða óhjákvæmilega til þess að styrkja þjónustuna, áreiðanleika hennar og hagkvæmni.

Helstu áskoranir hvað varðar breytt skipulag í málaflokknum er rótið sem skipulagsbreytingum fylgir. Breytingar skapa óvissu og geta einnig vakið ótta og óöryggi bæði meðal notenda og ekki síður starfsfólks.




Mynd 40. Dreifing heimila fyrir fatlað fólk og skipting þeirra eftir hverfamiðstöðvum. Þjónustusvæði Austurmiðstöðvar er innan græna kassans, Suðurmiðstöðvar rauða, Norðurmiðstöðvar bláa og Vesturmiðstöðvar er innan appelsínugula kassans.

Hverfaskipulag var vissulega góð nálgun í þjónustu þegar þjónusta var nánast alltaf veitt maður á mann og augliti til auglitis en miklar umbreytingar hafa orðið á þjónustu á öllum sviðum þjóðfélagsins á undanförunum árum og áratugum. Nægir í því sambandi að nefna rafrænar þjónustulausnir, sjálfsafgreiðslu, umsóknir og undirritanir með rafrænum skilríkjum og fundi í gegnum fjarfundabúnað sem gera notendum og þjónustuaðilum kleyft að mætast nánast hvar sem er.

Mikilvægt er á þessum tímapunkti að Reykjavíkurborg endurhugsi skipulag reksturs og þjónustu í málaflokki fatlaðs fólks og aðlagi hana að nútímanum. Í því felst meðal annars að einfalda skipulag, stytta boðleiðir og auka yfirsýn og samþættingu faglegra og rekstrarlegra sjónarmiða líkt og hér er lagt til.

Verði þjónustuskipulag óbreytt þ.e. að hverfamiðstöðvar verði áfram fjórar eru lagðar til eftirfarandi breytingar á skipulagi miðstöðva vegna flutnings á málaflokki fatlaðs fólks (sjá mynd 41):

- Stöður deildastjóra í málaflokki fatlaðs fólks verði lagðar niður í miðstöðvum.
- Ráðgjafar og aðrir starfsmenn í deildum málaflokks fatlaðs fólks flytist til deildar virkni og ráðgjafar eða tilheyri stjórnunareiningu á skrifstofu málaflokksins en starfi áfram á miðstöðvum.



Mynd 41. Tillaga að nýju skipulagi hverfamiðstöðva við flutning rekstur málaflokks fatlaðs fólks á miðlæga skrifstofu.

Tillaga 4: Fjárhagsáætlun segi til um fjárheimildir.

Lagt er til að lögð verði áhersla á það við stjórnendur starfseininga að fjárhagsáætlun er ekki einungis markmið heldur segi áætlunin til um þá fjárheimild sem viðkomandi starfseining hefur.

Leggja ber ríka áherslu á það við stjórnendur sveitarfélagsins að fjárhagsáætlun er ekki einungis markmið heldur segir hún til um fjárheimild viðkomandi starfseininga. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum eru greiðslur umfram fjárheimildir samkvæmt fjárhagsáætlun án þess að gerður sé viðauki við fjárhagsáætlun beinlínis brot á lögnum.

Til að ná markmiðum laganna varðandi fjárheimildir er mikilvægt að gerð sé greiðsluáætlun og henni fylgt eftir.

Einnig er bent á að ef í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir lækkun kostnaðar að því fylgi raunhæf og vel rökstudd aðgerðaáætlun og að vel sé fylgst með því að henni sé framfylgt svo að markmið um lækkun kostnaðar náist.

Við greiningu á rekstri málaflokks fatlaðs fólks hjá Reykjavíkurborg komu ítrekað fram vísbendingar um að gert sé ráð fyrir lækkun kostnaðar milli ára í áætlun miðað við rauntölur fyrra árs eða jafnvel fyrri ára og að þær áætlanir gangi svo ekki eftir. Afar mikilvægt er að áætlanir séu vel ígrundaðar, raunhæfar og vel rökstuddar með aðgerðum svo að þær endurspegli reksturinn í raun en byggi ekki á óraunhæfum væntingum. Leggja ber einnig áherslu á að náist ekki lækkun kostnaðar eins og fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir verði velferðarráði gerð grein fyrir því og óskað eftir að gerður verði viðauki.

Tillaga 5: Fjárheimildir samkvæmt fjárhagsáætlun og viðaukar.

Lagt er til að lögð verði áhersla á það við forstöðumenn að óheimilt er skv.

sveitarstjórnarlögum að fara fram úr fjárheimildum skv. fjárhagsáætlun og þeim beri að tilkynna til sviðsstjóra telji hann að rekstur viðkomandi starfseiningar standist ekki fjárhagsáætlun.

Brýnt er að starfsmenn sveitarfélaga séu meðvitaðir um að það sé ekki heimilt skv. sveitarstjórnarlögum að fara fram úr fjárheimildum skv. fjárhagsáætlun. Jafnframt verði forstöðumönnum gert skylt að tilkynna til sviðsstjóra viðkomandi sviðs og hann síðan til sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs og/eða borgarstjóra telji hann að rekstur viðkomandi starfseiningar standist ekki áætlun.

Ef ljóst þykir að áætlun starfseiningar standist ekki verði málið lagt fyrir borgarráð/borgarstjórn sem síðan tekur ákvörðun um hvort gerður verði viðauki við fjárhagsáætlun. Lögð er áhersla á að skv. sveitarstjórnarlögum þarf þetta að gerast áður en stofnað er til útgjalda, sem ekki er gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Ekki er heimilt skv. lögnum að samþykka viðauka eftir á nema í undantekningar tilfella. Jafnframt, ef útgjalda aukning er samþykkt, er skylt skv. lögnum, að gera grein fyrir því hvernig henni verður mætt.

Tillaga 6: Verklag við viðauka sé í samræmi við lög.

Lagt er til að lögð verði áhersla á að lögum varðandi viðauka sé fylgt eftir, bæði hvað varðar samþykkt viðauka og tilkynningu þeirra til ráðuneytisins/Hagstofunnar eins og löggin kveða á um.

Með hliðsjón af því að rauntölur rekstrar fóru fram úr fjárheimildum skv. fjárhagsáætlun undanfarin ár ber að leggja áherslu á að unnið sé með viðauka eins og lög um sveitarstjórnarmál gera ráð fyrir. Þar sem þetta er mikilvæg lagaleg skylda þykir rétt að geta þessa hér og leggja áherslu á að þetta verði framkvæmt og gert í samræmi við lög. Við gerð viðauka verði fylgt leiðbeinandi verklagsreglum vegna viðauka við fjárhagsáætlun sem reikningskila- og upplýsinganefnd hefur gefið út¹⁹.

Jafnframt er lögð áhersla á að samþykktur viðauki sé tilkynntur til sveitarstjórnarráðuneytisins /Hagstofunnar.

Hins vegar ber jafnframt að leggja áherslu á að unnið sé með fjárhagsáætlun þannig að ekki þurfi að samþykka viðauka, þ.e. að láta fjárhagsáætlun standast.

Tillaga 7: Nákvæmar greinargerðir með fjárhagsáætlun.

Lagt er til að með fjárhagsáætlun fylgi ítarleg greinargerð þar sem gerð er grein fyrir hverjum útgjaldalið.

Vandaðar greinargerðir með fjárhagsáætlunum auka líkur á því að áætlanir standist. Borgarfulltrúar og almenningur eru einnig betur upplýst um hvað samþykkt hefur verið með fjárhagsáætlun og þriggja ára áætlun sveitarfélagsins.

Hér er lagt til að greinargerð með fjárhagsáætlun verði ítarlegri en verið hefur hjá

¹⁹ Leiðbeinandi verklagsreglur vegna viðauka fjárhagsáætlunar. Sótt af: [Vidaukar_fjarhagsaaetlun_sveitarfelaga.pdf](http://vidaukar.fjarhagsaaetlun.sveitarfelaga.pdf) (stjornarradid.is)

sveitarfélaginu m.a. verði gerð grein fyrir fjölda stöðugilda skv. áætluninni og þau borin saman við fjölda stöðugilda s.l. fimm ár o.s.frv.

Svo tekið sé dæmi komi fram lýsing á þjónustunni skv. fjárhagsáætlun, hvað eigi að gera marga NPA samninga, hámarksupphæð þeirra, meðaltals kostnaður við þá o.s.frv.

Tillaga 8: Mánaðarlega greiðsluáætlanir.

Lagt er til að gerð verði greiðsluáætlun fyrir hvern mánuð og hvern útgjaldalið og hún borin saman við rauntölur í hverjum mánuði. Mánaðarlega verði haldnir fundir með stjórnendum þar sem farið er yfir niðurstöður samanburðarins.

Með vel unninni greiðsluáætlun, sem fylgt er eftir, er hægt að koma í veg fyrir að kostnaður þróist umfram áætlanir.

Rauntölur hvers mánaðar verði síðan bornar saman við áætlunina. Fari t.d. launakostnaður fram úr áætlun í einum mánuði verði brugðist við því strax með aðgerðaáætlun og/eða viðaukum.

Þannig verði einnig tekið á öðrum rekstrarútgjöldum. Virðist sem svo að útgjaldaliður sé að fara fram úr áætlun verði strax gripið til aðgerða. Það er ljóst að með þessu verklagi, miðað við reynslu annarstaðar frá, myndi nást veruleg hagræðing í rekstri málaflokksins.

Um tíunda hvers mánaðar liggi fyrir samanburður á rauntölum og áætlun um stöðuna í viðkomandi mánuði. Um er að ræða samanburð á áætlun og rauntölum bæði hvað varðar rekstur og stöðugildi. Komi í ljós að áætlun standist ekki eða svo virðist sem stefni í það verði strax gripið til aðgerða.

Í mánuði hverjum leggi sviðsstjóri fram samanburð í velferðarráði á greiðsluáætlun og rauntölum fyrir næst liðin mánuð og það sem af er árinu.

Tillaga 9: Mánaðarlega mannauðsáætlanir.

Launakostnaður er hátt hlutfall kostnaðar í málaflokki fatlaðs fólks og því felst góð rekstrarstjórnun í því að tryggja sem skynsamlegasta nýtingu á mannauði. Því er lagt til að gerðar verði mannauðsáætlanir fyrir hverja starfseiningu innan málaflokksins til árs og þriggja ára í senn.

Ljóst er að það myndi spara mikinn tíma og kostnað ef hægt væri að skoða rekstrarkostnað (launagjöld) niður á einstaka starfsmann í hugbúnaðarkerfum sem stjórnendur hefðu þekkingu á og aðgang að í sínu daglega starfi. Slíkt myndi auka kostnaðarvitund allra stjórnenda og án efa hafa jákvæð áhrif á rekstur sviðsins.

Tillaga 10: Mánaðarlegar þjónustuáætlanir.

Við greiningu á rekstri málaflokks fatlaðs fólks má finna nokkuð mörg dæmi um að kostnaður vegna þjónustu fari ár eftir ár langt fram úr áætlunum (sjá t.d. einstaka búsetukjarna, samninga- og styrki og stuðnings- og stoðþjónustu). Í ljósi þess er mikilvægt að gerðar séu þjónustuáætlanir fyrir hverja starfseiningu þar sem fram

komi hversu mörgum er hægt að veita þjónustu á hverjum tíma, hvað hún kalli á mikinn mannafla og hvað hún megi kosta.

Í viðkvæmri þjónustu eins og velferðarþjónustu er það mjög skiljanlegt að vilji sé til þess að veita þjónustu sé það einhver möguleiki. Eins og áður hefur verið áréttað eru sveitarstjórnarlög hins vegar mjög skýr hvað varðar fjárheimildir samkvæmt áætlunum og því ráða þær för þegar tekin er ákvörðun um að veita þjónustu. Sé ekki fjárheimild til þess að veita þjónustuna þarf annað hvort að hafna því að veita þjónustuna eða vinna viðauka og uppfæra áætlanir í kjölfarið, séu þeir samþykktir. Lögð er áherslu á að gerði sé grein fyrir þjónustuáætlunum í greinargerð með fjárhagsáætlun, þ.e. að fjárheimild skv. fjárhagsáætlun er ætlað að stand undir kostnaði miðað við tiltekna þjónustuáætlun.

Tillaga 11: Mánaðarlegar endurgreiðsluáætlanir.

Lagt er til að gerðar séu áætlanir og að teknar séu saman mánaðarlegar skýrslur um endurgreiðslur vegna kaupa og sölu á þjónustu og endurgreiðslur Jöfnunarsjóðs.

Umtalsverðar millifærslur á fjármunum eru vegna kaupa og sölu á þjónustu á sviði velferðar milli sveitarfélaga. Eins geta sveitarfélög óskað eftir greiðslum úr Jöfnunarsjóði byggða á SIS mati þjónustuþega. Vísbendingar eru um að sveitarfélög haldi á stundum ekki með nægjanlega markvissum hætti utan um beiðnir um endurgreiðslur og verði því mögulega af tekjum. Því er afar mikilvægt að allir ferlar vegna endurgreiðslna séu skjalfestir og að þeim sé fylgt að fullu.

Mikilvægt er að skoða t.d. „þjónustuskiptajöfnuð“ milli einstakra úrræða og sveitarfélaga og leita leiða til þess að tryggja að þau þjónustuúrræði sem til boða standa innan Reykjavíkur séu nýtt með skynsamlegum hætti þannig að það skapi ekki óhagræði t.d. er varða ferðatíma og kostnað.

Tillaga 12: Eftirfylgni og eftirlit með fjármálum og rekstri málaflokks fatlaðs fólks.

Lagt er til að þekking, yfirsýn og eftirfylgni með fjármálum málaflokks fatlaðs fólks verði á skrifstofu málaflokksins.

Það er mat ráðgjafa að með því að efla enn frekar fjármála- og rekstrarstjórnun málaflokksins séu veruleg tækifæri til umbóta í rekstrinum. Liður í því er að styrkja þann mannauð á skrifstofu málaflokksins sem sinnir áætlanagerð, greiningum og eftirliti með daglegum rekstri. Í því sambandi væri til að mynda skynsamlegt að amk. eitt af núverandi stöðugildum rekstrarstjóra á miðstöðvum færist til skrifstofu málaflokksins enda hafa rekstrarstjórar á miðstöðum ágæta yfirsýn yfir málaflokkinn vegna nú gildandi stjórnskipulags.

Það er mat ráðgjafa að með því að sameina faglega og rekstrarlega stjórnun málaflokksins á einn stað auki það rekstraröryggi og leiði til markvissari þróunar á vinnubrögðum, hraðari uppbyggingu stjórnborða með lykilupplýsingum um rekstur og lykilþjónustuþætti hvernar starfseiningar/málaflokks og nýtingu tæknilausna við upplýsingaöflun og miðlun fjármálaupplýsinga til hagaðila.

Tillaga 13: Markviss þjálfun stjórnenda vegna fjárhagsáætlunargerðar og fjármálastjórnunar.

Lagt er til að haldið verði námskeið fyrir stjórnendur varðandi gerð fjárhagsáætlana og fjármálastjórnun almennt hjá sveitarfélaginu.

Með það að markmiði að auka hæfni stjórnenda á öllum sviðum þ.e. í rekstri, þjónustu og mannauðsmálum er lagt til að allir stjórnendur á velferðarsviði fái þjálfun í áætlanagerð, eftirliti með kostnaði, frávikagreiningum, þjónustu- og mannauðsstjórnun.

Séu allir stjórnendur málaflokksins vel í stakk búnir til þess að hafa góða innsýn í kostnaðaruppbyggingu og öðlast þannig meiri innsýn í það hvernig kostnaður verður til og hvernig ákvarðanir þeirra hafa áhrif á gæði þjónustu sem veitt er á hverjum tíma, eru meiri líkur til þess að þeir nái betri árangri í að leita jafnvægis milli kostnaðar og gæða í þjónustu. Oft er svar stjórnenda við áskorunum í þjónustu að fjölga starfsfólki en stundum er svaranna frekar að leita t.d. í þróun ferla, nýtingu á tækni, auknum samskiptum o.s.frv.

Það er mat ráðgjafa að mikil tækfæri séu í að auka samþættingu og samræmingu í stjórnun málaflokksins. Í því felst t.d. að sameina stjórnun á minni þjónustuúrræðum (þar sem t.d. stöðugildi eru færri en 30 í einingu í sértækri búsetu) með það að markmiði að auka yfirsýn og ná fram hagræðingu og samræmi í því hvernig ákvarðanir eru teknar og bæta þar með nýtingu mannauðs og fjármuna á sviðinu.

Þessa þjálfun ætti að vera hægt að byggja upp innanhúss enda er til staðar sérfræðiþekking á flestum sviðum meðal starfsmanna borgarinnar.

Tillaga 14: Verkferill vegna beiðna um fjölgun stöðugilda.

Lagt er til að ef fram kemur ósk um fjölgun stöðugilda að hálfu stjórnenda starfseininga sé lagður fram rökstuðningur fyrir því sem síðan teymi þar til bæra sérfræðinga á skrifstofu málaflokks fatlaðs fólks (fag-, rekstrar og mannauðsráðgjafi) fari yfir og meti og geri tillögu um hvort fallist verði á óskina eða henni hafnað.

Mikill þrýstingur er á aukin fjölda stöðugilda til að mynda á nokkrum heimilum fyrir fatlað fólk og því er mikilvægt til að tryggja jafnræði, að skýrir verkferlar séu til staðar hvað ferlið varðar og að þeir sem koma að ákvarðanatöku um nýtingu mannauðs þekki vel til þeirra ferla og markmiða þeirra.

Sjá nánar tillögu um drög að verklagsreglu vegna breytinga á mönnunarpörf í viðauka.

Tillaga 15: Veikindafjarvistir.

Lagt er til að ráðist verði í markvissar aðgerðir til að lækka veikindahlutfall starfsmanna. Jafnframt verði sett fram aðgerðaráætlun til næstu ára til að draga úr

hlutfalli veikindastunda.

Við greiningu á veikindafjarvistum í búsetuþjónustu kom í ljós að víða er verulegur fjarvistavandi vegna veikinda starfsfólks með tilheyrandi álagi á stjórnendur og aðra starfsmenn sem eru við vinnu.

Mikilvægur hluti vinnunnar er að tryggja að allir stjórnendur vinni samkvæmt viðverustefnu þar sem m.a. komi fram verklag um tilkynningu veikinda, leiðbeiningar fyrir stjórnendur um fjarvistarsamtöl ef veikindafjarvistir eru yfir ákveðnu viðmiði á ákveðnu tímabili, áætlanir um endurkomu o.s.frv.²⁰

Gerð verði áætlun um hvert þetta hlutfall eigi að vera fyrir hvert ár næstu ár þar til lokamarkmiðinu er náð. Lokamarkmiðið ætti að vera að ná fjarvistum vegna veikinda niður fyrir a.m.k. 5% af heildarfjölda vinnustunda.

Tillaga 16: Launakeyrslur.

Lagt er til að lögð verði áhersla á að forstöðumenn yfirfari og samþykki launakeyrslu sinna starfsmann áður en til launaútborgunar kemur.

Leggja ber áherslu á að áður en laun eru greidd hafi forstöðumenn yfirfarið og samþykkt launakeyrslu fyrir sína undirmenn.

Hér er lögð áhersla á að tryggja að nægur tími verði fyrir forstöðumenn til að samþykkja laun fyrir útborgun. Reglan verði að laun eru ekki greidd fyrir en forstöðumaður hefur samþykkt launakeyrslu.

Skoðað verði til að tryggja að nægur tími sé til útreiknings á launum að óregluleg laun og tengdar greiðslur séu greidd með launum mánuði síðar.

Tillaga 17: Nýsköpun með áherslu á velferðartækni.

Með það að markmiði að mæta sífellt auknum kröfum um þjónustu og fjölda notenda er lagt til að sett verði á laggirnar sérstakt umbótaverkefni þar sem leitast er við að útrýma öllum óþarfa skrefum.

Markmið verkefnisins gæti verið þrjúþætt:

- I. Útrýma öllum óþarfa skrefum í verkefnum t.d. með aðferðafræði straumlínustjórnunar. Hér er átt við allt frá stofnun beiðna um þjónustu, samþykkt reikninga, framkvæmd þjónustu, mála fundi, stjórnenda- og deildafundi.

Dæmi: Má stytta fundi úr klst. í 30 mínútur með betra skipulagi? Þarf að halda fund eða má afgreiða mál með öðrum hætti? Sitja of margir á fundum? Er til

²⁰ <https://reykjavik.is/sites/default/files/2023-10/vidverustefna-reykjavikurborgar-samthykkt-28.9.2023.pdf>

hugbúnaður sem getur komið í staðinn fyrir word og exelskjöl sem væri hagræði í að taka til notkunar? Er skynsamlegt að halda 15 mínútna töflufundi í upphafi hverrar vinnuviku til að fara yfir verkefnaskipulag og ræða umbætur í verklagi?

- II. Endurskoða þjónustuferla á öllum sviðum með það að markmiði að stytta afgreiðslutíma mála, svartíma, biðtíma eftir þjónustu o.s.frv.

Dæmi: Er mögulegt að sjálfvirknivæða umsóknir og vinnslu þeirra meira en nú er gert t.d. með því að afla þeirra upplýsinga sem ákvörðun um þjónustu grundvallast á með sjálfvirkum hætti? Má svara öllum umsóknum strax með staðfestingu á að öll gögn séu til staðar, upplýsingum um næstu skref og áætlaðan biðtíma?

- III. Gerð verði skoðun á nýjungum í velferðartækni sem gætu nýst starfsfólki og þjónustuþegum velferðarsviðs með það að markmiði að lækka kostnaði og auka gæði þjónustu.

Dæmi: Myndsímtöl t.d. við innlit og félagslega liðveislu voru víða tekin upp í Heimsfaraldri með góðum árangri. Mætti bjóða fólki upp á þjálfun í að nýta tækni til sjálfsbjargar, náms eða þjálfunar?

Mikilvægt er að hafa í huga að ekki er eingöngu um það að ræða að kröfur um þjónustu séu að aukast heldur eru kröfur um nýjungar í þjónustu vegna breyttrar þarfa og samsetningar notendahópsins. Má t.d. nefna í því samhengi að mikil fjölgun hefur orðið á íbúum sem hafa annað móðurmál en íslensku og eins fer lífaldur hækkandi og heilsa almennt batnandi. Fólk lifir einnig lengur en áður sem býr við heilsubrest, fötlun eða fjölpættan vanda.

Tillaga 18: Áhersla verði lögð á farsæla innleiðingu breytinga.

Verði þeim tillögum sem lagðar eru til hér hrint í framkvæmd munu umfangsmiklar breytingar verða á skipulagi og þjónustu í málaflokki fatlaðs fólks sem hafa það meðal annars að markmiði að bæta þjónustu við notendur.

Umfangsmiklar breytingar geta opnað tækifæri til þess að hugsa hlutina á nýjan leik. Samhliða breytingum á skipulagi opnast t.d. tækifæri á að endurskipuleggja dreifingu og nýtingu á fjármunum, mannauði, skipulagi þjónustu og öllum ferlum sviðsins. Góð leið til að komast út fyrir viðjar vanans er að spyrja spurninga eins og:

- Er verkefnið sem unnið er nauðsynlegt?
- Er það forgangsverkefni eða verkefni sem býr til aukin gæði í t.d. þjónustu?
- Ef við værum að byrja að leysa þetta verkefni í dag myndum við gera það með sama hætti og við erum að gera núna?

Tillaga 19: Allar verklagsreglur séu í reglubundinni uppfærslu.

Lagt er til að allar verklagsreglur sérstaklega hvað varðar þjónustu við notendur séu endurskoðaðar að minnsta kosti árlega og oftast ef ástæða þykir til t.d. vegna laga og/eða reglugerðabreytinga.

Í ljósi mikilvægi þess að verklagsreglur eru grundvöllur að ákvörðun um þjónustu og þar með útgjöld er það algjört forgangsmál að þessar reglur séu uppfærðar reglubundið og þeim viðhaldið. Greini t.d. sveitarfélaginu og notanda á um rétt einstaklings til þjónustu er algjört lykil atriði að sveitarfélagið hafi skýrar og uppfærðar reglur um þá þjónustu sem á að veita og hvaða skilyrði þarf að uppfylla svo að notandi teljist eiga rétt á henni.

Tillaga 20: Stefnt sé að því að allir notendur hafi SIS mat.

Lagt er til að eigi síðar en 1. apríl 2025 verði búið að óska eftir SIS mati á öllum þeim sem njóta þjónustu skv. lögum nr. 38/2018 og ekki eru með SIS mat í dag. Jafnframt verði a.m.k óskað eftir endurmati á öllum þeim sem eru með SIS mat sem síðast var framkvæmt 2018 eða fyrr. Tryggt verði að greiðslur berist frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna allra sem eru með SIS mat.

Á undanförunum árum hefur Reykjavíkurborg verið að veita notendum þjónustu samkvæmt lögum nr. 38/2018 án þess að SIS mat eða greiðslur fengjust frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna þeirra. Vegna þess er mögulegt að sveitarfélagið hafi orðið af tekjum sem það hefði átt að fá ef SIS mat hefði legið fyrir eða óskir um greiðslur frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna viðkomandi notenda.

Jafnframt liggur fyrir að 159 notendur eru með SIS mat sem síðast var framkvæmt 2017 eða fyrr. Hér er um 30% af notendum að ræða miðað við árið 2023. Leggja ber áherslu á að þeir fari í endurmat. Einnig verði skoðað með þá sem eru 55 ára og eldri og 25 ára og yngri, hvort ástæða sé til að þeir fari í endurmat þó mat þeirra hafi verið framkvæmt eftir árið 2018.

Hér er lagt til að framangreindir notendur fari í endurmat m.a. með vísan til þess sem Ráðgjafar- og greiningarstöð mælir með varðandi endurmat. Einnig er lagt til að tryggt verði að allir sem fá þjónustu skv. lögum nr. 38/2018 séu með SIS mat. Ef svo er ekki þá athuga hvort hægt sé að fá framlög vegna þeirra á kostnaðargrunni skv. reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga þar um.

Í þeim tilvikum sem notandi hafnar því að fara í SIS mat skal tekið tillit til þeirra sjónarmiða en jafnframt sé allt kapp lagt á að slíkt mat geti farið fram þar sem að það er grundvöllur að einstaklingsáætlun og þar með þjónustu og framlagi sem ætlað er að standa undir kostnaði við þjónustu notenda.

Tillaga 21. Verkferlar vegna úthlutunar á þjónustu.

Lagt er til að gerðir verði skýrir og leiðbeinandi verkferlar vegna ráðgjafar og úthlutunar á þjónustu út frá SIS mati.

Kröfur notenda um þjónustu geta í einhverjum tilfellum verið meiri eða jafnvel minni en stuðningsþarfir þeirra segja til um. Því er mikilvægt að ráðgjafar hafi skýrar leiðbeiningar um verklag er varða ráðgjöf um þjónustu út frá mati á stuðningsþörfum með það að markmiði að tryggja einstaklingum þjónustu við hæfi á hverjum tíma.

Tillaga 22. SIS mat endurspegli þjónustu.

Lagt er til að utanumhald og eftirlit sem ætlað er að tryggja að SIS mat notenda endurspeglar vel í þjónustu við notendur verði stóraukið.

Dæmi eru um að einstaklingar sem eru í mjög kostnaðarsömum þjónustuúrræðum eins og búsetu séu ekki með SIS mat. Mikilvægt er að tryggja að ekki leiki vafi á því hvers vegna slík tilvik koma upp og að leitað sé leiða við að tryggja framlög vegna þjónustunnar t.d. á grundvelli kostnaðar líkt og heimilt er.

Tillaga 23: Þróun þjónustu við fatlað fólk til framtíðar.

Lagt er til að Reykjavíkurborg stór efli þróunar- og umbótastarf þegar kemur að þjónustuframboði fyrir fatlað fólk.

Auka þarf fjölbreytni í þjónustu við fatlað fólk þannig að það mæti fjölbreyttum þörfum notenda. Á það við um alla þjónustubætti hvort sem um er að ræða stuðnings- og stoðþjónustu, stuðning til sjálfstæðrar búsetu, sértæka búsetu og vinnu og virkni.

Áætla má að um 200 fatlaðir einstaklingar bíði nú eftir húsnæði þar sem um 2/3 hefur óskað eftir sértæku húsnæði og ætla má miðað við núverandi viðmið um uppbyggingu á sértæku húsnæði fyrir fatlað fólk að það muni taka að minnsta kosti áratug að mæta eingöngu þörfum þeirra sem þegar eru á biðlista.

Því blasir við að bráð nauðsynlegt er að auka fjölbreytni í þjónustu t.d. hvað varðar stuðning til sjálfstæðrar búsetu í þeim tilvikum sem slíkar lausnir geta hentað fötluðu fólki.

Einnig er afar mikilvægt að vinnu og virkniþjónusta verði stórefld því að iðja er stór þáttur í að efla lífsgæði allra.

Tillaga 24: Stefna um öryggisvistun.

Lagt er til að Reykjavíkurborg marki sér stefnu um það hvernig skilgreina beri stuðningsþarfir sem kalla á öryggisvistun einstaklinga.

Dæmi eru um gríðarlega kostnað vegna öryggisvistunar fatlaðs fólks hjá Reykjavíkurborg. Um er að ræða þjónustu sem borgin sinnir sjálf en einnig þjónustu sem veitt er að þriðja aðila (t.d. Klettabæ).

Afar mikilvægt er að borgin marki sér skýra stefnu og verklag varðandi þjónustu við einstaklinga sem þurfa á öryggisvistun að halda bæði til þess að tryggja öryggi þeirra sjálfra, starfsfólks og annarra notenda. Í verklagsreglunum komi einnig fram hvernig skuli halda utan um kostnað við slíka þjónustu þannig að hann liggi fyrir með skýrum hætti.

Tillaga 25: Ábyrgð á þjónustu vegna öryggisvistunar.

Lagt er til að Reykjavíkurborg geri kröfu um og/eða leiti samninga um að ríkið taki alfarið að sér þjónustu við fatlað fólk sem þarf á öryggisvistun að halda.

Engin ágreiningur er um að ríkinu ber að sinna þjónustu við fólk sem dæmt er til fangelsisvistar en meiri óvissa hefur ríkt um þjónustu við fólk sem ekki er sakhæft eða hefur ekki hlotið dóma en er t.d. vegna fötlunar hættulegt sér og umhverfi sínu.

Reykjavíkurborg þarf að róa að því öllum árum að klára án tafa samtal við ríkið um skilgreiningu á því hver beri ábyrgð bæði á þjónustu við fólk sem þarf á öryggisvistun að halda og kostnaðinum sem þeirri þjónustu fylgir. Hér er ekki eingöngu átt við fatlað fólk sem hefur hlotið dóma en er vegna fötlunar talið ósakhæft heldur einnig þau sem vegna langvarandi og víðtækra hegðunarraskana þurfa vegna þess á sérstakri öryggisgæslu að halda svo að tryggja megi öryggi þeirra og annara.

Tillaga 26: Börn og fullorðnir með fjölþættan vanda og notendur í öryggisvistun.

Lagt er til að Reykjavíkurborg beitir sér fyrir því að sveitarfélögum verði bættur umfram kostnaður vegna þjónustu við börn með fjölþættan vanda og notendur í öryggisvistun a.m.k. frá janúar 2024.

Eins og komið hefur fram hér að framan var gerður samningur milli ríkisins og sveitarfélaga í desember 2023 um hækkun á útsvarsprósentu til að bæta sveitarfélögum upp umframkostnað vegna þjónustu við fatlað fólk.

Hækkunin tók gildi 1. janúar 2024. Hækkunin tók að hluta mið af þeim áhrifabáttum sem skýrðir eru sem hækkunarvaldar á kostnaði í þjónustu við fatlað fólk sem fram kemur í áfangaskýrslu 1 starfshóps um kostnaðar- og ábyrgðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga í þjónustu við fatlað fólk og fjallað er um hér að framan.

Tveir þjónustubættir voru ekki bættir með samkomulaginu frá því í desember 2023, þ.e.a.s. þjónusta við börn með fjölþættan vanda og vegna notenda í öryggisvistun. Umfram kostnaður vegna þessara hópa var árið 2021 metinn 2.333 millj. kr. Ljóst er að þessi kostnaður hefur farið hækkandi síðan. Hér er lagt til að Reykjavíkurborg beiti sér fyrir því að þetta verði bætt a.m.k. frá janúar 2024 þar til annað verður ákveðið.

Tillaga 27 : Ábyrgð og kostnaður vegna heilbrigðisþjónustu.

Lag er til að Reykjavíkurborg móti og innleiði verklag sem tryggir að fatlað fólk sem þarf á umtalsverðri heilbrigðisþjónustu að halda fari í færni- og heilsumat og að greitt sé samkvæmt því að hálfu Sjúkratrygginga Íslands.

Fatlað fólk þarf eins og aðrir á heilbrigðisþjónustu að halda. Dæmi eru um að ófaglært fólk sinni heilbrigðisþjónustutengdum verkefnum í þjónustu sinni við fatlað fólk.

Reykjavíkurborg ætti að leggja mikla áherslu á að kortleggja slíka þjónustu í hvívetna og

tryggja að í þeim tilvikum sem um heilbrigðisþjónustu er að ræða að slíkri þjónustu sinni eingöngu fagfólk.

Í þeim tilvikum sem einstaklingar þurfa það víðtæka heilbrigðisþjónustu að hún uppfyllir skilyrði fyrir færni- og heilsumati skal sækja um slíkt mat og tryggja að greitt sé samkvæmt því að hálfu Sjúkratrygginga Íslands enda séu góð rök fyrir því að Reykjavíkurborg sé í þeim tilvikum að veita þjónustu sem er á ábyrgð ríkisins að veita.

Tillaga 28: Samsetning notendahópa.

Lagt er til að samsetning notenda eins og til dæmis íbúa í búsetukjörnum séu áþekk hvað stuðningsþarfir og SIS mat varðar.

Mikilvægt er að notendur í íbúakjörnum séu með áþekk SIS mót. Ætla má að þjónusta í kjörnum taki mið að þeim notanda sem er í hæsta SIS mats flokki í viðkomandi kjarna. Leggja ber áhersla á að eitt af megin markmiðum laga nr. 38/2018 er að efla notanda til sjálfshjálpar. Með vísan til þess má spyrja hvort því markmiði sé náð ef mikill munur er á hæsta og lægsta SIS mati (þjónustupörf) í sama íbúakjarna.

Reglur varðandi úthlutun íbúða í kjörnum verði aðlagðar að þessu skilyrði, þ.e. að næsti notandi á biðlista sem hefur sambærilegar stuðningsþarfir og þeir notendur sem fyrir eru í kjarna hafi forgang.

Einnig er áréttað mikilvægi þess að horft sé til sambærilegra stuðningsþarfa þegar þjónustu og þjónustuleiðum er úthlutað og þær mótaðar almennt.

Nokkur dæmi eru um að einstaklingar sem eru í sértækri búsetu á vegum Reykjavíkurborgar hafi ekki SIS mat og því liggi ekki fyrir mat á stuðningsþörfum þeirra samkvæmt því. Slík staða skapar óvissu fyrir alla aðila og því er mikilvægt að leitað sé allra leiða til að tryggja að einstaklingar sem fá jafn víðtæka og kostnaðarsama þjónustu og veitt er í sértækri búsetu hafi undirgengist SIS mat svo að tryggja megi að þeir fái þjónustu við hæfi.

Tillaga 29: Skilyrði Ráðgjafar- og greiningarstöðvar fyrir framkvæmd SIS mats.

Lagt er til að Reykjavíkurborg beiti sér fyrir því að skilyrði Ráðgjafar- og greiningarstöðvar fyrir SIS mati verði fellt úr gildi.

Svo virðist sem Ráðgjafar- og greiningarstöð setji það skilyrði fyrir framkvæmd SIS mats að fyrir liggi að viðkomandi notandi sé að fá a.m.k. 15 klukkustundir á viku í stuðningsþjónustu skv. 26. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Eftir því sem næst verður komið virðist sem Ráðgjafar- og greiningarstöð hafi tekið einhliða ákvörðun um þetta skilyrði fyrir SIS mati. Hér er lagt til að fram fari samtal á milli sveitarfélaga, félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins og Ráðgjafar- og greiningarstöðvar með það að markmiði að fella skilyrðið niður.

Ávinningurinn af því að notendur sem líklegt verði að teljast að vegna fötlunar hafi verulegar stuðningsþarfir fari í SIS mat jafnvel áður en þeir fá almenna félagsþjónustu

getur verið í einhverjum tilvikum sá að stytta biðtíma eftir þjónustu samkvæmt lögum nr. 38/2018.

Í samtölum við stjórnendur málaflokks fatlaðs fólks hjá Reykjavíkurborg kom einnig fram að Ráðgjafar- og greiningarstöð hafi hafnað því að framkvæma SIS mat á fötluðum einstaklingum sem eiga við fíknivanda að etja. Telja verður óásættanlegt að RGR mismuni fólki á þeim forsendum og því er mikilvægt að bætt verði úr strax.

Tillaga 30: Nýir notendahópar.

Lagt er til að ekki verði tekin ákvörðun um þjónustu skv. lögum nr. 38/2018 fyrir nýja notendahópa nema að fyrir liggi samþykki félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins fyrir því og tryggt verði að því fylgi fjármagn til að standa straum að kostnaði við þjónustuna.

Leggja ber áherslu á að þegar tekin er ákvörðun um að veita þjónustu skv. lögum nr. 38/2018 vegna tiltekinna hópa sem ekki hafa fengið þjónustu skv. lögnum áður skv. lögnum verði það ekki gert nema að undan gegnum samningum við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið um hvernig það verði gert og tryggt verði að því fylgi viðbótarfjármagn.

Hér er einkum um að ræða fötlun sem tengist heilsu bresti en mikill þrýstingur hefur verið um þjónustu við hópa eins og t.d. fólk með heilabilun o.s.frv.

Nefna má sem dæmi að þegar ákveðið var að veita þjónustu skv. lögum nr. 38/2018 við fólk sem hefur greinst með MND (*Motor neurone disease*) var það gert án samkomulags við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið og því fylgdi ekki fjármagn. Ljóst má vera að þær fjárveitingar sem ætlaðar voru til að þjónusta fötluðu fólk með langvarandi stuðningsþarfir tóku ekki mið af þjónustu við þennan hóp. Þannig var um nýjan hóp af fötluðu fólki að ræða. Það fjölgaði í mengi fatlaðs fólks en fjárveitingar sem ætlaðar voru til að standa undir kostnaðinum hækkuðu ekki.

Tillaga 31: Einstaklingsmiðaðar þjónustuáætlanir.

Lagt er til að einstaklingsbundnar þjónustuáætlanir verði gerðar með hliðsjón af mati á þjónustupörf skv. SIS mati viðkomandi notenda og að þeim sé reglulega viðhaldið og þær endurskoðaðar árlega.

Hér er lagt til og lögð áhersla á að þjónustuáætlanir séu gerðar með hliðsjón af mati á þjónustupörf skv. SIS mati viðkomandi og/eða þessar áætlanir bornar saman.

Í 7. gr. reglugerðar um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu, nr. 1054/2010 með síðari breytingum, er fjallað um einstaklingsbundnar þjónustuáætlanir. Þar er m.a. lögð áhersla á að endurskoða áætlanir með tilliti til þarfa viðkomandi. Lagt er til við endurskoðun þjónustuáætlana, að hafa SIS mat viðkomandi til hliðsjónar. Leiði endurskoðun þjónustuáætlunar í ljós aukna þjónustupörf en SIS mat segir til um er nauðsynlegt að endurskoða þjónustuáætlunina af t.d. næsta yfirmanni. Þetta verði einnig gert þegar um nýjan þjónustuþega er að ræða. Leiði sú niðurstaða til óbreyttrar áætlunar er mælst til þess að fá nýtt SIS mat fyrir viðkomandi. Einnig er lögð áhersla á,

ef sá möguleiki er fyrir hendi, að bera saman þjónustuáætlanir þjónustuþega sem hafa sambærilega þjónustupörf.

Jafnframt verði því fylgt eftir að endurmat á SIS mati fari fram með reglulegu millibili. Það verði ekki sjaldnar en á 8 til 12 ára millibili.

Framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga taka m.a. mið af SIS mati viðkomandi. Ef þjónustuáætlun byggir á meiri þjónustu en SIS mat gefur tilefni til aukast líkur á að framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga dugi ekki fyrir útgjöldum við þá þjónustu.

Tillaga 32: Matsnefnd um úthlutun þjónustu.

Lagt er til að skipaður verði starfshópur/nefnd sem fjalli um þau tilfelli þar sem lagt er til að þjónusta verði meiri en SIS mat segir til um. Jafnframt fjalli matsnefndin um NPA- og beingreiðslusamninga. Í starfshópnum verði a.m.k. einn fulltrúi skipaður af borgarstjórn.

Hér er lagt til og lögð áhersla á að þjónustuáætlanir séu gerðar með hliðsjón af SIS mati og þessar áætlanir bornar saman. Komi til þess að þjónustuáætlun geri ráð fyrir meiri þjónustu en SIS mat segir til um og ekki verði hjá því komist verði starfandi sérstakur starfshópur (matsnefnd) sem metur hvort veitt sé þjónusta umfram það sem SIS matið kveður á um, ef um það er að ræða og ekki fæst leiðrétting á SIS mati.

Þessi hópur fjalli jafnframt um NPA- og beingreiðslusamninga og gæti samræmingar.

Tillaga 33. Jafnræði til þjónustu.

Lagt er til að Reykjavíkurborg endurskoði reglur sínar um þjónustu þannig að í þeim komi skýrt fram að takmarkandi þættir eins og kostnaður geti haft áhrif á biðtíma og möguleika á þjónustuframboði.

Umtalsverð þróun hefur orðið á síðustu árum í framboði þjónustupátta sem standa fötluðu fólki til boða.

Búsetuþjónusta hefur þróast frá því að vera í formi herbergjasambýla þar sem þjónusta við íbúar fer fram að hluta til í sameiginlegum rýmum yfir íbúðakjarna þar sem fatlað fólk fær einstaklingsmiðari þjónustu.

Þjónustan hefur einnig verið þróuð í átt að sjálfstæðri búsetu þar sem einstaklingurinn fær stuðningsþjónustu heim til sín.

Einnig hafa nýjar þjónustuleiðir eins og beingreiðslusamningar og Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) bæst við framboð þjónustupátta en í þeim tilvikum sér notandinn sjálfur um þjónustuna með því að ráða til sín aðstoðarfólk sem síðan er greitt fyrir af sveitarfélaginu.

Fjölbreytni í þjónustu er mjög til bóta enda þarfir einstaklinga ólíkar. Við aukið framboð er enn ríkari krafa um það á hendur sveitarfélaga að huga vel að því hvaða þjónustupáttur henti best einstaklingum hverju sinni.

Verklagsreglur þurfa að vera skýrar svo að tryggt sé að ráðgjöf leiði af sér raunhæfar væntingar notenda um þá þjónustu sem þeir eigi kost á.

Fjármunir til að byggja upp þjónustu í málaflokki fatlaðs fólks hvort sem er til þess að fjölga þeim sem fyrir eru eða þróa og byggja upp ný þjónustuúrræði eru ekki án takmarkana.

Afar mikilvægt er að einstaklingar fái nægjanlegan stuðning til þess að geta hámarkað lífsgæði sín og möguleika til sjálfstæðs lífs en í því felst t.d. að þeir séu hvorki með of mikinn stuðning (t.d. næturbjónustu ef ekki er þörf á henni) eða of lítinn stuðning.

Í því samhengi má nefna að mikilvægt er að tryggja þróun á öflugum neti stuðnings- og stoðþjónustu fyrir fatlað fólk og fjölskyldur þeirra til dæmis með það að markmiði að auka fjölbreytileika þjónustunnar svo og að hún mæti betur þörfum einstaklinga sem gætu með öflugum stuðningi verið í sjálfstæðri búsetu.

Einnig má vera ljóst að dýr úrræði eins og NPA þar sem meðal kostnaður á hvern samning er kominn yfir 60 millj. kr. á ári (2023) hjá Reykjavíkurborg felur í sér jafnan kostnað og þjónusta við þrjá einstaklinga í íbúðakjarna fyrir geðfatlaða eða tuttugu einstaklinga í stoðþjónustu.

Jafnræði er einnig mikilvægt þ.e. að ákvarðanir um þjónustu taki mið að því að sem flestir geti notið þjónustunnar og að einn einstaklingur fái ekki úthlutað miklum fjármunum og þannig sé minna til skiptanna til þess að veita öðrum þjónustu, stytta biðlista og biðtíma eftir úrræðum.

Einnig væri mjög til bóta að settar væru fram með skýrum hætti upplýsingar um hvern þjónustupátt áætlaðan biðtíma og fjölda einstaklinga á biðlista sem notendur og aðstandendur þeirra hefðu aðgang að.

Þannig mætti hafa áhrif á væntingar þjónustuþega, bæta ráðgjöf og minnka líkur á ágreiningi.

Tillaga 34: Aukið rekstrarframlag innan ársins.

Lagt er til, ef millifært er á milli rekstrarliða í bókhaldi, að það sé gert með millifærslu á milli rekstrarliða í fjárhagsáætlun en ekki af tilteknum útgjaldalið til lækkunar á öðrum útgjaldaliðum eins og nú er gert.

Leggja ber áherslu á, ef færa á gjöld eða tekjur á milli rekstrarliða í bókhaldi, sé það gert innan fjárhagsáætlunar en ekki á milli gjalda eða tekjuliða í bókhaldi.

Með því fyrirkomulagi sem nú er unnið með getur rekstrarliður ekki sýnt raungjöld ef millifærsla hefur verið framkvæmd þannig að gjöld lækki sem dæmi. Ætla verður að skv. 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 eigi slíkar millifærslur að fara fram með breytingum á fjárhagsáætlun. Gæta verður að því að starfsmenn hafa takmarkaða heimild til að framkvæma slíkar millifærslur nema með samþykki borgarstjórnar.

Tillaga 35: Að matast með notendum.

Lagt er til að almennt borði starfsmenn ekki með notendum. Borði starfsmaður með notanda þá skal það koma skýrt fram í einstaklingsbundinni þjónustuáætlun viðkomandi og þá hversu oft o.s.frv.

Hér er lagt til að almennt borði starfsmenn ekki með notendum nema þá þar sem er sameiginlegt eldhús starfsmanna og notenda. Eins og t.d. í sambýlum. Ef ekki er um það að ræða verði almenna reglan að starfsmenn borði ekki með notendum nema það sé hluti af einstaklingsbundinni þjónustuáætlun viðkomandi. Þar komi skýrt fram hversu oft það eigi að vera. Hvort það sé á hverjum degi, þá hversu oft, einu sinni í viku o.s.frv. Lögð er áhersla á að þetta sé gert með samþykki notanda. Starfsmaður hafi ekki annan aðgang að matarbirgðum notenda en þegar borðað er. Tryggja þarf að greitt sé að fullu fyrir máltíð starfsmanns.

Tillaga 36: Umsýsla með fjármálum notenda.

Lagt er til að starfsmaður á fjármála- og áhættustýringarsviði annist bókhald notenda þar sem forstöðumenn (starfsmenn) heimila annast fjármál og innkaup fyrir notendur.

Eins og komið hefur fram hér að framan annast starfsmenn umsýslu með fjármálum 112 notenda. Gera verður ríkar kröfur til þess að allt sé rétt gert þegar hið opingera tekur að sér að annast umsýslu og innkaup fyrir einstaklinga.

Með hliðsjón af því er hér lagt til að starfsmaður á Fjármála- og áhættustýringarsviði annist bókhald vegna þessa. Við vinnslu bókhaldsins verði notast við þannig bókhaldskerfi að starfsmaður sem tekur út vörur fyrir notanda taki mynd af reikningi og sendi hann rafrænt með skýringum og auðkenni úttektaraðila til bókhaldsins.

Með þessu fyrirkomulagi verði m.a. dregið úr álagi á forstöðumönnum í búsetukjörnum. Einnig verði allt eftirlit með umsýslunni aukið. Á auðveldan hátt verður hægt að notast við rafrænt eftirlit og samanburð úttektum á milli notenda o.s.frv.

Tillögur vegna búsetuþjónustu

Tillaga 37. Biðlistar vegna búsetuþjónustu.

Lagt er til að Reykjavíkurborg beiti sér fyrir því innan Sambands íslenskra sveitarfélaga að gerð verði krafa á ríkið um aukið framlag til málaflokksins til að standa straum af kostnaði vegna aukinnar þjónustu sem fylgir því að eyða biðlistum eftir íbúðum fyrir fatlað fólk.

Eins og fram kemur í skýrslu starfshóps um greiningu á kostnaðarþróun í þjónustu við fatlað fólk árin 2018 til 2020 er áætlaður kostnaður vegna aukinnar þjónustu við fatlað fólk við að eyða biðlistum þess eftir húsnæði allt að 10. ma. kr., þ.e. árlegur kostnaður. Ljóst má vera að hér er megin skýringin á því af hverju svo hægt hefur gengið að eyða biðlistum fatlað fólks eftir íbúðarhúsnæði.

Gera verður kröfu á ríkið um að úr þessu verði bætt enda hefur ríkið lagt fram þá stefnu að loka beri herbergjasambýlum og eyða biðlistum eftir íbúðarhúsnæði fyrir fatlað fólk.

Mikilvægt er í þessu sambandi að árétta að vel sé hugað að því að stuðningsþarfir þeirra einstaklinga sem fá úthlutað sértæku húsnæði séu skýrar og að aðrir þjónustupættir eins og húsnæði með stuðningi henti ekki betur stuðningsþörfum þeirra.

Tillaga 38. Mat á þróun þjónustu við fatlaða fólk í búsetukjörnum.

Lagt er til að Reykjavíkurborg beiti sér fyrir því innan Sambands íslenskra sveitarfélaga að fram fari mat á því hvort þjónusta sveitarfélaga við fatlað fólk sé að ná fram því markmiði laga nr. 38/2018 að efla fatlað fólk til sjálfshjálpar.

Reynslan hefur sýnt að þjónusta við íbúa í íbúakjörnum hefur þyngst með árunum þrátt fyrir að eitt af megin markmiðum með þjónustunni sé að efla fólk til sjálfshjálpar. Eðlilegt verður að ætla að þjónustupörfin aukist á efri árum fólks.

Hins vegar er spurning hvort það eigi sér stað einnig hjá yngra fötluðu fólki sem er að fá þjónustu. Mikilvægt er að þetta verði skoðað með hliðsjón af því að veruleg aukning hefur átt sér stað í mönnun þjónustu við fatlað fólk í íbúakjörnum hjá sveitarfélögum, sem ekki er hægt að rekja til fjölgunar íbúakjarna og/eða kjarasamninga.

Verði það niðurstaða að framangreint markmið er ekki að nást fari fram athugun á því hvað valdi og þá hvernig hægt er að tryggja umbætur.

Tillaga 39. Stefna og viðmið um mönnun búsetukjarna.

Lagt er til að Reykjavíkurborg marki sér stefnu og setji fram skýr og ítarleg viðmið um mönnun búsetukjarna.

Viðmið um mönnun þurfa að taka mið af fjölda notenda í húsi á hverjum tíma og stuðningsþörfum þeirra. Núverandi viðmið eru nokkuð almenn og miðast til að mynda ekki við breytileika í fjölda notenda heima við á hverjum tíma.

Með skýrum viðmiðum, reglulegri uppfærslu og eftirfylgni með mönnun og vaktaskipulagi má ná fram verulegri hagræðingu í rekstri búsetu. Könnun leiddi í ljós fjölmörg dæmi um tímabil að degi til þar sem telja verður að hagræðingarmöguleikar séu umtalsverðir.

Náist til að mynda hagræðing sem nemur einum starfsmanni í eina klukkustund á dag á hverjum þeirra rúmlega 60 búsetukjarna sem Reykjavíkurborg er með í rekstri væri hægt að ná fram hagræðingu sem gæti numið allt að 150 millj. kr. á ári.

Í samtölum við stjórnendur málaflokksins hefur komið fram að í einhverjum tilfellum eigi kröfur um aukin fjölda stöðugilda rétt á sér og að færa megi rök fyrir því að ákveðins misræmis gæti hvað varðar fjölda stöðugilda í búsetuþjónustu sé tekið tillit til stuðningsþarfa.

Sjá má á niðurstöðum greininga hvað varðar mönnun í búsetuþjónustu að á heimilum sem hafa verið starfrækt í langan tíma sé mönnun að einhverju leyti knappari en á heimilum sem tekið hafa til starfa á allra síðustu árum.

Mikilvægt er að jafnræðis sé gætt við úthlutun stöðugilda í búsetu og að verklagsreglur tryggi að svo sé. Stuðningsþarfir íbúa ættu ávallt að vera leiðarljós í ákvarðanatöku varðandi mönnun í búsetuþjónustu. Komi í ljós að heimili þar sem stuðningsþarfir íbúa eru áþekkar út frá SIS mati ætti mönnun að vera með sambærilegum hætti. Sé svo ekki þarfnast það nánari skoðunar.

Tillaga 40. Stuðningur og eftirlit með vaktaplönnum í búsetuþjónustu.

Lagt er til að myndað verði teymi sérfræðinga sem hefur það hlutverk að veita forstöðumönnum í búsetuþjónustu stuðning við mótun vaktaplana. Teymið hafi einnig það hlutverk að yfirfara reglubundið (að lágmarki á 6 mánaða fresti) öll vaktaplön í sólarhringsþjónustu í málaflokki fatlaðs fólks með það að markmiði að hámarka gæði þjónustu og skynsama nýtingu á mannauði.

Við rýni á mönnunarþörf og vaktaskipulagi einstakra kjarna kom í ljós að nokkuð var um tímabil þar sem mönnun var langt umfram það sem eðlilegt getur talist ef miðað er við fjölda notenda í húsi.

Stór hluti notenda í sértæku húsnæði fyrir fólk með þroskahömlun og skyldar raskanir stundar vinnu og/eða hæfingu af einhverju tagi virka daga. Nauðsynlegt er að aðlagða mönnun á kjörnum að viðveru íbúa á hverjum tíma.

Þó að þessi tímabil mikillar mönnunar séu oft ekki löng eða 30-60 mín. þá verður að hafa í huga að um þjónustu alla daga ársins er að ræða og því mætti lækka kostnað verulega með því að hliðra til í mönnun sé þess einhver kostur.

Svo dæmi sé tekið þá er kostnaðurinn við að vera með einn umfram starfsmann í eina klukkustund á dag allan ársins hring um 2,5 millj. kr. á ári. Ef allir þeir 60 kjarnar sem Reykjavíkurborg rekur gætu hagrætt sem nemur um einn starfsmann í eina klukkustund á dag allan ársins hring mætti lækka launakostnað í búsetu um tæpar 150 millj. kr. á ári.

Tillaga 41. Endurskoðun á mönnunarlíkani í búsetuþjónustu.

Lagt er til að gagnsætt og lýsandi mönnunarlíkan verði byggt upp og lagt til grundvallar í áætlunum um mönnunarpörf og annarri áætlanagerð í búsetuþjónustu.

Mikilvægt er að mönnunarlíkan lýsi vel þyngdarstigi kjarnans til að mynda út frá fjölda stöðugilda starfsmanna á hvern notanda. Nákvæmara mönnunarlíkan gerir það líka að verkum að einfaldara ætti að vera að tryggja að þjónusta við einstaklinga sé í samræmi við stuðningsparfi þeirra. Gott mönnunarlíkan ætti einnig að skila af sér nákvæmari áætlanagerð vegna launakostnaðar og öflugra viðbragði ef aðstæður breytast hvað mönnunarpörf varðar.

Tillaga 42. Endurskoðun þjónustuflokka í búsetuþjónustu.

Lagt er til að Reykjavíkurborg endurskoði þjónustuflokka og grundvalli þjónustuflokka á mönnunarpörf þar sem fjöldi stöðugilda starfsfólks á mótí hverjum íbúa sé mælieining.

Í núverandi flokkunarkerfi eru fjórir þyngdarflokkar en ljóst er á greiningum gagna um stöðugildapörf að þyngdarflokkar geðkjarna eru fjórir (1-4) en þroskakjarna sjö (1-7). Sjá tillögu í viðauka um nýja flokkun.

Tillaga 43. Endurskoðun á stjórnskipulagi í búsetuþjónustu.

Lagt er til að Reykjavíkurborg geri heildarendurskoðun á stjórnskipulagi búsetu með það að markmiði að auka samræmi, sveigjanleika og gæði þjónustu. Stjórnendum verði fækkað og stjórnunarspönn þeirra samræmd þannig að hver stjórnendaeining verði ábyrg fyrir að lágmarki 30 stöðugildum starfsfólks.

Ein stærsta áskorunin í rekstri búsetuþjónustu er stjórnun mannauðsmála.

Mikill fjöldi ófaglærðra starfsmanna ber uppi þjónustu við íbúa á heimilum fyrir fatlað fólk. Starfsfólk er oft á tíðum í lágu starfshlutfalli og sinnir starfinu oft með námi eða annarri vinnu.

Starfsmannavelta er mikil og krefjandi getur verið að ráða starfsfólk sérstaklega þegar samkeppni um ófaglært vinnuafl er mikil.

Líkt og fram kom í kaflanum um búsetuþjónustu er stjórnendaspönn þ.e. fjöldi starfsmanna sem hver stjórnandi ber ábyrgð á mjög breytilegur á milli heimila.

Lagt er til að viðmið um stjórnendaspönn verði á bilinu 5-10%.

Grundvallar atriði er að náin samvinna sé við lykil stjórnendur um útfærslu á endurskipulagningu á stjórnunarspönn.

Horft verði til eftirfarandi þátta í endurskipulagningunni:

- **Staðsetningar:** að ekki sé um langan veg að fara milli einstakra heimila sem stjórnendateymi ber ábyrgð á.
- **Þarfa íbúa:** leitast sé við að hvert teymi beri ábyrgð á heimilum þar sem íbúar hafa svipaðar þarfir t.d. að heimili þar sem búa íbúar með vægar stuðningsþarfir vegna geðfötlunar séu undir einni stjórn en ekki þvert á stuðningsflokka eða fötlun íbúa.
- **Umfangs í mannauðsstjórnun:** að almennt sé miðað við að hvert stjórnendateymi hafi að hámarki umsjón með um 40 stg. starfsfólks.

Út frá þessum forsendum mætti til að mynda fækka stjórnendateymum á heimilum fyrir geðfatlaða úr 16 í 5-6 (sjá viðauka). Áætla má að stjórnendum fækki við þá breytingu á um 14 á heimilum fyrir geðfatlaða.

Stjórnendateymum mætti mögulega fækka úr 37 í 22 á heimilum fyrir fólk með þroskahömlun (sjá viðauka). Áætla má að stjórnendum fækki við þá breytingu um 17.

Tillaga 44. Verkaskipting stjórnenda í búsetuþjónustu.

Lagt er til að þeir einstaklingar sem ekki halda áfram í stjórnenda hlutverki vegna breytinga á stjórnskipulagi í búsetuþjónustu fái boð um áframhaldandi starf sem faglegir leiðtogar.

Faglegir leiðtogar sinni ráðgjöf, þjálfun og stuðningi við ófaglært starfsfólk varðandi framkvæmd þjónustu með það að markmiði að auka gæði þjónustu og stöðugleika í starfsmannahaldi bæði hvað varðar starfsmannaveltu og fjarvistir.

Faglegir leiðtogar geta einnig sinnt verkefnum þvert á kjarna á ákveðnum sérsviðum t.d. er varðar einstaklingsáætlanir, virkni íbúa, vaktaskipulag osfrv.

Tillaga 45: Þjónusta við einstaklinga með langvarandi og víðtækar hegðunarraskanir verði á einni hendi.

Lagt er til að Reykjavíkurborg beiti sér fyrir því að ríkið taki yfir þjónustu við einstaklinga með langvarandi og víðtækar hegðunarraskanir í síðasta lagi 1. janúar 2026.

Í reglugerð 192/2023 um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað²¹ fólk segir:

II. hluti: Mæling á útgjaldapörf.

Við mælingu á útgjaldapörf vegna þjónustu við fatlað fólk, sbr. a-lið 1. mgr. I. hluta, skal byggt á þeim upplýsingum um kostnað og stuðningspörf einstaklinga í sérhæfðri þjónustu sem lagðar voru til grundvallar við útreikning framlaga á árinu á undan.

Útgjaldapörf þjónustusvæðis er fundin út frá samanlagðri þjónustupörf íbúa þess. Þjónustupörf einstaklings er ákvörðuð út frá stuðningsflokki viðkomandi, sbr. 6. gr., með álagi á grundvelli sérstakrar stuðningsparfar vegna hegðunar og/eða heilsu þar sem það á við. Allir einstaklingar sem falla í 5. flokk samræmds mats á þjónustupörf eða ofar telja til útgjaldaparfar þjónustusvæða. Enn fremur er heimilt að reikna álag vegna einstaklinga með óvenjulega samsetningu stuðningsparfar. Ef ekki liggur fyrir mat á stuðningspörf er heimilt að ákvarða útgjaldapörf einstaklings út frá raunkostnaði. Heildarframlög vegna einstaklinga á grunni raunkostnaðar geta þó aldrei numið stærri hluta framlaga en fjöldi þeirra einstaklinga segir til um.

Heimilt er að reikna framlag vegna einstaklinga sem falla í 4. flokk samræmds mats á þjónustupörf og dvelja innan stórra rekstrareininga sem starfandi voru fyrir tilfærslu málaflokksins frá ríki til sveitarfélaga.

Líkt og fram kom í kaflanum um búsetuþjónustu var kostnaður við rekstur 93% heimila umfram framlög og að meðaltali var kostnaðurinn 100 m.kr. á hvert heimili.

Skýringar á því að framlög standa ekki undir rekstrarkostnaði búsetuþjónustu geta verið nokkrar:

- Sveitarfélag óskar ekki eftir framlagi fyrir einstakling þar sem ekki liggur fyrir mat á stuðningspörfum.
- Stuðningsparfir eru það vægar (SIS 1-4) að framlag fæst ekki greitt vegna stuðningsparfa.
- Kostnaður við framkvæmd þjónustunnar er meiri en sem nemur hámarks framlagi vegna umfangsmikilla stuðningsparfa (SIS 8-18)

Reykjavíkurborg getur leitað ýmissa leiða til þess að lækka kostnað við rekstur búsetuþjónustu eins og t.d. tryggt að stjórnskipulag og mönnunarpörf sé í reglubundinni endurskoðun og lögð sé áhersla á skilvirkni og gæði þjónustu.

Framhjá því verður hins vegar ekki horft að þegar framlög standa aðeins undir um 20-25% rekstrarkostnaðar á heimili þarf að leita leiða til þess að auka fylgni framlaga og raunkostnaðar.

Líkt og fram kom í kaflanum um búsetuþjónustu er ljóst að hlutfallsleg þróun á framlögum milli þjónustuflokka fylgir ekki hlutfallslegri þróun á mönnunarpörf á heimilum í þyngstu þjónustuflokkum fyrir fólk með þroskahömlun (flokkur III og IV).

²¹ <https://island.is/reglugerdir/nr/0192-2023>

Lengi hefur verið leitað að lausnum þegar kemur að því að veita fötluðum einstaklingum sem þarfnast öryggisgæslu fullnægjandi þjónustu og hafa ríki og sveitarfélög í gegnum tíðina gert margar tilraunir til að skilgreina betur og ræða kostnaðarskiptingu vegna þjónustunnar²².

Þar sem um mjög sérhæfðan og flókin rekstur og þjónustu er að ræða sem kallar á samskipti við ríkið t.d. er varðar kostnaðarskiptingu og jafnvel framkvæmd þjónustunnar má færa sterk rök fyrir því að æskilegast væri að allt utanumhald um slíka þjónustu sé á hendi eins aðila þ.e. að hann hafi víðtæka sérþekkingu á þörfum einstaklinga sem hafa það umfangsmiklar stuðningsþarfir þegar kemur að öryggisgæslu eða öryggisráðstöfunum sem getur nýst til þess að finna viðunandi þjónustulegar- og rekstrarlegar lausnir til að mynda í samstarfi við ríkið.

Í frumvarpi til laga um framkvæmd öryggisráðstafana og öryggisvistunar sem birt var í samráðsgátt þann 15. júní 2022²³ kemur meðal annars fram um markmið frumvarpsins sé:

...að tryggja að fólk sem þarf á öryggisráðstöfunum að halda fái bestu þjónustu sem kostur er á, í samræmi við þarfir þeirra á hverjum tíma, að tryggja að inngrip í réttindi þeirra vari ekki lengur eða sé meira íþyngjandi en nauðsyn ber til og bæta réttarvernd þeirra, ásamt því að tryggja almannahagsmunum og öryggi annarra einstaklinga. Þá er mikilvægur þáttur í þessu verkefni að tryggja samstarf milli þeirra ráðuneyta sem fara með þessu mál og undirstofnana þeirra, svo og á milli ríkis og sveitarfélaga.

*Í framhaldi af þessari vinnu er gert ráð fyrir að lagt verði fram sérstakt lagafrumvarp um heimild til öryggisvistunar, þ.e. tímabundinnar vistunar fyrir einstaklinga sem ekki hafa hlotið dóm skv. VII. kafla hegningarlaga en teljast hættulegir umhverfi sínu. **Um er að ræða einstaklinga með langvarandi og víðtæka hegðunarröskun sem hafa ekki getað nýtt sér þau úrræði sem sveitarfélögin bjóða upp á.***

Tillaga 46. Stöðugildi vegna utankjarnaþjónustu innan sértækrar búsetu.

Lagt er til að skoðaðir verði kostir þess og gallar að afmarka betur utankjarnaþjónustu sem veitt er af starfsfólki í búsetuþjónustu.

Í dag veitir starfsfólk á 24 búsetukjörnum þjónustu utan kjarna. Stöðugildi vegna utankjarnaþjónustu eru allt frá því að vera 1% uppí 37% af heildarfjölda stöðugilda kjarna. Stöðugildi vegna utankjarnaþjónustu eru 27 talsins og áætla má að launakostnaður vegna þeirra á ársgrundvelli sé um 350 millj. kr.

Fram kom í samtölum við forstöðumenn kjarna sem veita utankjarnaþjónustu að hún getur í einhverjum tilvikum verið góð viðbót við daglega starfssemi og ekki á neinn hátt

²² https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/%C3%96ryggisg%C3%A6sla%20og%20%C3%B6ryggisvistanir%20%C3%A1%20%C3%8Dslandi%20%20lokask%C3%BDrsla%20og%20till%C3%B6gur%20um%20fram%C3%AD%C3%B0arfyrirkomulag%2028.%20j%C3%BA%C3%AD%202016.%20doc_0.pdf

²³ <https://samradapi.island.is/api/Documents/7161f3ba-a7ec-ec11-9bb2-005056bcce7e>

íþyngjandi en í öðrum tilvikum flókin og mannaflafrek og í henni fylgdi aukið álag á starfseminu.

Í ljósi þess að lögð er mikil áhersla á að fram fari við fyrsta tækifæri mótun stefnu til framtíðar og alhliða uppbygging á stuðnings- og stoðþjónustu skal samhliða því skoða hvort að rétt sé að afmarka betur þann heimastuðning sem veittur er í gegnum búsetuþjónustu t.d. með því að setja á fót teymi (eitt eða fleiri) sem sinni slíkri þjónustu við einstaklinga.

Leiða má líkum að því að stöðugildi sem eru tilkomin vegna utankjarnaþjónustu í búsetuþjónustu minnki gagnsæi og yfirsýn vegna þjónustu sem kjarnarnir eru að veita. Það að ekki hafi legið fyrir nákvæmar upplýsingar um þann fjölda einstaklinga sem fá utankjarnaþjónustu með þeim hætti sem hér er lýst er í sjálfu sér ágæt rök fyrir því að afmarka þurfi þjónustuna betur en nú er gert.

Tillögur vegna barna og fjölskyldna

Tillaga 47. Hámarksfjöldi sólarhringa stuðningsfjölskyldna.

Lagt er til að skoðað verði að samræma reglur um hámarksfjölda sólarhringa stuðningsfjölskyldna til samræmis við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu.

Tillaga 48. Greiðslur til stuðningsfjölskyldna.

Lagt er til að skoðað verði að tengja upphæðir greiðslna til stuðningsfjölskyldna í ákveðnu hlutfalli af upphæð meðlags.

Tillaga 49. Stjórnskipulag skammtímadvala.

Lagt er til að skoðað verði að einfalda stjórnskipulag í skammtímadvöl með fækkun forstöðumanna. Jafnframt að starfsstaðir starfsfólks skammtímadvala nái yfir fleiri en eina starfstöð.

Tilgangur slíkra breytinga er að draga fram aukinn sveigjanleika í mönnun þjónustunnar með aukinni nýtingu starfsfólks. Markmiðið með slíku fyrirkomulagi er að stýra mönnun þjónustunnar eftir álagi og umfangi verkefni á hverri starfsstöð á hverjum tíma fyrir sig.

Tillaga 50. Stjórnskipulag heimila fyrir börn.

Lagt er til að skoðað verði að sameina stöðu forstöðumanns yfir Bleikargróf og Móvað.

Tillögur vegna annarra samninga og styrkja

Tillaga 51. Samningar um þjónustu við Klettabæ.

Lagt er til að Reykjavíkurborg í samvinnu við önnur sveitarfélög semja um að ríkið taki yfir þriðja stigs þjónustu við börn með fjölpættan vanda.

Með slíkum samningum verði til úrræði á vegum ríkisins í samræmi við tillögur skýrslu stýrihóps um fyrirkomulag þjónustu við börn með fjölþættan vanda. Ef slíkir samningar nást á milli sveitarfélaga og ríkisins má gera ráð fyrir að Reykjavíkurborg hafi minni þörf til að kaupa þjónustu af Klettabæ.

Tillögur vegna NPA og beingreiðslusamninga

Tillaga 52: Mat á kostnaðarmun NPA samninga.

Lagt er til að Reykjavíkurborg beiti sér fyrir því að fram fari mat á þeim kostnaðarmun sem raungerst hefur vegna NPA samninga og áætlaður meðalkostnaður þeirra í greinargerð með frumvarpi að lögum nr. 38/2018.

Ljóst er að meðalkostnaður við NPA samninga er mun hærri en gert var ráð fyrir í greinargerð með frumvarpi að lögum nr. 38/2018.

Meðalraunkostnaður NPA samninga árið 2023 var 45.236 þús. kr. en framreiknaður meðalkostnaður á hvern samning, skv. því sem fram kemur í greinargerðinni er 18.597 þús. kr.

Svara þarf þeirri spurningu hvort kostnaðurinn hafi verið vanáætlaður við gerð frumvarpsins eða hvort sveitarfélögin veita meiri þjónustu skv. NPA samningum en löggjafinn gerði ráð fyrir við setningu laganna. Eða sambland af hvoru tveggja.

Verði það niðurstaðan að löggjafinn hafi vanmetið kostnaðinn við setningu laganna er eðlilegt að löggjafinn sjái til þess að kostnaðarmunurinn verði bættur. Hins vegar verði það niðurstaðan að sveitarfélögin hafi gengið lengra en löggjafinn ætlaðist til verði sveitarfélögin hvert fyrir sig að ákveða hvort þau aðlagi samningana að því sem gert var ráð fyrir við setningu laganna nr. 38/2018 eða þau haldi áfram á þeirri vegferð sem hafin er varðandi NPA samninga og þá ekki fjármagnaðir að fullu með mörkuðum tekjum.

Eðlilegt er að þetta verði skoðað nú með vísan til samnings ríkis- og sveitarfélaga varðandi þjónustu við fatlað fólk frá desember 2023, þar sem m.a. segir í 3. gr. samningsins að í árslok 2024 ljúki tilrauna- og innleiðingartímabili NPA samninga. Eðlilegt verður að telja, þegar tilrauna- og innleiðingartímabili lýkur, að þá fari fram úttekt á því hvernig til hafi tekist og þá hvort verkefninu verði haldið áfram í óbreyttri mynd eða það taki breytingum. Það er mat skýrsluhöfunda að framkvæmd NPA samninga hafi ekki orðið eins og gert var ráð fyrir í upphafi.

Tillaga 53: Meðalkostnaður NPA samninga.

Lagt er til að meðalkostnaður NPA samninga taki mið af meðalkostnaði NPA samninga eins og gert er ráð fyrir af hálfu félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins varðandi 25% framlag með NPA samningum árið 2024. Jafnframt að ekki séu gerðir NPA samningar þar sem hluti af þjónustunni er heilbrigðisþjónusta nema þá að ríkið komi með framlag vegna þess hluta þjónustunnar.

Við ákvörðun á 25% framlagi frá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu vegna NPA samninga árið 2024 var gert ráð fyrir að meðalkostnaður á hvern NPA samning væri 46

millj. kr. Með því verður að líta svo á að félags- og vinnumarkaðsráðuneytið ásamt alþingi, sem samþykkt fjárveitingu á grundvelli þessa vegna NPA samninga, hafi markað stefnu um meðalkostnað á hvern NPA samning.

Með vísan til þess er hér lagt til að Reykjavíkurborg geri ráð fyrir því í sínum verklagsreglum að meðalkostnaðurinn verði ekki hærri en sem nemur þeirri upphæð auk verðlagshækkana.

Jafnframt er lagt til að Reykjavíkurborg geri ekki NPA samninga sem fela í sér heilbrigðisþjónustu nema því fylgi viðbótarframlag frá ríkinu. Einnig með hliðsjón af því að ráðuneytið geri ráð fyrir að meðalkostnaður á hvern NPA samning nemi 46 millj. kr. má ætla að ráðuneytið viðurkenni ekki NPA samninga sem fela í sér sólahrings þjónustu, þar sem kostnaður við slíkan samning var a.m.k 64 millj. kr. árið 2023. Skoðað verði að styðjast við það við mótun reglna um NPA samninga.

Einnig verði lögð áhersla á að ef fötlun er afleiðing af sjúkdómi þá verði leitað eftir því að ríkið viðurkenni að um nýjan hóp sé að ræða sem skilgreindur er sem fatlað fólk og því fylgi viðbótarframlög frá ríkinu. Ef það gerist, að þessir hópar verði skilgreindir sem fatlað fólk og því fylgi ekki viðbótarframlög, mun það leiða til þess að meðal SIS framlög munu lækka þar sem fjölgar í mengi fatlaðs fólks án þess að því fylgi fjármagn.

Tillaga 54: Hámarks upphæð beingreiðslusamninga.

Lagt er til að hámarksupphæð beingreiðslusamninga verði 10 milljónir króna.

Hér er lagt til að beingreiðslusamningar verði að hámarki 10 millj. kr. Fari kostnaður við þjónustuna umfram það verði gerðir NPA samningar ef það er mögulegt.

Er þetta nokkuð í samræmi við það sem kemur fram í greinargerð með frumvarpi að lögum nr. 38/2018 en þar var gert ráð fyrir að lágmarksupphæð NPA samninga væri 6 millj. kr. sem fram reiknast í dag um 10 millj. kr.

Tillaga 55: Samtala NPA- og beingreiðslusamninga.

Lagt er til að samtala NPA samninga annars vegar og beingreiðslusamninga hins vegar verði tilgreind í fjárhagsáætlun hvers árs.

Hér er lagt til að borgarstjórn ákveði heildarfjárhæð sem er til ráðstöfunar annars vegar vegna NPA samninga og hins vegar vegna beingreiðslusamninga. Ákvæði þessu tengt komi í úthlutunarreglur varðandi NPA- og beingreiðslusamninga. Jafnframt verði sérstakur bókhaldslykill fyrir NPA samninga annars vegar og beingreiðslusamninga hins vegar.

Tillaga 56: Fjöldi NPA samninga.

Lagt er til að Reykjavíkurborg miði hlutfall NPA samninga af heildarfjölda NPA samninga fyrir landið allt við sama hlutfall og fjöldi notenda hjá Reykjavíkurborg er af heildarfjölda notenda á landinu öllu.

Í 3. gr. samkomulags á milli ríkisins og sveitarfélaga, dags. í desember 2023, kemur fram að 25% hlutur ríkisins teljist fullfjármagnaður miðað við 172 NPA samninga. Af þessu er dregin sú ályktun að ríkið telji að það eigi að jafnaði að vera í gildi á landinu öllu um 172 NPA samningar á hverjum tíma.

Árið 2023 var hlutfall notenda hjá Reykjavíkurborg af heildarfjölda notenda á landinu öllu 35,01%. Miðað við það og þá tillögu sem hér er sett fram ætti fjöldi NPA samninga að vera að jafnaði 60 hjá Reykjavíkurborg.

Hjá Reykjavíkurborg eru í dag (september 2024) 40 NPA samningar í gildi og 22 beingreiðslusamningar sem eru hærri en 10 millj. kr. Verði farið að þessari tillögu er mikilvægt að ákvæði þessu tengt komi í úthlutunarreglur varðandi NPA samninga.

Tillaga 57: Sérfræðiteymi vegna NPA- og beingreiðslusamninga

Lagt er til að sérfræðiteymi geri NPA og beingreiðslusamninga og annist fagleg samskipti við notendur þessara samninga. Sérfræðiteymið verði skipað þremur fulltrúum.

Hér er lagt til að sérfræðiteymi sem skipað verði þremur fulltrúum annist gerð NPA- og beingreiðslusamninga og endurnýjun á þeim. Lögð verði áhersla á sérhæfingu fulltrúa teymisins í gerð NPA samninga og beingreiðslusamninga. Þeir annist jafnframt faglega eftirfylgni með samningunum.

Eins og staðan er í dag koma 15 ráðgjafar að gerð 40 NPA samninga.

Tillaga 58: Eftirfylgni með uppgjöri og endurgreiðslu vegna NPA- og beingreiðslusamninga.

Lagt er til að fulltrúi (einn eða tveir) á fjármálaskrifstofu sviðsins hafi það hlutverk að kalla eftir uppgjörum vegna NPA og beingreiðslusamninga, yfirfari uppgjörin og gangi eftir endurgreiðslu ef um það er að ræða.

Hér er lagt til að aðskilja þetta hlutverk frá ráðgjöfum og að fulltrúi á fjármálaskrifstofu annist þetta verkefni. Eins og þetta hefur verið hafa ráðgjafar annast þetta hlutverk ásamt því að vera ráðgjafi viðkomandi notanda. Bent hefur verið á að ráðgjafinn hafi jafnvel ekki kunnáttu til að sinna þessu verkefni ásamt því að þetta hlutverk ráðgjafans hefur valdið tortryggni og kergju af hálfu notandans.

Tillaga 59: Gildistími NPA- og beingreiðslusamninga.

Lagt er til að gildistími NPA og beingreiðslusamninga verði tvö ár í stað eins árs eins og nú er. Endurnýjun samninga fari fram annars vegar um mitt ár og í lok árs.

Mikið álag hefur skapast í lok hvers árs vegna endurnýjunar á NPA og beingreiðslusamningum.

Hér er lagt til að skoðað verði að samningar gildi að jafnaði í tvö ár og endurnýjun þeirra miðist við mitt ár og lok árs. Með þessu verði reynt að draga úr álagi við að endurnýja samninga og reynt að skapa betra svigrúm til að yfirfara samninga við endurnýjun á þeim.

Uppgjör vegna samninganna fari eftir sem áður fram árlega.

Tillaga 60: Gátlistar vegna NPA- og beingreiðslusamninga.

Lagt er til að gerðir verði skýrir gátlistar sem stuðst verður við þegar NPA og beingreiðslusamningar eru gerðir og þegar þeir eru endurnýjaðir.

Leggja ber áherslu á að unnið sé með ítarlega gátlista við gerð og endurnýjun NPA og beingreiðslusamninga. Hjá Reykjavíkurborg var meðalkostnaður 60 millj. kr. á hvern NPA samninga árið 2023. Mikilvægt er að unnið sé með samræmdar reglur við gerð þessara samninga. Ætla verður að velferðarráð/borgarstjórn komi að hluta til að samþykkt slíks gátlista.

Með vísan til hversu háar upphæðir eru á mörgum NPA samningum og þess að félags- og vinnumarkaðsráðuneytið miðar meðalkostnað á hvern samning við 46 millj. kr. er lagt til að gátlisti varðandi NPA samninga taki mið af þessari fjárhæð.

Leggja ber áherslu á að farið verði ítarlega yfir eldri samninga við endurnýjun á þeim. Sérstaklega á þetta við samninga sem gerðir voru áður en sérfræðiteymi um NPA samninga tók til starfa.

Tillögur vegna stuðnings- og stoðþjónustu

Tillaga 61: Efling stuðnings- og stoðþjónustu

Lagt er til að ráðist verði í alhliða stefnumótun og uppbyggingu á stuðnings- og stoðþjónustu fyrir fatlað fólk þannig að hún mæti betur fjölbreyttum þörfum notanda.

Ef skoðaður er kostnaður á hvern notanda eftir ólíkum þjónustubáttum kemur í ljós mikið bil í kostnaðar á hvern notanda í stuðnings- og stoðþjónustu sem í dag er um 1-3 millj. á hvern notanda og þjónustu Liðsaukans (sjálfstæð búseta með sólahringsstuðningi) þar sem kostnaður á hvern notanda er rúmar 22 millj. kr.

Telja verður líklegt að þróa megi þjónustuleiðir sem mæta þörfum notanda betur en gert er í dag með minni tilkostnaði. Við greiningu á biðlistum kemur í ljós að umtalsverð sækni er í sértæka búsetuþjónustu þrátt fyrir að annars konar þjónusta sem veita má með minni tilkostnaði og sem í einhverjum tilvikum mætir betur stuðningsþörfum notanda gæti verið heppilegri lausn.

Má þar til að mynda nefna uppbyggingu á fjölbreyttari þjónustu við einstaklinga til sjálfstæðrar búsetu. Einnig er vert að nefna aukna fjölbreytni og yfirsýn yfir virkniúrræði sem t.d. byggja á stundaskrá þar sem notendur geta skráð sig til þátttöku.

Einnig mætti stór efla samstarf við aðila sem sérhæfa sig í þjónustu til að mynda við geðfatlaða eins og Hugarafl og Geðhjálp með það að markmiði að auka virkni þeirra einstaklinga og auka fjölbreytni í þeirra daglega lífi. Fram kom í greiningum á dagskipulagi íbúa í sértækri búsetu fyrir geðfatlaða að mjög fáir eru í skipulagðri virkni en virkni er grundvöllur að lífsgæðum allra.

Tillögur vegna vinnu og virkni

Tillaga 62: Greiðsla fyrir mat í mótuneyti vinnu og virkni þjónustu.

Lagt er til að notendur sem neyta matar í mótuneytum hjá Vinnu- og virknimiðstöðinni og ásamt þeim notendum sem borða í mótuneytum hjá ÁS vinnustofu greiði fyrir hverja máltíð.

Notendur hjá Reykjavíkurborg greiða ekki fyrir mat sem þeir fá í mótuneyti Vinnu- og virknimiðstöðvar og mótuneyti Ás vinnustofu. Sama á við þá starfsmenn sem vinna á Vinnu- og virknimiðstöð.

Hjá Vinnu- og virknimiðstöð fá að jafnaði 92 starfsmenn og 67 notendur, eða samtals 159, frían mat. Að jafnaði borða 128 notendur hjá Ás vinnustofu. Samtals fá 287 manns frían mat hjá Reykjavíkurborg vegna Vinnu og virkni, þar af 195 notendur.

Ef gert er ráð fyrir að greitt verði fyrir hverja máltíð 700 til 1.000 kr. og borðað væri 200 daga á ári, sbr. hér að framan, næmu tekjur vegna þessa samtals vegna 195 notenda á bilinu frá 27,3 til 39,0 millj. kr.

Til greina kæmi að hluti leiðbeinenda og stjórnenda myndi einnig greiða fyrir máltíðina, skv. kjarasamningi, en rétt að fram komi að leiðbeinendur og stjórnendur greiða ekki fyrir matinn hjá Ás vinnustofu skv. upplýsingum þaðan.

Ljóst má vera að með núverandi fyrirkomulagi er verið að mismuna þeim notendum sem ekki borða í viðkomandi mótuneytum, en eru í þjónustu hjá Reykjavíkurborg.

Einnig ber að leggja áherslu á að lög nr. 38/2018 gera ekki ráð fyrir að fatlað fólk fái frítt að borða hjá sveitarfélaginu. Ef það er vilja borgarinnar að þessi hópur eigi að fá frítt að borða verður að ætla að kostnaður vegna þess verði ekki gjaldfærður á málaflokk fatlaðs fólks.

Tillaga 63: Vöru- og þjónustukaup.

Lagt er til að fram fari ítarleg skoðun á því af hverju vöru- og þjónustukaup hækka svo mikið hjá Vinnu- og virknimiðstöðinni á milli áranna 2018 og 2023 með það að markmiði ná niður kostnaði.

Á milli áranna 2018 og 2023 hækka vörukaup um 89,4%. Fara úr 22,9 millj. kr. í 43,3 millj. kr., eða hækkun um 20,5 millj. kr. Kostnaðurinn nánast tvöfaldast. Þjónustukaup hækka um 62%. Fara úr 54,7 millj. kr. í 88,6 millj. kr. eða hækkun um 33,9 millj. kr.

Á milli áranna hækkaði neysluverðsvísitalan um 30,3%. Ef vöru- og þjónustukaup hefðu hækkað í samræmi við hækkun neysluverðsvísitölu hefði hækkun vörukaupa átt að vera 6,9 millj. kr. samanborið við 20,2 millj. kr. raunhækkun og þjónustukaupin um 16,6 millj. kr. samanborið við 33,9 millj. kr. raunhækkun. Þannig hækkuðu þessir útgjaldaliðir samtals um 30,8 millj. kr. umfram hækkun neysluverðsvísitölu.

Tillaga 64: Stöðugildi við Vinnu- og virknimiðstöð.

Lagt er til að starfsemi Vinnu- og virknimiðstöðvar verði tekin til ítarlegrar skoðunar. Athugað verði hvort skipuleggja megi þjónustuna þannig að dregið verði úr kostnaði án þess að þjónustan verði skert heldur verði haft að leiðarljósi að hún eflist.

Leggja ber áherslu á að mikill munur getur verið á þjónustupörf notenda og þá á hvert stöðugildi notenda. Þannig getur notandi jafnvel þurft fleiri en einn leiðbeinanda o.s.frv. Með vísan til þess verður að gera fyrirvara um það þegar kostnaður á hvert stöðugildi er borinn saman á milli rekstrareininga. Hins vegar er kostnaðurinn á hvert stöðugildi notenda hjá Vinnu- og virknimiðstöðinni það mikill í samanburði við kostnaðinn vegna aðkeyptrar þjónustu að leita verður skýringa á því í hverju hann liggur.

Benda má á að við skoðun á mönnun leiðbeinanda verði þjónustupörf hvers einstaklings metin. Þannig að t.d. notandi sem er í 8 klukkustundir og þarf manninn á sig að jafnaði verði metið hvort hann þurfi allar þessar 8 klukkustundir eða t.d. í 6 eða 7 klukkustundir. Fjöldi stöðugilda leiðbeinanda taki m.a. mið af þessu.

Lögð verði áhersla að starfsmenn á starfsvæðum Vinnu- og virknimiðstöðvar verði allri starfsmenn á Vinnu- og virknimiðstöð og ráðnir óstaðbundið. Þannig verði auðveldara að stýra þeim á milli vinnustaða en nú er. Rétt er að fram komi starfsmenn eru að fara á milli starfstöðva í dag.

Tillaga 65: Húsakostur og skipulag vinnu- og virkniþjónustu fyrir fatlað fólk.

Lagt er til að vinnu- og virkniþjónusta fyrir fatlað fólk hjá Reykjavíkurborg verði tekin til gagnngerar endurskipulagningar með það að markmiði að efla þjónustuna. M.a. verði byggt nýtt húsnæði fyrir þjónustuna o.s.frv. Skipaður verði starfshópur til að gera tillögu að uppbyggingu og eflingu þjónustunnar.

Það er mat skýrsluhöfunda að það fyrirkomulag, sem nú er á virknipjónustu hjá Reykjavíkurborg og húsnæði sem hýsir þjónustna, leiði til aukins kostnaðar. Árið 2023 fór virknipjónusta við 66 notendur hjá Reykjavíkurborg fram á fimm stöðum og á margan hátt í óhentugu húsnæði og segja má í húsnæði sem ekki hentar starfseminni. Jafnframt er það mat skýrsluhöfunda að almennt hjá sveitarfélögum hafi vinnu- og virknipjónusta tekið litlum breytingum ef nokkrum frá því að sveitarfélögin tóku þjónustuna yfir frá ríkinu árið 2011.

Að jafnaði er notendum boðið upp á þjónustna í fjórar klukkustundir á dag. Það telst til undantekningar hjá sveitarfélögum að byggt hafi verið nýtt húsnæði utan um slíka þjónustu heldur hafi verið notast við eldra húsnæði og þjónustan sniðin að því, sem hefur takmarkað þjónustuna. Því til stuðnings má benda á að Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga veitir framlag til sveitarfélaga sem nemur 25% af kostnaði við byggingu eða kaupa á húsnæði fyrir virknipjónustu skv. reglum um sjóðinn. Frá upphafi hafa nánast engir styrkir úr sjóðnum verið veittir vegna þessa.

Til undantekningar telst ef boðið er upp á styrktarþjálfun fyrir fatlað fólk í Vinnu- og virknipjónustu.

Með vísan til alls framanritaðs má ætla að mikil tækifæri séu til þess að efla fatlað fólk til sjálfsbjargar með öflugri virknipjónustu.

Hér er lagt til að byggt verði nýtt húsnæði fyrir vinnu- og virknipjónustu fyrir fatlað fólk hjá Reykjavíkurborg, jafnvel í samstarfi við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Lögð verði áhersla á fjölbreytni í þeirri þjónustu sem boðið verði upp á.

Skipaður verði starfshópur sem geri tillögu að skipulagi þjónustunnar og húsnæðis skv. framanrituðu.

Tillaga 66. Verklagsreglur vegna biðlista

Lagt er til að Reykjavíkurborg móti skýrar verklagsreglur varðandi biðlista eftir þjónustu sem tryggji að þeir séu reglubundið uppfærðir og veiti réttar upplýsingar um fjölda þeirra sem bíða eftir þjónustu á hverjum tíma.

Við aldursgreiningu umsókna um þjónustu kom í ljós að um 18% umsókna voru eldri en fjögurra ára eða frá því fyrir árið 2020. Aðstæður geta tekið breytingum hjá fólki og því er mikilvægt að biðlistar gefi eins raunsanna mynd af stöðu mála og mögulegt er svo að hægt sé að taka upplýstar ákvarðanir um uppbyggingu og þróun þjónustu svo að mæta megi þeim sem bíða með sem bestum hætti.

Hvað þarf til að rekstur málaflokks fatlaðs fólks verði sjálfbær hjá Reykjavíkurborg?

Líkt og þær 66 tillögur sem lagðar eru hér fram bera með sér eru umtalsverð tækifæri til umbóta í rekstri málaflokks fatlaðs fólks hjá Reykjavíkurborg. Samkvæmt tillögnum þarf að grípa til ýmissa aðgerða, sem meðal annars munu leiða til breytinga í starfsmannahaldi. Mikilvægt er, þegar grípa þarf til slíkra aðgerða, að samstaða sé innan borgarstjórnar um þær, þar með talið á milli meiri- og minnihluta. Slík samstaða er mikilvæg við framgang verkefnisins og ekki hvað síst fyrir þjónustuþega og starfsmenn.

Tillögurnar snúa í grundvallar atriðum að því að skýra verkaskiptingu, þróa skipulag, rekstur og uppbyggingu þjónustu í málaflokknum þannig að það markmið náist að markaðir tekjustofnar standi undir kostnaði við þjónustuna. Gera þarf ráð fyrir með innleiðingu slíkrar stefnumótunar taki tíma.

Vinna þarf markvisst að umbótum með gæði þjónustu og markmið laga nr. 38/2018 að leiðarljósi þ.e. að efla fatlað fólk til sjálfstæðs lífs með því að mæta stuðningsþörfum þess með réttum og skynsamlegum hætti.

Kostnaður vegna þjónustu við fatlað fólk hefur á síðustu árum verið um 8-9 milljörðum umfram markaða tekjustofna hjá Reykjavíkurborg.

Brýnustu umbótaverkefnin til skamms tíma snúa að rekstrar- og stjórnunarlegum umbótum sem ná má fram með því að bæta yfirsýn og samþætta faglega- og rekstrarlega ábyrgð á málaflokknum. Náist til að mynda með markvissum aðgerðurm kostnaðarlækkun sem nemur 2% af útgjöldum ársins 2024 mætti lækka kostnað um allt að hálfan milljarð króna.

Tafla 106. Gróft kostnaðarmat á tillögum sem gætu komið til framkvæmda 2025-2026.

Tillögur	Breyting (m.kr.)	Nánari lýsing
Miðlæg öflug rekstrarstjórnun	- 482	2% af áætluðum útgjöldum
Skipulag í búsetuþjónustu	- 650	Vaktaplön, stjórnendasönn og almennar umbætur (2%)
Veikindafjarvistir	- 100	Veikindahlutfall lækkað um 1%
Fjölpættur vandi - fullorðnir	- 800	Ríkið taki yfir þjónustuna
Fjölpættur vandi - börn	- 1.400	Ríkið taki yfir þjónustuna
Samtals lækkun kostnaðar	- 3.432	
Allir notendur hafi SIS mat	500	50 eru án SIS og 159 með mat eldra en 2017
Samtals auknar tekjur	500	
Samtals hagræðing í rekstri	3.932	

Að mati skýrsluhöfunda má með markvissari viðmiðum og endurskoðun á stjórn-og vaktaskipulagi í sólahringsþjónustu einnig ná fram umtalsverðum kostnaðarlækkunum. Launakostnaður í búsetuþjónustu er um 10 milljarðar og því myndu aðgerðir sem hefðu það að markmiði að skila 1-2% hagræðingu vera mikilvægur áfangi í að auka sjálfbærni málaflokksins.

Forgangsverkefni árið 2025 ætti einnig að vera að fá fram skýra kostnaðar- og ábyrgðarskiptingu vegna þjónustu við einstaklinga (börn, ungmenni og fullorðnir) með fjölþættan vanda en áætla má að kostnaður vegna þeirra þjónustu sé í dag um 2,2 milljarður kr. hjá Reykjavíkurborg.

Auka má tekjur umtalsvert með því að bæta verklag varðandi SIS mat notenda. Sé til að mynda miðað við að 10 millj. kr. framlag fáiast að meðaltali fyrir þá 50 notendur sem voru án framlaga (SIS mats) 2024 aukast tekjur um hálfan milljarð. Einnig er brýnt að endurskoða SIS mat þeirra sem eru með mat frá því fyrir 2017.

Umbótavinna í rekstri málaflokks fatlaðs fólks mun taka tíma og kallar eins og önnur verkefni á þrautseigju og stefnufestu. Reykjavíkurborg hefur verið leiðandi afl í stefnumótun og þróun þjónustu við fatlað fólk á Íslandi frá því að sveitarfélögin tóku við málaflöknum árið 2011 og mun eflaust gegna því forystuhlutverki áfram.

Mikilvægt er að borgin nái á næstu misserum góðum árangri í umbótastarfinu sem framundan er og verði þar með öðrum sveitarfélögum hvatning til að tryggja fötluðu fólki á Íslandi góða og vel fjármagnaða þjónustu í nútíð og framtíð.

Viðaukar

Flokkun búsetukjarna

Geðkjarnar

Núverandi flokkun		Ný flokkun	
I	Stg. á íbúa	1	Stg. á íbúa
Íbúðakjarni Lindargötu 27	0,9	Íbúðakjarni Bríetartúni 30	0,6
Íbúðakjarni Lindargötu 64	0,7	Íbúðakjarni Lindargötu 27	0,9
Íbúðakjarni Skarphéðinsgötu 16	1,2	Íbúðakjarni Lindargötu 64	0,7
I-II		2	
Íbúðakjarni Hraunbæ 153-163	1,1	Búsetuendurhæfing Sóleyjargötu 39	1,9
II		Íbúðakjarni Austurbrún 6	1,4
Íbúðakjarni Austurbrún 6	1,4	Íbúðakjarni Bríetartúni 26	1,2
Íbúðakjarni Bríetartúni 26	1,2	Íbúðakjarni Dalbraut 23	1,6
Íbúðakjarni Hallgerðargötu 1a	1,1	Íbúðakjarni Flókagötu 29-31	1,3
III		Íbúðakjarni Hallgerðargötu 1a	1,1
Búsetuendurhæfing Sóleyjargötu 39	1,9	Íbúðakjarni Hraunbæ 107A	1,4
Íbúðakjarni Bríetartúni 30	0,6	Íbúðakjarni Hraunbæ 153-163	1,1
Íbúðakjarni Dalbraut 23	1,6	Íbúðakjarni Hverfisgötu 125	1,2
Íbúðakjarni Flókagötu 29-31	1,3	Íbúðakjarni Skarphéðinsgötu 16	1,2
Íbúðakjarni Hraunbæ 107A	1,4	Íbúðakjarni Starengi 6	1,6
Íbúðakjarni Hverfisgötu 125	1,2	Íbúðakjarni Þórðarsveig 1-5, 1 hæð	1,9
Íbúðakjarni Laugavegi 67	2,1	3	
Íbúðakjarni Starengi 6	1,6	Íbúðakjarni Laugavegi 67	2,1
Íbúðakjarni Þórðarsveig 1-5, 1 hæð	1,9	Sambýli Miklubraut 20	2,4
IV		4	
Íbúðakjarni Hringbraut 79	3,4	Íbúðakjarni Hringbraut 79	3,4
Sambýli Miklubraut 20	2,4		


Þroskakjarnar

Núverandi flokkun		Ný flokkun	
I	Stg. á íbúa	2	Stg. á íbúa
Íbúðakjarni Brautarholti 28	1,1	Íbúðakjarni Brautarholti 28	1,1
Íbúðakjarni Einarsnesi 62	1,1	Íbúðakjarni Einarsnesi 62	1,1
Íbúðakjarni Hátúni 6	1,3	Íbúðakjarni Einholti 6	1,7
Íbúðakjarni Keilugranda 1	1,6	Íbúðakjarni Hagaseli 23	1,8
Íbúðakjarni Móavegi 10	2,7	Íbúðakjarni Hátúni 6	1,3
Íbúðakjarni Skipholti 15-17	1,0	Íbúðakjarni Keilugranda 1	1,6
Íbúðakjarni Skúlagötu 46	2,1	Íbúðakjarni Skipholti 15-17	1,0
Íbúðakjarni Starengi 118	1,5	Íbúðakjarni Starengi 118	1,5
II		Sambýli Fannafold 178	1,9
Íbúðakjarni Árskógum 7	2,6	Sambýli Mýrarási 2	1,8
Íbúðakjarni Einholti 6	1,7	Sambýli Stigahlíð 71	1,9
Íbúðakjarni Elliðabraut 12	2,0	3	
Íbúðakjarni Hagaseli 23	1,8	Íbúðakjarni Árskógum 7	2,6
Íbúðakjarni Rökkvutjörn 3	2,2	Íbúðakjarni Bleikargróf 4	2,9
Íbúðakjarni Sporhömrum 5	2,4	Íbúðakjarni Elliðabraut 12	2,0
Íbúðakjarni Þórðarsveig 1-5, 4. hæð	2,1	Íbúðakjarni Móavegi 10	2,7
Sambýli Fannafold 178	1,9	Íbúðakjarni Rökkvutjörn 3	2,2
Sambýli Grundarlandi 17	2,2	Íbúðakjarni Skúlagötu 46	2,1
Sambýli Hólabergi 76	2,2	Íbúðakjarni Sporhömrum 5	2,4
Sambýli Stigahlíð 71	1,9	Íbúðakjarni Vallengi 2	2,7
III		Íbúðakjarni Þórðarsveig 1-5, 4. hæð	2,1
Íbúðakjarni Austurbrún 6a	4,3	Sambýli Grundarlandi 17	2,2
Íbúðakjarni Bleikargróf 4	2,9	Sambýli Hlaðbæ 2	2,9
Íbúðakjarni Hólmasundi 2	3,0	Sambýli Hólabergi 76	2,2
Íbúðakjarni Kambavaði 5	4,2	Sambýli Viðarriima 42	2,4
Íbúðakjarni Kleppsvegi 90	3,6	4	
Íbúðakjarni Mururima 4	4,4	Íbúðakjarni Hólmasundi 2	3,0
Íbúðakjarni Rangárseli 16-20	5,0	Íbúðakjarni Kleppsvegi 90	3,6
Íbúðakjarni Sólheimum 21b	3,7	Íbúðakjarni Sólheimum 21b	3,7
Íbúðakjarni Tindaseli 1	4,3	Íbúðakjarni Þorláksgæisla 70	3,5
Íbúðakjarni Vættaborgum 82	4,4	5	
Íbúðakjarni Vallengi 2	2,7	Íbúðakjarni Austurbrún 6a	4,3
Íbúðakjarni Þorláksgæisla 70	3,5	Íbúðakjarni Kambavaði 5	4,2
Sambýli Hlaðbæ 2	2,9	Íbúðakjarni Mururima 4	4,4
Sambýli Mýrarási 2	1,8	Íbúðakjarni Rangárseli 16-20	5,0
Sambýli Stigahlíð 54	4,2	Íbúðakjarni Tindaseli 1	4,3
Sambýli Viðarriima 42	2,4	Íbúðakjarni Vættaborgum 82	4,4
IV		Sambýli Stigahlíð 54	4,2
Íbúðakjarni Árlandi 10	5,8	6	
Íbúðakjarni Barðastöðum 35	5,4	Íbúðakjarni Árlandi 10	5,8
Íbúðakjarni Jöklael 2	6,4	Íbúðakjarni Barðastöðum 35	5,4
Íbúðakjarni Stjörnugróf 11	6,9	7	
Íbúðakjarni Þorláksgæisla 2	6,3	Íbúðakjarni Jöklael 2	6,4
		Íbúðakjarni Stjörnugróf 11	6,9
		Íbúðakjarni Þorláksgæisla 2	6,3

Tillaga um reikniformúlu vegna mönnunarþarfar í búsetuþjónustu

Formúla	Þyngdarflokkur = Meðalfjöldi stöðugilda / fjölda íbúa
Dæmi	Dæmi: Á heimili A eru á tímabili x 18 stg. starfsfólks. Íbúar eru 6. Þyngdarflokkur = $18/6 = 3$
Áætluð stjórnendastöðugildi = 10% af áætluðum stöðugildum starfsfólks	Hlutfall stjórnenda er 10% þ.e. af 18 stg. eru stjórnendastöðugildi 1,8.

Tillaga að verklagsreglu vegna breytinga á mönnunarpörf



Tillaga að teyllum í búsetupjónustu


Geðteymi

1	Flokkur	Fj. íbúa	Stg. allir	Stg. án stj.	Stj. stg.	Stj. hlutfall
Íbúðakjarni Bríetartúni 26	1	7	8,5	7,5	1	13%
Íbúðakjarni Bríetartúni 30	1	7	4,49	3,99	0,5	13%
Íbúðakjarni Hverfisgötu 125	3	8	9,69	8,19	1,5	18%
		22	22,68	19,68	3	15%
2	Flokkur	Fj. íbúa	Stg. allir	Stg. án stj.	Stj. stg.	Stj. hlutfall
Íbúðakjarni Skarphéðinsgötu 16	1	5	6,11	4,61	1,5	33%
Íbúðakjarni Austurbrún 6	2	4	5,67	4,67	1	21%
Íbúðakjarni Dalbraut 23	2	5	8,18	7,18	1	14%
		14	19,96	16,46	3,5	21%
3	Flokkur	Fj. íbúa	Stg. allir	Stg. án stj.	Stj. stg.	Stj. hlutfall
Íbúðakjarni Lindargötu 27	1	6	5,57	4,07	1,5	37%
Íbúðakjarni Lindargötu 64	1	7	4,7	4,2	0,5	12%
Búsetuendurhæfing Sóleyjargötu 39	3	8	15,15	12,35	2,8	23%
Íbúðakjarni Laugavegi 67	3	5	10,45	8,45	2	24%
		26	35,87	29,07	6,8	23%
4	Flokkur	Fj. íbúa	Stg. allir	Stg. án stj.	Stj. stg.	Stj. hlutfall
Íbúðakjarni Hallgerðargötu 1a	2	6	6,75	5,25	1,5	29%
Íbúðakjarni Flókagötu 29-31	3	11	14,39	12,89	1,5	12%
		17	21,14	18,14	3	17%
5	Flokkur	Fj. íbúa	Stg. allir	Stg. án stj.	Stj. stg.	Stj. hlutfall
Íbúðakjarni Hraunbæ 107A	3	7	9,47	7,97	1,5	19%
Íbúðakjarni Starengi 6	3	6	9,77	8,27	1,5	18%
Íbúðakjarni Þórðarsveig 1-5, 1 hæð	3	5	9,73	8,33	1,4	17%
Íbúðakjarni Hraunbæ 153-163	1,5	6	6,36	4,96	1,4	28%
		24	35,33	29,53	5,8	20%
6	Flokkur	Fj. íbúa	Stg. allir	Stg. án stj.	Stj. stg.	Stj. hlutfall
Sambýli Miklubraut 20	4	7	16,71	13,81	2,9	21%
Íbúðakjarni Hringbraut 79	4	6	20,24	17,31	2,9	17%
		13	36,95	31,12	5,8	19%
		Fj. íbúa	Stg. allir	Stg. án stj.	Stj. stg.	Stj. hlutfall
Samtals		116	171,9	144	27,9	19%

Þroskateymi

1	Flokkur	Fj. íbúa	Stg. allir	Stg. án stj.	Stj. stg.	Stj. hlutfall
Íbúðakjarninn Elliðaabraut 12	2	6	12,2	10,8	1,4	12%
Samþýtið Hlaðbæ	3	4	11,6	10,6	1,0	9%
Samþýtið Mýrarási	3	4	7,0	6,0	1,0	17%
		14	30,8	27,4	3,4	12%
2	Flokkur	Fj. íbúa	Stg. allir	Stg. án stj.	Stj. stg.	Stj. hlutfall
Íbúðakjarni Mururima 4	3	5	22,2	20,2	2,0	10%
Samþýti Viðarima 42	1	4	9,7	8,7	1,0	12%
		9	31,8	28,8	3,0	10%
3	Flokkur	Fj. íbúa	Stg. allir	Stg. án stj.	Stj. stg.	Stj. hlutfall
Íbúðakjarni Starengrí 118	1	5	7,6	6,6	1,0	15%
Íbúðakjarni Vallengí 2	3	6	16,2	13,9	2,4	17%
		11	23,8	20,5	3,4	16%
4	Flokkur	Fj. íbúa	Stg. allir	Stg. án stj.	Stj. stg.	Stj. hlutfall
Íbúðakjarni Móavegi 10	1	5	13,5	11,6	2,0	17%
Íbúðakjarni Sporhómrum 5	2	5	12,2	10,7	1,5	14%
Samþýti Fannafold 178	2	7	13,6	12,6	1,0	8%
		17	39,4	34,9	4,5	13%
5	Flokkur	Fj. íbúa	Stg. allir	Stg. án stj.	Stj. stg.	Stj. hlutfall
Íbúðakjarni Rökkvutjörn 3	2	6	13,0	11,5	1,5	13%
Íbúðakjarni Þórðarsveig 1-5, 4. hæð	2	6	12,8	11,5	1,3	11%
Íbúðakjarni Þorláksgæisla 70	3	4	14,0	12,3	1,8	14%
		16	39,8	35,2	4,6	13%
6	Flokkur	Fj. íbúa	Stg. allir	Stg. án stj.	Stj. stg.	Stj. hlutfall
Íbúðakjarni Kleppsvegi 90	3	5	18,0	16,0	2,0	12%
Íbúðakjarni Sólheimum 21b	3	5	18,4	15,4	3,0	20%
		10	36,4	31,4	5,0	16%
7	Flokkur	Fj. íbúa	Stg. allir	Stg. án stj.	Stj. stg.	Stj. hlutfall
Íbúðakjarni Hátúni 6	1	8	10,2	8,2	2,0	24%
Íbúðakjarni Hólmasundi 2	3	6	18,2	15,2	3,0	20%
		14	28,4	23,4	5,0	21%
8	Flokkur	Fj. íbúa	Stg. allir	Stg. án stj.	Stj. stg.	Stj. hlutfall
Samþýti Grundarlandi 17	2	4	8,7	7,2	1,5	21%
Íbúðakjarni Bleikargróf 4	3	5	14,6	13,1	1,5	11%
		9	23,3	20,3	3,0	15%
9	Flokkur	Fj. íbúa	Stg. allir	Stg. án stj.	Stj. stg.	Stj. hlutfall
Íbúðakjarni Árskógum 7	2	6	15,4	13,4	2,0	15%
Íbúðakjarni Hagaseli 23	2	7	12,7	11,2	1,5	13%
Samþýti Hólabergi 76*	2	6	13,0	11,0	2,0	18%
*lagt niður 2024		19	41,0	35,5	5,5	15%
10	Flokkur	Fj. íbúa	Stg. allir	Stg. án stj.	Stj. stg.	Stj. hlutfall
Íbúðakjarni Brautarholti 28	1	6	6,6	4,6	2,0	44%
Íbúðakjarni Einarsnesi 62	1	4	4,5	4,0	0,5	12%
Íbúðakjarni Einholti 6	2	6	10,0	9,0	1,0	11%
Íbúðakjarni Skípholti 15-17	1	9	9,4	8,4	1,0	12%
		25	30,5	26,0	4,5	17%
11	Flokkur	Fj. íbúa	Stg. allir	Stg. án stj.	Stj. stg.	Stj. hlutfall
Íbúðakjarni Skúlagötu 46	1	5	10,3	8,8	1,5	17%
Íbúðakjarni Keilugranda 1	1	6	9,8	8,3	1,5	18%
Samþýti Stígahlíð 71	2	4	7,5	7,0	0,5	7%
Samþýtið Stígahlíð 54	3	3	12,5	11,0	1,5	14%
		18	40,07	35,07	5	14%
		Fj. íbúa	Stg. allir	Stg. án stj.	Stj. stg.	Stj. hlutfall
Samtals		162,0	365,2	318,5	46,7	15%
12-21	Flokkur	fj. íbúa	Stg. allir	Stg. án stj.	Stj. stg.	Stj. hlutfall
Íbúðakjarni Árlandi 10	4	6	34,7	31,8	2,9	9%
Íbúðakjarni Austurbrún 6a	3	6	25,9	23,4	2,5	11%
Íbúðakjarni Barðastöðum 35	4	6	32,1	29,1	3,0	10%
Íbúðakjarni Jóklaseli 2	4	5	31,9	28,9	3,0	10%
Íbúðakjarni Kambavaði 5	3	6	25,2	22,9	2,4	10%
Íbúðakjarni Rangárseli 16-20	3	7	34,8	31,3	3,5	11%
Íbúðakjarni Stjörnugróf 11	4	6	41,5	38,5	3,0	8%
Íbúðakjarni Tindaseli 1	3	5	21,6	19,3	2,4	12%
Íbúðakjarni Vættaborgum 82	3	6	26,1	23,6	2,5	11%
Íbúðakjarni Þorláksgæisla 2	4	5	31,7	29,9	1,8	6%
		58	305,6	278,8	26,9	10%
		Fj. íbúa	Stg. allir	Stg. án stj.	Stj. stg.	Stj. hlutfall
Samtals		220	670,8	597,3	73,6	12%

Tillaga að yfirliti lykiltalna í búsetuþjónustu.





Fjölþætt heilsuefling fyrir fatlað fólk

Markviss heilsuefling fyrir almenning hefur verið að auka gildi sitt og umsvif síðustu ár. Þessi nálgun á jafnt við um yngri sem eldri aldurshópa. Janus heilsuefling hefur verið að sinna heilsueflingu fyrir eldri aldurshópa frá árinu 2017. Hugmyndafræðin og þeirri aðferð sem beitt er byggir á niðurstöðum doktorsrannsóknar Janusar Guðlaugssonar frá árinu 2014; *Fjölþætt heilsuefling eldri aldurshópa – Leið að farsælum efri árum*. Markviss heilsuefling fyrir fatlaða einstaklinga hefur aftur á móti ekki verið mikið rannsökuð og efni um ávinning að markvissri heilsueflingu er vandfundið. Í þessari umfjöllum verður samt komið inn á niðurstöður nýlegrar samantektarrannsóknar um ávinning af heilsueflingu, m.a. markvissri styrktarþjálfun, á lífsgæði fatlaðra. Jafnframt eru dregnar fram ábendingar um mögulega innleiðingu á markvissri heilsueflingu fyrir fatlaða einstaklinga sem byggja má á þeirri aðferðafræði sem hér að framan var lýst. Á einfaldan og skilvirkan hátt má yfirfæra verkferla verkefnis yfir á bæði fatlaða einstaklinga sem og almenning á vinnumarkaði ef svo ber undir.

Yfirlýsing og innleiðing verkefnis Janusar heilsueflingar; Fjölþætt heilsuefling fyrir fatlaða einstaklinga.

Sá möguleiki er fyrir hendi að yfirfæra og innleiða verkefni Janusar heilsueflingar; *Fjölþætt heilsuefling – Leið að farsælum efri árum* fyrir fatlaða. Innan raða Janusar heilsueflingar er fagfólk sem unnið hefur og vinnur enn með fötluðum einstaklingum. Þessir fagaðilar hafa því reynslu af heilsueflandi þjálfun fyrir þennan hóp einstaklinga sem býr við fötlun af ýmsum toga.

Við innleiðingu á verkefninu er um tvo möguleika að ræða;

1. Annars vegar að fastir starfsmenn sveitarfélaga sjái um þjálfunina undir handleiðslu sérfræðinga frá Janusi heilsueflingu. Þeir sem sinna daglegri þjónustu hinna fötluðu í viðkomandi sveitarfélagi fá aðstoð við innleiðingu verkefnis en Janus heilsuefling sér um mælingar og fræðslu, auk þess að sinna gæðaeftirliti með þjálfun og eftirfylgni.
2. Hins vegar að starfsmenn Janusar heilsueflingar innleiði verkefnið í samvinnu við starfsmenn í daglegri þjónustu við þá fötluðu í sveitarfélögum og sjái um þjálfunina þrisvar sinnum í viku í samvinnu við viðkomandi starfsmenn sem sinna hinum fötluðu. Janus heilsuefling sér jafnframt um mælingar, skipuleggur fræðsluerindi og fylgir öllum þjónustubáttum eftir (sjá mynd 1 hér á eftir).

Að innleiðingu lokinni og samhliða henni yrði verkefni fylgt eftir með reglubundinni úttekt á starfinu og skýrslugerð á 6 til 12 mánaða fresti sem send er verkkaupa (sveitarfélögum). Mælingar yrðu framkvæmdar í upphaf verkefnis og síðan á 6 til 12 mánaða fresti. Sérstaklega yrðu dregnar fram niðurstöður mælinga þátttakenda eins og þreppættir, líkamssamsetning eins og vöðva- og fitumassi auk heilsutengdra lífsgæða.

Fræðsla fyrir starfsfólk sem vinnur daglega með fötluðum einstaklingum

Að okkar mati er fræðsla til starfsfólks sem daglega vinnur með hinum fötluðu eitt af lykilatriðum. Starfsfólkið þarf að skilja mikilvægi þess að einstaklingar í þeirra umsjón fái tækifæri til að breyta og bæta lífsgæði sín með bættri næringu og markvissri hreyfingu. Þar að auki að hinir fötluðu fái verkefni sem efla og styðja einnig við andlegan og félagslegan þroska. Ýmis uppbrot og félagsleg verkefni eru lyklar að þessum markmiðum.

Það er vitað að starfsmannavelta er oft mikil á heimilum fatlaðra einstaklinga. Því er mikilvægt að hafa ákveðið og fast mótað skipulag þar sem nýir einstaklingar sem koma inn í verkefnið, bæði hinir fötluðu og starfsmenn, líði ekki fyrir það með því að missa úr eða detta út úr þjálfun.

Innleiða þarf verkefni fyrir fatlaða einstaklinga sem hefur að geyma markvissa hreyfingu, byggða sérstaklega á styrktar- og þolþjálfun, fræðslu um næringu og ýmsa heilsutengda þætti auk félagslegrar nálgunar.

Hugmyndafræði heilsuefningar fyrir hina fötluðu

Ekki er til mikið af rannsóknum sem sýna áhrif markvissrar heilsuefningar fyrir fatlaða á lífsgæðum þeirra og afkastagetu. Þó er nýleg samantektarrannsókn; *Prescription and Effects of Strength Training in Individuals with Intellectual Disability—A Systematic Review* eða Ávísun og áhrif styrktarþjálfunar hjá einstaklingum með þroskahömlun – Kerfisbundin samantektarrannsókn, frá árinu 2021. Í ágripi vísindagreinarinnar segir m.a.;

- „Líkams- og heilsurækt (PE), sérstaklega styrktarþjálfun (ST), hefur heilsufarslegan ávinning hjá heilbrigðum einstaklingum; þó eru rannsóknir af skorum skammti í ráðleggingum sem tengjast einstaklingum með þroskahömlun (ID). Þessi rannsókn er fyrsta greiningin á efninu og miðar að því að skoða uppbyggingu og virkni ST tilraunaíhlutunaráætlana hjá einstaklingum með ID. Þessi kerfisbundna samantektarrannsókn var gerð á tímabilinu janúar til apríl 2021 með því að nota gagnagrunnana PubMed, Web of Science, Scopus og SPORTDiscus, samkvæmt PRISMA leiðbeiningunum.
- Af alls 166 rannsóknum voru átta með í þessari kerfisbundnu samantekt. Rannsóknirnar náðu til alls 280 einstaklinga ($18,23 \pm 2,86$ ára). Helstu eiginleikar æfingaáætlana eru: 12 vikna meðallengd, þrjár vikulegar lotur sem eru 45–60 mín, sex til sjö æfingar sem miða að helstu vöðvahópum, tvö til þrjú æfingasett, 6–12 endurtekningar og að forðast laus lóð af öryggisástæðum.
- Helstu niðurstöður sýndu aukningu á styrk, jafnvægi og fitulausum massa og minnkandi fitumassa og mittismál. Það er gagnleg leið og árangursrík fyrir einstaklinga með þroskahömlun að geta stundað heilsurækt undir leiðsögn fagaðila á sviði heilsuefningar. Æfingarnar stuðla ekki eingöngu að bættum styrk heldur bæta þær lífsgæði einstaklinga með þroskahömlun (ID).“

Frá árinu 2017 hefur Janus heilsuefling innleitt verkefnið; Fjölpætt heilsuefling 60+ í átta sveitarfélög hér á landi og fylgst með heilsutengdum ávinningi og afkastagetu hjá gríðarlegum fjölda þátttakenda til dagsins í dag. Ávinningur heilsueflingarinnar hefur verið einstaklega góður og eftirtektarverður. Niðurstöður eru í raun þær sömu og koma fram í þessari samantektarrannsókn: Bætt heilsutengd lífsfæði, aukin afkastageta, bætt


hreyfigeta auk þess sem líkamssamsetningin, m.a. vöðvamassi og fitumassi hafa færst til betri vegar í kjölfar marvissar heilsutengdrar þjálfunar.

Helstu þættir heilsueflingar

Hugmyndafræði Janusar heilsueflingar byggir á doktorsverkefni Janusar Guðlaugssonar frá árinu 2014. Doktorsverkefnið og síðar heilsueflingarverkefnið sem hér um ræðir byggir á nokkrum grunnstöðum. Þær helstu eru;

1. Styrktarþjálfun tvisvar sinnum í viku undir eftirliti og með leiðsögn sérfræðinga:
 - a. Hér er hægt að vinna bæði með föst æfingatæki, laus lóð og/eða teygjur. Nálgunin yrði sniðin að hæfni og/eða færni hvers einstaklings.
2. Þolþjálfun einu sinni í viku undir handleiðslu sérfræðinga:
 - a. Hér er möguleiki að vinna með mismunandi æfingatæki eins og göngubretti, hjól, skíðavélar sem og að nýta náttúruna. Nálgun yrði sniðin að hæfni og/eða færni hvers einstaklings.
3. Heilsutengd fræðsluerindi (fyrir þátttakendur, aðstandendur og starfsmenn í daglegri þjónustu) og fræðsluefni, sér í lagi tengt næringu og öðrum heilsutengdum þáttum.
4. Þjálfunaráætlanir til lengri tíma og heilsuapp í símann, fyrir þá sem ráða við slíkt, til að fylgja þjálfunaráætlunum eftir.
5. Reglubundnar mælingar á 6 og 12 mánaða fresti til að fylgjast með stöðu hvers og eins og ávinningi af heilsueflingunni.
6. Aðgangur að styrktarþjálfunaraðstöðu í viðkomandi sveitarfélagi eða sérstökum starfsstöðum sem búa yfir slíkri nálgun.

Við framangreinda þætti má bæta aðgengi þátttakenda að sérfræðingum samhliða þjálfuninni og er heilsueflingarferlinu fylgt eftir með reglubundnu aðhaldi, m.a. persónulegri ráðgjöf og tölvupóstssendingum. Sjá nánar mynd 1.



Mynd 1. Þjálfunar- og þjónustubættir Janusar heilsueflingar

Heilsutengdar æfingar

Skipulagðar æfingar yrðu þrisvar sinnum í viku undir leiðsögn sérfræðinga í líkams- og heilsuræktarsal í sveitarfélaginu eða sérútbúnum æfingasal sem mætir þeim kröfum sem gerðar eru. Fjölga má leiðsagnartímum ef talið er þörf á slíku. Þátttakendum er látið eftir að hreyfa sig aðra daga vikunnar ef þeir eru ekki undir sérstakri leiðsögn. Slíkt má gera með félögum og/eða aðstandendum þannig að þeir nái daglegri hreyfingu sem yrði að meðaltali 30 til 40 mínútur, jafnvel lengur. Þjálfunin getur einnig verið fylgt eftir af starfsmönnum á viðkomandi starfsstöðum.

Aðstaða fyrir heilsuefingu

Til að megin markmiðin nái fram að ganga er mikilvægt að eiga aðgengi að sérhæfðum æfingatækjum fyrir styrktarþjálfun í tækjasal. Æfingarnar þurfa að ná til allra helstu vöðvahópa líkamans og vera framkvæmdar í föstum æfingatækjum þar sem laus lóð geta skapað hættu fyrir fatlaða einstaklinga, sér í lagi við upphaf þjálfunar, m.a. á heilsuræktarstöðvum. Þetta kallar á gott skipulag og framsetningu.

Þjálfunin yrði skipulögð á sambærilegan hátt og verkefnið hjá Janusi heilsuefingu hefur verið sett upp. Hver dagur og hver æfing er vel skipulögð þar sem byrjað er mjög rólega en æfingaálag aukið jafnt og þétt. Taka þarf mið af getu og þroska hvers einstaklings þegar áætlunum er fylgt eftir þannig að hver og einn fái verkefni við sitt hæfi.

Heilsuapp í símann fylgir verkefninu en í því er m.a. að finna æfingaáætlun fyrir bæði styrktar- og þolþjálfun, niðurstöðu mælinga má þar einnig finna og þolþjálfunarálag (hjartsláttarálag) fyrir þolþjálfun svo dæmi sé tekið. Heilsu-appið er um leið hvetjandi og mótvandi fyrir þátttakandann hafi hann tök og færni að vinna með snjallsíma. Um leið getur hann fylgst með stöðu sinni á hverjum tíma og séð hvernig honum miðar og hvort hann sé að ná ákveðnum viðmiðunum sem verið er að sækjast eftir.

Mikilvægt er að æfingar í tækjasal, styrktaræfingar, séu skipulagðar tvisvar sinnum í viku til að byrja með eins og áður sagði og að slík þjálfun sé ávallt undir leiðsögn heilsuþjálfara. Auka má tíðni þessara æfinga þegar ljóst er að þátttakandi ráði vel við æfingaálag og hreyfitækni.

Göngutúrar eða hjólatúrar eða önnur dagleg hreyfing fyrir þol (hjarta og lungu) eru nauðsynlegir. Þolþjálfunaræfingar þurfa að ná til þrjá til fimm daga vikunnar, a.m.k. einu sinni í viku undir leiðsögn heilsuþjálfara en sjálfbærar þolæfingar hina daga vikunnar.

Næring og heilsa

Eins og áður kom fram er næringin stór þáttur í skipulagi og framkvæmd heilsueflingar hjá Janusi heilsuefingu. Það á einnig við um þennan hóp sem hér um ræðir. Næring á heimilum er oft góð þegar gerðir eru matseðlar og passað er upp á að einstaklingar fái til dæmis fisk tvisvar sinnum eða oftár í viku sem og kjöt- og grænmetisréttir. Sé ekki unnið með matseðla er mikilvægt að þeir sem starfa með hinum fötluðu eldi ekki aðeins það sem þeim þykir gott og þeir kunna. Huga þarf mjög vel að samsetningu matarins og hvað sé neytt yfir daginn. Mikilvægt er að þessum næringarþætti sé fylgt vel eftir af fagmennsku þar sem hann er lykilatriði í uppbyggingu og viðhaldi á vöðvamassa en ekki síður mikilvægur fyrir uppbyggingu á heilsutengdum lífsstíl.

Heilsutend fræðsla

Fræðslan yrði sett fram á einfaldan máta þannig að þátttakendur skilji vel út að hvað markviss heilsutengd næring gengur út á. Sérhæfðir leiðbeinendur, næringarfræðingar, yrðu fengnir til að sjá um þennan þátt heilsueflingarinnar.

Mikilvægt er að fá hinn fatlaða til að skilja hvers vegna hann þarf að hreyfa sig og borða góða og holla næringu því samhliða. Hann þarf að fá skilning á því hvað er hollt og hvað er óhollt. Hann þarf að skilja hvers vegna hann þarf á styrktarþjálfun og þolþjálfun að halda og hvað hann þarf að borða til að ná góðum árangri.

Margir fatlaðir stunda Boccia sem er mjög góð félagsleg afþreying. Boccia höfðar meira til félagslegra þátta en líkamlegra. Hinn fatlaði þarf því einnig að skilja að Boccia er sérstaklega félagslegur þáttur sem nær ekki sömu áhrifum fyrir heilsu líkamans eins og styrktar- og þolþjálfun. Boccia er mjög gott fyrir hóp fatlaðra sem er hvað mest fatlaður en einnig fyrir minna fatlaða einstaklinga, en það má ekki verða ráðandi þáttur í heilsueflingunni. Markmiðin nást ekki nema í gegnum líkamlega örvandi þætti eins og styrktar- og þolþjálfun. Það er því miður fullt af fullfrískum fötluðum einstaklingum sem leita í þetta framboð, þátttöku í Boccia, því lítið er um önnur framboð eða úrræði að ræða samkvæmt upplýsingum sérfræðinga. Þá má einnig vera að þau finna sig ekki í því sem í boði er og því þarf að auka framboð og gera það fjölbreyttara.

Fræðsla til þjálfara og þátttakenda

Þjálfun og fræðsla fyrir þjálfara, aðstandenda og þátttakendanna sjálfra (hina fötluðu) þarf einnig að vera til staðar. Því er mikilvægt að mæta þörfum þeirra á þeirra eigin forsendum en einnig að sinna almennum líkamlegum, andlegum og félagslegum þáttum eins og gert er með heilsuhrausta einstaklinga. Sinna þarf þessum þáttum jafn vel og hjá heilbrigðum einstaklingum.

Lokaorð

Mikilvægt er að mæta fötluðum einstaklingum á jafnréttisgrundvelli en vegna fötlunar þarf að meta hvaða aðferðir eru hentugastar til að vekja áhuga þeirra á viðfangsefninu og að viðhalda því um lengri tíma. Því eru stutt námskeið eða þjálfun í nokkrar vikur ekki leið til að breyta og bæta lífsstíl til frambúðar. Heilsutengt verkefni þarf að vera skipulag til lengri tíma, nokkurra ára, svo breyta megi til batnaðar heilsufarsstöðu einstaklinga og/eða viðhalda stöðunni ef hún er góð.

Mjög mikilvægt er að gera ýmsar heilsutengdar mælingar þessu samhliða, bæði áður en farið er af stað í verkefni sem þetta en einnig að fylgjast með því yfir tíma og sjá hvort ávinningur sé af heilsueflingunni eða ekki.

Þannig má fylgjast með framgangi heilsufarsþátta hvers einstaklings og hópsins í heild yfir tíma. Slíkar mælingar eru einnig til þess nýttar að gefa heilsupjálfurum og verkefninu aðhald um stöðuna hverju sinni. Það er því mikilvægt að geta fylgast með stöðunni á sex til tólf mánaða fresti og sjá hvernig verkefninu vindur fram.

Með kveðju

Janus Guðlaussón, PhD-ípróttar- og heilsufræðingur